## Mannslífum bjargað með símtali

Jónas Gunnar Allansson og Bjarney Friðriksdóttir voru friðargæsluliðar á Srí Lanka þegar samkomulagið um vopnahléið var rofið.


34&35

## ÁHRIF FRÁ ASÍU

*Hönnuðir sækja innblástur til hins dularfulla austurs.*

50




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. mars 2008 — 74. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**LAUGARDAGUR**

**HEFUR RÆKTAÐ KETTI Í 13 ÁR**

Er kattarækt gróðafyrirtæki eða rándýr hugsjón?

VIÐTAL 38






FYLGIR Í DAG

# Lögreglan vill hunda til valdbeitingar

**Svokallaðir valdbeitingarhundar og hundar sem leita að munum og lífsýnum eru að líkindum það sem koma skal hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur nú að breyttu skipulagi á hundahaldi embættisins. Starfshópur vinnur að hugmyndum um að fá nýja hunda sem sinni öðru en leit að fíkniefnum.

„Það er ekkert launungarmál að okkar hugmyndir eru þær að nýta betur þá hunda sem eru í umdæmunum á suðvesturhorninu," segir Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri.

„Það hafa ekki verið teknar neinar endanlegar ákvarðanir en það sem við erum að velta fyrir okkur er tvennt; í fyrsta lagi að í ljósi þess að tollgæslan á svæðinu er með allnokkra hunda sem eru sérþjálfaðir til fíkniefnaleitar þá getum við fengið fullnægjandi þjónustu hjá þeim. Sé staðan sú, höfum við hug á að fá okkur annars konar hunda, til að mynda svokallaða valdbeitingarhunda, sem eru notaðir ef einhverjar róstur verða. Jafnframt erum við að huga að leitarhundum sem ekki leita að fíkniefnum heldur að munum og jafnvel lífsýnum."

Hörður bendir á að í umræddum umdæmum séu nú margir fíkniefnaleitarhundar, fleiri en þörf er fyrir. Hagkvæmara væri að samnýta hundana með tollgæslunni og koma upp annars konar lögregluhundum á höfuðborgarsvæðinu. Slík samvinna embætta lögreglu og tollyfirvalda á svæðinu verði þá angi af því góða og vaxandi samstarfi sem nú er.

Hörður segir að lögð sé áhersla á að skoða fyrst samstarf um fíkniefnaleitarhunda. Því hafi núverandi vinnufyrirkomulagi verið sagt upp með góðum fyrirvara. Síðan verði nýir hundar fengnir.

„Þetta er einungis spurning um skipulag," útskýrir hann. „Við höfum verið með fimm eða sex hundamenn á stundum og reynt ýmiss konar fyrirkomulag á liðnum árum, bæði lögreglan í Reykjavík og síðan á höfuðborgarsvæðinu. Nú erum við að skoða sóknarfæri til að gera þetta liprara og að ekki haldi öll embætti fíkniefnaleitarhunda. Gæði þeirra og virkni byggist á því að þeir séu í stöðugri æfingu." - jss



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÞAÐ VAR DURAN DURAN!** Menntaskólinn í Reykjavík bar sigurorð af Menntaskólanum á Akureyri í spurningakeppninni Gettu betur í gærkvöldi. Bráðabana þurfti til að skera úr um sigurvegarann en Akureyringunum tókst að jafna metin með ævintýralegum hætti í síðustu þremur spurningunum fyrir bráðabanann. Í úrslitaspurningunni var spurt um hljómsveitina Duran Duran.



**FYRSTU MERKI VORKOMUNNAR** Geitungurinn sem heilsaði Ágústi Leifssyni var nokkuð dasaður eftir langan svefn undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skordýr vakna af dvala:

## Vorið er á næsta leiti

**NÁTTÚRA Ekki er víst að allir séu ánægðir með að sjá þennan myndarlega geitung sem Ágúst Leifsson húsasmíðameistari og félagar hans rákust á við vinnu sína á Þinghólsbraut í gær.**

**Að slík skordýr séu vöknuð af vetrardvala er þó greinilegt merki um að vorið sé á næsta leiti. Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir suma geitunga liggja inn undir húsþökum sem hitni með hækkandi sól. „Einmitt nú um miðjan mars fara því hlutirnir að gerast."**

**Þá greindi Ríkisútvarpið frá því í gær að sést hefði til og heyrst í lóum í Grafarholtinu. Eru það fyrstu fréttir af því að vorboðinn ljúfi sé kominn til landsins.** - ovd

HSÍ kom ekki hreint fram:

## Noregsleikir voru ekki í boði

**HANDBOLTI** Gunnar Pettersen, landsliðsþjálfari Noregs, segir að leikir við Norðmenn um páskana, sem forsvarsmenn Handknattleikssambands Íslands segjast hafa afþakkað, hafi verið slegnir út af borðinu í Noregi í nóvember. HSÍ hafi klúðrað málinu með því að svara ekki tölvupósti frá norska handknattleikssambandinu.

Klúðrið uppgötvaðist fyrir mánuði en ekki var greint frá raunverulegri ástæðu þess á blaðamannafundi á fimmtudag.

„Það hefði hugsanlega mátt orða hlutina öðruvísi," sagði Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ.

- hbg / sjá síðu 58

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Bjartviðri** Í dag verður bjart og fallegt veður. Helgin er kjörin til útivistar og má gera ráð fyrir hægviðri um allt land. Með bjartviðrinu má svo búast við talsverðu frosti og jafnvel góðum skilyrðum til að sjá norðurljós í kvöld og nótt.

VEÐUR 4

Einn af risum rokksögunnar er væntanlegur í Egilshöll þann 26. maí:

# Bob Dylan spilar í Grafarvogi

**TÓNLIST** Bob Dylan leikur ásamt hljómsveit sinni í Egilshöll mánudaginn 26. maí. Hljómsveitina hefur Dylan kallað „bestu hljómsveit sem ég hef unnið með" en saman hafa Dylan og hljómsveitin leikið víða um heim síðustu árin. Dylan er í fantaformi um þessar mundir og spilar sín vinsælustu lög á tónleikum. Þetta verður í annað sinn sem meistarinn leikur á Íslandi.

Bob Dylan er tvímælalaust einn af risum rokksögunnar og hefur haft gríðarleg áhrif á hana. Hann hefur gert 32 hljóðversplötur á ferlinum, hin fyrsta kom út árið 1962, en sú nýjasta, Modern Times, kom út árið 2006. Dylan á tíu plötur á frægum lista Rolling Stone-tímaritsins yfir 500 bestu plötur allra tíma, þar af tvær plötur á topp tíu. Aðeins Bítlarnir státa af betri árangri, eiga ellefu plötur á listanum.

Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert á heiðurinn að tónleikum Dylans og hefur unnið að komu hans hingað í tvö ár.

- glh / sjá bls. 62



**SPILAR ALLA SMELLINA** Bob Dylan er væntanlegur ásamt hljómsveit.










## SPURNING DAGSINS



*Gunnlaugur, verður dagskráin ekki of formúlukennd?*

„Góð formúla er aldrei of oft kveðin.“

Sjónvarpsstöðin Stöð 2 Sport hefur tryggt sér útsendingarrétt á Formúlu 1. Gunnlaugur Rögnvaldsson er umsjónarmaður Formúlunnar.

Formaður leikskólaráðs Reykjavíkur segir ráðið ekki vilja fara fram í offorsi:

# Fimm ára bekkjum frestað

**MENNTUN** Leikskólaráð hefur fallið frá því að koma á fimm ára bekkjum í nokkrum grunnskólum Reykjavíkurborgar í haust. Þessu hefur verið frestað, en hugmyndin er enn til skoðunar.

„Það er augljóst að við erum ekki að fara að keyra þetta í gegn af offorsi fyrir haustið,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs. Stefnan hafi verið tekin á árið 2009.

Hugmyndin hafi fyrst verið kynnt síðastliðið haust. Augljóst hafi verið frá upphafi að tillagan, sem samþykkt var 13. febrúar, myndi ekki ná fram að ganga í ár.

Nú sé málið hjá embættismönnum borgarinnar, eins og gert hafi verið ráð fyrir í upphafi.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagði hér í blaðinu í lok síðasta mánaðar að tillagan væri „óraunhæf og þokukennd“.



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

„Þau segjast hafa brunnið inni á tíma. En auðvitað fóru þau af stað með illa ígrundaða hugmynd, sem hefur mætt mikilli mótstöðu víða, til dæmis hjá Félagi leikskólakennara,“ segir hún.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi F-lista og varaformaður leikskólaráðs, sagði í Fréttablaðinu 1. mars að hún teldi að hægt yrði að skrá fimm ára börn í grunnskóla fyrir veturinn. **- kóþ**

Skortur á fé til húsbygginga:

# Færri vilja lóðir á Skaganum

**AKRANES „Tregða bankanna hefur orðið til þess að verulega hefur dregið úr ásókn í byggingalóðir,“ segir Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi.**



GÍSLI S. EINARSSON

**Gísli segir að búið sé að skila aftur fjórtán til sautján lóðum af sjötíu sem úthlutað var á Akranesi fyrir tveimur mánuðum.**

**„Áður höfðum við ekki undan við að útbúa nýjar lóðir.“** **- ovd**



**SNÆFINNUR SNJÓKARL** Snæfinnur var tignarlegur að sjá á torginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Stórhuga Norðlendingar:

## Snæfinnur risinn að nýju

**AKUREYRI Snæfinnur snjókarl hefur komið sér makindalega fyrir á Ráðhústorginu og verður þar um sinn, nema hlýni mjög.**

**Nemendur á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri reistu þennan stærsta snjókarl landsins og var lokahönd lögð á verkið í gær eftir klukkan þrjú þegar tyllt var hatti á kauða með aðstoð krana. Snæfinnur er um átta metra hár.**

**Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði voru börn að leik undir karlinum stóra og létu sér veturinn vel líka.** **- kóþ**

Saving Iceland mótmæla:

## Reistu stíflu við Landsvirkjun

**UMHVERFISMÁL** Samtökin Saving Iceland reistu táknræna stíflu við skrifstofur Landsvirkjunar í gær og kölluðu Háaleitisvirkjun.

Með þessu var hugsanlegri virkjun neðri Þjórsár mótmælt og samstöðu lýst yfir með þeim sem berjast fyrir verndun árinnar.

Minnt var á alvarleg og óafturkræf áhrif af stíflum og virkjunum á náttúruna, lífríkið og samfélagið.

Í tilkynningu taka samtökin fram að engu skipti hvort virkjað sé í þágu gagnavers eða álvers. „Það er eyðilegging árinnar sem barist er gegn,“ segja þau. **- kóþ**

# Hávaði frá kjúklingum skelfir kylfinga á Hellu

**Jarðeigendur og félagar í Golfklúbbi Hellu eru ósáttir við áform um stækkun sorpurðunarsvæðis og byggingu kjúklingabús við golfvöllinn á Strönd. Sveitarstjóri segir erfitt að samhæfa starfsemi sem öll sé mikilvæg sveitarfélaginu.**

**HVOLSVÖLLUR** Sveitarstjórn Rangárþings ytra hyggst stækka sorpurðunarsvæði sitt á Strönd og leyfa byggingu kjúklingabús austan urðunarsvæðisins samkvæmt auglýstri aðalskipulagsbreytingu.

Íbúar eru margir afar ósáttir við þessi áform en á Strönd er einn fjölsóttasti golfvöllur landsins. „Mér finnst einfaldlega með ólíkindum að sveitarstjórnarmenn skuli láta sér detta í hug að setja sorpstöð og kjúklingaeldishús við hliðina á einni mestu perlu sýslunnar,“ segir Óskar Pálsson, formaður golfklúbbs Hellu. Segir hann golfvöllinn á Strönd sennilega næstfjölsóttasta ferðamannastað Rangárvallasýslu en á fjórum sumarmánuðum spila um fimmtán þúsund kylfingar á Strandarvelli.

Hafa íbúar og kylfingar áhyggjur af lyktar- og hljóðmengun frá kjúklingaeldinu enda verði húsin um 500 metra frá golfvellinum.



ÖRN ÞÓRÐARSON

„Þetta rýrir verðmæti landsins í kring,“ segir Guðmundur Ómar Helgason, kúabóndi í Lambhaga sem á land að umræddu svæði. Finnst honum með ólíkindum að hafa sorpstöð í miðju byggðarlaginu. Rusl muni menga grunnvatn og Rangárnar, sem eru miklar laxveiðiár. „Við eigum ekki að grafa ruslið fyrir ofan garðinn.“

Í sama streng tekur Jósep Benediktsson, bóndi í Varmadal, sem á stóran hluta þess lands sem liggur að umræddu svæði. „Mér finnst ekki passa að framleiða matvöru alveg ofan í sorpurðunarstað.“ Varmadalur er um þúsund hektara jörð og að mestu undir trjárækt. Jósep hafði hugsað sér þann hluta sem snýr að sorpstöðinni sem útivistarsvæði og fyrir sumarbústaði en telur nú stóran hluta jarðarinnar óseljanlegan.



**STRANDARVÖLLUR** Golfvöllur hefur verið á Strönd frá 1981 en Golfklúbbur Hellu var stofnaður 1952. MYND/EDWIN

Örn Þórðarson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, segist ekki hafa heyrt af óánægju íbúa. „Hins vegar kemur þetta mér ekki á óvart. Það er alveg rétt sem bent er á að þarna er þetta tiltölulega nálægt hvort öðru, urðunarstaður annars vegar og matvælaframleiðsla hins vegar.“ Segir hann starfsleyfi urðunarstaða vera með þeim hætti að mengun eigi ekki að geta borist í mat.

Hann tekur undir mikilvægi golfvallarins. „Staðsetningin er hentug en hún er í miðju landbúnaðarhéraði og þetta er svolítið erfitt að samhæfa.“

Örn segir mestu af almennum úrgangi ekið til förgunar í Árnessýslu. „Við erum með tvær bestu laxveiðiár á landinu hérna sitt hvoru megin við urðunarsvæðið og auðvitað þurfum við að skoða að þarna verði ekki umhverfisslys. Þetta er í skipulagsferli og við erum að kalla eftir athugasemdum,“ segir Örn að lokum.

**olav@frettabladid.is**



**FRAMKVÆMDIR HEFJAST** Árni Sigfússon, Oddný Harðardóttir og Ragnar Guðmundsson handsala byggingarleyfið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Álver Norðuráls í Helguvík:

## Bæjarstjórar afhentu leyfið

**IÐNAÐUR** Framkvæmdir hófust við fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík í gærmorgun. Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Garði, afhentu Ragnari Guðmundssyni, forstjóra Norðuráls, byggingarleyfi fyrir álverið.

„Þetta er jákvætt skref í löngu ferli,“ segir Ragnar. „Við finnum fyrir miklum áhuga á álverinu á Reykjanesi hjá sveitarstjórnarmönnum, stéttarfélögum og almenningi.“

Álverið verður byggt í tveimur áföngum. Þeim fyrri á að ljúka árið 2010 og þeim síðari 2015. Þá á framleiðslugetan að vera komin í 250 þúsund tonn. **- bj / sþs**

**GRIKKLAND**

### Farþegaskip strandar

Yfir 300 manns var í gær bjargað af farþegaskipi sem strandaði við strönd grísku eyjarinnar Poros, sem er nærri Aþenu. Enginn slasaðist.

**BORGARBYGGÐ**

### Sex sumarhátíðir

Útlit er fyrir að haldnar verði sex hátíðir af ýmsu tagi í Borgarbyggð í sumar. Hér er um að ræða Borgfirðingahátíð í júní, tónlistarhátíðirnar IsNord og Reykholtshátíð, Sparisjóðsmótið í fótbolta, Sauðamessu og hátíðarhöld vegna 100 ára afmælis dráttarvélarinnar.




Magnús Pétursson lét óvænt af störfum sem forstjóri Landspítalans í gær:

# Ágætlega friðsamlegt samkomulag

„Þetta var ágætlega friðsamlegt samkomulag,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans um samkomulag hans og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, heilbrigðisráðherra um að hann léti af störfum auk Jóhannesar M. Gunnarssonar, framkvæmdastjóri lækninga.

Magnús segist hafa heyrt af fyrirhuguðum breytingum nokkru áður en endanlega niðurstöðu ráðherra hefði hann ekki fengið fyrr en í gærmorgun. Hann kvaðst ekki tjá sig um ástæður uppsagnarinnar en vísaði á Guðlaug Þór en ekki náðist í hann vegna málsins í gær. Magnús kvaðst ekki

Magnús hefur verið forstjóri Lansdpítalans í níu ár og unnið að mjög viðamiklum breytingum innan þessa fjölmennasta fyrirtæki landsins , svo sem sameingingu spítalans við Hringbraut og í Fossvogi. Hann lætur af störfum þann 1. apríl en Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, og Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga, á Landspítala, munu sameiginlega



MAGNÚS PÉTURSSON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

gegna starfi forstjóra spítalans þar til nýr forstjóri hefur verið ráðinn, en gert er ráð fyrir að hann taki við störfum 1. september eftir að heilbrigðisráðuneyti hefur auglýst starfið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur nafn Ásdísar Höllu Bragadóttur, fyrrverandi forstjóra ítrekað verið nefnt innan spítalans þegar umræður um hver næsti stjórnandi spítalans verði en í hana náðist ekki í gær.

Björn sagði á hann myndi áfram vinna að uppbyggingu spítalans og aðhaldi í rekstri. Hann hefði ákveðnar hugmyndir en vildi ekki útlista þær frekar fyrr en hann væri búinn bera þær upp við starfsfólk.

Magnús og Jóhannes ætla báðir að vinna áfram innan spítalans. **- kdk**


Páskagreinar
599kr
10stk.
Páskaliljur
690kr
Ástareldur
499kr
Páskaheimur
í Blómavali
Allt
páskakraut
30
afsláttur
Páskakrýsi
499kr
Páskaskreyting
699kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

**GENGIÐ 14.08.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,78 | 70,12 |
| Sterlingspund | 141,51 | 142,19 |
| Evra | 108,56 | 109,16 |
| Dönsk króna | 14,554 | 14,64 |
| Norsk króna | 13,637 | 13,717 |
| Sænsk króna | 11,477 | 11,545 |
| Japanskt jen | 0,6933 | 0,6973 |
| SDR | 114,1 | 114,78 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
140,8457

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandarísk tveggja hreyfla flugvél lenti á Keflavíkurflugvelli í gær:

# Leitað að föngum í CIA-vél

**FANGAFLUG** Flugvél af gerðinni Beechcraft 350C með bandarískt skráningarnúmer, N4466A, millilenti á Keflavíkurflugvelli í hádeginu í gær. Grunur lék á að um svokallað fangaflug á vegum CIA gæti verið að ræða og var farið um borð í vélina.

Andrés Ottósson, deildarstjóri hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, segir að vélin hafi verið tollafgreidd og farið hafi verið um borð. Aðeins hafi tveir flugmenn verið um borð, annað ekki. Vélin hafi millilent til að taka eldsneyti.

Vélin kom frá Stafangri í Noregi og var á leiðinni til Syðri-Straumsfjarðar á Grænlandi. Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, staðfestir að vélin hafi lent um korter í eitt og farið aftur í loftið um hálftvö á leið til Grænlands og væntanlega ætlað þaðan til Bandaríkjanna.



**LENTI Í KEFLAVÍK** Þessi flugvél, sem er af gerðinni Beechcraft 350C, lenti á Keflavíkurflugvelli í gær til að taka eldsneyti.

Í norska dagblaðinu Aftenposten kom fram í gær að flugvélin hefði komið frá Brno Turany í Tékklandi. Hún hefði lent í Stafangri til að taka olíu og haldið svo áfram til Keflavíkur. Ekki væri vitað hvað væri um borð en vélar af þessu tagi væru sérstaklega innréttaðar fyrir fangaflutninga.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem CIA-flugvél fer þessa leið frá Austur-Evrópu," sagði í Aftenposten og bætt við að þrettán til fimmtán vélar hefðu farið þessa leið í gegnum Noreg og Ísland á árunum 2003-2005.

Norskir stjórnmálamenn tóku upplýsingarnar um flugvélina mjög alvarlega og óskuðu eftir rannsókn. - ghs

Erkibiskup í Írak fannst látinn:

## Mannræningjar földu líkið

**ÍRAK, AP** Lögregla í Mosul í Írak hefur borið kennsl á lík kaþólska erkibiskupsins Paulos Faraj Rahho. Líkið hafði verið dysjað utan við borgina. Óvíst er hvort hann var myrtur eða hvort hann lést af öðrum orsökum.

Rahho var rænt af byssumönnum í lok febrúar þegar hann var á leið heim frá messu. Þrír samferðamenn hans féllu í árásinni. Enginn hefur lýst ábyrgð á mannráninu á hendur sér.

Söfnuður Rahho er stærsti hópur kristinna íbúa Írak, samtals ein milljón talsins. Meðlimir segja þetta enn eina árásina á kristna minnihlutann í Írak. - bj



**MÓTMÆLI** Dönsku Múhameðsmyndunum hefur verið mótmælt víða í Mið-Austurlöndum að undanförnu, hér í Teheran.
NORDICPHOTOS/AFP

Framhald Múhameðsteikninga:

## Þingmenn vilja rjúfa tengsl

**JÓRDANÍA, AP** Þriðjungur þingmanna í Jórdaníu hefur skorað á ríkisstjórn landsins að rjúfa stjórnmálatengsl við Danmörku vegna ítrekaðra birtinga teikninga af Múhameð spámanni í dönskum dagblöðum.

Alls skrifuðu 38 af 110 þingmönnum landsins, þar á meðal stjórnarþingmenn, undir áskorun til ríkisstjórnarinnar. Þar var einnig skorað á hana að reka danska sendiherrann úr landi. - bj

Samtök ferðaþjónustunnar:

## Vilja lægri álögur á eldsneyti

**NEYTENDUR Samtök ferðaþjónustunnar vilja að stjórnvöld lækki álögur á eldsneyti, þar sem ekki sé fyrirsjáanlegt að eldsneytisverð lækki á næstunni.**

**Í tilkynningu frá samtökunum kemur fram að farþegaflutningar í ferðaþjónustu séu mjög umfangsmiklir og að hækkun eldsneytisverðs hafi haft mikil áhrif á fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hækkunin skili sér út í verðlag fyrirtækjanna.**

**Samtökin benda á að ferðaþjónustan skili þrettán prósentum af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hækkandi verð á eldsneyti geri Ísland ekki að fýsilegum kosti fyrir ferðamenn.** - sgj

# Fól borgarlögmanni að endurskoða sölu

**Dagur B. Eggertsson fól borgarlögmanni að endurskoða samninga um sölu Reykjavíkurborgar á 45 prósent hlut í Landsvirkjun í borgarstjóratíð sinni. Dagur misskilur grundvallarþætti í málinu, segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

**STJÓRNMÁL** Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkurborgar, óskaði eftir því í borgarstjóratíð sinni að borgarlögmaður kannaði hvort tilefni væri til þess að endurskoða samning um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Þessi beiðni var lögð fram eftir að tilkynnt var um stofnun Landsvirkjun Power, útrásararms fyrirtækisins. „Mér vitandi stendur þessi skoðun ennþá yfir," segir Dagur í tillögu sem lögð var fram í borgarráði síðastliðinn fimmtudag.

Kristbjörg Stephensen staðfesti við Fréttablaðið að skoðunin væri á verkefnalista embættis borgarlögmanns en að hún væri ekki formlega hafin.

Reykjavíkurborg seldi 45 prósenta hlut sinn í Landsvirkjun til ríkisins um áramótin 2006 til 2007 fyrir um 27 milljarða króna. Landsvirkjun var verðmetin á um 59 milljarða. Byggði salan á því verðmati.

Eins og greint var frá í greinum í Fréttablaðinu 1. og 2. nóvember í fyrra telja margir verðmatið á Landsvirkjun hafa verið illa unnið og niðurstöðuna úr því ekki í takt við raunverulegt verð félagsins, sem sé miklu hærra.

Í tillögu Dags segir að enn meira tilefni sé til endurskoðunar á sölunni eftir að „nýlegt ársuppgjör [Landsvirkjunar] leiddi til þeirrar niðurstöðu að arður ársins 2007 var 28,5 milljarðar. Eiginfé Landsvirkjunar hækkar raunar um 28,4 milljarða króna í 99,2 milljarða króna".



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON



DAGUR B. EGGERTSSON



**LANDSVIRKJUN** Verðmatið á Landsvirkjun sem stuðst var við þegar ríkið keypti helmingshlut í fyrirtækinu hefur lengi verið umdeilt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og formaður borgarráðs, segir tillögu Dags ekki í takt við raunveruleikann. „Degi B. Eggertssyni hlýtur að vera ljóst að markaðsverð einstakra fyrirtækja ræðst ekki af hagnaði eða tapi tiltekins árs. Á þeim tíma sem verðmatið var unnið, af færum sérfræðingum sem Reykjavíkurborg, með R-listann í meirihluta, og ríkið fengu til verksins, þótti verðmiðinn sem fallist var á eðlilegur," segir Vilhjálmur. Par X viðskiptaráðgjöf mat Landsvirkjun til verðs fyrir borgina og ríkið.

Vilhjálmur telur Dag misskilja grundvallarþætti í málinu. „Vill Dagur að ríkið geri kröfu á okkur ef Landsvirkjun sýnir tap eitthvert árið? Ég hugsa ekki. Hagnaður ársins 2007 byggir að stórum hluta á útreikningi á innbyggðum afleiðum í orkusölusamningum, eins og staðan var um áramótin. Þetta er ekki innleyst frekar en gengishagnaður áður fyrr. Þess vegna getur afkoma Landsvirkjunar versnað stórlega ef álverðsferlarnir falla úr þeim hæðum sem þeir eru í núna. Þeir sem eru að mæla þessum viðskiptum í mót núna eru að stilla sér upp eins og þeir hafi vitað alla tíð að álverðið myndi hækka frá því viðskiptin voru gerð."

magnush@frettabladid.is

Milljarða villa Seðlabankans:

## Innsláttarvilla að baki skekkju

**VIÐSKIPTI „Þetta hefur verið leiðrétt. Tölurnar voru vitlaust slegnar inn í reiknilíkan hjá okkur," segir Tómas Örn Kristmundsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabanka Íslands, um rangar tölur um erlenda stöðu þjóðarbúsins sem birtust á vefsíðu bankans.**

**Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær reiknaði Seðlabankinn vitlaust út erlenda stöðu þjóðarbúsins fyrir skemmstu og leiðrétti síðar villuna. Fyrst var sagt að skuldin væri 1.845 milljarðar en síðan að hún næmi 1.584 milljarðar. Sem er mesta skuld miðað við íbúafjölda í heiminum. „Þetta getur vissulega haft áhrif á trúverðugleika bankans en þetta hefur sem sagt verið leiðrétt," segir Tómas Örn.** - mh

Aðstoðarmaður formanns VG:

## Líst mjög vel á nýja starfið

**STJÓRNMÁL** Finnur Ulf Dellsén heimspekingur hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs.



FINNUR ULF DELLSÉN

Finnur var einn þriggja kosningastjóra Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu fyrir síðustu alþingiskosningar. Hann útskrifaðist úr heimspeki í október síðastliðnum og hefur kennt heimspeki við Menntaskólann í Reykjavík. „Nýja starfið leggst mjög vel í mig. Ég hef leyst Guðfríði Lilju af sem framkvæmdastjóri þingflokks og síðustu mánuði hef ég verið í almennum störfum fyrir þingflokkinn," segir Finnur. - ovd




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

**BJART OG FALLEGT VEÐUR** Það verður fallegt útivistarveður á öllu landinu um helgina, þurrt að mestu, hiti 0-5 stig víðast hvar og hægur vindur. Það má einnig búast við talsverðu frosti í nótt.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt víðast hvar.

MÁNUDAGUR
Snýst í SV-átt víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 8° |
| Ósló | 5° |
| Stokkhólmur | 3° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 12° |
| París | 16° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 22° |
| Bassel | 13° |
| Eindhoven | 21° |
| Las Palmas | 13° |
| New York | 31° |
| Orlando | 14° |
| San Francisco | |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




LITRÍK
PÁSKASTEMNING
ALLA HELGINA

Í Smáralind færðu allt sem þig vantar fyrir páskana. Frábært úrval af veislumat, páskaskrauti, páskaeggjum og páskaliljum. Þú getur líka nýtt tækifærið og verslað allt fyrir ferminguna í leiðinni.

Við höfum opið alla helgina og tökum á móti þér í páskaskapi.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM32721

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú búin(n) að kaupa páskaegg?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Liggur meira á Vaðlaheiðargöngum en Sundabraut?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Móðir ellefu ára stúlku látin greiða kennara tíu milljónir króna í bætur vegna slyss:

# Kærði fatlað barn vegna hurðarskells

**DÓMSMÁL** Móðir ellefu ára stúlku hefur verið dæmd til að greiða grunnskólakennara tæpar tíu milljónir í skaðabætur. Stúlkan renndi hurð á höfuð kennslukonunnar með þeim afleiðingum að hún hlaut tuttugu prósenta varanlega örorku og var óvinnufær í fimm mánuði.

Atvikið varð í skólastofu í nóvember 2005. Stúlkunni, sem er með Asperger-heilkenni, sinnaðist við skólabræður sína og fór inn í geymslu sem lokað er með rennihurð. Kennarinn ætlaði að sækja stúlkuna og rak höfuðið inn í geymsluna. Þá skall hurðin á andliti hennar og hún hentist á vegg.

Í niðurstöðu dómsins segir að ekkert liggi fyrir um það í málinu að stúlkan hafi ætlað sér að skella hurðinni á kennarann heldur sé líklegra að hvatvísi hennar hafi ráðið för. Þó hefði henni mátt vera ljóst að það væri hættulegt að loka hurðinni svona fast.

Fötlun stúlkunnar var ekki talin hafa skert dómgreind hennar. Bæklingur um Asperger-heilkenni var þar hafður til hliðsjónar. Vitsmunaþroski hennar hafi heldur ekki verið minni en almennt hjá börnum á hennar aldri. Því var hún látin bera ábyrgð á tjóninu.

Þar sem stúlkan er ólögráða var móðir hennar dæmd til að greiða kennaranum 9,7 milljónir króna í skaðabætur auk vaxta. Móðirin þarf einnig að greiða málskostnað kennarans, eina milljón króna.

Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjavíkur. - sþs

## HÆTTULEG HURÐ EÐA EKKI?

■ Kennarinn kærði einnig skólann. Hún hélt því fram að rennihurðin hefði verið hættuleg og ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verði til hurða í skólastofum.

■ Heilbrigðiseftirlitið skoðaði vettvang slyssins og lagði til að ráðstafanir yrðu gerðar til að draga úr slysahættu vegna hurðanna. Eftir slysið var hurðin negld aftur.

■ Lögmaður skólans mótmælti því að rennihurðin hefði verið hættulegri en aðrar hurðir. Hún hefði uppfyllt allar þær öryggiskröfur sem almennt væru gerðar til innréttinga í skólahúsnæði.

■ Hann hélt því einnig fram að skólinn hefði ekki viðurkennt að hurðin væri sérstaklega hættuleg með því að taka hana úr notkun eftir slysið. Það hefði verið gert til að fyrirbyggja fleiri slys.

■ Dómurinn tók undir rök lögmanns skólans. Orsök slyssins hefði verið sú að hurðinni hefði verið skellt á höfuð kennarans, ekki að hurðin hefði verið hættuleg sem slík. Skólinn var því sýknaður af öllum skaðabótakröfum.






# Ekki ásetningur að skjóta undan skatti

**Ríkisskattstjóra ber að endurgreiða Baugi Group 75 milljónir vegna oftekinna skatta. Sýnir að vafasamt er að halda lögreglurannsókn til streitu segir Hreinn Loftsson. Saksóknari hafði í gær ekki fengið úrskurð yfirskattanefndar.**

**BAUGSMÁL** Yfirskattanefnd hefur úrskurðað Baugi Group í hag í einum af þremur liðum sem félagið skaut til nefndarinnar í kærumáli vegna álagningar opinberra gjalda frá árunum 1998-2002.

Niðurstaðan þýðir að Ríkisskattstjóri þarf að endurgreiða Baugi Group 75 milljónir króna auk álags. Hreinn Loftsson, hæstaréttarlögmaður og stjórnarmaður í Baugi Group, segir að alls gæti endurgreiðslan numið um 100 milljónum króna.

Fallist var á rök Baugs Group að ekki hafi verið skylt að staðgreiða skatt af kaupréttarsamningum stjórnenda fyrirtækisins sem gerðir voru í gegnum reikning í Lúxemborg.

„Þetta voru hlunnindi sem þessir menn nutu sem bar ekki að reikna sem laun á þessum tíma, og var þess vegna ekki staðgreiðsluskylt,“ segir Hreinn.



**SKATTRANNSÓKN** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar nú skattamál Baugs Group og tengdra fyrirtækja og einstaklinga. Niðurstaða yfirskattanefndar gæti haft áhrif á þá rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar nú meint skattalagabrot einstaklinga sem tengjast Baugi.

„Úrskurðurinn sýnir að það er mjög vafasamt að halda því máli til streitu gagnvart þessum einstaklingum; að minnsta kosti er refsigrundvöllurinn afar ótjós. Ég tel að menn eigi að hætta þessari vitleysu. Þetta mál sem byrjaði með miklum lúðrablæstri er smám saman að molna niður, og þetta er niðurstaðan. Þá má spyrja; var ekki nokkuð hátt reitt til höggs?“ segir Hreinn.

Augljóst eigi að vera að í málinu hafi verið deilt um tæknileg atriði, enginn ásetningur hafi verið um að skjóta fé undan skatti, segir Hreinn.

„Við munum óska eftir því að fá úrskurðinn afhentan til að skoða hann í samhengi við refsimálið,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. Hann hafði í gær ekki fengið úrskurð yfirskattanefndar í hendur.

„Almennt má segja að ef yfirskattanefnd hefur úrskurðað að eitthvað standist ekki er líklegt að ekki sé tilefni til ákæru vegna sömu atriða,“ segir Helgi.

Yfirskattanefnd féllst ekki á sjónarmið Baugs Group að tveir ráðgjafar félagsins hefðu verið verktakar. Þá var úrskurðað Baugi í óhag í þeim þætti sem sneri að sameiningu Hagkaupa og Bónus árið 1998.

„Það er fyrst og fremst tæknilegt atriði hvernig á að vega og meta verðmæti óskráðra félaga. Þeir telja að það sé vantalinn söluhagnaður í þeirri sameiningu. Við erum ósáttir við þá niðurstöðu og það er hugsanlegt að við förum með það mál fyrir dómstóla,“ segir Hreinn.

brjann@frettabladid.is

## TVEIR LIÐIR FÉLLU BAUGI Í ÓHAG

**Kæra Baugs Group til yfirskattanefndar var í þremur liðum:**

■ Í fyrsta lagi vegna kröfu um 200 milljóna króna skattgreiðslur af kaupréttarsamningum stjórnenda félagsins. Þar var niðurstaða yfirskattanefndar sú að stærstur hluti þeirra greiðslna hafi ekki verið skattskyldur fyrr en eftir lagabreytingu árið 2001.

■ Annað atriði kærunnar snerist um samtals 29 milljóna króna greiðslur til tveggja manna sem Baugur Group taldi verktaka. Yfirskattanefnd var því ósammála og sagði mennina hafa verið starfsmenn félagsins.

■ Þriðja ágreiningsefnið snerist um 407 milljóna króna vanframtalinn söluhagnað hlutabréfa frá árinu 1998 vegna sameiningar Hagkaupa og Bónuss við tilurð Baugs. Yfirskattanefnd féllst ekki á rök Baugs Group um að söluhagnaður hafi verið rétt talinn.


**Aðalfundur VR**

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica mánudaginn 31. mars nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR


Fyrrverandi þjónustufulltrúi Tryggingastofnunar og nítján aðrir ákærðir:

# Falsaði 781 kvittun og sveik út 75,7 milljónir króna

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi þjónustufulltrúi Tryggingastofnunar, 45 ára kona, hefur verið ákærð fyrir að hafa svikið út 75 milljónir og 750 þúsund krónur með því að útbúa 781 tilhæfulausa kvittun og leggja fjármunina inn á reikninga nítján einstaklinga sem einnig eru ákærðir í þessu viðamikla fjársvikamáli.

Fjársvikin sem konan er ákærð fyrir áttu sér stað á tímabilinu 2. janúar 2002 til 9. júní 2006, á meðan konan starfaði sem þjónustufulltrúi hjá stofnuninni. Hún játaði sök við þingfestingu málsins í gær.

Aðferðin sem þjónustufulltrúinn fyrrverandi notaði við fjárdráttinn var að blekkja gjaldkera stofnunarinnar með hinum tilhæfulausu kvittunum til að greiða úr sjóðum hennar á grundvelli þeirra. Fjármunirnir dreifðust síðan inn á reikninga hinna nítján, sem einnig eru ákærðir. Þeir eru á aldrinum 20 til 54 ára og sakarefni þeirra eru hylming, til vara peningaþvætti, þar sem þeir veittu fjármununum viðtöku á bankareikninga sína, héldu þeim þar og ráðstöfuðu þótt þeim væri ljóst að um illa fengið fé væri að ræða.

Þrír af þessum einstaklingum eru einnig ákærðir fyrir hlutdeild í svikum konunnar til að fá aðra sakborninga til að taka við peningum inn á bankareikninga þeirra. - jss




**TRYGGINGASTOFNUN** Fjársvikastarfsemi konunnar stóð yfir í þrjú og hálft ár.


Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

Lambainnralæri



2.298 kr/kg
Verð áður 3.281.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# LOÐNIR STERKIR STOLTIR VINNUFÚSIR

# Stórhundasýning



## STÓRKOSTLEG STÓRHUNDASÝNING Í GARÐHEIMUM UM HELGINA

laugardag og sunnudag frá kl. 12:00 - 17.00

- dýravörukynningar
- dýravörutilboð
- fóðurkynningar
- lukkupottur
- dýralæknir
- hundasnyrtistofa

Fóðurkynningar frá

Hill's

ROYAL CANIN

Purina PRO PLAN

Eukanuba



**Páskatúlipanar**
10 stk.
**895kr**



**Páskakerti**
**40kr. stk.**



**Stórar Páskagreinar**
**160kr. stk.**

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaða stofnun setti nýverið Íslandsmet í reikniskekkju?

2 Hvað heitir skáldsaga athafnakonunnar Jónínu Ben?

3 Hvaða tvö lið kepptu til sigurs í spurningakeppninni Gettu betur í gærkvöldi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Ríkisútvarpið á að veita aðgang að launum dagskrárstjóra sinna:

# Útvarpsstjóri með launamál fyrir dómstóla

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið á að veita aðgang að ráðningarsamningum við dagskrárstjóra útvarps og sjónvarps, samkvæmt úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Ritstjóri Vísis.is, Óskar Hrafn Þorvaldsson, kærði Ríkisútvarpið til nefndarinnar þegar honum var neitað um upplýsingar um laun Sigrúnar Stefánsdóttur og Þórhalls Gunnarssonar. Ríkisútvarpið hefur ákveðið að bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla.

„Mér finnst ótrúlegt að Ríkisútvarpið ætli að eyða almannafé í lögfræðikostnað fyrir héraðsdómi eftir að hafa eytt hundruðum þúsunda í lögfræðikostnað vegna bréfaskrifta við mig og úrskurðarnefnd um upplýsingamál í þessu máli,“ segir Óskar Hrafn. „Miðað við hversu miklu fjármagni þeir eyða í að halda upplýsingum um laun þeirra Þórhalls og Sigrúnar frá almenningi mætti halda að þeir hafi eitthvað að fela.“



**ÚTVARPSSTJÓRINN** Páll segir eðlilegt að úrskurður nefndarinnar um launaupplýsingar fari fyrir dómstóla. Málið hafi fordæmisgildi og því sé rétt að ljúka því í eitt skipti fyrir öll.

„Við teljum málið þess eðlis að það sé eðlilegt að láta reyna á það fyrir dómstólum,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hann segir úrskurðinn hafa komið á óvart og málið sé í farvegi hjá lögfræðingum. Þá segist Páll ekki vita hversu mikið málaferlin muni kosta. „Ég held að þetta séu engar stórkostlegar upphæðir, þetta er bara ákveðið prinsipmál og það er eðlilegt að það fari til dómstóla.“

Svipað mál kom upp í fyrra þegar Ómar Benediktsson, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins, neitaði að gefa blaðamanni Vísis.is upplýsingar um mánaðarlaun Páls. Umboðsmaður Alþingis tók málið til skoðunar og minnti stjórn fyrirtækisins á að upplýsingar um föst laun opinberra starfsmanna væru ekki undanþegnar aðgangi almennings.

Ríkisútvarpið hefur beðið úrskurðarnefndina um að fresta gildistöku úrskurðarins, og hefur Óskar andmælt þeirri beiðni. Hún verður tekin fyrir á þriðjudag.

**- þeb / sþs**



**MENGUN** Ýmsir íþróttamenn hafa lýst áhyggjum af mengun í Peking vegna Ólympíuleikanna í haust. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar um mengun:

# Þróuð ríki bera mesta ábyrgð

**KÍNA, AP Vestræn ríki bera höfuðábyrgð á gróðurhúsaáhrifunum og taka ekki nægilegt tillit til gríðarlegs mannfjölda í Kína þegar þau gagnrýna kínversk stjórnvöld. Þetta segir Yang Jiechi, utanríkisráðherra Kína.**

**Hann sagði að þróuð ríki yllu margfalt meiri útblæstri en Kína, miðað við íbúafjölda. „Ef ein manneskja borðar þrjár brauðsneiðar í morgunmat og þrjár manneskjur borða eina hver. Hver ætti að fara í megrun?“**

**- bj**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á leið út:

# Vill tilfinningu fyrir stöðunni í Afganistan

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fer til Afganistans á sunnudag. Tilgangur ferðarinnar er meðal annars að „fá ákveðna tilfinningu fyrir stöðu mála á þessu svæði“, sagði Ingibjörg Sólrún á blaðamannafundi í gær. Af öryggisástæðum var ekki gefið upp hvert hún fer eða hverja hún hittir.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

„Ástæðan fyrir því að við erum að fara í þessa ferð er sú að Afganistan er það mál sem er efst á dagskrá núna, hvort sem það er hjá Sameinuðu þjóðunum, Nató, Öryggisstofnun Evrópu, á fundum norrænna utanríkisráðherra eða á tvíhliða fundum með utanríkisráðherrum annarra landa. Og það er mjög líklegt að svo verði áfram,“ sagði Ingibjörg.

„Það skiptir mig því miklu máli þegar ég þarf að ræða þessi mál og taka afstöðu til þeirra að ég hafi ákveðna tilfinningu fyrir stöðu mála á þessu svæði.“

Með Ingibjörgu í för verður starfsfólk ráðuneytisins og friðargæslunnar auk fjölmiðlafólks. Öryggisgæsla verður í höndum fimm sérsveitarmanna lögreglunnar sem fylgja hópnum. Ferðin stendur fram á skírdag.

**- sþs**



**ÞJÓRSÁ ÚR LOFTI** Iðnaðarráðherra fagnar hátækniverum en kveður gagnaver Verne Holding eitt og sér ekki ráða úrslitum um hvort ráðist verði í að virkja Þjórsá. MYND/LOFTMYNDIR

# Ekki virkjað fyrir gagnaver

**Iðnaðarráðherra segir að gagnaver í Keflavík muni ekki ráða úrslitum um hvort virkjað verði í Þjórsá eða ekki. Talsmaður Landsvirkjunar segir ekki af eða á hvort rafmagnið verði selt án virkjunar.**

**ORKA** Iðnaðarráðherra segir gagnaver Verne Holding í Keflavík ekki ráða úrslitum um hvort Þjórsá verði virkjuð eður ei og að engin rök séu til virkjunar út frá því einu saman.

Fyrirvari Landsvirkjunar um þetta sé því „hreinn óþarfi“ sem ráðherranum hafi ekki verið kunnugt um þegar hann fagnaði undirritun samningsins opinberlega.

Greint hefur verið frá því að í téðum samningi Landsvirkjunar við Verne Holding um raforkusölu til fyrirhugaðs gagnavers í Keflavík sé sá fyrirvari að Landsvirkjun fái virkjunarleyfi í neðri hluta Þjórsár.

„Landsvirkjun á ekki aðra virkjunarkosti en í Þjórsá fyrir hátæknina. Það er því eðlileg varfærni að setja í orkusölusamninga fyrirvara um að heimildir fáist fyrir virkjun,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins frá 11. mars. Einnig segir að þetta feli „ekki í sér neinar kröfur eða skilyrði á hendur þriðja aðila“.

Upplýsingarfulltrúi Landsvirkjunar, Þorsteinn Hilmarsson, hefur verið spurður um þennan fyrirvara og hvort Landsvirkjun myndi hugsanlega víkja frá honum, þannig að hún seldi raforkuna án virkjunarleyfis. Hann hefur ekki viljað svara þessu beint út, heldur ítrekað að þetta sé „klár fyrirvari“. Á miðvikudag sagði hann þó að fyrirvarinn snerist um að fyrirtækið væri ekki skuldbundið til að útvega rafmagnið, fáist ekki leyfið. Hann væri „ekki stórpólitísk yfirlýsing“.

Iðnaðarráðherra telur að umrædd orka sé nú þegar til í kerfinu og vísar til þess að á annað hundrað megavött hafi „legið úti“ í Sultartangavirkjun til skamms tíma, án þess að aðgangur að raforku hafi rofnað mikið. Gagnaverið þarfnast 25 megavatta.

„Og stjórn Landsvirkjunar hefur sagt að hún muni ekki selja orku til nýrra álvera. Ef þeir ætla að ráðast í umfangsmiklar fjárfestingar þá leiðir af sjálfu sér að þeir þurfa að hafa markað fyrir þá orku. Komdu með tíu gagnaver og þá skulum við tala saman!“ segir ráðherra.

Hann vill þó ekki tjá sig um afstöðu sína til hugsanlegrar virkjunar í ánni; það gerði hann vanhæfan til að taka um það ákvörðun seinna meir.

**klemens@frettabladid.is**



Og stjórn Landsvirkjunar hefur sagt að hún muni ekki selja orku til nýrra álvera. Ef þeir ætla að ráðast í umfangsmiklar fjárfestingar þá leiðir af sjálfu sér að þeir þurfa að hafa markað fyrir þá orku. Komdu með tíu gagnaver og þá skulum við tala saman!

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**
IÐNAÐARRÁÐHERRA


FÉLAG ÍSLENZKRA SÍMAMANNA
F·Í·S

**Stjórnarkjör**

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. gr. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnendi, auk þess fjórir menn til vara.

Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara, einnig tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn

Til að bera fram lista eða tillögu til kjörs stjórnar, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru.

Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstöður, þarf kosning ekki að fara fram.
Umsóknarfrestur er til 31.mars 2008

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31 merkt:

Stjórnarkjör FÍS

*Stjórn Félags Ísl. Símamanna*




HEKLA · www.hekla.is · hekla@hekla.is



**Í ÚTRÝMINGARHÆTTU** Filippseyskur vofuapi í tré í Bohol-héraði á Filippseyjum. Tegundin er einn minnsti prímati heims, verður mest 15 cm, og er í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samningur um kostun sýninga á vinsælasta kappakstri heims undirritaður:

# Formúluveisla formlega hafin

**ÍÞRÓTTIR** Samningur um kostun sýninga á Formúlu 1 kappakstri á sjónvarpsstöðinni Stöð 2 Sport var undirritaður í fyrradag. Hún verður í höndum fyrirtækjanna BYGG, DHL, Lýsingar og N1. Hátt í fimm hundruð manns voru viðstaddir undirritunina, í Formúluveislu sem haldin var í Perlunni.

Samdægurs hófst fyrsta beina útsending Stöðvar 2 Sport á Formúlunni. Þá var sýnt frá æfingum fyrir fyrstu keppni nýrrar mótaraðar sem fer fram í Ástralíu um helgina. Hægt verður að fylgjast með tímatöku og keppninni sjálfri á sjónvarpsrásinni, auk umfjöllunar fyrir og eftir keppni.

Við undirritunina voru Gylfi Óskar Héðinsson frá BYGG, Hermann Guðmundsson frá N1, Ari Edwald frá 365, Halldór Jörgensson frá Lýsingu og Shad Hallam frá DHL.

- sþs



**FORMÚLUPARTÍ** Hátt í fimm hundruð manns voru viðstaddir undirritun samningsins um Formúluna í Perlunni í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fiskafli íslenskra fiskiskipa:

## Minni heildarafli en í fyrra

**FISKAFLI** Heildarafli íslenskra skipa nú í febrúar var rúmlega 27 prósentum minni en í febrúar 2007. Það sem af er ári hefur aflinn dregist saman um 22 prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

Í febrúar nam aflinn rúmum 85 þúsund tonnum samanborið við tæp 240 þúsund tonn í febrúar 2007. Botnfiskafli nam rúmum 40.700 tonnum í febrúar og dróst hann saman um tæplega 3.800 tonn frá sama mánuði í fyrra. Munar þar miklu að þorskafli dróst saman um 7.200 tonn en ýsuafli jókst um 2.500 tonn og ufsaafli um 1.500 tonn. Aflinn er metinn á föstu verðlagi. Hagstofa Íslands greindi frá. - ovd






**KEIKIR** Lawrence Gonzi, forsætisráðherra Möltu, t.v., og hinn breski kollegi hans Gordon Brown slá á létta strengi á fundinum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hóta loftslagsskussum refsingum

**Á miðmisseris-leiðtogafundi Evrópusambandsins í gær var spjótum beint að þeim ríkjum sem mest losa af gróðurhúsaloftegundum. Sambandið kann að beita þau þvingunum ef þau skorast undan ábyrgð.**

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins gáfu sér á fundi sínum í Brussel í gær frest til næstu áramóta til að ljúka gerð frumvarps að nýjum bindandi reglum til að ná markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í aðildarríkjunum 27. Þeir vöruðu ríkin sem mest losa í heiminum – Bandaríkin, Kína og fleiri – við því sambandið kynni að beita þau viðskiptaþvingunum ef þau axla ekki sinn hluta ábyrgðarinnar á að draga úr losuninni til að hamla gegn loftslagsbreytingum.

„Bregðist alþjóðaviðræður kann að verða gripið til viðeigandi ráðstafana," sögðu leiðtogarnir í ályktun. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti bætti um betur og sagði: „Meginverkefnið er að setja upp kerfi sem myndi gera okkur kleift að ráðast gegn innflutningi frá löndum sem ekki fara að leikreglum alþjóðlegrar umhverfisverndar."

Leiðtogarnir ályktuðu líka um stöðu efnahagsmála í því skyni að sannfæra fjárfesta og fyrirtækjarekendur um að ESB-ríkin væru vel í stakk búin til að standa af sér kreppuna á alþjóðlega fjármálamarkaðnum. Stöðug evra hjálpi til þess. Þeir lýstu fullri trú á að hægt væri að ná markmiðum um minni loftmengun án þess að það skaðaði efnahagslífið.

Janez Jansa, forsætisráðherra Slóveníu sem fer með ESB-formennskuna þetta misserið, tjáði fréttamönnum að samið hefði verið um frest til að ljúka bindandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til að tryggja að Evrópusambandið haldi forystuhlutverki í þeim alþjóðlegu samningaviðræðum um þau mál sem sem fram undan eru. ESB hefur sett sér að skera losun niður um fimmtung fyrir árið 2020, miðað við losun ársins 1990. ESB-leiðtogarnir segjast vonast til að önnur helstu losunarríki heims setji sér hliðstæð markmið þegar sest verður niður til að semja um arftaka Kyoto-bókunarinnar í Kaupmannahöfn á næsta ári.

Sarkozy Frakklandsforseti sagði ennfremur að hann hefði fengið „samhljóða" stuðning við áform um stofnun svonefnds Miðjarðarhafssambands til að styrkja tengsl ESB við grannríkin við sunnan- og austanvert Miðjarðarhaf.

Pólski forsætisráðherrann Donald Tusk boðaði þá tillögur um nánari tengsl ESB og Úkraínu, svo að það mikilvæga grannríki sambandsins í austri stæði ekki verr að vígi en grannríkin í suðri.

audunn@frettabladid.is



Félagsleg þróun í Bretlandi:

# Fátækum fjölskyldum fjölgar

**BRETLAND, AP** Fleiri breskar fjölskyldur búa við sára örbirgð nú en áður en Verkamannaflokkurinn komst til valda. Þetta segir þingmaður Íhaldsflokksins.

Þingmaðurinn Chris Grayling sagði að 1,8 milljónir fjölskyldna, 400 þúsund fleiri fjölskyldur en árið 1998, byggju við mikla fátækt. „Þetta er áfellisdómur yfir ferilskrá Gordons Brown forsætisráðherra í velferðarmálum,“ sagði Grayling.

Talsmenn verkamanna sögðu Grayling nota rangar reikniaðferðir. Ríkisstjórn Browns hefur einsett sér að eyða fátækt barna fyrir árið 2020. - sgj

Herskáir Palestínumenn senda hrinu sprengiflauga frá Gaza yfir Ísrael:

# Spillir horfum á vopnahléi

**GAZA, AP** Liðsmenn samtakanna Heilagt stríð íslam, herskárra samtaka Palestínumanna, skutu á milli tíu og tuttugu sprengiflaugum frá Gazasvæðinu inn yfir Suður-Ísrael aðfaranótt fimmtudags. Árásin var gerð í hefndarskyni fyrir að ísraelsk sérsveit drap daginn áður einn af leiðtogum samtakanna á Vesturbakkanum. Árásirnar sýnd hve fallvaltar tilraunir til að koma á óformlegu vopnahléi milli Hamas-samtakanna og Ísraela eru.

Ísraelski varnarmálaráðherrann Ehud Barak sagði að öryggissveitir Ísraela myndu halda áfram að elta uppi herskáa Palestínumenn sem viðriðnir væru árásir á Ísraela. Talsmaður Ísraelsstjórnar, Mark Regev, sagði stjórnina líta svo á að Hamas bæri ábyrgð á sprengiflaugaárásunum, þar sem þau færu með völd á Gaza.

Framan af vikunni virtist þíða vera að komast á. Þá kallaði Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Hamas-stjórnarinnar á Gaza, eftir vopnahléi. Meðal skilyrða fyrir því nefndi hann að alþjóðasamfélagið viðurkenndi í reynd stjórn Hamas á Gaza. Fyrir vikið myndu friðarumleitanir, sem bandarískir ráðamenn hafa verið að reyna að koma áleiðis, geta haldið áfram. - aa



**ISMAIL HANIYEH** Hamas-leiðtoginn vill vopnahlé með skilyrðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Serbíuþing leyst upp:

# Kosningar boðaðar 11. maí

**SERBÍA, AP** Boris Tadic Serbíuforseti hefur leyst upp þing og boðað kosningar hinn 11. maí næstkomandi. Er þetta í samræmi við vilja þingsins eftir að upp úr ríkisstjórnarsamstarfinu slitnaði vegna ágreinings um stefnuna gagnvart Evrópusambandinu eftir að aðildarríki þess ákváðu að viðurkenna sjálfstæði Kosovo, í óþökk Serba.

Kosningarnar eru taldar munu skera úr um grundvallarstefnu Serba; hvort þeir haldi áfram að stefna inn í Evrópusambandið eða hvort þeir snúi frekar til baka til þjóðerniseinangrunar í stíl við þá stefnu sem við lýði var á valdatíma Slobodans Milosevic. - aa



**SANADER OG BARROSO** Segja aðildarviðræðum Króatíu ljúka á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Króatía og Evrópusambandið:

# Útlit fyrir inngöngu árið 2010

**BRUSSEL, AP** Útlit er fyrir að Króatar ljúki aðildarviðræðum sínum tímanlega til að geta gengið í Evrópusambandið árið 2010. Þetta sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, eftir fund með króatíska forsætisráðherranum Ivo Sanader í Brussel á fimmtudag.

Stjórnvöld í Króatíu eiga enn verk fyrir höndum í að koma á endurbótum í dóms- og stjórnkerfinu til að uppfylla aðildarskilyrðin. En þau hafa þegar yfirstigið stórar hindranir, bæði að því er varðar samstarf við stríðsglæpadómstól SÞ í Haag og deilu við Slóveníu og Ítalíu um fiskveiðilögsögu í Adríahafi. - aa



**MINNINGARSTUND** Tímamótanna var minnst á þingfundi í Vín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjötíu ár frá innlimun:

# Austurríki minnist innlimunar í Þýskaland

**AUSTURRÍKI, AP** Ráðamenn og almenningur í Austurríki minntast þess nú með ýmsu móti að rétt sjötíu ár eru liðin frá innlimun landsins í Þýskaland nasismans, eða „tengingunni“ (Anschluss) eins og sá gerningur er almennt kallaður í sögubókum.

Um milljón Austurríkismanna flykktist á Hetjutorg í miðborg Vínar hinn 15. mars 1938 til þess að fagna „foringjanum“ Adolf Hitler. Þremur dögum áður höfðu þýskir hermenn farið yfir landamærin til að tryggja að sameiningin gengi snurðulaust fyrir sig. Á torginu var á miðvikudagskvöld kveikt á 80.000 kertum til minningar um gyðinga og fleiri austurrísk fórnarlömb nasismans. - aa

**GRIKKLAND**

**Farþegaskip strandar**

Yfir 300 manns var í gær bjargað af farþegaskipi sem strandaði við strönd grísku eyjarinnar Poros, sem er nærri Aþenu. Enginn slasaðist, að sögn talsmanns grísku strandgæslunnar.




kartöflusúkkulaðikaka

**Súkkulaðiblanda:**
125g súkkulaði (70%)
100g smjör
4 msk hveiti
3 egg

**Kartöflublanda:**
3 dl vatn
20 döðlur
200g kartöflur (rauðar, rifnar á rifjárni)

**Hindberjasósa með jarðarberjum:**
100g hindber
100g jarðarber
30g sykur

Bræðið smjörið í potti og setjið súkkulaðið út í, hrærið vel í á meðan og hafið hitann ekki of háan. Bætið eggjunum út í, einu í senn og hrærið vel. Því næst er hveitið sett út í. Setjið vatnið í pott og döðlurnar og kartöflurnar út í. Sjóðið í 10 mínútur. Látið í matvinnsluvél og maukið. Setjið kartöflublönduna út í súkkulaðiblönduna. Setjið í eldfast mót og í 175 gráðu heitan ofn í 10 mínútur.

**Sósa:** Hindber, jarðarber og sykur sett í pott og soðið í um 10 mínútur. Sósan borin fram annað hvort heit eða köld með kökunni.

**Fróðleikur:** Þessi kaka er algjört lostæti með hindberjasósunni og þeyttum rjóma eða ís. Kakan á að vera fljótandi mjúk í miðjunni. Það er mjög skemmtilegt að setja deigið í alls konar lítil silikonmót eða litlar skálar og fá þannig litlar hjartalaga kökur eða ýmsar útfærslur sem passa sem eftirréttur fyrir einn. Þá getur þurft að baka hana í örlítið lengri tíma svo hægt sé að ná henni úr mótunum án þess hún fljóti út um allt.

íslenskar kartöflur

Ó! - 10555



**LÖGREGLUKONUR ÚTSKRIFAST** Írakskar lögreglukonur fylgjast í gegnum andlitsslæður sínar með útskriftarathöfn í lögregluskóla í borginni Karbala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínversk yfirvöld beita valdi gegn mótmælendum í Tíbet:

# Tíbetar rísa upp gegn kúgun

**KÍNA, AP** Mótmæli gegn yfirráðum Kínverja í Tíbet, sem búddamunkar fóru fyrir, voru í gær kæfð með valdi. Til óeirða kom á götum Lhasa, hinnar fornu höfuðborgar Tíbet, lögregla beitti skotvopnum og eldur var borinn að bílum og verslunum. Í útvarpsfréttum var sagt að tveir menn hefðu látið lífið.

Þetta voru fjölmennustu mótmælin gegn kínverskum yfirráðum í nærri tvo áratugi, en 57 ár eru síðan kommúnistastjórn Maós innlimaði Tíbet í Kína. Fréttirnar af mótmælunum koma á óþægilegum tíma fyrir ráðamenn í Peking, nú er þeir eru í aðdraganda Ólympíuleikanna að reyna að miðla þeirri ímynd af Kína út á við að þar ríki eining og framþróun á öllum sviðum.

Mótmælin hófust á mánudag undir forystu hundruða búddamunka og svo virðist sem fjöldi óbreyttra Tíbeta hafi flykkst að til að taka þátt í þeim.

Dalai Lama, útlægur andlegur leiðtogi Tíbeta, lýsti því yfir í gær að kínversk yfirvöld yrðu að hætta að beita ofbeldi gegn mótmælendum. Sagði hann mótmælin í Tíbet „staðfesta djúpstæða andúð tíbetsku þjóðarinnar“ á hinum kínversku yfirráðum. - aa



**MÓTMÆLT** Lögregla í Katmandú í Nepal þjarmar að búddamunkum sem sýndu samstöðu með mótmælendum í Tíbet. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hernaðarandstæðingar:

# Stríðinu í Írak verður að linna

**MÓTMÆLI Samtök hernaðarandstæðinga kynntu nýlega aðgerðir sínar á alþjóðlegum mótmæladegi gegn stríðinu í Írak sem er í dag.**

**Þá var kynnt tíu atriða aðgerðaáætlun til að tryggja frið í Írak en hún byggist í meginatriðum á tillögum alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnunarinnar. Að hernámi í Írak verði hætt og Írak endurheimti fullveldi sitt er meðal þess sem áætlunin tiltekur. Þá verði skuldir Íraks afskrifaðar og bætur greiddar vegna viðskiptabannsins, innrásarinnar og hernámsins. Samtökin standa fyrir útifundi á Ingólfstorgi klukkan eitt í dag.** - ovd



**Á KJÖRSTAÐ Í TEHERAN** Ungur klerkur greiðir atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar í Íran:

# Úrslitin sögð gefin fyrir fram

**ÍRAN, AP Aðeins fáeinir kjósendur mættu á kjörstaði í Teheran í gær, sem þótti vísbending um að kjósendum þætti vart taka því að kjósa þar sem úrslitin væru gefin fyrir fram. Fastlega var búist við því að harðlínumenn, bandamenn Ahmadinejad forseta, myndu sem fyrr hljóta langflest þingsæti.**

**Á þeim fáu kjörstöðum í Teheran þar sem röð myndaðist kusu flestir þá frambjóðendur sem eru bandamenn Ahmadinejads.**

**Umbótasinnar, sem vilja aukið lýðræði og betri tengsl við Vesturlönd, gegndu algeru jaðarhlutverki í kosningunum þar sem flestum frambjóðendum úr þeim herbúðum var bannað að bjóða fram.** - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fastur í brekku vegna hálku

Ökumaður gámaflutningabíls þurfti að óska eftir aðstoð til að komast upp brekkuna í Múla í enda Jökuldals um miðnætti á miðvikudagskvöldið. Þurfti að kalla til veghefil sem dró bílinn upp brekkuna en mikil hálka var á veginum. Litlar umferðartafir urðu vegna þessa.

## UMHVERFISRÁÐUNEYTI

### Framkvæmdastjóri ráðinn

Þórður H. Ólafsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Hann er efna- og rekstrartæknifræðingur og hefur starfað í umhverfisráðuneytinu síðan 1992.

# Of miklar kröfur um form og persónuleynd

**Aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis efast um að upplýsingalögin sem sett voru til að gera stjórnsýslu gegnsærri virki sem skyldi. Hann telur undarlegt að ekki fáist upplýsingar um notkun ráðherra á kortum á vegum ráðuneyta.**

**STJÓRNSÝSLA** Persónuverndarsjónarmið og formkröfur ganga of langt þegar úrskurðað er um hvort almenningur og fjölmiðlar hafi rétt á aðgangi að gögnum sem tengjast stjórnsýslu hins opinbera. Þetta segir Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur og aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Hann veltir því fyrir sér hvort markmið upplýsingalagana skili sér sem skyldi.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál staðfesti í fyrra ákvörðun níu ráðuneyta, sem synjuðu Fréttablaðinu um aðgang að yfirliti kreditkorta ráðherra vegna ársins 2006. Í dómsmála-, heilbrigðis- og samgönguráðuneytinu fengust þau svör að ráðherrar notuðu ekki kreditkort á vegum ráðuneyta sinna eða eins og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra orðaði það: „Ég hef alla mína ráðherratíð komist af án greiðslukorts á vegum ríkisins og aldrei leitt hugann að því að óska eftir slíku korti.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra brást þó reiður við þegar Fréttablaðið óskaði eftir símaviðtali við hann um sjónarmið hans varðandi kortin, eða eins og hann sagði: „Þetta er bara ómerkilegt, subbulegt mál þar sem verið er að reyna að gera heiðarlegt fólk að skúrkum algjörlega að ástæðulausu.“ Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar sagði einnig að stjórnvaldi væri ekki skylt að taka saman gögn úr bókhaldi né afhenda slík gögn nema þau væru hluti af gögnum sem vörðuðu tiltekið mál sem stjórnvaldið hefði tekið til meðferðar. Þau rök úrskurðarnefndarinnar telur Kjartan Bjarni einnig gagnrýniverð. „Það á ekki að vera skilyrði fyrir aðgangi að gögnum að stjórnvöld hafi fjallað um þau með skipulögðum hætti. Það er ekki í anda þess göfuga markmiðs upplýsingalaganna að opna fyrir lýðræðislega umræðu, enda er stjórnvöldum með því eiginlega í sjálfsvald sett hvað er opið fyrir aðgangi og hvað ekki,“ segir hann.

„Rök úrskurðarnefndarinnar fyrir því að upplýsingar sem færðar eru inn með kerfisbundnum hætti í bókhald stjórnvalds féllu utan gildissviðs upplýsingalaganna voru að verulegu leyti byggð á afmörkun gagnvart persónuverndarlögum. Ég velti fyrir mér hvort kreditkort sem ráðherra fær alfarið til að nota í nafni embættisins og fyrir peninga skattborgara komi persónuvernd við,“ segir Kjartan Bjarni.

„Ef þetta væri persónuleg kort ættu persónuverndarsjónarmið að sjálfsögðu við en þar sem hér er um að ræða kort sem beinlínis er ætlast til að séu notuð í nafni ráðuneytisins fæ ég ekki skilið þessi rök,“ bætir hann við.

karen@frettabladid.is



**KEMUR ÞÉR EKKI VIÐ** Almenningur greiðir fyrir það sem keypt er fyrir kreditkort á vegum ráðuneyta en má ekki vita hvað keypt er.



BJÖRN BJARNASON ÁRNI MATHIESEN KJARTAN BJARNI BJÖRGVINSSON

Kosningaspenna í Armeníu:

# Forseti slakar á neyðarlögum

**ARMENÍA, AP** Robert Kocharian Armeníuforseti hefur aflétt ritskoðunarhömlum af fjölmiðlum. Lögin voru liður í neyðarlögum sem hann setti um mánaðamótin til að binda enda á ólgu vegna ásakana stjórnarandstæðinga um kosningasvik í nýafstöðnum forsetakosningum. Bann við fjöldafundum og verkföllum verður þó áfram í gildi.



ROBERT KOCHARIAN

Í kjölfar kosninganna 19. febrúar sem starfandi forsætisráðherra, Serzh Sarkisian, vann samkvæmt opinberum úrslitum, mótmæltu þúsundir stuðningsmanna mótframbjóðandans Levons Ter-Petrosian í Jerevan. Á þau mótmæli bundu stjórnvöld enda með lögregluvaldi, sem kostaði átta manns lífið. - aa

Nesfiskur í Garði:

# Lokar í sumar í fyrsta skipti

**VINNUMARKAÐUR** Nesfiskur í Garði lokar frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst í sumar og verður það í fyrsta skipti sem slíkt er gert. Ævar Jónasson, framkvæmdastjóri Nesfisks, segir óljóst hvort skólafólk verði ráðið eins og fyrri sumur, engin ákvörðun hafi verið tekin.

„Við höfum tekið tíu til fimmtán skólakrakka í vinnu á sumrin en ég veit ekki hvað verður í sumar, við eigum eftir að sjá það betur þegar nær dregur. En mánaðarstoppið kemur klárlega niður á skólakrökkunum því að það er á þeim tíma sem krakkarnir væru í vinnu hjá okkur,“ segir Ævar. - ghs




Raikkonen, Alonso og Hamilton
Nú geturðu horft á Formúluna á Stöð 2 Sport í bestu mögulegu myndgæðum í Sjónvarpi Símans. Fáðu þér Sjónvarp Símans í 800 7000 eða í næstu verslun Símans og upplifðu kraftinn, hraðann og spennuna.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Holta-kjúklingur
479
TILBÚINN Í OFNINN
40%
AFSLÁTTUR
FERSKUR KRYDDAÐUR BÓNUS KJÚKLINGUR
Bónus ferskur kryddaður kjúklingur 479 kr./kg. MERKT VERÐ 799 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir kjúklingaleggir
395 kr./kg. MERKT VERÐ 659 KR.
Holta hálf úrb. kjúklinglæri
635 kr./kg. MERKT VERÐ 1059 KR./KG.
Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.
898
25% AFSLÁTTUR
Risa borgari 115g
25% AFSLÁTTUR
Óðals ferskt íslenskt nautahakk
898 kr./kg.
Bónus nautahamborgarar 10x80g
749 kr. MERKT VERÐ 998 KR./KG.
Bónus nautahamborgarar 10x115g
1049 kr. MERKT VERÐ 1398 KR./KG.
KS
499
KS
1498
KS ferskur lambabógur 499 kr./kg.
KS ferskt lambaprime 1498 kr./kg.
NÝTT KORTA-TÍMABIL
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Bónus páskaegg nr.6 /520g 898 kr.
ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ
Ali
30% AFSLÁTTUR
1252
ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
Ali hamborgarhryggur 1252 kr./kg. MERKT VERÐ 1789 KR./KG.
Ali
499
Ali ferskur svínabógur
499 kr./kg.
Ali
40% AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr./kg.
MERKT VERÐ 1698 KR./KG.
Ali
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg.
MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
198
Polarbrauðin 6 stk. bollur
198 kr.
Rågkaka
159
Polarbrauð 6 stk.
159 kr.
BRAGÐAREFUR
1 LÍTRI
BÓNUS
198
Bónus bragðarefur ís
1 ltr. 198 kr.
CHICAGO TOWN
TAKEAWAY
SAUCE STUFFED CRUST
598
Chicago Town pizza 655g TakeAway
598 kr. BLANDAÐUR OSTUR EÐA PEPPERONI
79
Fanta 2 ltr. 79 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.818 **-0,52%**

**Fjöldi viðskipta:** 658
**Velta:** 5.735 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC AIRWAYS** | +12,61% | **FK GROUP** | -4,47% |
| **SPRON** | +2,88% | **EXISTA** | -2,68% |
| **ATLANTIC PETROLEUM** | +2,06% | **BAKKAVÖR** | -2,50% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,30 +1,25% ... Bakkavör 39,00 -2,50% ... Eimskipafélagið 28,35 -2,24% ... Exista 11,63 -2,68% ... FL Group 8,33 -4,47% ... Glitnir 16,85 -1,17% ... Icelandair 24,90 +0,20% ... Kaupþing 717,00 -0,28% ... Landsbankinn 28,25 +0,18% ... Marel 88,30 -0,11% ... SPRON 5,01 +2,88% ... Straumur-Burðarás 11,17 +0,27% ... Teymi 4,93 -0,20% ... Össur 88,50 -0,56%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðbólgu spáð í 8,5 prósent

## Veikari króna stuðlar að hærra verði. Krónan hefur ekki verið veikari síðan vorið 2002.

Verðbólga hefur ekki verið jafnhá í nítján mánuði, gangi eftir spá greiningardeildar Landsbankans frá því í gær um verðlag í marsmánuði. Spáð er 1,3 prósenta verðbólgu milli mánaða, en þá væri tólf mánaða verðbólga komin í 8,5 prósent. Í liðnum mánuði var hún 6,8 prósent.

Verðbólguhorfur eru sagðar slæmar til skamms tíma, en þar kemur bæði til að grunnáhrif lækkunar virðisaukaskatts detta út og veiking krónunnar leiðir til frekari hækkana innflutningsvara. Krónan veiktist um 1,43 prósent í gær og um 2,23 prósent daginn áður. Frá áramótum nemur veiking hennar 17,4 prósentum.



Landsbankinn gerir ráð fyrir því að krónan sveiflist töluvert á næstu mánuðum, en samkvæmt nýlegu mati greiningardeildar bankans liggur jafnvægisgildi hennar í námunda við 137,5 stig. Í gær endaði hún í 143,5 stigum, en það þýðir að dalurinn kostar rúma 71 krónu og evran rúmar 111 krónur.

Greiningardeild Landsbankans segir ljóst að mikill þrýstingur sé á verðlag með auknum kostnaði fyrirtækja og einstaklinga á fjölda vígstöðva. Þar vegur bensínverð þungt, en það hefur hækkað meira en nokkur gerði ráð fyrir. Þá er bent á að hrávöruverð sé í hæstu hæðum, en tegundir á borð við hveiti, kakó og sykur hafi hækkað um 20 til 35 prósent frá áramótum. „Á sama tíma hefur krónan haldið áfram að gefa eftir,“ segir í verðbólguspá bankans.

Þá er enn gert ráð fyrir auknum kostnaði fólks vegna eigin húsnæðis en þar koma til áhrif af hærri raunvöxtum sem fólk greiðir. „Verðbólga nær hámarki á næstu mánuðum,“ segir greiningardeildin og bætir við að mikilvæg forsenda fyrir lækkun verðbólgu á seinni hluta ársins sé allt að níu prósenta lækkun fasteignaverðs. - óká

# Bear Stearns í vanda

Forráðamenn bandaríska bankans Bear Stearns viðurkenndu gríðarlegan fjárhagsvanda bankans í gær. Ákveðið hafi verið að taka sameiginlegu neyðarláni frá kollegum þeirra hjá fjárfestingarbankanum JP Morgan Chase og bandaríska seðlabankanum til að bjarga honum frá yfirvofandi gjaldþroti. Engin upphæð liggur á borðinu.

Fréttin hafði mikil áhrif á hlutabréfamörkuðum beggja vegna Atlantsála í gær og fóru helstu vísitölur niður í kjölfarið.

Orðrómur fór á kreik í vikunni að Bear Stearns ætti í kröggum eftir taprekstur vegna afskrifta á verðbréfa- og lánasöfnum sem tengjast bandarískum undirmálslánum. Forsvarsmenn bankans hafa hins vegar vísað orðróminum á bug fram til þessa.

Gengi bréfa í Bear Stearns hrundi um rúm fjörutíu prósent við upphaf viðskiptadagsins þegar greint var frá þessari alvarlegu stöðu sem bankinn hefur ratað í.




**HÖFUÐSTÖÐVAR BEAR STEARNS** Neyðarlán frá JP Morgan og bandaríska seðlabankanum hafa bjargað bjargað bandaríska bankanum Bear Stearns tímabundið frá gjaldþroti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Alan Schwartz, forstjóri Bear Stearns, sagði í tilkynningu sem hann sendi starfsmönnum bankans í dag að lánveitingin myndi koma bankanum vel í skugga aðstæðna á fjármálamörkuðum og muni hann rétta úr kútnum í kjölfarið. Fréttastofa AP segir hins vegar ekki hægt að útiloka að JP Morgan taki Bear Stearns yfir. - jab

# Enn lækkar gengi deCODE

Gengi hlutabréfa í deCODE, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar, lækkaði við upphaf viðskipta í Bandaríkjunum í gær. Vikan hefur verið vindasöm eða nokkuð í takt við hreyfingu á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum.



**KÁRI STEFÁNSSON**

DeCODE, sem birti uppgjör sitt eftir lokun markaða kvöldið áður, tapaði jafnvirði 6,6 milljarða íslenskra króna, sem er 800 milljónum meira en ári fyrr. Eigið fé fyrirtækisins nam 6,5 milljörðum króna við síðustu áramót.

DeCODE var skráð á markað seint í júlí árið 2000 og var upphafsgengið 28,5 dalir á hlut. Það fór hæst í 31,5 dali á hlut sama dag en dalaði hratt eftir það, fór lægst í 1,6 dali í september 2002. - jab






# Daufur markaður skýrir litla þátttöku

## Peningaskorti verður ekki kennt um litla þátttöku í hlutafjárútboði Skipta, heldur daufum markaði.

„Ég held að meginskýringin á þessu sé sú að markaðurinn sé í daufari kantinum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Þátttaka í hlutafjárútboði Skipta, móðurfélagi Símans, var ekki mikil, en innan við þriðjungur þess sem boðið var seldist.

Meðal skilyrða við einkavæðingu Símans var að hann yrði skráður á markað og almenningur myndi eiga þess kost að eignast hlut í fyrirtækinu.

Innan við 200 fjárfestar tóku þátt í hlutafjárútboðinu nú. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst tóku um tíu fagfjárfestar þátt í útboðinu og keyptu þeir hlut fyrir meira en 25 milljónir króna. Um 170 manns óskuðu eftir því að kaupa hluti fyrir 100 þúsund krónur og upp að 25 milljónum króna.

### 20 STÆRSTU

**Tuttugu stærstu hluthafar í Skiptum eftir hlutafjárútboðið, samkvæmt tilkynningu sem send var Kauphöllinni í gær:**

| | |
|---|---|
| 1 Exista B.V | 43,6% |
| 2 Kaupþing banki | 22,3%* |
| 3 Lífeyrissjóður verslunarmanna | 8,0% |
| 4 Gildi – lífeyrissjóður | 8,0% |
| 5 Arion safnreikningur | 2,4% |
| 6 Stafir lífeyrissjóður | 2,2% |
| 7 Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,2% |
| 8 Sund ehf. 150.602.409 | 2,0% |
| 9 MP Fjárfestingarbanki | 1,9% |
| 10 Imis ehf. | 1,9% |
| 11 Lambi ehf. | 1,6% |
| 12 Þræðir ehf. | 0,6% |
| 13 Elfar Aðalsteinsson | 0,3% |
| 14 Kaupþing ÍS-15 | 0,3% |
| 15 Kaupþing Heildarvísitölusjóður | 0,1% |
| 16 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 0,1% |
| 17 Guðmundur A. Birgisson | 0,1% |
| 18 Glitnir banki | 0,1% |
| 19 Kaupthing Investment Fund | 0,1% |
| 20 Lífeyrissjóður verkfræðinga | 0,1% |



**GEIR H. HAARDE UNDIRRITAR SAMNINGINN UM SÖLU SÍMANS TIL SKIPTA** Meðal skilyrða var að almenningur fengi að kaupa hlut í félaginu. Almenningur sýndi hlutafjárútboði Skipta lítinn áhuga. **Fréttablaðið/E.Ól.**

Alls seldust 7,5 prósent af heildarhlutafé í félaginu, en 30 prósent þess voru boðin út. Útboðsgengi var 6,64 krónur á hlut, en söluandvirðið í útboðinu nam tæplega 3,67 milljörðum króna. Kaupþing átti megnið af þeim hlutum sem boðnir voru til sölu.

Bryjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, væntir þess að þegar fram líði stundir eigi fleiri fjárfestar eftir að sýna félaginu áhuga. Þegar hafi verið búið að gefa út þá hluti sem nú voru seldir og því hafi útbðið ekki áhrif á rekstur eða framtíðarhorfur félagsins.

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, segir í tilkynningu að útboðið hafi verið í samræmi við væntingar, með tilliti til aðstæðna á markaði.

Þórður Friðjónsson bendir einnig á að skiptar skoðanir hafi verið um verðlagningu í útboðinu, eins og fram hafi komið hjá greiningardeildum. Það kunni að hafa haft áhrif á þátttökuna. Peningaskorti verði ekki kennt um. „Ég held að það séu peningar á markaðnum og ég held að menn geti alveg sett áhættufé á markað þótt hann sé í daufari kantinum eins og er.“

Skipti verða skráð í Kauphöllina á miðvikudaginn kemur.

ingimar@frettabladid.is

# Sjá merki viðsnúnings

## Merrill Lynch mælir með kaupum í stórum bönkum.

„Við erum töluvert jákvæðari í garð evrópskra banka en við höfum lengi verið,“ segir í nýrri skýrslu greiningardeildar Merrill Lynch. Skýrslan er birt undir yfirskriftinni: „Heimsendafræði. Tími á lengri fjárfestingu.“

Í greiningunni segir að merki megi sjá um væntanlegan viðsnúning á fjármálamarkaði og segir sterk rök liggja að fjárfestingu í evrópskum bönkum. „Við gerum okkur ljóst að hlutir gætu enn færst til verri vegar áður en þeir batna. Um leið höfum við í huga að ef til vill er aldrei hægt að tímasetja nákvæmlega hvenær viðsnúningur verður,“ segir í greiningunni.

Því er mælt með kaupum á skuldabréfum stærri banka á borð við Lloyds TSB, Royal Bank of Scotland, Barclays, Societé Generale og BNP, sem greiningardeildin hefur til þessa verið hikandi við að mæla með.

Þá segir bankinn ekkert þrýsta á um að mæla með kaupum á bréfum ýmissa smærri banka, þótt vert sé að halda í bréf þeirra. Þar á meðal eru sumir írskra banka og spænskra, auk þeirra íslensku.

Sérstaklega er nefnt sem merki um mögulegan viðsnúning að skortsalar séu að komast í þrot með hugmyndir að áhlaupum. „Ætla menn að auka skortsölu á Kaupþing á yfir 650 punktum? Það höldum við ekki,“ segir í greiningunni.

Eins er bent á jákvæð merki í skuldabréfaútgáfu, sér í lagi 1,1 milljarðs evra útgáfu Kaupþings nýverið. - óká

# MAX RAFTÆKI

# DVD pakki +2 bíómiðar




*Dæmið er einfalt:*

**Þú kaupir Ísöld 1 og 2 saman á DVD og færð 2 frímiða á Horton í bíó.**

# 1.989 kr.




**Enn ein perlan frá Hollywood**

*Gildir meðan birgðir endast!*

## Velkomin í Holtagarða og Kauptún

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

**Beint á móti IKEA**
**Við hliðina á BÓNUS**

MAX RAFTÆKI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eldsneytisverð sprengir öll met.

## Rafmagn á bílana

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Íslendingar fá þessa dagana að kenna á afleiðingum veiks gengis krónunnar og síhækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu. Lítrinn af bensíni og díselolíu er kominn í kringum 150-kall og heldur áfram að hækka. Eldsneytisverð til almennings hefur þannig hækkað um tugi prósenta á einu ári og rekstrarkostnaður meðalfjölskyldubílsins hækkað um tugi þúsunda króna.

Um leið og þessu fer fram er stjórnskipaður vinnuhópur að skila af sér tillögum að endurskoðun skatta- og tollakerfisins með það fyrir augum að hvetja Íslendinga til að kaupa og nota umhverfisvænni farartæki og eldsneytiskosti. Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur boðað að á grundvelli þessara tillagna verði samin ný lög sem gengið geti í gildi um næstu áramót, en þá renna út tímabundnar bráðabirgðareglugerðir sem kveða meðal annars á um afslátt af aðflutningsgjöldum af bílum sem knúnir eru umhverfisvænna eldsneyti á borð við metangas eða rafmagn.

Stefna stjórnvalda í þessum efnum hefur lengi verið full af mótsögnum. Þungaskattskerfið stóð lengi í vegi fyrir því að Ísland gæti eins og önnur Evrópulönd notið góðs af þeirri miklu þróun sem orðið hefur í díselvélatækninni, en hún hefur meira en nokkuð annað dregið úr eyðslu bifreiðaflota meginlandsins, og þar með einnig úr útblæstri frá honum. Nú er yfir helmingur allra seldra einkabíla á meginlandi Evrópu knúinn sparneytinni díselvél með háþróuðum útblásturshreinsibúnaði. Vegna þess hve skammt er síðan þungaskattskerfinu var breytt – og hvernig skattheimtu af díselolíu er enn háttað í samanburði við bensín – er þetta hlutfall hér á landi aðeins um tíu prósent.

Annað dæmi er að þegar síðast voru gerðar breytingar á kerfi aðflutningsgjalda af bílum var það að vísu einfaldað – sem er jákvætt – en í reynd voru áhrifin af breytingunni þau að gjöld af stórum og eyðslufrekum bílum lækkuðu. Þegar menn unnvörpum misnotuðu ákvæði aðflutningsgjaldareglnanna um atvinnubíla til að flytja ódýrt inn risastóra bandaríska pallbíla til einkanota aðhöfðust yfirvöld ekkert. Það er því ekki að undra að meðaleyðsla íslenzka bílaflotans hefur á síðustu neyzluæðisárum aukist í stað þess að minnka!

Hins vegar hafa aðgerðir yfirvalda til að hvetja til kaupa og nota á umhverfisvænni kostum verið mjög brota- og tilviljanakenndar. Það er því sannarlega tímabært, í þágu þjóðarhags, að þær reglur sem að þessu lúta séu endurskoðaðar í heild.

Mikil þróun á sér nú stað hjá bílaframleiðendum á umhverfisvænni knúningstækni. Frá Toyota og fleiri leiðandi framleiðendum er von á svonefndum tengil-tvinnbílum á markað. Það eru bílar með litlum brunahreyfli (sem gengur fyrir bensíni, díselolíu, etanóli eða öðru eldsneyti) og rafmagni. Rafgeyma þessarar nýjustu kynslóðar tvinnbíla er líka hægt að hlaða úr heimilisinnstungu. Þessi tækni gerir Íslendingum kleift að nota eigin, endurnýjanlegu raforku til að knýja heimilisbílinn að verulegu leyti. Tengil-tvinnbílar brúa þannig bilið yfir í framtíð óháða innfluttu jarðefnaeldsneyti. Hver sem sú tæknilausn annars verður, sem að lokum verður ofan á í samkeppninni og reynast mun íslenzkum aðstæðum bezt, þá er brýnt að regluverkið sem um samgöngutæki og eldsneytiskosti gildir hérlendis taki mið af breyttum tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rangt stöðumat

Drög að svörum borgarstjórnar til umboðsmanns Alþingis um aðdraganda REI-málsins hafa verið tekin til endurskoðunar eftir að minnihlutinn gerði athugasemd við að þau væru ekki í samræmi við veruleikann. Í drögunum sagði að Vilhjálmur hefði „skynjað andbyr“ samherja sinna en túlkað það sem efasemdir en ekki afstöðu gegn GGE og REI. Minnihlutinn bendir á að flokkssystkin Vilhjálms hafi talað hreint út í fjölmiðlum og á borgarstjórnarfundi hafi Hanna Birna Kristjánsdóttir sagt berum orðum að Vilhjálmur hefði farið út fyrir umboð sitt. Hann hafi því ekki þurft að velkjast í vafa um afstöðu samherja sinna í borgarstjórn.



### Nýjar rafhlöður

Eftir að REI-skýrslan var gerð opinber stóðu aftur öll spjót á Vilhjálmi. Hart var að honum lagt að segja af sér, að minnsta kosti gera ekki tilkall til borgarstjóraembættisins að ári. Þrátt fyrir það skynjaði Vilhjálmur ekki meiri andbyr en svo að hann ákvað að halda stöðunni opinni. Spurning hvort það þurfi ekki nýjar rafhlöður í skynjarann.



### Skjaldborg um Hólaskóla

Vinstri grænir í Skagafirði hafa skorað á stjórnvöld að standa vörð um Háskólann á Hólum, en hugmyndir eru uppi um að einkavæða skólann. Í yfirlýsingu frá VG segir að skólinn hafi lengi gegnt þýðingarmiklu hlutverki og stöðugur uppgangur hafi verið í starfi hans í hartnær þrjá áratugi. Það er svo sem ekki furða þótt Vinstri grænum í Skagafirði renni blóðið til skyldunnar. Þingmaður þeirra, Jón Bjarnason, var skólastjóri Hólaskóla í árafjöld.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Er þörf á þingi?



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Þingmenn

Er einhver þörf á Alþingi? Er ekki bara nóg að hafa ríkisstjórn og Silfur Egils?

Spurningin ágerðist í liðinni viku. Í fyrrnefndum þætti síðastliðinn sunnudag fórnaði Guðfinna Bjarnadóttir, glæný þingkona Sjálfstæðisflokksins, höndum og viðurkenndi að hún hefði aldrei kynnst jafn skrýtnum vinnustað og Alþingi. Guðfinna er nútímakona, sem rifið hafði upp og stjórnað nútímafyrirtækjum eins og Háskólanum í Reykjavík, en líður nú greinilega eins og hún hefði óvart villst inn á vaxmyndadeild Þjóðminjasafnsins. Þá ritaði frændi vor, Ellert Schram, grein í vikunni þar sem hann ræddi vanmátt hins óbreytta stjórnarþingmanns. Hvort tveggja kom í kjölfar yfirlýsinga Birgis Ármannssonar, formanns allsherjarnefndar, um að þingmannamál væru yfirleitt ekki tekin til umræðu í nefndinni. Er einhver þörf á þingi?

### Þægileg innivinna

Síðastliðið haust hafði einn af þingbusum á orði, eftir tvo mánuði á nýja vinnustaðnum, að sér kæmi á óvart hversu lítið hann hefði að gera. „Þetta er í rauninni bara þægileg innivinna.“ Annar þingmaður heyrðist dásama fjölda frídaga sem helsta kostinn við starfið. Það kemur heim. Síðasta fimmtudag var síðasti þingfundur fyrir páska. Spurning hvort takist að ná upp einum fundi eftir páska, áður en brestur á með sumarfríum.

Ekki þarf að taka fram að tveir síðastnefndu þingmennirnir eru Reykjavíkurþingmenn. Það vantar í þá baráttuandann og kjördæmapotið. Þess vegna verða alltaf boruð ný og ný Vaðlaheiðargöng, á meðan höfuðborgarbolurinn situr í ljósasúpunni frá Kringlu til Klambra og hlustar á nývaknaða þingmenn lýsa væntanlegu sumarfríi í útvarpinu.

*Annar þingmaður heyrðist dásama fjölda frídaga sem helsta kostinn við starfið. Það kemur heim. Síðasta fimmtudag var síðasti þingfundur fyrir páska.*

Mér varð hugsað til alls þessa um liðna helgi þegar mér tóku að berast tölvupóstar vegna greinar sem ég birti hér síðasta laugardag um mögulega uppreisn á Íslandi í tilefni síhækkandi höfuðstóla húsnæðisólána. Flest voru bréfin full af reiði og sum þeirra innihéldu áskoranir. „Það eina sem vantar er einhvern til að leiða byltinguna, þá mun hún gerast!“ Ég verð að viðurkenna að í fimm mínútur hugleiddi ég að gefa kost á mér. Því ekki að helga næsta hálfa árið baráttunni fyrir betra Íslandi? En auðvitað entist sú hugsun ekki lengur en í fimm mínútur. Auðvitað hefur maður einfaldlega of mikið að gera. En hver annar gæti tekið hlutverkið að sér? Í fyrstu datt mér enginn í hug. En svo mundi ég allt í einu eftir fólki sem hefur of lítið að gera, sem á of mikinn frítíma. Auðvitað er það hlutverk stjórnmálamanna að berjast fyrir bættum hag landsmanna. Ég var bara alveg búinn að gleyma því.

### Hvert er hlutverk þeirra?

„Þetta sýnir okkur best hvað við eigum lélega stjórnmálamenn,“ sagði gáfaðasti kunninginn minn.

Og kannski eru engir stjórnmálamenn á þingi, heldur bara þingmenn.

Hvert er hlutverk þeirra? Að fara í frí og koma úr fríum, sitja í nefndum og fjalla um frumvörp, hlusta á athugasemdir, lesa skýrslur, lyfta upp hendi og koma fram með fyrirspurnir, sem öllum er svarað á sama hátt. „Í svari ráðherra kom fram að hann teldi ekki tímabært að fella niður umrætt gjald...“ „Í svörum sínum við fyrirspurn þingmannsins ítrekaði ráðherra að ekki stæði til að gera breytingar á núverandi lögum...“ „Í svari sínu taldi ráðherrann umræðuna ótímabæra...“

Við kunnum öll leikritið utan að. Það skiptir engu hvað sagt er á Alþingi. Á endanum eru það ráðherrarnir sem ráða. Engin umræða fór til dæmis fram um nýteknar ákvarðanir í samgöngumálum. Þeim var bara skellt á borðið; vesgú, svona verður þetta. Og þegar formaður allsherjarnefndar viðurkennir það hreint út að frumvörp einstakra þingmanna eigi litla sem enga möguleika hljótum við að spyrja enn og aftur:

Er þörf á þingi? Er ekki bara nóg að hafa ríkisstjórn og Silfur Egils?

## Hafa hryðjuverkamennirnir unnið?

**UMRÆÐAN**

Hryðjuverk



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Eftir 11. september 2001 voru ýmsir sem vöruðu við því að við Vesturlandabúar yrðum að gæta okkar sem aldrei fyrr. Hryðjuverkaárásin sem framin var þann dag mætti ekki verða til þess að skerða borgaraleg réttindi manna og auka enn á hörmungarnar í heiminum.

Því miður hefur þróunin orðið einmitt þessi. Eftirlitsiðnaðurinn blómstrar sem aldrei fyrr, hegðun manna er kortlögð, hvaða bækur fólk tekur á bókasafninu, hvar það borðar, við hvern það talar, hvaða netsíður það heimsækir. Njósnir í anda kalda stríðsins eru réttlættar og gerðar lögmætar með vísun í „stríðið gegn hryðjuverkum“.

Árið 2002 fór Bandaríkjastjórn að starfrækja fangabúðirnar í Guantanamo sem eru annar angi af skerðingu borgaralegra réttinda. Þar átti að vista og yfirheyra meinta hryðjuverkamenn og voru flestir vistmenn fangabúðanna handteknir í Afganistan eða Pakistan á handahófskenndan hátt. Búðirnar eru utan bandarískrar lögsögu og þar eru alþjóðlegir samningar þverbrotnir. Þessar búðir eru enn starfræktar.

Enn önnur afleiðing hryðjuverkanna eru stríð í Afganistan og Írak. Í Afganistan standa hersveitir Nató í stríði eftir innrás Bandaríkjamanna og Breta 2001. Íraksstríðið er á góðri leið með að verða eitt blóðugasta stríð síðari tíma; mannfallið í Írak frá 2003 til júní 2006 er talið vera að lágmarki 650.000 óbreyttir borgarar og allt upp í milljón. Og nýlega hefur nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz sýnt fram á að kostnaður bandarískra yfirvalda við stríðið sé fáheyrður, eða þrjár billjónir dala, upphæð sem hefði líklega gert ómælt gagn fyrir bandaríska velferðarkerfið svo dæmi sé tekið. Er þetta þess virði? Hafa ekki hryðjuverkamennirnir unnið þegar borgaraleg réttindi eru skert, grafið er undan bandarísku stjórnarskránni og alþjóðasamfélaginu og hundruð þúsunda saklausra manna eru drepin sem ekkert hafa til saka unnið annað en að vera á staðnum?

Íslensk stjórnvöld studdu Íraksstríðið á sínum tíma. Í dag verður stríðinu hins vegar mótmælt klukkan 13 á Ingólfstorgi og það er full ástæða til að hvetja alla til að mæta þangað og segja já við friði.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Meiri háttar samgöngubætur

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál

Hafist verður handa við tvær meiri háttar samgöngubætur – tvöföldun Suðurlandsvegar og Vaðlaheiðargöng – strax á næsta ári. Þetta var ákveðið á ríkisstjórnarfundi nú í vikunni og kynnt á blaðamannafundi á fimmtudag. Báðar þessar framkvæmdir eru hluti af viðauka við samgönguáætlun 2007-2010, sem ríkisstjórnin boðaði sem hluta af mótvægisaðgerðum vegna niðurskurðar á þorskkvóta.

### Tvöföldun til Hveragerðis

Lengi hefur verið talað um tvöföldun Suðurlandsvegar. Slys hafa verið tíð á veginum og umferð þar er mikil og fer vaxandi. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hefjast handa við fyrsta áfanga á tvöföldun vegarins felur því í sér mikil og góð tíðindi fyrir ökumenn. Stefnt er að því að frumdrög umhverfismats á tvöföldun vegarins frá Litlu kaffistofunni að Hveragerði verði tilbúin nú í lok maí. Þá þegar verður hönnun vegarkaflans boðin út og framkvæmd verksins strax í kjölfarið í nóvember. Framkvæmdir við tvöföldun þessa fyrsta áfanga geta því hafist að ári og ætti þeim að ljúka vorið 2011.


KRISTJÁN MÖLLER

### Göng um Vaðlaheiði

Vaðlaheiðargöng stytta ökuleiðina milli Akureyrar og Húsavíkur, og þar með hringveginn, um ríflega 16 kílómetra auk þess sem tilkoma þeirra gerir ökumönnum kleift að sneiða hjá vegi sem oft er varasamur að vetri. Nauðsynlegt var orðið að tengja þessi tvö atvinnusvæði, Akureyri og Húsavík, betur saman og engin framkvæmd er betur til þess fallin en Vaðlaheiðargöng. Hér er því án efa um þjóðhagslega hagkvæmt verkefni að ræða, þar sem betri forsendur fyrir vexti og atvinnuþróun á Norðausturlandi mun vitaskuld koma þjóðinni allri til góða. Undirbúningsvinna, nauðsynlegar rannsóknir og mat, hefur þegar farið fram, sem gerir það að verkum að nú er hægt að hefjast handa og ráðast í útboð.

### Þreföldun til tengivega

Auk þessara tveggja meiri háttar samgöngubóta boðar ríkisstjórnin til enn frekari aðgerða á sviði samgöngumála. Um 700 milljónum verður varið til framkvæmda á tengivegum víða um land, til viðbótar við þær tæplega 1.300 milljónir sem boðaðar voru í framkvæmdir við tengivegi síðastliðið sumar. Alls renna því tveir milljarðar til tengivega á þessu ári, sem er ríflega þreföldun frá fyrra ári. Út frá atvinnusjónarmiðum er mikilvægt að hafa í huga að þessar framkvæmdir henta minni verktökum víða um land ákaflega vel og falla því vel að markmiðum mótvægisaðgerðanna.

### GSM og háhraðanet um allt land

Einnig verður hafist handa við lengingu Akureyrarflugvallar, sem eykur notkunarmöguleika flugvallarins til muna og gert er ráð fyrir að komið verði upp aðstöðu fyrir innanlandsflug á Reykjavíkurflugvelli, til þess að leysa úr aðsteðjandi húsnæðisvanda sem þarfnast úrlausnar, burtséð frá öllum ákvörðunum sem síðar verða teknar um framtíð flugvallarins.

Í fjarskiptamálum verður einnig brett upp ermar. Þegar hefur farið fram útboð á lagningu háhraðanets til um 1.200 staða á landinu, sem standa fyrir utan áætlanir fyrirtækja á markaði

*Aldrei hefur jafnmiklu fé verið varið til samgöngumála og nú. Það er í samræmi við fyrirheit beggja stjórnarflokkanna á sviði samgöngumála...*

um netuppbyggingu. Þegar þessir staðir verða tengdir hefur ríkisstjórnin náð því markmiði sínu að koma á háhraðaneti um land allt. Uppbygging á GSM neti hefur einnig verið sett á fulla ferð og gera áætlanir ráð fyrir að síðari áfanga í þeirri uppbyggingu ljúki á næsta ári. Jafnvel má gera ráð fyrir, ef áætlanir ganga eftir, að landið allt verði orðið GSM-vætt um áramót.

### Sókn í samgöngumálum

Aldrei hefur jafnmiklu fé verið varið til samgöngumála og nú. Það er í samræmi við fyrirheit beggja stjórnarflokkanna á sviði samgöngumála, enda eru góðar samgöngur í víðustu merkingu þess orðs lykillinn að hagvexti og blómlegu mannlífi í landinu.

Þær aðgerðir sem nú eru boðaðar og hér hafa verið raktar marka vitaskuld ekki endapunkt á framkvæmdum í samgöngumálum. Meira stendur til. Á það hefur verið bent að ýmsar vegaframkvæmdir á suðvesturhorninu og þá einkum á höfuðborgarsvæðinu séu orðnar verulega aðkallandi. Undir það tek ég heilshugar. Næsta stórframkvæmd á dagskrá er Sundabraut. Hún hefur alltaf verið forgangsmál í mínum huga. Fyrirhuguð lagning hennar er nú í lögformlegu matsferli.

*Höfundur er samgönguráðherra.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

www.oryggi.is




Prófaðu Heimaöryggi í 2 mánuði án endurgjalds – án skuldbindinga.
Hringdu núna í 570 2400 og fáðu Heimaöryggi í áskrift!

Heimaöryggi með útkallsþjónustu öryggisvarða býðst á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi, Akranesi, Akureyri og í Árborg.

TBWA\REYKJAVÍK\ SÍA \ 9080350

# MEÐ ÞIG Í HUGA

SHARP

SHARP XL-MP2H
*Flott hljómtækjastæða á frábæru verði*
**Kr. 12.900,-**





SAMSUNG

SAMSUNG YP-T10JC
*MP3 spilari*
*VIDEO spilari*
*FM útvarp*
4 GB Minni **Kr. 18.900,-**
8 GB Minni **Kr. 24.900,-**

SAMSUNG



Samsung ML-2010R
*Vandaður Laser-prentari*
**Kr. 8.990,-**



CELESTRON

Astromaster 70AZ
*Stjörnusjónauki*
**Kr. 12.900,-**

SHARP

SHARP XL-UR230H
*Hljómtækjastæða*
**Kr. 29.900,-**



Vönduð hljómtækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl



SAMSUNG

SAMSUNG LE-32S86BX
*Glæsilegt 32" LCD sjónvarp*
**Kr. 119.900,-**



SHARP

SHARP LC-19A1EBK
*Hágæða 19" LCD sjónvarp*
**Kr. 59.900,-**

ORMSSON

KVIKA

# OLYMPUS

3ja ára ábyrgð

## *Magnaðar myndavélar á fínu verði!*



**OLYMPUS**

*Mju-770SW*

FYRIR VEIÐIMANNINN
Vatnsheld niður á 10 m dýpi

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C) • Þolir 100 kg. þrýsting • 3x aðdráttur í linsu

***Verð: 38.900 kr***



**OLYMPUS**

*FE-270*

- 7,1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (36-108 mm)
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tökustillingar
- Videoupptaka án hljóðs
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
- Notar AA rafhlöður

***Verð: 13.900 kr***



**OLYMPUS**

*Mju-850SW*

- 8.0 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38-114 mm)
- Hristivörn
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Högghelд
- Vatnsheld niður á 3 metra
- Þolir allt að 10° frost
- 23 handhægar tökustillingar
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
- Fæst í þremur mismunandi litum

HÖGGHELD+VATNSHELD

***Verð: 32.900 kr***



**OLYMPUS**

*Mju-1200*

- 12 miljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (35-105 mm)
- Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- ISO 50-3200 ljósnæmni, allt að ISO 6400 með 3MP upplausn
- Innbyggt 17MB minni, stækkanlegt með xD minniskortum
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

***Verð: 36.900 kr***



**OLYMPUS**

*E-510*

**Double Zoom kit**

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" – rykfríar myndir

**14-42 og 40-150 mm linsur**

***Verð: 89.900 kr.***

HIN FULLKOMNA GJÖF



**OLYMPUS**

*E-410*

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið

**14-42mm & 40-150mm linsur**

**OLYMPUS FL-36R leifturljós**

· TTL Flass fyrir Olympus stafrænar myndavélar
· Þráðlaus stýring á flassi · Hægt að nota handvikt eða sjálfvirkt
· Snúnings haus · Leiði tala 36 · Þyngd 260 gr.

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!



*Bjóðum nú þessa frábæru myndavél – með tveimur OLYMPUS linsum, öflugu flassi, 1GB minniskubb og OLYMPUS tösku á aðeins* ***kr. 95.900,-***

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Sættir í stað refsinga
Sáttafundir eru nýtt úrræði réttvísinnar til að útkljá mál án dómstóla.

## Eiginkonur auðmanna
Aðstoðarfólk, lífsstílshönnuðir og galakvöldverðir. Fréttablaðið skoðar nýja kynslóð heimavinnandi kvenna.

## Fallegasta íþróttin á Dóminíska lýðveldinu
Blóðlykt og trylltir áhorfendur á hanaati

## Menning

### Í Menningu á sunnudag:
Tónlistarhúsið: Stóri salurinn – framtíðarheimili söngleikja óg óperusýninga á Íslandi. „Það er verkurinn“ – Þórhildur Þorleifsdóttir í viðtali um Engispretturnar, nýtt serbneskt verk sem hún er að leikstýra. Leikdómur um Dubbeldusch eftir Björn Hlyn.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# *Lætur verkin tala*

Eini gallinn hans er reyndar ansi stór. Hann er Valsari,“ segir Sigurður Gylfi Magnússon, sagnfræðingur og KR-ingur, bróðir Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins. Viðmælendur Fréttablaðsins minnast enda lítið á galla Helga, heldur segja allir sem einn að hér fari maður sem sé mörgum kostum búinn.

Helgi var ómyrkur í máli um stöðu efnahagsmála á síðastliðnu iðnþingi. Þar krafðist hann þess meðal annars að vaxtastefnu Seðlabankans yrði breytt. Menn ættu ekki að sætta sig við sjálfskaparvíti.

Fólkið í kringum Helga lýsir honum enda sem manni sem taki afgerandi afstöðu til málanna. Hann sé ennfremur trúr sínum málstað og fastur fyrir. Þetta eigi ekki eingöngu við vinnuna, heldur alla hans tilveru. Þá sé hann mikill keppnismaður og umfram allt traustur. Maður sem fylgist vel með, ekki einungis fréttum heldur lesi mikið um samfélagsmál.

Arna Borg Einarsdóttir, eiginkona Helga, lýsir honum sem skemmtilegum, góðum og afskaplega traustum manni. Þau kynntust norður á Akureyri, þar sem hún bjó, þegar Helgi var fyrir norðan í veiðiferð.

Arna segir að Helga láti kannski betur að vera baksviðs en í framlínunni. „En hann lætur sig hafa það. Hann lætur verkin tala.“

Aðra sögu sé kannski að segja um heimilisstörfin. Seint verði sagt að hann sé húslegur, en hann sé mjög snyrtilegur og gangi vel um. „Ég get sagt að hann lætur mjög vel að stjórn en í þessum efnum er hann frumkvæðislaus með öllu,“ segir Arna og hlær.

Árin með Helga, sem bráðum fylla aldarfjórðung, hafi verið mjög góður tími.

Sigurður Gylfi, bróðir hans, segir að Helgi sé stangheiðarlegur, með afgerandi réttlætiskennd sem einkenni alla hans hugsun. „Hann er skemmtilegur og sjarmerandi. Það er gaman að vera í kringum hann.“

Sigurður Gylfi segir að Helgi lesi mjög mikið. Ekki einungis margt sem viðkomi þjóðfélagsmálum, heldur líka bókmenntir. Hann eigi gott bókasafn, kaupi mikið af bókum og lesi tugi þeirra á hverju ári. „Það er erfitt að gefa honum bækur í jólagjöf. Það er allt eins líklegt að hann hafi þegar keypt þær,“ segir Sigurður Gylfi. „Það var líka togstreita í honum. Hann velti því fyrir sér að læra íslensku í Háskólanum en viðskiptin höfðu vinninginn, eins og hjá karli föður okkar.“

Sigurður Gylfi bætir því við að þótt Helgi geti verið harður í horn að taka sé hann mjög traustur og mjög mikill vinur vina sinna.

Magnús Hreggviðsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækjasali, hefur verið vinur Helga í fjóra áratugi frá því að þeir gengu saman í Verzlunarskóla Íslands. Hann segir að Helgi sé vel til forystu fallinn. „Hann er afar traustur og pottþéttur, áreiðanlegur og orðheldinn. Þá er hann með skemmtilegri mönnum. Í Helga felst einnig sjarmerandi festa, sem stundum getur orðið þrjóska.“

Viðmælendur eru einnig allir sammála um að Helgi sé trúr sínum málstað, vinum og fjölskyldu.

Þótt hann sé mikill Valsari hafi hann ætíð stutt börnin sín vel, þótt þau hafi keppt fyrir Gróttu á Seltjarnarnesi. „Þegar þau eru að keppa stendur hann á hliðarlínunni og gargar á dómarann eins og hann sé á landsleik,“ segir Arna Borg. „Hann hefur tekið mikinn þátt í skóla- og íþróttastarfi barnanna í gegnum tíðina.“ Hann las ekki mikið fyrir börnin þegar þau voru yngri heldur ræddi mikið við þau um lífið og tilveruna.

Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur unnið með Helga í tuttugu ár. Hann minnist margra veiðitúra og lýsir Helga með stöngina á árbakkanum þar sem hann segi ýmsar sögur af mönnum og málefnum. „Hann talar alveg ofboðslega mikið,“ segir hann hlæjandi. „Honum líkar vel að hafa orðið.“

## HELGI MAGNÚSSON




### ÆVIÁGRIP

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, fæddist 14. janúar árið 1949. Hann er sonur Katrínar Sigurðardóttur húsmóður og Magnúsar Helgasonar, framkvæmdastjóra Hörpu. Helgi er alinn upp í Reykjavík og gekk í Verzlunarskóla Íslands og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1970. Þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands, þaðan sem hann lauk prófi í viðskiptafræðum fjórum árum síðar. Árið 1975 hlaut hann réttindi sem löggiltur endurskoðandi.

Helgi kynntist eiginkonu sinni Örnu Borg Einarsdóttur fyrir tæpum aldarfjórðungi, þegar hann var við veiðar norður í landi. Þau eiga þrjú börn; Magnús Örn, Sunnu Maríu og Arnar Þór. Hlín, elsta barn þeirra, dó tæplega ársgömul.

Helgi hóf starfsferil sinn hjá Endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar og starfaði þar árin 1970 til 1976. Næsta áratuginn starfaði hann á eigin endurskoðunarskrifstofu. Þá tók hann við starfi forstjóra ferðaskrifstofunnar Útsýnar. Árið 1988 varð hann ritstjóri tímaritsins Frjálsrar verslunar og gegndi því starfi til ársins 1992. Þá varð hann framkvæmdastjóri Hörpu og svo Hörpu-Sjafnar, þar til fyrirtækið var selt um áramótin 2004-5. Ári síðar tók hann við formennsku í Samtökum iðnaðarins. Samfara því hefur hann setið í framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins.

Helgi hefur lengi verið á kafi í félagsstörfum. Hann sat í Stúdentaráði á háskólaárunum, ritstýrði Verzlunarskólablaðinu, svo Stúdentablaðinu og loks Tímariti löggiltra endurskoðenda. Ritstörfin eru fleiri því auk þess að skrifa fjölda greina í blöð og tímarit ritaði hann bókina Hafskip – gjörningar og gæsluvarðhald, sem kom út árið 1986. Þá hefur hann mikið verið viðloðandi íþróttir. Hann æfði með Val upp yngri flokkana og hefur á fullorðinsárum setið í stjórn knattspyrnudeildar félagsins og í fulltrúaráði þess. Hann hlaut heiðursorðu Vals úr gulli árið 2001.

Helgi hefur jafnframt setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja, lífeyrissjóða og banka í gegnum tíðina.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Helgi hefur sem formaður Samtaka iðnaðarins vakið töluverða athygli upp á síðkastið fyrir að skafa ekki utan af hlutunum, nú síðast á iðnþingi þar sem hann krafðist þess að Seðlabankinn breytti um kúrs í vaxtamálum.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Þegar ég var strákur vestur á Melum, þá skráði pabbi mig bæði í Sjálfstæðisflokkinn og í Val. Ég get ekki annað sagt en að þetta hafi orðið mjög til þess að einfalda mína tilveru síðan,“ er haft eftir Helga í ræðu sem hann hélt á herrakvöldi Valsmanna fyrir nokkrum árum.

### VISSIR ÞÚ ...

Að Helgi var endurskoðandi Hafskips á sínum tíma. Hann varði fimm árum ævi sinnar í að verja sig en hlaut á endanum 500 þúsund króna sekt; 100 þúsund fyrir hvert ár varnarinnar.

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið





# ÖRFÁ SÆTI LAUS

**DSW Plastic Chair** 1950

HÖNNUÐUR

CHARLES EAMES

TILBOÐSVERÐ Á SVÖRTUM OG HVÍTUM

29.900 KR.

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

**Te & kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga.**

# Ég biðst afsökunar!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um ofur eðlilegar skýringar á grunsamlegu athæfi, gleðipillur, skrifaðar og óskrifaðar glæpasögur, rohypnolneyslu Samfylkingarinnar – og loks er beðist afsökunar á ljótum hugsunum.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**LAUGARDAGUR, 8. MARS.**

### Skuldunautin

„Íslendingar skuldugasta þjóð heims.“

„Hreinar skuldir Íslendinga eru rúmir 18 hundruð milljarðar. Engin þjóð skuldar jafn mikið. Þetta segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði. Þegar búið er að draga allar eignir frá, skuldar hvert mannsbarn á Íslandi tæpar sex milljónir. Aðeins á síðustu þremur mánuðum hafa hreinar skuldir þjóðarbúsins aukist um fimm hundruð milljarða.“

Það sem gerir það svo skemmtilegt fyrir mig að sjá hvort ég geti staðið í skilum með afborganir er hið hugvitssama fyrirkomulag sem kveður á um að skuldir mínar séu verðtryggðar en tekjur mínar ekki.



Þetta gerir líf okkar skuldunautanna óneitanlega miklu meira spennandi.

**SUNNUDAGUR, 9, MARS.**

### Skrifaðar og óskrifaðar glæpasögur

Sé í Fréttablaðinu að Arnaldur Indriðason er vinsælasti höfundur á Íslandi – sem kemur ekki mjög á óvart. Þetta fer samt ábyggilega í taugarnar á einhverjum eins og raunveruleikinn hefur tilhneigingu til að gera.

Einn af bókmenntapáfunum segir að glæpasögur séu annars flokks bókmenntir vegna þess að þar séu gerðar aðrar kröfur um persónusköpun en í alvörubókmenntum.

Ég vona að það sé ekki reynt að troða svona vitleysu í hausinn á ungu fólki sem fer og vill læra um bókmenntir í æðri skólum.

„Hamlet“ er glæpasaga, „Makbeð“ er glæpasaga, „Glæpur og refsing“ er glæpasaga, „Íslandsklukkan“ er glæpasaga, „Kristnihald undir jökli“ er glæpasaga með einkaspæjaranum Umba, „Svartfugl“ er glæpasaga og svo framvegis og svo framvegis.

Hver „krimmi“ eða „reyfari“ eins og Maj Sjöwall og Per Wahlöö orðuðu það á sínum tíma er einfaldlega „skáldsaga um glæp“.

Og eins og allar aðrar bókmenntir skiptast svoleiðis skáldsögur í tvo flokka: Góðar og vondar.

Þótt framboð af prentuðum glæpasögum sé óþarflega mikið í raunveruleikanum um þessar mundir kemst það ekki í hálfkvisti við hið endalausa framboð á óskrifuðum glæpasögum sem við fáum vísbendingar um með því að fylgjast með fréttum.

Dæmi: „Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir óvíst hvort frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur um eftirlaun þingmanna verði tekið fyrir í nefndinni á þessu þingi eða yfirleitt.

Óski nefndarmenn ekki sérstaklega eftir því að frumvarpið verði tekið fyrir, fer það ekki fyrir þing „eins og eru örlög fjölmargra þingmannafrumvarpa á Alþingi“ að sögn Birgis.“

Er nokkuð skrýtið þótt mikið sé skrifað af glæpasögum á þessu landi?






**MÁNUDAGUR, 10. MARS.**

### Samfylkingunni byrlað rohypnol?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra, hefur skipað Sigríði Önnu í embætti sendiherra.

Ég var sem betur fer búinn að steingleyma þessari óeftirminnilegu Flokkskonu, Sigríði Önnu sem toppaði stjórnmálaferil sinn í umhverfisráðuneytinu.

Það hlýtur einfaldlega einhver að hafa gefið Ingibjörgu og Samfylkingunni rohypnol – eða sturta Samfylkingarráðherrarnir þessu í sig sjálfviljugir fyrir ríkisstjórnarfundi?

Af sjálfseyðingarhvöt? Í von um algleymi? Verður þá ekki líka að fara að setja þetta út í drykkjarvatn þjóðarinnar?



**ÞRIÐJUDAGUR, 11. MARS.**

### Þunglyndi og gleðipillur

Fyrir mann eins og mig sem þjáist af illvígu þunglyndi sem kemur í bylgjum er ekki heppilegt að fylgjast náið með fréttum. Maður á frekar að beina athyglinni að einhverju jákvæðu, fallegu, skondnu og skemmtilegu. Liljum vallarins. Jóni Gnarr. Fuglum himinsins.

Gleðipillur eru mér vitanlega engar til. Ef þær væru til myndi ég taka slíkar pillur morguns, kvölds og miðjan dag. Hins vegar eru til margvísleg lyf gegn þunglyndi og ég hef prófað mörg þeirra. Þetta eru náttúrulega fokdýrar pillur en þær duga samt ekki til að gera mig glaðan að staðaldri.

Engu að síður tek ég þær daglega í þeirri von að þær forði mér frá því að lenda í svo hrottalegri niðurdýfu að ég missi raunveruleikaskynið fyrir fullt og allt og haldi inn á hinar víðu lendur geðveiki og ranghugmynda.

Að vera daufur í dálkinn öðru hverju er ekki að vera þunglyndur. Þunglyndi er lamandi og lífshættulegur sjúkdómur.

Að vera daufur í dálkinn ber vott um að maður hefur skynsamlegar áhyggjur af heimskupörum mannkynsins yfirleitt og Íslendinga sérstaklega.

Dálkdeyfð eða angurværð er yfirleitt hægt að halda í skefjum með því að fara út að ganga, eða í sund eða hreyfa sig hressilega og vera á útkíkki eftir skemmtilegum og jákvæðum hlutum.

Þessa stundina finnst mér erfitt að koma auga á skemmtilega og jákvæða hluti sem bendir til þess að annaðhvort sé spillingin í kringum mig að versna eða þunglyndið. Eða pillurnar hættar að virka.

**MIÐVIKUDAGUR, 12. MARS.**

### Það hlaut að vera!

Í dag þarf ég ekki gleðipillur. Mér til ósegjanlegs léttis hefur Ingibjörg Sólrún, formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra, útskýrt skipun Sigríðar Önnu í sendiherrastarf.

Ingibjörg segir „að þetta snúist um að fjölga konum í utanríkisþjónustunni en af því að þær séu svo fáar þar starfandi þurfi að fara út fyrir hópinn til að sækja nýjar og þess vegna hafi Sigríður Anna orðið fyrir valinu“.

Þetta er ánægjulegt að heyra! Ég hélt nefnilega að þetta væri bara samtrygging og spilling og til merkis um að það sé sami rassinn undir öllum sem komast í þá aðstöðu að geta skammtað sér og öðrum fríðindi á kostnað almennings.

Svona eiga jafnvel hinir skuggalegustu hlutir sér ofur eðlilegar skýringar.

Ég bið Ingibjörgu Sólrúnu og Samfylkinguna innilega afsökunar á því að ég skuli hafa hugsað ljótar og neikvæðar hugsanir um saklaust fólk og hjartahreint!

Og auðvitað þurfti að leita út fyrir utanríkisþjónustuna til að finna kvenmann af sama andlega gæðaflokki og Júlíus Hafstein.

Það eina sem ég hef mér til afsökunar er að Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði í desember 2006 og er að finna á vef utanríkisráðuneytisins:

„Það liggur ljóst fyrir að í dag er fjöldi sendiherra í utanríkisþjónustunni nokkuð umfram þarfir ráðuneytisins.“ Og framsóknarráðherrann Valgerður skipaði ekki einn einasta sendiherra.

Það þarf óspillta hugsjónamanneskju á borð við Ingibjörgu Sólrúnu til að sjá hvílíkt tímamótaspor í jafnréttisbaráttunni það er að gera Sigríði Önnu að sendiherra. Það er ekki ónýtt fyrir Samtrygginguna (fyrrum Samfylkinguna) að hafa svona leiðtoga!

Þingmenn sem hafa verið of önnum kafnir til að taka fyrir frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur um að afnema eftirlaunaósómann hafa loksins fundið ráð við því. Þeir eru búnir að samþykkja leyfi handa sjálfum sér til að ráða sér aðstoðarmenn.

Þegar aðstoðarmennirnir eru teknir til starfa skapast örugglega ráðrúm fyrir hina kjörnu fulltrúa okkar til að afnema eftirlaunaósómann og annað forréttindasvínarí sem þeir hafa samþykkt vegna þess að þeir höfðu allt of mikið að gera.

**FIMMTUDAGUR, 13. MARS.**

### Að maula lyfin sín

Þunglyndislyf eru því miður ekki „gleðipillur“. Þau gera mann ekki glaðan heldur hjálpa manni að þrauka.

Í þessu besta landi af öllum mögulegum er um að gera að hver og einn haldi áfram að maula lyfin sín.



Opið í dag frá 11-16

Páskatilboð í fullum gangi



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„En miðað við þann mikla áhuga og eftirspurn sem er eftir vottuðum, lífrænum vörum...“*

***Þuríður Backman VG***

*„...það hefur helgast af því að eftirspurn eftir þessum vörum hefur verið tiltölulega lítil.“*

***Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra***

*„Ég tel að það sé ekki rétt að ekki hafi verið eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum.“*

***Þuríður Backman VG***

*„Tölurnar tala sínu máli um eftirspurnina. Ekki er neinum blöðum um það að fletta að fram undir þetta hefur eftirspurnin verið tiltölulega lítil.“*

***Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Ríkinu blæðir – Baugur græðir*

Stundum getur verið hagkvæmt að gera húsaleigusamninga til langs tíma, stundum ekki. Og sannast hið síðarnefnda í tilviki Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fyrir nokkrum árum leigði sér húsnæði undir Akureyrarsetur sitt.

Í þingumræðum í vikunni var rætt um starfsemi stofnunarinnar nyrðra og voru Birkir Jón Jónsson, Álfheiður Ingadóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra sammála um mikilvægi hennar og að auka þyrfti fjárframlögin. Sex vinna á Akureyrarsetrinu en senn fjölgar starfsmönnum um tvo.

Húsnæðismálin voru gerð að sérstöku umtalsefni; Birkir Jón sagði starfsmennina hringla í húsnæðinu, svo stórt væri það og Álfheiður sagði himinháa leigu greidda til einkaaðila fyrir tómt húsnæði.



**BORGIR** Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar er við Norðurslóð.

Þórunn sagði orð þeirra sönn en gerður hafi verið leigusamningur til áratuga sem ekki létti rekstur Náttúrufræðistofnunar.

Akureyrarsetrið er í Borgum við Norðurslóð sem er í eigu fasteignafélagsins Landic Property sem Baugur á að mestu leyti.

## HVE LÖNG?

Eins og stundum hefur verið rakið hér geta fyrirspurnir sem þingmenn leggja fyrir ráðherra verið í undarlegra lagi, ýmist í heild eða einstaka liðir þeirra.

Ein skrítin var lögð fram á fimmtudag. Frá Jóni Bjarnasyni til samgönguráðherra. Fyrirspurnin fjallar um lengingu flugbrautarinnar á Bíldudal og með henni er Jón vitaskuld að koma því sjónarmiði sínu á framfæri að brautina beri að lengja, helst strax.

En það er upphaf fyrirspurnarinnar sem er svo sérstakt. „Hvað er flugbrautin á Bíldudal löng?“ Með nettengdri tölvu tekur tvær mínútur að komast að sannleikanum; flugbrautin á Bíldudal er 940 metrar.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# *Vandinn leystur, bara ef...*



Ég veit ekki hvers vegna, en aldrei nokkurn tíma hefur mig langað til að fylgjast með þingum Norðurlandaráðs. En það breyttist í gær. Mig dauðlangar á næsta þing þess.

Ástæðan?

Jú, mig langar að fylgjast með þegar fulltrúi Vinstri-grænna stingur upp á því að Ísland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð sameinist um norræna krónu. Formaður og varaformaður Vinstri-grænna upplýsa um þessi áform sín í grein í Mogganum í gær, bara eins og ekkert sé sjálfsagðara. Þau geta þess að í tilfelli Norðmanna og Svía gæti þetta verið fýsileg framkvæmd þar sem bæði ríki hafi sjálfstæða krónu. Og um Danina, sem hafa bundið krónu sína við gengi evrunnar, segja þau að þeir „kynnu þó að vilja skoða þennan möguleika“.

Rökin eru þau að norræn króna myndi styrkja enn samstarf Norðurlandanna og væntanlega auka stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Danir, Norðmenn og Svíar eru vafalítið tilbúnir að taka upp nýjan gjaldmiðil og þar með umbreyta allri sinni peningamála- og hagstjórn bara til að styrkja samstarf ríkjanna og auka stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Furða að ekki hafi verið stungið upp á þessu fyrr.

Hugmyndinni er varpað fram í annars ágætri grein þar sem tvíeykið greinir efnahagsvandann og kynnir tillögur flokks síns til úrbóta sem lagðar hafa verið fram í formi frumvarps á Alþingi og sagt var frá hér í blaðinu fyrir viku.

Sá fyrirvari er settur við hugmyndina um norrænu krónuna að þetta verði aðeins gert „ef íslensk stjórnvöld meta það sem svo að íslenska krónan sé of lítil til að lifa ein af í hagkerfi heimsins“.

Hverfandi líkur eru á að ríkisstjórnin sem nú situr komist að þeirri niðurstöðu áður en Norðurlandaráðsþingið fer fram í haust. Þess vegna er harla ólíklegt að fulltrúi VG beri upp erindið. Þegar allt kemur til alls er því ólíklegt að ég sæki þingið.

# Mest fer fyrir Geir og Guðna

**Guðni Ágústsson hefur verið málshefjandi í sex utandagskrárumræðum í vetur. Geir H. Haarde hefur níu sinnum verið til andsvara. Mörður Árnason segir að utandagskrárumræður hafi ekkert gildi.**

Mörður opinberaði þessa skoðun á þingfundi á fimmtudag þegar hann lýsti stjórnarandstöðunni sem fátækri af góðum umræðuefnum.

Guðni Ágústsson deilir vart þeirri skoðun með Merði enda hefur hann ekki sjaldnar en sex sinnum verið málshefjandi í utandagskrárumræðum í vetur.

Guðni hefur helst beint sjónum að stóru málunum í þeim utandagskrárumræðum sem hann hefur farið fram á; í tvígang hefur hann rætt um efnahagsmál, í þrígang um atvinnumál á landsbyggðinni og einu sinni um sjálfa kristnina og fræðslu um hana.

Kolbrún Halldórsdóttir fylgir fast á hæla Guðna, hún hefur verið málshefjandi fimm sinnum, með víðfeðm sem sérhæfð erindi. Í eitt skiptið leitaði hún eftir stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og í annað skipti vildi hún eiga orðastað við ráðherra um Iðnskólann í Reykjavík.

Forsætisráðherra hefur oftast þurft að vera til andsvara í utandagskrárumræðum en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kemur næstur. Þingmenn hafa enn ekki séð ástæðu til að eiga orðastað við viðskiptaráðherra í utandagskrárumræðum.

Stjórnarandstæðingar hafa í 30 af 31 skipti farið fram á utandagskárumræðurnar sem haldnar hafa verið, stjórnarliði einu sinni. Það var Árni Johnsen.

### GUÐNI OG GEIR Á TOPPNUM

| | |
|---|---|
| **Efna oftast til umræðna** | |
| Guðni Ágústsson | 6 |
| Kolbrún Halldórsdóttir | 5 |
| Steingrímur J. Sigfússon | 3 |
| Kristinn H. Gunnarsson | 3 |
| Guðjón A. Kristjánsson | 3 |
| Katrín Jakobsdóttir | 2 |
| **Skipt eftir flokkum** | |
| Vinstri græn | 15 |
| Framsóknarfl. | 9 |
| Frjálslyndi fl. | 6 |
| Sjálfstæðisfl. | 1 |
| **Oftast til andsvara** | |
| Forsætisráðherra | 9 |
| Sjávarútvegs- og landb.r. | 7 |
| Fjármálaráðherra | 3 |
| Menntamálaráðherra | 3 |
| Félagsmálaráðherra | 2 |
| Iðnaðarráðherra | 2 |
| **Skipt eftir flokkum** | |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 24 |
| Samfylkingin | 7 |



**Í PONTU** Þótt Mörður Árnason segi utandagskrárumræður gildislausar hefur hann nú farið fram á þær nokkrar í gegnum árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# SUMARJAKKARNIR ERU KOMNIR



Vatnsheldir
Vindheldir
Öndunarfilma

**Verðdæmi:**
Stærð 68-92 kr 7.900
Stærð 98-146 kr. 8.900
Margir litir

POLARN O. PYRET
Kringlunni Sími 568 1822
www.polarnopyret.is




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TVEIR FORSETAR** Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, og Ólafur Ásgeirsson, forseti Hins íslenska þjóðvinafélags.

# Stofnað í leyni og leyndinni haldið

Aðalfundur Hins íslenska þjóðvinafélags var haldinn fyrir luktum dyrum í þingsal Alþingishússins á fimmtudagsmorgun. Öllu jafna er allt sem fram fer í þingsalnum gert í heyranda hljóði en því er ekki að heilsa þegar kemur að aðalfundi þjóðvinafélagsins. Öllum dyrum er lokað og þingverðir gæta þess að enginn óviðkomandi heyri það sem fram fer.

Pukrið vekur vitaskuld forvitni. Menn sem þurfa að læsa að sér í sjálfum þingsalnum hljóta að vera að tala um eitthvað viðkvæmt sem ekki þolir dagsins ljós.

En það er ekki þannig. Því miður.

Þegar Hið íslenska þjóðvinafélag var stofnað fyrir 137 árum voru aðstæður í landinu aðrar en nú. Félagafrelsi var ekki við lýði – menn þurftu leyfi konungs til að stofna félög.

Þjóðkjörnir þingmenn Alþingis stofnuðu Hið íslenska þjóðvinafélag á sínum tíma sem nokkurs konar bakland Jóns forseta án konungsleyfis. Félagið var stofnað í leyni. Og þó að starfsemin fari fram fyrir opnum tjöldum með útgáfu Almanaks Hins íslenska þjóðvinafélagsins og tímaritsins Andvara vilja menn halda í þá gömlu og svosem skemmtilegu hefð að sveipa aðalfundina leyndarhjúpi.

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður var endurkjörinn forseti félagsins á aðalfundinum á fimmtudag.




**1.698** kr/kg.
Kryddaður lambahryggur




**1.329** kr/kg. áður 1.898 kr/kg.
Gourmet lambalæri villikryddað




**2.589** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Lambafille kryddað




**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Roast Beef kryddað




**1.389** kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ferskar íslenskar kjúklingabringur

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir




**398** kr/kg. áður 568 kr/kg.
Alvöru hamborgarar 170 gr.




**1.299** kr/pk.
Ariel 5,1 kg

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. mars til 16. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



## Hjálmar Ágústsson

frá Bíldudal, Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést þann 14. mars á Landakotsspítala.

**Svandís Ásmundsdóttir**
**Hera Hjálmarsdóttir**
**Martha Ásdís Hjálmarsdóttir** **Þorsteinn Arnór Jónsson**
**Jakob Ágúst Hjálmarsson** **Auður Daníelsdóttir**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Jens Pétursson

Grettisgötu 72, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju mánudaginn 17. mars kl. 15.00.

**Þröstur Jensson** **Hanna Kr. Hallgrímsdóttir**
**Stefanía Jensdóttir** **Geir Garðarsson**
**Gíslína Jensdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Svava Jensdóttir** **Kristófer Pálsson**
**Höskuldur Jensson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Vigdís Kristjánsdóttir

Smáratúni 20b, Selfossi,

lést á hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands miðvikudaginn 12. mars. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 19. mars kl. 13.30.

**Rannveig Þórðardóttir** **Örlygur Jónasson**
**María Kristín Örlygsdóttir**
**Þórdís Örlygsdóttir**
**Jónas Örlygsson**
**Ingvar Örlygsson**
**Jakobína Lind Jónsdóttir**
**Þórður Jónsson**
**og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg systir okkar, frænka og mágkona,*

## Auður Kristjánsdóttir

frá Ytra-Skógarnesi, síðast til heimilis að Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík,

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, fimmtudaginn 13. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jens Kristjánsson** **Ingibjörg Þorvaldsdóttir**
**Einar Haukur Kristjánsson** **Anna Jóna Sigurðardóttir**
**Kristjana Ágústa Kristjánsdóttir**
**Sigríður Dinah Dunn** **Magnús Hansson**
**Birgir Sigmundsson** **Ásdís Guðmundsdóttir**
**og aðrir ættingjar og vinir.**

---



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð samúð og hlýhug við fráfall og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Sigurðar Ingimundarsonar

frá Snartarstöðum.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Guðný Kristjánsdóttir**
**Guðný María Sigurðardóttir** **Jón Halldór Guðmundsson**
**Kristjana Ólöf Sigurðardóttir** **Gunnar Bragi Ólason**
**Inga Friðný Sigurðardóttir** **Sólmundur Oddsson**
**Halldóra Sigurðardóttir** **Einar Guðjónsson**
**og barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Ársæls Hermannssonar

**Ragnheiður Guðrún Þorgilsdóttir**
**Margrét Ársælsdóttir** **Hjálmar Brynjúlfsson**
**Hafsteinn Már Ársælsson** **Helga J. Sigurjónsdóttir**
**Hermann Ársælsson** **Sigríður Sigmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Sæmundur Valdimarsson

myndhöggvari,

lest á Hrafnistu Rvk. 13. mars sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 19. mars kl. 15.00.

**Valdimar Sæmundsson** **Auður Björnsdóttir**
**Hildur Sæmundsdóttir** **Sigurjón Halldórsson**
**Magnús Sæmundsson** **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Gunnar Sæmundsson** **Lára Björnsdóttir**
**og afabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,*

## Ásta Ingvarsdóttir

Leiðhömrum 44, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 13. mars. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Brynjólfur Eyvindsson**
**Auður Brynjólfsdóttir** **Haraldur Ágúst Sigurðsson**
**Inga Lillý Brynjólfsdóttir** **Þorsteinn Gunnarsson**
**Bjarni Brynjólfsson** **Sigrún Ívarsdóttir**
**Ingvar Þorsteinsson** **Steinunn G. Geirsdóttir**
**Bergljót Ingvarsdóttir** **Bjarni Eyvindsson**
**Þorsteinn Ingvarsson** **Ragna Gústafsdóttir**
**Geir Örn Ingvarsson** **Hallveig Ragnarsdóttir**
**Bjarndís Bjarnadóttir**
**Einar Á. Kristinsson**
**Camilla Ása Eyvindsdóttir** **Pétur Óli Pétursson**

---



*Ástkær systir okkar*

## Halldóra Sigurjónsdóttir

áður til heimilis að Skipholti 40, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 17. mars kl. 15.00.

**Hafsteinn Sigurjónsson**
**Henný Bartels**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sigurlaug Njálsdóttir

Lindasíðu 2, Akureyri, áður Þingvöllum, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 11. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 19. mars kl. 13.30.

**Þorsteinn Óskarsson** **María Guðmunda Kristinsdóttir**
**Jón Þórir Óskarsson** **Hlíf Guðmundsdóttir**
**Ólafur Njáll Óskarssonn** **María Helga Kristjánsdóttir**
**Sigurður Freyr Sigurðsson**
**Lilja Ósk Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

---

**EVA LONGORIA LEIKKONA ER 33 ÁRA.**

*„Flestir koma fram við mig eins og hverja aðra stelpu.“*

***Leikkonan Eva Longoria er þekktust fyrir leik sinn í þáttunum Aðþrengdar eiginkonur .***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞORSTEINN FRÁ HAMRI** „Frá upphafi var ég samferða nútímaljóðinu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

**ÞORSTEINN FRÁ HAMRI:** SJÖTUGUR

# Á yfir 20 niðja

„Ég ber mig vel og er hraustur,“ segir Þorsteinn frá Hamri þegar hann er spurður hvernig árin sjötíu fari í hann. Kveðst ætla að hitta börnin sín sjö og aðra afkomendur í dag og hlakka til þess. „Ég á orðið yfir 20 niðja svo þetta er heilmikill hópur,“ segir hann glaðlega.

Bærinn Hamar sem Þorsteinn kennir sig við er í Þverárhlíð í Borgarfirði. Þar átti hann heima fram eftir unglingsárunum. „Ég var kominn hingað suður um 17 ára aldur. Var þá búinn að taka landspróf í Reykholti og byrjaði í Kennaraskólanum en kennari varð ég aldrei. Ég var snemma farinn að snuðra í skáldskap og áður en ég vissi af var ég kominn með heimili og börn. Ég hef alltaf lagt mikið upp úr því að geta sinnt skáldskapnum og hef lítið bundið mig í fastri vinnu.“

Sautján eru ljóðabækurnar hans Þorsteins frá Hamri orðnar, auk þriggja skáldsagna og annarra rita. Síðasta ljóðabókin kom út árið 2005. Spurður hvort styttist í nýja svarar hann hógvær: „Ég segi bara hver veit? Maður sér það ekki fyrr en allt í einu hvenær hún er tilbúin.“ Hann kveðst oft velta lengi vöngum yfir ljóðum sínum áður en þau fari á þrykk. „Ljóð hafa yfirleitt gott af því að fara ofan í skúffu og jafnvel gleymast þar þangað til maður lítur á þau aftur.“ En hvað kveikir helst neistann sem verður að ljóði? „Það er ákaflega breytilegt og ekki svo gott að rekja það hvar uppsprettan er hverju sinni. En fyrst maður tók það fyrir, kornungur maður, að fara að yrkja ljóð þá kemur eiginlega af sjálfu sér að þau verða að tungumálinu manns. Þau verða bara sjálfsagður tjáningarmáti og viðbragð við því sem að höndum ber.“

Þorsteinn yrkir bæði rímað og órímað. „Það fer eftir því hvað manni hugnast hverju sinni. Yrkisefnið velur sér líka form. Frá upphafi var ég samferða nútímaljóðinu en er alltaf mjög tengdur hefðinni líka og nota til dæmis mikið stuðla og höfuðstafi. Gamli arfurinn er mér alltaf mjög nákominn.“

**gun@frettabladid.is**

---



*Faðir okkar,*

## Þorbergur Kristjánsson

Brúnahlíð,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fimmtudaginn 13. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín, Guðný, Þuríður Kristjana, Árni og fjölskyldur.**



# VETURINN ER BÚINN

Húsasmiðjan ásamt Sigga Stormi lýsa því yfir að veturinn er búinn
og bjartari tímar eru framundan. Vorið er komið á fullt skrið.
**Nú er rétti tíminn til að fara út og huga að pallinum og garðinum.**

Siggi Stormur
og starfsfólk Húsasmiðjunnar

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




# VORIÐ KALLAR

## Gasgrill Weber Q120

- Frábært í ferðalagið eða heima við.
- Grillflötur: 42 x 32 cm
- Þyngd: 10 kg
- Ryðfrír brennari 2,64 kW/h—8500 BTU
- Þrýsti-uppkveikjurofi
- Álbakki fyrir fitu.

**22.490**

3000247





**29.990**

## Gasgrill Weber Q200

- Frábært í ferðalagið eða heima við.
- Grillflötur: 54 x 39 cm
- Ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU
- Þrýsti-uppkveikjurofi
- Álbakki fyrir fitu.

3000235

## Öll áhöldin fyrir grillið





**15.990** ~~19.990~~

## Gasgrill

Outback Omega 200EX
Grillflötur 50x36 sm, tvískiptur brennari.
Flame tamer hlíf yfir brennurum.

3000235



## Gasgrill Weber Spirit E310

3 ryðfríir brennarar

- Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur
- Postulín-glerungshúðað lok.
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
- Skápur með ryðfríum hurðum.
- Innfeldur gráðuhitamælir
- Grillflötur: 61 x 44 cm
- Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
- H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
- Þrýsti-uppkveikjurofi
- Álbakki fyrir fitu.
- Afhent ósamsett.

**66.900**

3000255

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl



# ER PALLURINN KLÁR?

## Við höfum öll nauðsynleg
verkfæri til að smíða pallinn



**Hallamál Cosmos**
60 sm, 3 dropar
5014047
**999**
~~2.499~~



**Skerstokkur**
5002518
**499**
~~799~~



**Handsög Stanley**
5001644
**599**
~~999~~



**Málband Komelon**
5 m x 25 mm breidd
5006346
**599**
~~1.395~~



**29.990**

**Gasyljari**
Ryðfrír 13 kW
Gashitarinn sjálfur er kónískt lagaður þ.e.a.s. að hann víkkar að ofan í stað þess að vera beinn. Það verður til þess að hitinn leitar niður, í stað þess að liggja upp undir hattinum. Allt ryðfrítt og með hjólum. Þrýstijafnari fylgir ekki. Orkunotkun 450gr/klst til 870gr/klst
2999717



## Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni í Skandinavíu.

21 x 90 mm **219** kr/m
721600

28 x 95 mm **269** kr/m
728600



## Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm
621600
**139** kr/m

28 x 95 mm
628600
**199** kr/m

98 x 98 mm
698600
**499** kr/m

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**VÉLSTROKKAÐ TILBERASMJÖR** Silju Aðalsteinsdóttur finnst ritdómur Guðmundar Finnbogasonar um Vefarann mikla frá Kasmír eftirminnilegustu móðgunarummæli fyrr og síðar. Erpur Eyvindarson segist ekki gleyma því þegar Halldór Blöndal kallaði Össur Skarphéðinsson skeggjúða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fleira má bíta en feita steik

**Erpur Eyvindarson** telur að Bubbi sé í eilítið verra skapi en venjulega og að **Silja Aðalsteinsdóttir** trúi ekki á hjónabandið. Silju finnst Bubbi hins vegar hinn ljúfasti þessa dagana en telur að hann hafi fengið orkusprautu í rassinn. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við rökstólapar vikunnar um nýjar dauðasyndir og leiðinlega málshætti.

## Á RÖKSTÓLUM

*Hver er ykkar fyrsta minning um hvort annað?*
**Silja:** Ég man fyrst eftir þér Erpur á tónleikum í Íslensku óperunni. Sennilega mjög nálægt aldamótunum. Ég hafði ekki heyrt í Rottweiler hundunum áður, en féll alveg flöt strax. Ég hafði þó kynnst Erpi óbeint áður því ég hafði lesið Á háskaslóð sem er spennubók eftir pabba hans. Fremst í bókinni var Erpi og bróður hans þakkað fyrir sögurnar og inspirasjónina.
**Erpur:** Já, nú verður þú að segja mér Silja ef ég er að bulla – en þú skrifaðir ævisögu Bubba Morthens ekki satt?
**Silja:** Sek.
**Erpur:** Ég las hana nefnilega, þegar ég var ekkert mjög gamall, og tengi þig því fyrst þar. Og ég ætla að vona að þú skrifir líka framhaldið – það verður ekkert smá framhald!
**Silja:** Já, nú er þetta sko fyrst orðið verulega dramatískt.
**Erpur:** En svo man ég eftir að þú skrifaðir pistla í DV. Í sumum þeirra talaðir þú meðal annars mjög fallega um mig. Ég kunni að meta það.

### Hamingjusamlega gift

*Nefnið þá þrjá hluti um hvort annað sem þið vitið ekki hvort eru sannir eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það?*
**Silja:** Mér finnst sennilegt að Erpur sé greindur, skemmtilegur og byltingarsinnaður. Byltingarsinnaður felur auðvitað hvort tveggja hitt í sér.
**Erpur:** Jú, þetta er sko allt mikið rétt. Ég sé það núna að þú ert mjög greind. Hmm… en hverju gæti ég trúað upp á þig. Ferðu á Múlakaffi?
**Silja:** Nei.
**Erpur:** Ókei, ég sé það núna að þetta var fáránleg hugdetta. En ætli þú fílir ekki Þórberg Þórðarson?
**Silja:** Ég geri það - en hvort heldurðu þá að ég sé Þórbergs- eða Halldórs Laxness kona.
**Erpur:** Ég held þú sért Þórbergsmegin.
**Silja:** Nei, ég er frekar Halldórs. Hann er númer eitt hjá mér.
**Erpur:** Þá ætla ég að lokum að giska á að þú hafir verið gift en hafir svo séð bara að það væri vitleysa og að hjónabandið væri ofmetinn burgeisaáróður.
**Silja:** Ég er búin að vera gift í 41 ár.
**Erpur:** Ha, og hamingjusamlega?

## ➜ VISSIR ÞÚ AÐ …

…á milli Erps og Silju eru rúm 34 ár.
…Erpur geymir pistla þar sem Silja talaði fallega um hann.
…ef Silja og Erpur ættu að eyða páskunum saman myndu þau vilja hafa kúbverskt þema í sumarbústað.
…Erpur segist ekki vilja ræða ástamál sína við fjölmiðla en þó hefur eitthvað ratað í Séð og heyrt.
…ástamál Silju hafa aldrei komið í Séð og heyrt.

> **Erpur:** Þá ætla ég að lokum að giska á að þú hafir verið gift en hafir svo séð bara að það væri vitleysa og að hjónabandið væri ofmetinn burgeisaáróður. **Silja:** Ég er búin að vera gift í 41 ár. **Erpur:** Ha, og hamingjusamlega? **Silja:** Afskaplega!

**Silja:** Afskaplega! Haha!
**Erpur:** Úff, ég veit ekki neitt. En þá hlýtur maðurinn þinn að vera topphali allavega. Fyrst að þið hafið getað hangið saman allan þennan tíma.
**Silja:** Jú, hann er það. Mikill jafnréttissinni og byltingarsinnaður.

### Dauðasyndir tímaskekkja

*Beint í dauðasyndirnar. Nokkrar nýjar hafa nú litið dagsins ljós þar sem rómverska kirkjan bætti nokkrum syndum við á listann og eru þær nú orðnar 14. Þeirra á meðal er fíkniefnanotkun og svo eitt helsta áhugamál Íslendinga: Auðsöfnun. Finnst ykkur rétt að refsa fólki fyrir auð?*

Og hvert er mesta bruðl einstaklingsins í dag?
**Erpur:** Þessi páfi er auðvitað snarklikkaður. Það að segja að eiturlyfjanotkun sé dauðasynd er absúrd – þegar allir sem uppi eru árið 2008 skilgreina slíka fíkn sem sjúkdóm. Hvað með allt þetta góða fólk sem er búið að vinna sig út úr þessu á Íslandi með hjálp SÁÁ og svo framvegis. Á að setja Einar Ágúst í suðupottinn fyrir að hafa notað eiturlyf?
**Silja:** Græðgi er mannskemmandi. En dauðasynd? Það er fáránlegt að tala um svoleiðis. Græðgi er ljót og ég er viss um að hún gerir líf manns verra en ella en ég get ekki fordæmt fólk fyrir hana.
**Erpur:** Hamingjan felst í því að hafa nóg en um leið og þú ert farinn að þurfa að flytja útbrunninn píanóhomma inn til landsins til þess eins að spila í afmælinu þínu, myndi ég segja að þú værir á glapstigum.
**Silja:** Og nú er Erpur auðvitað búinn að svara spurningunni um hvert sé mesta bruðl einstaklingsins. Sem og það að fljúga um og keyra á orkufrekum farartækjum og mengunarvöldum. Það er bara núna á undanförnum árum sem við erum að sjá allar þessar einkaflugvélar.
**Erpur:** Auðvitað er það freistandi að geta verið flugdólgur í eigin þotu sem aldrei er hent út – sama hverju maður kastar í flugfreyjurnar eða hvað maður skemmir. En þá bara í eitt skipti. Að gera þetta að lífsstíl, það kallast bruðl.

### Ómar R. og Gaukur eru fínir gaurar

*Að meiðyrðum. Nú fékk einn af bloggurum landsins, Ómar R. Valdimarsson, annan bloggara, Gauk Úlfarsson, dæmdan fyrir að hafa kallað sig „aðalrasista netheima“ á vefsíðu sinni. Hvað finnst ykkur um þennan dóm? Og hver eru eftirminnilegastu „móðgunarummælin“ sem þið hafið heyrt í opinberri umræðu?*
**Silja:** Ég las greinina hans Hauks Más í Fréttablaðinu og fannst hún það fyrsta vitræna sem ég hef lesið um þetta mál. Hann taldi dóminn fáránlegan vegna þess að Ómar hefði í raun og veru verið sekari en hann vildi horfast í augu við.
**Erpur:** Já, það var góð grein.
**Silja:** En annars les ég ekki bloggið, hef ekki tíma til þess og hef því ekki mikið spekúlerað í þessu. En mér líður svolítið illa út af þessu flóði af texta þar sem fólk virðist vera á einhverju hálfprívat og hálfopinberu svæði og hugsar ekki út í hvernig næsti maður muni bregðast við. Þetta er ennþá villt lenda og það vekur mér ógleði satt að segja.
**Erpur:** Á blogginu er að finna fullt af einhverjum Böddum í Garðabæ sem stunda það að skíta með puttunum hvern dag. Það er endalaust af rusli þarna. En svo ákveða dómstólar að taka akkúrat þetta atvik og gera það að fordæmismáli sem er mjög skrítið. Ég þekki reyndar báða þessa



## Í HVÍTUM SNJÓ

Páskarnir eru góður tími til þess að þeysast um á snjósleða.

BÍLAR 3



## FLÍS Á ALLA KRAKKA

Nína fína hannar glaðlegar barnahúfur og litríka kjóla úr flísefni sem hún skreytir með perlum og pallíett-um.

TÍSKA 5

allt








Jóhann á tvo af fjórum viðarklæddum Chrysler PT Crusierum landsins og er ánægður með þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þetta eru spes bílar

***Þrátt fyrir að Chrysler PT Crusier hafi verið valinn ljótasti bíll ársins 2007 er Jóhann Jóhannsson tæknimaður hæstánægður eigandi tveggja slíkra farkosta.***

„Það passar," segir Jóhann hlæjandi. „PT Crusier eru valdir ljótustu bílarnir og ég á ekki bara einn heldur tvo svoleiðis. Það eru fjórir svona viðarkæddir bílar í landinu og ég á helminginn!" Jóhann fullyrðir að honum sé alveg sama hvað sagt sé um bílana. „Það hefur hver sinn smekk og mér finnst þeir æðislegir. Ég er búinn að eiga rauða bílinn í þrjú ár. Ég flutti hann inn beint frá Bandaríkjunum, ársgamlan. Áður hafði ég bara séð svona bíl bruna framhjá en vissi ekkert hvernig hann var að innan. Mér fannst bíllinn svo fínn að ég pantaði annan og ætlaði að selja hann en á hann enn. Ég hafði hugsað mér stærri Crysler en bensínið er alltaf að hækka þannig að sá draumur fjarlægist æ meira. Mínir bílar eru svo sem engir sparibaukar en heldur ekki bensínhákar."

Jóhann kveðst akkúrat hafa verið búinn að festa kaup á seinni bílnum sem var á Flórídaskaganum þegar fellibylur reið þar yfir. „Það datt allt rafmagn út í þessum hamförum og sambandið við seljandann svo ég vissi ekkert hvort bíllinn væri heill eða í rúst en ég var orðinn ábyrgur eigandi. Svo birtist hann hér á hafnarbakkanum og það fyrsta sem ég sá var framrúðan. Flott, hugsaði ég, framrúðan er alla vega í honum. Svo kom í ljós að hann hafði alveg sloppið og ég var mjög lukkulegur."

Fyrstu Chrysler PT Crusier-bílarnir komu á markað árið 2000 en útlitsleg hönnun þeirra er sótt til fyrri hluta fjórða áratugarins. Þeir eru að öðru leyti nýmóðins og ákaflega þægilegir að sögn Jóhanns. Hann segir marga bíla sömu gerðar hér á götunum enda hafi Ræsir flutt þá inn frá Þýskalandi, þó ekki með 2,4 vél eins og hans bílar eru. „Mér hefur oft dottið í hug að reyna að hóa saman eigendum þessara bíla og stofna klúbb PT Crusera," segir Jóhann. „Þetta eru svo spes bílar að það hlýtur að vera spes fólk sem á þá."

*gun@frettabladid.is*



**Skraut** í bílinn getur verið skemmtilegt að hafa. Gæta þarf þess þó að skrautið byrgi ekki útsýn út um framrúðu bílsins eða geti slegist til.










FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

**Bifreiðaeigendur athugið!**
Allar almennar bílaviðgerðir:
Smurþjónusta:
Hjólbarðaþjónusta:
Tímapantanir í síma
**535 5822**





allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




Toyota-umboðið er með ýmis tilboð þessa dagana.

# Páskahátíð hjá Toyota

***Toyota á Íslandi býður landsmönnum í páskahátíð í Toyota-umboðinu.***

Mikið er um dýrðir hjá Toyota þessa dagana. Spennandi tilboð er nú á nýjum og notuðum bílum hjá Toyota og öllum fólksbílum fylgja sumar- og vetrardekk. Allir þeir sem reynsluaka fara í pott þar sem hægt að vinna flugmiða fyrir tvo með Icelandair.



Hinir fyrstu sem koma og reynsluaka fá páskaegg. Léttar veitingar eru í boði og allir eru velkomnir. Það má segja að páskarnir komi snemma í ár hjá Toyota. *- mmr*



Sync-tæknin gerir bílnum kleift að hlusta á rödd ökumannsins þegar hann gefur skipanir.

# Bíll sem hlustar á bílstjóra sinn

***Brimborg frumsýndi um síðustu helgi nýja tækni frá Ford og Microsoft sem kallast Sync.***

Sync-tæknin er raddstýring í Ford Edge og er m.a. fyrir farsíma og mp3. Þessi tækni gerir bílnum kleift að hlusta á rödd ökumannsins þegar hann gefur skipanir um að ökumaðurinn vilji spila tónlist, hringja eða svara í símann.

Þetta eykur óneitanlega öryggið í umferðinni og ökumennirnir eru allan tímann með báðar hendur á stýri þegar tónlist er spiluð eða þegar síminn hringir.

Forvitnir eru hvattir til að kynna sér þessa nýju tækni sem kemur skemmtilega á óvart. *- mmr*


Jeppaferðin hefst hjá okkur

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is




Arctic Trucks, Kletthálsi 3, 110 Reykjavík



Víða má vinna fjallakofa þar sem gott getur verið að hvíla sig. Þessi heitir Skæruliðaskáli og er hjá Ólafsskarði. MYND/HÁVARÐUR OLGEIRSSON

# Upp um öll fjöll

***Fram undan er einn uppáhaldstími vélsleðafólks, páskafríið, en þá er tilvalið að nota tímann og þeysa upp um fjöll og firnindi.***

Þótt sumir bölvi snjóþyngslum um páskana eru aðrir sem fagna hverju snjókorni sem fellur úr loftinu. Meðal þeirra er fjöldi vélsleðafólks sem notar fríið til þess að ferðast á sleðunum sínum um landið og leika sér.

*- eö*



Það getur verið auðvelt að festa sig.



Skyggnið er ekki alltaf gott.



Gott er að á í skjóli við klettavegg.





IVECO
ALL BLACKS
OFFICIAL GLOBAL SPONSOR

- Sparneytnari
- Hagkvæmari í rekstri
- Umhverfisvænni
- Kröftugri
- Liprari
- Þægilegri
- Vandaðari
- Íburðarmeiri

Hafðu samband við sölumenn okkar strax og tryggðu þér eintak.

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16, Reykjavík
Gleráreyrar 2, Akureyri
Sími 588 2600
www.velaver.is

KOMIS SAMOCHODOWY

CARMAX.is

**oferuje:**

- pomoc w zakupie lub sprzedaży samochodu
- sprzedaż gotówkową lub autokredyt
- formalności i ubezpieczenie zalatwiamy na miejscu
- w swojej ofercie posiadamy 550 aut
- juz od 40 tyś.

Z komisem samochodowym CARMAX zaoszczędzą Państwo czas. A czas to pieniądz

**CARMAX • Hyrjarhöfði 2**
**Tel. 540 5800 • www.carmax.is**

# Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

**Þú hlustar á Í bítið þegar þér hentar á visir.is.** Í bítið á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi frétta- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni líðandi stundar ásamt Gissuri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

VISIR.IS
...ég sá það á visir.is



**Sandalar** og ermalaus bolur skulu vera í töskunni þegar haldið er til sólarlanda. Einnig er gott að hafa með sér sólgleraugu, handklæði og sólaráburð.






# Inn í hjarta Katalóníu

***Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa skipulagt ferð til Austur-Pýreneafjalla í lok apríl.***



Gangan um Pýreneafjöllin er þægileg og létt og hæfir því öllum.

„Þetta er fyrsta ferð Íslenskra fjallaleiðsögumanna til þessa gósenlands fjallaáhugafólks og er stefnan tekin inn í hjarta Katalóníu, á sjálfan Canigou-tindinn, þjóðartákn Katalóníubúa. Canigoutindur rís tígulegur upp af grænum sléttum Prades, þar sem Miðjarðarhafsloftslag og flóra ráða ríkjum,“ segir Dagný Indriðadóttir leiðsögukona sem verður fararstjóri í gönguferðinni.

Á tindinum sjálfum má hins vegar gera ráð fyrir snjó og harðgerðari plöntum enda rís hann í 2.784 metra hæð. Eins og gefur að skilja er gróðurfarið afar fjölbreytt, og landslagið býsna ólíkt því sem við eigum að venjast, gljúfur, gil og granítveggir. „Það er fleira en landslag og gróðurfar sem hugað verður að en menning og hefðir Katalóna eru um margt áhugaverðar. Gisting er alla jafna í bændagistingu í fjallaþorpunum þar sem hægt er að fá líferni heimafólks nánast beint í æð, bragða á fjallaostum og dreypa á fjallavíni,“ útskýrir Dagný.

Gengið verður í fimm daga og meðal annars á Canigou-tindinn. Alltaf er gengið á göngustígum sem gerir gönguna létta og þægilega. Þetta er ferð sem hentar öllum þeim sem hafa áhuga á því að kynnast nýju umhverfi og upplifa stórbrotið umhverfi. Öll leiðsögn verður í höndum heimafólks, sem gerir gæfumuninn þegar framandi staðir eru heimsóttir. Flogið verður til Barcelona í morgunflugi og við lendingu tekur staðarleiðsögumaður við hópnum og er fyrsti áfanginn akstur til þorpsins Villefranche de Conflent, sjarmerandi sveitaþorps þar sem hin raunverulega ganga hefst.

Allar nánari upplýsingar um ferðina er að finna á heimasíðu Íslenskra fjallaleiðsögumanna, www.fjallaleidsogumenn.is.

*mikael@frettabladid.is*




Heimsferðir bjóða einstök tilboð til Barcelona í mars og apríl. Í boði er frábært tilboð á þriggja nátta helgarferðum, 28. mars, eða 10. apríl, fjögurra nátta helgarferð 3. apríl og á flugsætum á fjölmörgum dagsetningum í mars og apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

**Kynntu þér fjölbreytt tilboð til Barcelona og fleiri borga í vor á www.heimsferdir.is**

**Verð kr. 9.990**
Netverð á mann, flugsæti aðra leið með sköttum. Gildir í flugi frá Keflavík á mánudögum og flugi frá Barcelona á fimmtu- eða föstudögum í mars og apríl.

**Verð kr. 44.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Aragon *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

**Verð kr. 49.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Princesa *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

**Verð kr. 52.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Plaza **** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra nátta helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM32612












Læknishúsið er meðal þeirra húsa sem vitna um mannlífið á Hesteyri áður fyrr.

# Heillandi heimur

***Átján manna hópur á vegum Ferðafélags Íslands heldur í páskaferð á Hornstrandir.***

„Hornstrandir eru ólýsanlega heillandi heimur þar sem maður og náttúra verða eitt,“ segir Sigrún Valbergsdóttir, annar tveggja leiðsögumanna í páskaferð Ferðafélags Íslands, þegar hún er innt eftir fróðleik um hið fyrirheitna land. Hún hefur dvalið á páskum á Hornströndum í tíu ár og á ekki erfitt með að fljúga þangað í huganum. Hinn leiðsögumaðurinn í páskaferðinni er Bragi Hannibalsson.

Flogið verður til Ísafjarðar á skírdagsmorgun og farið beint með báti til Hesteyrar í Jökulfjörðum. Þar verður gamli Læknisbústaðurinn vakinn af vetrardvala því hann verður bústaður ferðafólksins fram á annan í páskum.

„Það er ekki síst fyrir töfra þessa húss sem tilhlökkunin er mikil vegna ferðarinnar. Það er ekki hægt að hugsa sér yndislegri íverustað og það í þessu magnaða umhverfi,“ segir Sigrún. Hún segir stefnt að löngum gönguferðum á hverjum degi, t.d. að Sléttu, Stað í Aðalvík og í Stakkadal. Einnig á nálæg fjöll, svo sem Nasa, Mannfjall og Kagrafell. Allt segir hún þó háð veðri og færð.

Annan í páskum er hópurinn sóttur að Hesteyri, tímanlega fyrir kvöldflug til Reykjavíkur. „Það eru forréttindi að komast í þessa ferð. Við verðum eflaust einangruð á svæðinu og eina lífveran sem við viljum ekki mæta þar er ísbjörn,“ segir Sigrún Valbergsdóttir að lokum.

*- gun*

**Rósamunstraða** kjóla á að draga fram núna þegar sólin hækkar á lofti. Litrík munstur og flotta skó til að koma sumarskapinu í gang eftir gráan veturinn.



# Nína fína – frá Kína

***Blómahúfur og kjólar úr hinu dúnmjúka flísi eru hönnunarvara Jónínu Loftsdóttur kennara. Hún lætur framleiða hana fyrir sig í Kína – með merkinu Nína fína.***



„Mér finnst flísið svo þægilegt í meðhöndlun," segir hönnuðurinn Jónína Loftsdóttir sem á vefverslunina www.ninafina.is FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég byrjaði á þessum saumaskap þegar ég var í kennaraverkfallinu 2004. Ég var svo blönk og mér leiddist. Síðan spurðist þetta út og ég hafði svo mikið að gera að ég annaði því ekki með vinnunni. Þá ákvað ég að fara að versla við Kínverjana." Þannig lýsir Jónína aðdraganda þess að hún er farin að láta sauma fyrir sig fatnað austur í Kína sem síðan er til sölu í nokkrum ferðamannaverslunum hér og einnig á vefversluninni www.ninafina.is.

Barnafatnaður er í fyrirrúmi hjá Jónínu. Húfur fyrir bæði kyn og kjólar á litlar dömur. „Þegar stelpan mín var á leikskóla vildi hún á tímabili bara vera í kjól og mér fannst svo lítið úrval af hlýjum kjólum. Þá fékk ég hugmyndina að flískjólum handa litlum prinsessum sem nota ekki buxur," lýsir Jónína og heldur áfram. „Síðar ákvað ég að gera líka kjóla á fullorðna. Vinkonur mínar eru miklir útivistargarpar og töluðu um að það væri gaman að geta klætt sig upp fyrir kvöldvökur í fjallakofum. Ég varð við áskoruninni og slíkir kjólar hafa slegið í gegn. Húfur á fullorðna af báðum kynjum hafa líka bæst við framleiðslulínuna."





Jónína kveðst hafa lokið námi frá Myndlista- og handíðaskólanum 1993. Þar hafi áhuginn á hönnun kviknað. Frjór og skapandi textílkennari í Kennaraháskólnum hafi síðar tendrað hann upp á nýtt.

Hún er samt kennari í fullu starfi við Lágafellsskóla í Mosfellsbæ og hefur hönnunina í hjáverkum. En af hverju flísföt? „Mér finnst flísið svo þægilegt í meðhöndlun. Maður hendir fötunum í þvottavélina og þau koma eins og ný út og perlur og pallíettur haldast óskemmdar ef flíkin er þvegin á röngunni."

*gun@frettabladid.is*



*Verslaðu þar sem úrvalið er*
**www.vefta.is**
Vefta
Tiskuföt Hólagarði
s: 557 2010


Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

MÓTUN
Leir og tengd efni
Ný námsbraut - leið til BA gráðu við erlenda háskóla.
Námið er tilraunastofa þar sem efni, aðferðir og hugmyndir mætast.
Umsóknarfrestur til 28.maí 2008
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ
Eins árs undirbúningur fyrir nám í hönnun - myndlist eða arkitektúr.
Góð reynsla - um 80% útskrifaðra nemenda fara áfram til náms á háskólastigi.
Fyrra inntökupróf 5.apríl 2008
Umsóknarfrestur til 25. mars 2008
Síðara inntökupróf 31.maí 2008
Umsóknarfrestur til 26. maí 2008
www.myndlistaskolinn.is
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
Hringbraut 121 • 107 Reykjavík • sími 551 1990

Hringdu í síma
512 50 60

ef blaðið berst ekki





Daihatsu Sharade '95 ek. 122, 1300, GTI look. Mikið endurnýjaður V. 190 þ. Nýsk. S. 821 4616.


Toyota Land Cruiser 120 GX 05/06. Ljósgrár, dísel, ssk., ekinn 31þ. Filmur og dráttarkúla. Litur mjög vel út. Verð 4950 þ. Uppl. í s. 896 6766.


Toyota Avensis árg.'98 ek. 142 þ. Toppeintak litur alveg rosalega vel út. Bíllinn er sjálfskiptur með 2000 vél. Allt rafdrifið, filmur í rúðum, dráttarkrókur og plastskel í skotti. Verð 590 þ. S. 664 8363.


Ford Fiesta, árg.'00 til sölu, ek. 97þús. Nýtt púst, nýsk. Uppl. í síma 660 2619.


Land Cruiser 80VX '91, 44" breyttur ný dekk. afturhásing færð í botn, sérsmíðuð framhásing og fjöðrunarkerfi, hlutföll, ný skipting og tjúnaður mótor. Aukahl. 230L tankur, loftdæla, 38" gangur, gps tengi, 230 spennir, fartölfuborð og kastarar. S. 860 9025 & 869 3242.


Dodge Grand Caravan/ný dekk! árg.'00 SE, 3,8 vél, sjálfskiptur, m./dráttarbeisli, litaðar rúður, ekinn 84 þús. mílur. Áhvílandi 730 þús. 300 þús. milligjöf. Upplýsingar í síma 821 3990.


VW Touareg 2004 V8 Premium. Ek. 79þ. km. Grár, loftpúðafjöðrun, dráttarkr. ofl. Nýyfirfarinn af Heklu. Verð 3.650 þús. Sími 690 6849, Hrafn.


Toyota Hilux dc með extra Cap palli, óriðgaður og flottur í lakki. Bensín 2.4 ek. 230 þús. V. 470 þús. Þarf að fara. S. 848 7958.


Land Cruiser VX 120 '06. Breyttur 38" Steingrár, ek. 35 þ. læsingar, hlutföll, beisli filmur ofl. S. 664 0201.


Ford Explorer 4x4 2006 ek. 47 þús. km. 7 manna. Leðursæti. Mitt verð 2,8 m. Rétt verð 3,5 m. Áhv. 1,7 m. Uppl. í s. 897 8808.


Mjög vel með farinn Suzuki Swift nýskr 9/'05 til sölu, ek. ca. 30 þús. vetrar og sumar dekk fylgja. er á álfelgum. Ásett v. 1300 þús. S. 869 2014.


**Rolls Royce Silver spirit '86 árg**
Ekinn 52 þús. km. Ryðlaus. 4.990þús. Bílamarkaðurinn Smiðjuvegi 46 S. 567 1800.


Til sölu Renault Megane árg. '00. Listaverð 475 þ. Fæst á 260 þ. Bíll í toppstandi. Ek. aðeins 77 þ. Uppl. í s. 898 8835.


Dodge Caravan langur árg' 96 ek. 241 þús.km. V6, 3,3, viðhaldsnótur. Heilsársdekk. Dráttarkrókur. 7 manna. Verð 190 þús. Ath skipti á ódýrari. S. 895 8956.


Santa Fe II Disil ssk. 12.07. Með nánast öllu, 19" álfelgur ofl ofl. getur fengist á yfirtöku láns. Skipti ath. Uppl. í s. 898 8228.

# Til sölu eftir tjón



## Sunna Líf KE-7 sknr. 1959

Sunna Líf er 11,23 brúttórúmlestir, smíðuð af Mánavör hf. árið 1988. Báturinn sökk við bryggju og selst í því ástandi sem hann er eftir tjónið. Aðeins er búið að þrífa vélarrúm og skola út vél og gír. Áhugasamir vinsamlega sendið fyrirspurn á **hlynur.jonsson@sjova.is.**



## LaserEye IPM3 X300 frá Marel

Vélin skemmdist við flutning og selst í því ástandi sem hún er. Áhugasamir vinsamlega sendið fyrirspurn á **olafuro@sjova.is.**

SJÓVÁ

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Bílamarkaðurinn

Stofnað 1974

Smiðjuvegur 46e gul gata - 200 Kópavogur
Bílasala sími 567 1800 - Ferðatæki sími 578 1974 - Fax 557 5210

BÍLAR OG VAGNAR



**Rolls Royce Silver Spirit árg 1986.**
**ek: 52 þ. km. Verð: 4.990 þ. kr.**
Í góðu ástandi-til sýnis Bílamarkaðnum



**Ford Edge SEL AWD 2007** # 180263 & 180270
**Lækkað verð, uppl sölumenn.**



**Mercedes Benz C-230 2007** ek: 3 þ.km.
**Lækkað verð, uppl sölumenn.**



**Toyota Yaris Sol 2004.** ek: 45þ.km verð 970þkr
**VW Golf GTi 2006.** ek: 17þ.km Raðnr:180310

**"Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi "..........**
**............Smiðjuvegur 46e-gul gata**

# Sími 567-1800

**Eigum mikið úrval af öllum gerðum bíla, yfir 1500 á skrá**
**Finndu drauma bílinn á ww.bbv.is**

**Opið: 10:00-18:30 laugardaga 11:00-17:00**

**Nýtt & gamalt!! Barnahorn, heitt á könnunni og gamli góði kandísinn í boði**



| Þröstur | Sveinbjörn | Aron Frank | Óskar |
|---|---|---|---|
| Sölustjóri | Sölumaður | Sölumaður | Sölmaður |
| 820-1401 | 820-1402 | 820-1403 | 820-1409 |

fyrirspurnir sendist á
bilamarkadurinn@bilamarkadurinn.is
**www.bbv.is**



Til sölu Lexus IS 300. árg. '01. Ek. 76þ. km. Áhv. gott lán. Verð 1990þús. S:823 3030



Honda Civic 1,6 VTI ('99) ek. 128 þ. verð 650 þ. Engin skipti, skoða stgr. Tilboð hafa samband við Steindór 860 5184.



**Ekinn 33þús.**
BMW 316i '00. Bsk. Umboðsbíll. Sumar/ vetrardekk. Fæst á yfirtöku 1050þús. S: 868 7326



Renault Traffic. Árg. '07. 115 diesel, hátekjubíll. Ek. 8 þús. Verð. 2,6. Uppl. s. 820 3880



**Fæst á yfirtöku**
Chrysler 300c, árg. '05, ek. 56 þús. Einn með öllu. Ca 50 þús á mán. Uppl. í s. 865 9558.



Honda Accord Comfort árg. '03, 2,0 ek. 69. Þús. Álfelgur, sumar+vetrardekk. Góður bíll. Áset verð 1.5 m áhvílandi 600 þús. Uppl. 699 5451.



Toyota Yaris Terra árg. '02 ek. 101 þús. Frábært eintak, mjög sparneytinn! Verð 600 þús. S. 690 0122.



Opel Vectra 99 ek. 153þ. V. 260þ. Ath skipti á dýrari jeppa uppl. 660-7037



BMW 523i 8/99 ssk. leður,álfelgur,sími,cd,sk.09,ath.skipti.S:661-8000



Audi A4 2.L Turbo Quattro árg.07 ek.17þús 250hestöfl. Leður,lúga sjálfsk. verð 4290þús staðgreiðsa á gamla genginu 3900þús S:821-4068



M. Benz árg. '07 diesel ek. 26 þ.km Vel búinn. Verð 6500 þ. S. 898 9110.



**Fæst gegn yfirtöku**
Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.890.000. lánið er 4,9m uppl í 844-0542



WV Bjalla árg. 2002. 17" álfelgur. Ekinn aðeins 65 þ. Verð 1.390 þ. Sími 660 2058.



MMC Colt árg. '97-'98. Ek. 172 þ. Ný heilsársdekk. 3 dyra. bsk. Verð 240 þ. Uppl. í s. 659 3459.



Chevrolet Astro árg. '95, heillegur bíll, þarfnast lagfæringar. Verð 150 þús. S. 659 3459.

**Skoda Octavia Elegance 1,8 turbo station**
Til sölu vel með farin Octavia station árg. 2003, ek. 98 þús. Frábær fjölskyldubíll með miklu farangursrými og dráttarkúlu. Verð 1.150 þús. Áhvílandi 550 þús. Nánari upplýsingar í síma 691-3328

**Gullmoli**
Til sölu Renault Megane Station árg. 2000, ek. aðeins 97 þús. Verð 560 þús. Gott áhvílandi lán. Uppl. í s. 867 3954.

VW Polo, ljósgrænn. Árg. '98, Ek. 177 þ.km. Í góðu standi. Tilboð óskast. Uppl. S. 847 6646.

Corrolla L/B, 4 dyra. Ek. 176 þús. Bsk. 1600, rauður. Ásett 350 þús. Get sent myndir. Uppl. Email. hb2@hive.is S. 868 0820.

Tilboð óskast. Raunault Megane '98 ek. 126 þ. Þarfnast lagfæringar. S. 691 1164.

Mitsubishi - L 200. Skráður 09/2003. Ekinn 27000 km. Sjálfskiptur, með pallhúsi og dráttarkrók. Vel með farin. Enginn skipti. Verð kr.1.990.000. Uppl. í síma 892 0224.

Til sölu Toyota Corolla árg. '96 ek. 184 þús. Tilboð óskast! S. 857 3791.

**Mega bull tilboð!!!!!!**
Toyota Corolla L/B nýskr. 6/2000 ekinn 141 þ. km, 5 gíra, 1.4 vél, ljósgrár, sumar og vetrardekk. Verð 490.000. Tilboð 350.000. Uppl. í síma 863 0149.

Nissan Micra GX 1300 árg. 2000. Ek101 þ.km ssk. Ný sum + vetrade. V.420 þ. S. 615 4606.

Opel Corsa árg. '01, ek. 130 þ. mjög sparneytinn, nýtt lakk. v. 400 þ. S. 869 1933.

Óska eftir litlum eða meðalstórum sjálfskiptum bíl staðgreiðsla 50 þ. - 150 þ. S. 822 1502.

Gamall Musso til sölu þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. S. 840 4525.

Plymouth Voyager árg. '97 ek. 168 þ.km. Í mjög góðu standi. Sumard. án felgna fylgja. Verð 250 þ.S. 848 2864 & 587 8614.

Bíll á 100 þús. Golf station árg. '96. Uppl. í S. 663 0702 Ellen.

Blár VW Golf '98 til sölu. Ek. 133 þús. km. er í góðu standi. Sumardekk á felgum fylgja. V. 190 þús. Davíð, S. 892 2836.

Til sölu Suzuki Grand Vitara ssk., árg. '03 ek. 22 þús.km. Uppl. í s. 899 1890 .

## 0-250 þús.



Hyundai Starex 4x4 disel árg.'99. Ek. 142 þ. Vel með farinn, 7 manna frábær fjölskyldubíll, lúxus innrétting, ný tímareim, dráttarbeysli, ný skoðaður '09, ný Michelin nagladekk. Verð 790 þ. Uppl. í síma 664 8363.



Ski Doo 670 Grand Touring til sölu Árgerð '96. Ekinn 6500 km. Fæst á 200 þús. stgr. Uppl. í síma 893 1708.



VW Golf '96, 3 dyra, 5g, ek. 219 þús. Verð 160 þús. Uppl í s. 659 3459

BMW 316 árg. '93. ek. 235 þús. Verð 150 þús. Uppl. í s. 849 6553.

**Ódýr - Góður**
Renault Megane classic árg. '99 ek. 123 þ. ssk., dráttark. Listav. 430 þ. Fæst á 230 þ. S. 694 2329.

Saab 9-3, árg. '98, úrbrædd vél, nýtt púst og rafgeimir. Uppl. í S. 551 1409-864 0409.

Til sölu Honda Accord Árg. '90. 2000 Sjálfsk. Ek. 184þ. Verðtilb. Uppl í s:840 6548

## 250-499 þús.



**- 50% afsláttur -**
Nissan Almera Luxury 1800 vél '01. Verð 300 þ. Uppl. í s. 863 7779.



Toyota Corolla, árg. '98, ek. 128 þús. Ssk. Mikið endurnýjaður. V. 390 þús. Uppl. í s. 821 4866.



Til sölu Ski-Doo MXZ 700. Vel með farinn og vel útlítandi sleði. Verð 380.000. Upplýsingar í síma 892 2879.



Til sölu Ski-Doo MXZ 800 (Adrenaline) Vel með farinn og vel útlítandi sleði. Verð 430.000. Upplýsingar í síma 892 2879.



Daihatsu Terios 98, ekinn 114 þ. Mjög gott viðhald. Verð 290 þ. S. 866 4414.



VW Passat Comfortline árg. 4/'97, 1.8 ssk., 165 þ.km, næsta skoðun 3/'09. Tímareim skipt 100.000 km, S/V dekk. Verð 405 þ. S. 664 2636.



Opel Tigra '99 ek. 96 þ. 106 hö. Er á nöglum, 2x heilsársd. fylgja. V. 320 þ. kr. S. 699 3719.



Til sölu VW Golf árg. '98, ek. 120 þús. km. Ný yfirfarinn, ný tímareim. Góður bíll. Verð 370 þús. stgr. Uppl. í s. 898 2111.

YARIS '99 420Þús 3 dyra gylltur, ek.168þús,áhvíl um 230þús GSM 898 4426

## 500-999 þús.



100% lán, 20-22 á mán. VW Golf 1.6 Comfort 04/00 ek 98þ. Ásett 790þús. áhv.720. Ný tímareim ofl. Topp bíll. Uppl. 8650608.



VW Passat árg. '99, ek. 135 þús. km. Ný dekk. Sk. '09. Gullgallegur bíll. Verð 490 þús. stgr. Uppl. í s. 898 2111.



Volvo S40. árg.'01, ek. 117 þ. ssk. vet/ sum dekk. Verð 999.000.- 22 þús. á mán. ný tímareim. S. 860 0341.

Til sölu Ford Explorer 1998 4.0 L205. Hestöfl, leður áklæði, vetrardekk/sumardekk, krókur. Ekinn 153000. Tilboð 590.000 kr. Simi 699 4513.

Nissan Primera station. 2.0 '00 ekinn 149 þús. Verð 530 þús. Uppl. í síma 696 3087.

## 1-2 milljónir



Nissan Patrol SE+ 2.8 Diesel árg.'99 Ekinn 150.000, 35"dekk, Sumar- og vetrardekk. Ásett verð 1.590 þús. Uppl. í síma 894-8299



Toyota Avensis '02 ek. 63 þús. bsk. 17"álf. eða 15"sumard. 1.050 þús. Uppl. í s. 899 0782.



M. Benz E240 '99 ek.180.000. Áhv. 1.030.000. Verð 1.290.000. Sími 868 1454 & 659 2761.



Chevrolet Aveo 2007 ek. 15 þ., bsk., álfelg., áhv. 980 þ. afb. 16 þ. Verð 1350 þ. S. 660 2063.

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 15. MARS 2008

● **HEIMILI**

## Eins og lávarður í lokrekkju

● **HÖNNUN**

## Langspil með galdratákni

● **STÍLL**

## Þrír unglingar teknir tali






TENGI

Mikið úrval hreinlætistækja

Hannaðu heimilið með Tengi

Smiðjuvegi 76 Kópavogur | Baldursnes 6 Akureyri | www.tengi.is | Opið virkadaga 8.00 -18.00 laugardaga 10.00 -15.00



HEIMILISHALD

MIKAEL MARINÓ RIVERA

# Rauðvín í mjólkurglasi

Heimilisstörfin eru jafn misjöfn og þau eru mörg og hef ég í gegnum tíðina tekist á við þau öll með misgóðum árangri. Þrátt fyrir að ég geri heimilisverkin er ekki þar með sagt að mér þyki þau sérstaklega skemmtileg. Í raun finnst mér þau öll heldur leiðinleg en bara misleiðinleg.

Ég hef því að gefnu tilefni útbúið lista yfir leiðinlegustu húsverkin þótt mitt mat á húsverkum þurfi ekki endilega að endurspegla mat þjóðarinnar.

10. Að þurrka af. Aldrei er öllum smáhlutunum á heimilinu blótað eins mikið og á meðan þurrkað er af, þar sem öllu, litlu sem stóru, þarf að strjúka af.
9. Að ryksuga. Stórlega ofmetin skemmtun. Það er vonlaust að redda stemningunni með tónlist þar sem það heyrist ekkert fyrir hávaðanum í ryksugunni.
8. Að vaska upp. Þetta verk getur tekið sinn tíma og stundum erfitt að finna þolanlegt hitastig á vatninu. Það er ekki að ástæðulausu að ég býð upp á plastglös í partíum.
7. Að þrífa glugga og spegla. Einhverra hluta vegna þarf fólk alltaf að vera sípotandi í spegla og glugga. Hendur í vasa, takk, og ekkert óþarfa káf.
6. Að þrífa ofan af eldhússkápum. Það heimilisverk sem er sjaldnast framkvæmt á íslenskum heimilum, sem er ekki skrítið þar sem það getur verið vafasamt að klifra upp á eldhúsinnréttingarnar. Þær eru nefnilega ekki hannaðar með það í huga að hægt sé að smella sér í öryggislínu.
5. Að þvo þvott. Eintómur hausverkur því það þarf að sortera þvottinn og því lendir maður kannski í því að þvo tvær vélar í stað einnar. Svo er ekki nóg að setja í þvottavélina, heldur þarf að taka úr henni og hengja svo upp allt draslið.
4. Að þrífa rimlagardínur. Uppfinning sem var ekki hugsuð til enda. Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess að auðvelt að sé að þrífa þetta? Ég auglýsi hér með eftir heimilisfangi þess sem fann upp rimlagardínurnar; ég þarf nauðsynlega að ræða við hann.
3. Að fara út með ruslið. Alltaf slæm tímasetning þegar það þarf að fara út með ruslið. Maður er undantekningarlaust búinn að koma sér vel fyrir þegar vellur upp úr ruslafötunni. Íslensk veðrátta bætir ekki úr skák þegar farið er með ruslið út í tunnu.
2. Að þurrka upp eftir uppvask. Skelfilegt sport fyrir þá sem ekki eiga uppþvottavél. Rauðvínsglös eru vegna lögunar sinnar versti óvinurinn. Góð lausn er að drekka rauðvín úr mjólkurglasi, því þá kemst bæði meira í glasið og aðgengi fyrir uppþvottaburstann betra.
1. Að skipta um sængurföt. Ég forðast þetta verk eins og heitan eldinn enda er það nánast brot á mannréttindum. Ég átti til sem unglingur að strjúka að heiman þegar mér var gert að skipta um á rúminu en í dag tek ég það í þrem til fjórum atrennum. Án nokkurs efa leiðinlegasta húsverkið og ekki fyrir hvern sem er að eiga við.

# Langspil með galdratákni

Tónskáldið Jón Hlöðver Áskelsson smíðaði langspil sem er honum kært þegar hann var við nám í Austurríki á sjöunda áratugnum.

Jón Hlöðver Áskelsson, sem er einn af skipuleggjendum AIM Festival á Akureyri, það er Akureyri International Music Festival, stundaði nám í tónlistarkennslu við Orff Institute í Salzburg en það tengist Mozarteum-tónlistarháskólanum. Þar var meðal annars boðið upp á námskeið í hljóðfærasmíði.

„Við vorum þarna tveir Íslendingar og okkur datt í hug að það væri gaman að hafa smíðað eins og eitt langspil um dagana. Við fengum teikningar hjá fiðlusmiði og hófumst handa,“ rifjar Jón Hlöðver upp. Hann sagaði síðan út fornan galdrastaf í spilið til skrauts.

„Stafurinn á að örva hugarflug en í starfi mínu sem tónskáld og á öðrum sviðum hef ég oft þurft á því að halda að fá góðar hugmyndir,“ segir Jón Hlöðver.

Hann var lengi skólastjóri tónlistarskólans á Akureyri og hefur skipulagt tónleika af ýmsu tagi. Hann er einn af stofnendum og skipuleggjendum AIM Festival en hátíðin verður haldin í þriðja skipti dagana 12. til 15. júní. Þar verður meðal annars boðið upp á djass, popp og klassíska tónlist frá ýmsum heimshornum.

„Við viljum bjóða upp á allar tegundir tónlistar en leggjum ríka áherslu á að hún sé vönduð á hverju sviði og fáum til okkar bestu flytjendur sem völ er á. Ég vonast til að með þessum hætti geti orðið ákveðið smit á milli greina. Til dæmis að popptónlistarmaðurinn fái smjörþef af djassinum eða klassíkinni og öfugt,“ segir Jón Hlöðver.

Í fyrra komu um 90 íslenskir og erlendir flytjendur fram á hátíðinni og er undirbúningur fyrir næstu hátíð í fullum gangi. *- ve*



Jón Hlöðver með langspilið sem hann smíðaði í Austurríki á sjöunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Langspilið er Jóni afar kært, enda notar hann það til að fá góðar hugmyndir.



**Forsíðumynd:** Nordic Photoes/Getty Images. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

## hönnun

**FRAMÚRSTEFNULEGIR STÓLAR**

Cedri/Martini universe hanna húsgögn með framúrstefnulegri lögun og er hægt að fá frumlegar hillur, borð og stóla.

Þessi stóll heitir Y og fæst ýmist glerhúðaður eða krómaður. Stóllinn til hægri er eftir sömu hönnuði. Hægt er að sérpanta hvaða lit sem er á www.cedrimartini.it








Vörn gegn brunaslysum • Tvöfalt brunaöryggi
Termix hitastýring fyrir setlaugar frá Danfoss

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Ódýr og hagkvæm lausn
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu

Danfoss
www.danfoss.is
STILLUM HITANN HÓFLEGA
www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins


PÁSKALEIKUR FREYJU
FINNDU ÆVINTÝRAMIÐANN Í ÞÍNU EGGI
OG TAKTU ÞÁTT Í SPENNANDI PÁSKALEIK FREYJU.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ STÓRSKEMMTILEGA VINNINGA!
1. VERÐLAUN
SANNKÖLLUÐ ÆVINTÝRAFERÐ
TIL DISNEYLANDS Í PARÍS
fyrir fjölskylduna; flug til Parísar, hótelgisting og miðar í garðinn.
2. VERÐLAUN
WII LEIKJATÖLVUR
frá ORMSSON
3. VERÐLAUN
BÍÓMIÐAR FYRIR TVO
á ævintýramyndina Spiderwick Chronicles
eða skemmtilegur varningur tengdur myndinni.
FREYJA
www.freyja.is



Herbergið hans Hermanns er að mestu innréttað af mömmu hans og pabba. Svefnloftið sparar mikið pláss og Hermann á ekki í nokkrum vanda meða klifra upp sama hversu þreyttur hann er á kvöldin.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hermann notar herbergið sitt aðallega sem svefnherbergi. Unglingaherbergið í bílskúrnum er hins vegar tómstundaherbergið þar sem hægt er að vera í tölvunni, horfa á flatskjáinn og spila borðtennis. Íþróttir spila stóran sess í lífi Hermanns sem hefur prýtt veggina með verðlaunapeningum og myndum af fótboltahetjum.



Fermingarfötin eru tilbúin fyrir morgundaginn. Hermann er með sjónvarp inni hjá sér en horfir þó oftast frammi eða í unglingaherberginu í bílskúrnum.

# Íþróttaherbergi með svefnlofti

Hermann Árnason fermist á morgun í Grafarvogskirkju. Veislan verður haldin heima þar sem nítíu manns ætla að fagna þessum tímamótum með honum. Í herbergi Hermanns er allt á vísum stað og tilbúið í veisluhöld. „Ég er búinn að eiga þetta herbergi í tvö ár, síðan við fluttum í þetta hús,“ segir Hermann, sem sefur á svefnlofti fyrir ofan hurðina.

„Herbergið var svona útbúið þegar við fluttum hingað,“ segir Hermann og bætir við að ekkert vandamál sé að klifra upp stigann þótt hann sé orðinn þreyttur.

Mamma og pabbi Hermanns völdu að mestu leyti húsgögnin, en brúni liturinn sem prýðir einn vegginn er þó hugmynd Hermanns. „Ég er ekki með neinn sérstakan stíl og ég hef í raun leyft mömmu og pabba að velja flest. Rúmið er það mikilvægasta fyrir mig, þar sem ég sef vel,“ segir Hermann sem æfir fimm til sex sinnum í viku fótbolta með Fjölni. Herbergið ber vott um mikinn íþróttaáhuga og á veggjum hanga bæði verðlaunapeningar og íþróttatreflar.

„Fótboltinn er mjög skemmtilegur og ég ætla að spila eins lengi og ég get. Síðan kemur bara í ljós hvort ég verði nógu góður til að stefna í átt að atvinnumennsku seinna,“ segir hann.

Önnur áhugamál Hermanns koma einnig bersýnilega í ljós því í einu horni herbergisins er forláta bassi. „Hljómsveitin mín heitir Zapp. Við spilum samt ekki mjög mikið núna en höfum þó aðeins verið að spila í skólanum,“ segir Hermann sem býst ekki við frama sem rokkstjarna.

Þegar vinirnir koma í heimsókn eru þeir að sögn Hermanns mest frammi eða í unglingaherberginu. „Ég er með unglingaherbergi í bílskúrnum. Þar er ég með tölvu, borðtennisborð og flatskjá. Í aðalherberginu mínu er ég eiginlega bara til að sofa.“

Fermingarfötin hanga tilbúin á skápnum. Fyrir valinu urðu sígild jakkaföt og bleikt bindi sem Hermann valdi í fyrstu búðinni sem hann kíkti í. Gjafirnar eru hins vegar að hans sögn ekki svo mikilvægar.

„Ég á eiginlega allt sem mig langar í svo ég er ekki svo mikið að pæla í gjöfunum,“ segir Hermann sem er hins vegar með framtíðarplönin á hreinu. „Mig langar að verða ríkur og búa á Íslandi. Síðan væri ágætt að eiga hús í Flórída,“ segir hann og finnst ekki ósennilegt að hann leiti þá ráða hjá mömmu og pabba við innanhússhönnunina. *-rh*

# Breikað heima

Steinunn Halla Geirsdóttir fékk á sínum tíma heilt herbergi í fermingargjöf og hefur gjöfin komið að góðum notum.

„Herbergið er eiginlega eins og stúdíó-íbúð. Það er niðri í kjallara og hef ég aðgang að sér baðherbergi,“ segir Steinunn Halla Geirsdóttir sem er nemandi í tíunda bekk í Austurbæjarskóla. Í þessum vistarverum fær hún góðan frið fyrir foreldrum sínum og litla bróður og um leið svigrúm til að vera unglingur. Hún er mikill breakari og var ákveðið að innrétta herbergið með það í huga að hún hefði aðstöðu til að æfa sig.

„Það var áður dúkur á gólfinu en ég fékk parket í staðinn. Á því er miklu betra að dansa. Síðan var keyptur svefnsófi til að gólfplássið yrði meira og svo skrifborð og hillur. Við máluðum veggina, sem áður voru gulir, hvíta og ég fékk graffarann Steina til að gera verk fyrir mig á vegginn,“ útskýrir Steinunn Halla.

Þar stendur B-girl, sem er skammstöfun fyrir break-stelpu, og fyrir neðan stendur „Sweet feet“ en undir því nafni kemur Steinunn Halla fram þegar hún dansar. Hún segist verja löngum stundum í herberginu og þangað venja vinir hennar ósjaldan komu sína.

Steinunn Halla hefur æft break í nokkur ár og hefur einnig aðstoðað break-kennarann sinn Natöshu Monay Royal við kennslu í Kramhúsinu og víðar. Hún hefur dansað með þó nokkrum break-hópum og er þessa dagana að æfa með „The Vicious Vikings.“

„Við stefnum að því að sýna á stórum hátíðum eins og menningarnótt og sautjánda júní en það höfum við gert síðustu ár,“ segir breikarinn ungi sem þarf þó að sitja límd við skrifborðið eitthvað fram á vorið enda á leið í samræmd próf. *-ve*



Steinunn Halla tekur gjarnan break-snúninga á gólfinu og verkið kemur henni í gírinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.
Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.
G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423

Jakkar Stuttkápur
Rússkinnskápur Dúnkápur
Vattkápur

Útsöluhornið enn í gangi
Opið laugardag 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518





Lovísa Oktavía fékk að ráða hvernig hún hefði herbergið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Réð útliti herbergisins sjálf

● Lovísa Oktavía, nemi í Verkmenntaskólanum, vildi einfalt og notalegt herbergi.

Lovísa Oktavía fékk því algjörlega ráðið hvernig herbergið hennar yrði á nýju heimili fjölskyldunnar. Hún er ánægð með afraksturinn.

„Herbergið mitt er mjög einfalt og stílhreint og laust við alla aukahluti," segir Lovísa Oktavía, sem er nemandi á fyrsta ári í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Gengið er inn í herbergi Lovísu frá anddyri hússins sem henni finnst vera mikill kostur. „Mér finnst afskaplega þægilegt að geta labbað beint inn í herbergið frá anddyrinu og það gefur manni líka smá frið."

Lovísa fékk því ráðið hvernig herbergi hennar liti út við byggingu hússins og ákvað að hafa það mjög einfalt og laust við óþarfa hillur. „Herbergið er mjög einfalt og stílhreint. Gólfefnin valdi ég sjálf og ég er mjög sátt að hafa sett upp aðeins eina hillu í herberginu því hillur gera fátt annað en að safna að sér óþarfa dóti sem maður getur alveg verið án," segir Lovísa.

Á þessari einu hillu í herberginu stendur verðlaunastytta sem Lovísa fékk fyrir bestan leik kvenna í aðalhlutverki í stuttmynd í stuttmyndasamkeppni í grunnskóla. „Ég lék í stuttmynd og sýndi í myndinni góðan leik og var valin besta leikkonan í aðalhlutverki. Þetta var rosalega skemmtilegt en ég hef nú ekki leikið mikið síðan," segir Lovísa, sem er mikil áhugamanneskja um skó og á um 25 skópör. Í herberginu hennar má finna fyrsta skóparið sem hún eignaðist. „Þetta eru skór sem mamma hélt upp á og ég var skírð í þeim," útskýrir Lovísa. *- mmr*


Herbergi Lovísu Oktavíu er stílhreint og bjart.


Þessir skemmtilegu skór eru hluti af safni Lovísu Oktavíu.


Lovísa Oktavía á næstum því 25 skópör.


Þessa styttu fékk Lovísa Oktavía fyrir bestan leik í aðalhlutverki kvenna.

## hönnun



**GÓLFSKRAUT** Límmiðaskraut á veggi hefur notið vinsælda að undanförnu en það má einnig nota til að lífga upp á flötuð gólf. Hér má sjá blómamunstur eftir bresku hönnuðina Mike og Katie. Þau búa til fígúrur og annað skraut sem er til þess fallið að gleðja og gera heiminn betri. Sjá nánar á www.domestic.fr



nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar
Tilboð fyrir 2
eða fleiri
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1295
krónur á mann
2590
krónur fyrir tvo
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1395
krónur á mann
2790
krónur fyrir tvo
Tilboð1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
Tilboð2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
Heilsuréttir Nings
Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli. Án salts og sykurs.
63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.
TRANS FITA
LO SALT
MSG
Við notum eingöngu kólesterólsnauða olíu í alla okkar steikingu og enga harða fitu.
Við notum eingöngu LO SALT sem inniheldur 65% minna sodium en venjulegt salt.
Við notum ekki MSG (verksmiðju framleitt bragðefni) í matargerð.
Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og högum innkaupum okkar í samræmi við það.
www.nings.is
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6
HLÍÐASMÁRA 12
OG VIÐ GULLINBRÚ
SÍMI 588 9899

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM













# Fyrir stóra krakka

Þótt bernskan sé að baki er ekki þar með sagt að maður þurfi að taka fullorðinsárin alltof alvarlega og verða einhver leiðindapúki með aldrinum. Ýmsum aðferðum má beita til að gera lífið skemmtilegt og eitt af því er að rækta barnið í sjálfum sér. Leikföng, eða að minnsta kosti munir sem kalla fram barnið í fullorðnum, eru kjörin leið til þess, og ættu meðfylgjandi myndir vonandi að vekja hugmyndir hjá hverjum þeim sem vill lífga aðeins upp á gráan hversdagsleikann.







**1. Date Ball í bleikum lit.** Fæst í Ranimosk á 1.950 krónur.

**2. Algjör engill.** Hvernig væri að smyrja nesti og fara með í vinnuna í svona skemmtilegri tösku? Fæst í Tiger á 400 krónur.

**3. Baulaðu nú, Búkolla mín.** Baukur úr Tiger á 400 krónur.

**4. Þótt flestir sendi orðið e-mail finnst mörgum gaman að fá sendibréf.** Ekki skemmir fyrir ef þau eru jafn falleg og Sukie-sendibréfin sem fást í Kisunni. Kassinn kostar 1.900 krónur.

**5. Þetta hressilega Ísland** er hægt að hafa með sér upp í rúm eða stilla upp í sófanum í stofunni. Fæst í Ranimosk á 1.800 krónur.

**6. Það hefur aldrei verið eins gaman** að vigta sig og með þessari hérna sem fæst í Tiger á 1.600 kr.

**7. Loðin bleik póstkort** eru vís með að bæta skapið. Fást í Ranimosk á 320 krónur.






# formúla 1

LAUGARDAGUR 15. MARS 2008

## Formúla 3 líka í beinni

**Íslendingarnir í Formúlu 3 verða í beinni á Stöð 2 Sport.**

BLS. 6





NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



# Skipt um gír í umfjölluninni um F1

**Keppnistímabilið í Formúlu 1 eða F1 hefst fyrir alvöru á morgun á Stöð 2 Sporti með Gunnlaug Rögnvaldsson í fararbroddi. Staðið verður fyrir magnaðri fjögurra daga kappakstursveislu fyrir hverja keppni í ár.**



Formúluteymið Rúnar Jónsson og Gunnlaugur Rögnvaldsson verða saman að lýsa Formúlunni á Stöð 2 Sport í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nú er löng bið senn á enda þar sem fyrsti kappaksturinn á keppnistímabilinu 2008 í Formúlu 1 fer fram í Melbourne í Ástralíu á morgun. Sjónvarpsstöðin Stöð 2 Sport stendur fyrir afar metnaðarfullri og glæsilegri dagskrá fyrir Formúlu 1 í ár og umsjónarmaðurinn Gunnlaugur Rögnvaldsson var fullur tilhlökkunar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í vikunni.

„Ég er náttúrlega mjög spenntur fyrir keppnistímabilinu í ár en er líka spenntur fyrir því að vera að vinna við Formúlu 1 á nýjum vinnustað og með nýju fólki. Það verður gríðarlega mikið lagt í umgjörð í kringum Formúlu 1 á Stöð 2 Sport í ár og segja má að það sé verið að skipta um gír í umfjölluninni og nú verður fylgst með öllu tengdu sportinu í kjölinn. Ég finn það bara sjálfur eftir að hafa snúist á fullu í þessu í tíu ár að maður fær algjörlega endurnýjun lífdaga við að finna metnaðinn og fagmennskuna sem er lögð í Formúlu 1 á Stöð 2 Sport,“ sagði Gunnlaugur sem kvað mikla vinnu vera að baki.

„Það er stórmál að koma svona dæmi á koppinn á nýjum stað og margt sem þarf að huga að, sérstaklega þegar umgjörðin er svona stór eins og raun ber vitni. Við fórum til Barcelona á dögunum til að fylgjast með lokaundirbúningi keppnisliðanna og notuðum þá tækifærið til þess að komast í sambönd við liðsstjórana, ökumenn og umboðsmenn þeirra til þess að undirbúa farveginn fyrir umfjöllun okkar á komandi keppnistímabili. Við eigum eftir að fara reglulega út til þess að safna efni og það er til að mynda stutt að fara til Bretlands þar sem sjö formúlulið hafa aðsetur,“ sagði Gunnlaugur sem telur að áhugamenn um Formúlu 1 eigi eftir að fá meira en nóg fyrir sinn snúð í ár.

„Þetta er allt annar handleggur það sem við erum að leggja út í núna og í alla staði mun faglegra. Þetta verður fjögurra daga kappakstursveisla frá fimmtudegi til sunnudags fyrir hverja keppnishelgi. Við byrjum á vikulegum þætti um Formúlu 1 á fimmtudögum en þættirnir verða á mannlegum nótum þar sem fræðingar úr Formúlugeiranum og aðrir áhugamenn koma í heimsókn og ræða um Formúlu 1 frá ýmsum hliðum. Á föstudögum verður bein útsending frá æfingum og á laugardegi bein útsending frá æfingu og tímatöku fyrir kappaksturinn. Á sunnudeginum verður svo bein útsending frá kappakstrinum og á sunnudagskvöld verður þáttur þar sem farið verður yfir atburði liðinna daga í Formúlu 1. Við munum líka lýsa einhverjum keppnum frá viðkomandi keppnisstað og það gefur útsendingunni enn meira gildi,“ sagði Gunnlaugur að lokum.

# Ferrari og McLaren berjast á toppnum

**Gunnlaugur Rögnvaldsson, umsjónarmaður Formúlu 1 á Stöð 2 Sporti, spáir í spilin fyrir komandi tímabil:**

Fréttablaðið bað Gunnlaug Rögnvaldsson um að setja sig í stellingar og spá fyrir um komandi keppnistímabil í Formúlu 1 og hverju áhorfendur Stöð 2 Sports gætu átt von á. Hann telur að Ferrari og McLaren eigi eftir að berjast um toppsætið bæði í keppni ökuþóra og bílasmiða.

„Mesta spennan verður að sjá hvernig Fernando Alonso til tekst hjá Renault-liðinu eftir að hafa farið í fússi frá liði McLaren að loknu keppnistímabilinu í fyrra. Alonso varð sem kunnugt er heimsmeistari með Renault-liðinu keppnistímabilin 2005 og 2006 og Renault-liðið vann þá stigakeppni bílasmiða bæði árin en gat ekkert í fyrra og það er spurning hvort tilkoma hans muni rífa Renault-liðið upp að nýju. Persónulega hef ég ekki trú á því að hann nái að vinna sigur í fyrstu mótunum í það minnsta,“ sagði Gunnlaugur.

„Heimsmeistarinn Kimi Räikkönen, hjá liði Ferrari, og Lewis Hamilton, hjá liði McLaren, eru vitanlega báðir sigurstranglegir en ég er mjög spenntur fyrir því að sjá hvað Heikki Kovalainen, nýi ökumaðurinn hjá liði McLaren, gerir því hann hefur verið mjög öflugur á æfingum í vetur og ég gæti trúað því að hann komi á óvart. Eins er Felipe Massa, ökumaður hjá Ferrari, líklegur til góðs árangurs. Hann var í titilbaráttunni framan af síðasta keppnistímabili en lenti í þremur bilunum sem voru ekkert af hans völdum og var eftir það í stuðningshlutverki við Kimi Räikkönen. Ég tel því að pörin hjá Ferrari og McLaren verði í toppbaráttunni í stigakeppninni en svo er spurning hvaða ökuþórar ná að stríða þeim í einstökum mótum,“ sagði Gunnlaugur sem tók dæmi um tvo ökuþóra sem geta komið á óvart.

„Á lokaæfingunni sem við vorum á í Barcelona á dögunum þá náði Jarno Trulli, ökumaður hjá liði Toyota, afgerandi besta tímanum og hann sagði sjálfur í viðtölum að hann teldi Toyota-liðið eiga nú meiri möguleika en áður á að blanda sér í toppbaráttuna. Eins tel ég að Williams-liðið með Nico Rosberg í fararbroddi eigi eftir að reynast toppliðunum skeinuhætt og Rosberg gæti verið að berjast um verðlaunasæti strax frá upphafi,“ sagði Gunnlaugur. *-óþ*


Gunnlaugur Rögnvaldsson spáir því að Nico Rosberg berjist um verðlaunasæti strax frá fyrsta kappakstri.




KYMCO
Better than Best
Loksins fáanlegt á Íslandi
Hjól sem farið hefur sigurför um heiminn
KYMCO
MXU 500 4x4
Með Götuskráningu
VDO
Borgartúni 36
Sími 588-9747
KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500
K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960
Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570 9860
Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767


Alvöru hjól
sem fer alla leið
LINHAI
50 ára
Afmælisútgáfa
Takmarkað magn
*aukahlutir á mynd: spil og kassi.
Þjarkur 4x4
*Hjólin koma götuskráð
VDO
Borgartúni 36
s: 588-9747
KS Skagafirði
Verslunin Eyri
s: 455-4500
ICEHOBBY
Akureyri
s: 461-4848
Fóðurblandan hf
RVK.s: 570-9800
Egilstöðum s: 570-9860
Fóðurblandan hf
Hvolsvelli s: 487-8413
Selfossi s: 482-3767


LÍKLEGA BESTU HJÓL Í HEIMI...
KTM
2008
KTM er einn stærsti mótorhjólaframleiðandi í Evrópu.
Engin annar framleiðandi hefur unnið eins marga
heimsmeistaratitla og KTM, Moto-Cross, Enduro eða Paris-Dakar Rally.
KTM er framleitt í Austurríki og hefur verið eitt mest selda Enduro hjólið á Íslandi síðan 1994.
Hjá KTM Ísland og versluninni MOTO, Rofabæ 7 finnur þú allt fyrir hjólasportið.
ENDURO 2008
KTM EXC Enduro hjólin eru ein mest
seldu Enduro hjól á Íslandi.
KTM 200 EXC 899.900,-
KTM 250 EXC-F 1.099.900,-
KTM 450 EXC-F 1.119.900,-
KTM 530 EXC-F 1.169.900,-
CROSSHJOL 2008
KTM 125 SX 849.900,-
KTM 250 SX 939.900,-
KTM 250 SX-F 989.900,-
KTM 450 SX-F 1.069.900,-
KTM 505 SX-F 1.099.900,-
KTM ATV
2008 KTM fjórhjólið er allvöru sporthjól með
eina öflugustu fjöðrun og aksturseiginleika
í sínum flokki. 450cc og 525cc verða í boði.
Verð: 1.229.900,- Hjólið er skráð á rauð númer.
KTM 1190 RC8
SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN...
KTM Ísland ehf
Rofabæ 7
110 Reykjavík
S: 586-2800
moto@ktm.is
www.ktm.is
KTM

# Tveir Íslendingar í eldlínunni í Formúlu 3

**Stöð 2 Sport verður með beinar útsendingar frá keppni í Formúlu 3 í ár:**

Sjónvarpsstöðin Stöð 2 Sport lætur Formúlu 1 ekki nægja og hefur einnig tryggt sér sýningarréttinn á mótum í Formúlu 3 í Bretlandi en meðal keppenda þar verða Íslendingarnir Kristján Einar Kristjánsson og Viktor Þór Jensen.

Kristján Einar hefur þegar hafið æfingar með Carin Motorsport og var viðstaddur kynningu á Formúlu 3 á Silverstone-brautinni frægu á dögunum en Viktor Þór stendur í samningaviðræðum við keppnislið og hefur það gengið hægar en til stóð. Keppnistímabilið hefst 24. mars næstkomandi og stendur til 12. október og fara ellefu keppnir fram á þeim tíma. Átta keppnir fara fram í Bretlandi en einnig verður keppt á Ítalíu, í Belgíu og Rúmeníu. Hver keppni er þannig að tvisvar er keppt í hálftíma kappakstri.

Gunnlaugur Rögnvaldsson sagði í samtali við Fréttablaðið að til stæði að fylgjast vel með keppni í Formúlu 3 á Stöð 2 Sporti og myndi sú umfjöllun blandast í raun saman við umfjöllunina um Formúlu 1.


Viktor Þór Jensen stendur í samningaviðræðum við Formúlu 3 lið.

„Við ætlum að fylgjast vel með strákunum og það verða sérstakir þættir um þá og að sjálfsögðu beinar útsendingar frá öllum keppnum þeirra á keppnistímabilinu. Þeir eiga eftir að keyra á mörgum brautum sem Formúla 1 keppir á og má þar nefna Monza á Ítalíu og Silverstone í Bretlandi í því samhengi. Formúla 3 og GP2, sem er næsta stig þar fyrir ofan, eru tvö stig sem menn fara yfirleitt í gegnum áður en þeir komast að í Formúlu 1 og Bretland er í raun góður vettvangur til að koma sér á framfæri þar sem mörg Formúlu 1 liðin eru þaðan. Það verður því gaman að fylgjast með strákunum og flott að hafa þennan íslenska vinkil í Formúlunni," sagði Gunnlaugur. *- óþ*



Kristján Einar Kristjánsson keppir fyrir Carin Motorsport í Formúlu 3 í ár.

## Mark Webber



- Fæddur: ***27. ágúst 1976*** *Queanbeyan, Ástralíu*
- Hæð: ***185 cm*** Þyngd: ***76 kg***

***Red Bull***



- Frumraun: 3. mars 2002, Minardi
- Keppnir / sigrar: **103 / 0** *0%*
- Á palli: **2** *1.9%*
- Á ráspól: **0** *0%*
- 2007: **12. sæti, 10 stig** Hætti keppni: **7**

Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS

## David Coulthard



- Fæddur: ***27. mars 1971,*** *Twynholm, Skotlandi*
- Hæð: ***182 cm*** Þyngd: ***74 kg***

***Red Bull***



- Frumraun: 29. maí 1994, Williams
- Keppnir / sigrar: **228 / 13** *5.7%*
- Á palli: **61** *26.8%*
- Á ráspól: **12** *5.3%*
- 2007: **10. sæti, 14 stig** Hætti keppni: **7**

Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS

## F1 dagatal 2008




| | | | |
|---|---|---|---|
| **1** | 16. mars | **Ástralía** | ***Melbourne*** |
| **2** | 23. mars | **Malasía** | ***Sepang*** |
| **3** | 6. apríl | **Bahrain** | ***Sakhir*** |
| **4** | 27. apríl | **Spánn** | ***Barcelona*** |
| **5** | 11. apríl | **Tyrkland** | ***Istanbul*** |
| **6** | 25. maí | **Mónakó** | ***Monte Carlo*** |
| **7** | 8. júní | **Kanada** | ***Montreal*** |
| **8** | 22. júní | **Frakkland** | ***Magny-Cours*** |
| **9** | 6. júlí | **Bretland** | ***Silverstone*** |
| **10** | 20. júlí | **Þýskaland** | ***Hockenheim*** |
| **11** | 3. ágúst | **Ungverjal.** | ***Hungaroring*** |
| **12** | 24. ágúst | **Evrópa** | ***Valencia*** |
| **13** | 7. sept. | **Belgía** | ***Spa*** |
| **14** | 14. sept. | **Ítalía** | ***Monza*** |
| **15** | 28. sept. | **Singapúr** | ***Street circuit*** |
| **16** | 12. okt. | **Japan** | ***Fuji speedway*** |
| **17** | 19. okt. | **Kína** | ***Shanghai*** |
| **18** | 2. nóv. | **Brasilía** | ***Interlagos*** |

Heimild: FIA © GRAPHIC NEWS

## Fernando Alonso



- Fæddur: ***29. júlí 1981,*** *Oviedo, Spáni*
- Hæð: ***171 cm*** Þyngd: ***68 kg***

***Renault***



- Frumraun: 4. mars 2001, Minardi
- Keppnir / sigrar: **103 / 19** *18.4%*
- Á palli: **49** *47.6%*
- Á ráspól: **17** *16.5%*
- 2007: **3. sæti, 109 stig** Hætti keppni: **1**

Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS

## Nelson Piquet Jnr.



- Fæddur: ***25. júlí, 1985,*** *Heidelberg, Þýskalandi (brasilískur)*
- Hæð: ***177 cm*** Þyngd: ***70 kg***

***Renault***



- Frumraun: 16. mars, 2008, Renault
- Keppnir / sigrar: **0 / 0** *0%*
- Á palli: **0** *0%*
- Á ráspól: **0** *0%*
- 2007: **Ekki með** Hætti keppni: **0**

Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS


STOFNAÐ 1998
PLANIÐ
bílasala
5170000

**Breiðhöfða www.planid.is s. 517 0000**



**Toyota Landcruiser** 100VX 38", 9/06, 24þ.km. 7 manna, ssk, driflæsingar framan og aftan. Verð 10.800.000.-



**BMW Dísel X5,** 3,0, 2/04, 84þ.km. umboðsbíll, leður álfelgur. Verð 4.690.000.- áhv. 2.900.000.-



**Audi A4 CABRIOLT** 2,0T QUATTRO, 2007, 2þ.km. ssk, 200hö, kastarar, leður, álfelgur. Verð nú 5.900.000.-



**BMW X5 4,8i,** 350hö, 2007, ekinn 3þ.km. 7 manna, hlaðinn aukabúnaði. Verð 11.500.000.-



**Ford F 350 King Ranch,** 2008, 5þ.km. 37", topplúga, krókur, plasthús. Verð 5.890.0000.- skipti ath.



**Land Rover Range Rover Supercha rged,** 7/05, 60þ.km. umboðsbíll, 396hö, leður, staðsetningartæki. Verð 11.900.000.-

Developed with

Shell

V-Power

Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move

SPORT

Íþróttastöðvarnar Sýn og Sýn 2 hafa fengið ný nöfn og heita nú Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2. Við munum þó áfram hafa gömlu góðu Sýnina að leiðarljósi og bjóða áskrifendum upp á beinar útsendingar frá stærstu og vinsælustu íþróttaviðburðum í heimi. Hliðarrásir gefa svo enn betra forskot og fleiri valkosti því þær gera okkur kleift að sýna fleiri beinar útsendingar og samtímis.

Stöð 2 Sport – það er skemmtilegra að geta valið.

# VIÐ ERUM STÖÐ 2 SPORT

SPORT *besta sætið* SPORT 2 *enski boltinn*




Gott fólk

STÖÐ 2 VILD ÁSKRIFT INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA

512 5100 / STOD2.IS/ VERSLANIR VODAFONE / ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000






*„ Fermingin er einn stærsti áfangi lífs míns. Um leið og ég kemst í fullorðinna manna tölu vil ég sýna að ég er ábyrg og skynsöm í fjármálum. Þess vegna vel ég SPRON Framtíð."*

## SPRON Framtíð

hávaxtasparnaðarreikningur

- Ég fæ frábæra vexti á fermingarpeningana mína
- SPRON geymir peningana mína þangað til að ég verð 18 ára
- Ég fæ 2.000 kr. mótframlag frá SPRON þegar ég stofna reikninginn*

## Fermingartilboð

Ef lagðar eru inn 30.000 kr. eða meira fyrir 1. júní 2008 gefur SPRON 5.000 kr. mótframlag.
Allir sem leggja inn fara í pott og eiga möguleika á að vinna iPod touch, iPod nano og DVD-myndir.

## Gefðu bjarta framtíð í fermingargjöf

Fermingargjafabréf SPRON er gjöf sem vex og vex

Framtíðarreikningum stofnuðum með gjafabréfi SPRON fylgir 2.000 kr. mótframlag frá SPRON.*

spron

Sími 550 1200 - Þjónustuver 550 1400 - www.spron.is

*Leggja þarf inn að lágmarki 2.000 kr. við stofnun reiknings.



Flokka má lokrekkjur nútímans í tvo hópa eftir því hvort um er að ræða gamaldags eða nútímalega lokrekkju. NORDIC PHOTOES/GETTY



Það er hæglega hægt að upplifa sig eins og aðalsmann með því að verða sér úti um himneska hvílu af þessari gerð.



Lokrekkjur gegndu upphaflega því hlutverki að ylja fátækum almúganum í illa upphituðum húsum.

# Tákn fyrir munaðarlíf

● Lokrekkjur voru upphaflega gerðar til að ylja á köldum vetrarnóttum, en urðu seinna að skrautlegum hvílum fyrir lávarða og aðalsmenn.

Lokrekkjur gegndu upphaflega því hlutverki að ylja fátækum almúganum í illa upphituðum húsum á köldum vetrarnótum á öldum áður.

Slíkar hvílur urðu síðar tákmynd munaðar og í sumra augum ólifnaðar þegar lávarðar og aðalsmenn tóku upp á því að prýða svefnherbergi kastala og óðalssetra sinna með lokrekkjum í Evrópu á miðöldum.

Lokrekkjan var þá líka ætluð að veita næði þar sem algengt var að einkaþjónar aðalsmannanna svæfu í sama herbergi.

Lengi framan af voru lokrekkjur frekar einfaldar útlits, en upp úr 16. öld tóku menn upp á því að skera út í höfuðgafl og rúmstólpa og í kjölfarið urðu rúmin skrautlegri.

Lokrekkjur njóta enn töluverðra vinsælda og má skipta þeim í tvo flokka eftir því hvort þær teljast hefðbundnar eða nútímalegar.

Þær hefðbundnu eru oft undir áhrifum frá Viktoríu-tímanum á meðan þau nútímalegri eru mínimalísk að flestu leyti, yfirleitt gerð úr málmi og við og laus við íburðinn sem þeim hefðbundnu fylgir. - rve







# Fljótlegt, **örugg og einfalt** að telja fram

Nú hafa **21.000** einstaklingar talið fram.
Ert þú einn af þeim?

Síðasti dagur til að skila er 26. mars

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI








Hermann hefur úr miklu að moða í klósettbókmenntum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott er að grípa í bók verði manni brátt í brók

Til er fólk hér á landi sem heldur klósettbókmenntum á lofti. Sumir gera ekkert í þessu á meðan aðrir leggja mikið í þessa tegund bókmennta og einn af þeim er Hermann Fannar Gíslason, starfsmaður á plani hjá N1 og liðsmaður KF-Nörd. Hermann hefur miklar skoðanir á klósettbókmenntum og segir að þar eigi fólk ekki að lesa hvað sem er.

„Klósettbókmenntir eru einar mikilvægustu bókmenntir sem til eru. Þetta er tími til þess að slaka aðeins á og er því tilvalið að leggjast í smá lestur,“ segir Hermann stoltur og heldur áfram: „Vinsælasta efnið sem ég les eru fræðibækur og -blöð. Svo verða ýmsar teiknimyndasögur fyrir valinu þegar þannig liggur á manni.“

Hermann segir það afar mikilvægt að lesa eitthvað létt en ekki vera með miklar bókmenntir sem fólk gleymir sér í. „Manni er nú skylt að bera virðingu fyrir öðrum íbúum heimilisins með því að sitja ekki lengi við lestur. Svo las ég um daginn í einu fræðiriti að það er ekki hollt að sitja of lengi,“ útskýrir Hermann fræðilega og bætir við að hann hafi lært margt annað við iðju þessa.

Heima fyrir hefur Hermann hillu fyrir klósettbókmenntir sínar og telur það mikið þarfaþing, sem eigi að vera til á öllum klósettum landsins. Hann gerir sitt besta til að endurnýja lesefnið svo það sé alltaf ferskur fróðleikur í boði. „Oft hefur verið tilfellið hjá mér að ég gríp í sjampóbrúsa þegar ég hef lesið allt fram og til baka og einnig ef ég hef verið latur við að endurnýja lesefnið,“ segir hann.

*- mmr*



**Lánamöguleikar vegna sérþarfa:**

- Hámarksupphæð 5 milljónir
- Vextir 5,75% eða 5,50% með uppgreiðsluákvæði
- Lántökugjald 0,5% af lánsupphæðinni

- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
- 80% af viðbótar- og endurbótakostnaði
- 100% af brunabótamati og lóðarmati

**Aukalán vegna sérþarfa**

Fólk með skerta starfsorku, fatlaðir og hreyfihamlaðir, geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérþarfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 18 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérþarfir.

*Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is, ils@ils.is eða í síma 569 6900 og 800 6969.*

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

## Svart fyrir börnin

**●HÚSGÖGN**

Barnahúsgögn eru gjarnan í sterkum litum en hollenski vöruhönnuðurinn Ineke Hans hannaði húsgögn fyrir börn í svörtu.



Hún ákvað að hafa þau svört eftir að hún komst að því í gegnum vinnu sína að flest efnin sem hún notar fást bara í hvítu, svörtu og beisbrúnu. Einnig fannst henni skipta máli sú staðreynd að börn bregðast ekki eingöngu við litum heldur líka við formum og tækifærunum sem hluturinn býður upp á við leik.

Í svörtu barnalínunni Black beauties hannaði hún þrettán hluti úr endurunnu svörtu plasti sem þola vel að vera úti, mega blotna og upplitast ekki í sól. Litli rugguhesturinn hentar börnum frá eins árs aldri og uppúr. *- rat*

# RÝMINGARSALA

FLEIRI VÖRUR • MEIRA ÚRVAL • FLEIRI VÖRUR • MEIRA ÚRVAL •

HÖFUM AUKIÐ ÚRVALIÐ

VEGNA FLUTNINGA HABITAT Í HOLTAGARÐA

## 60-90% AFSLÁTTUR

2. HÆÐ ASKALIND 1

GENGIÐ INN Í GEGNUM VERLSUN

Opið alla daga vikunnar

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700

habitat
















# Víninu rétt raðað

Æ fleiri Íslendingar hafa áhuga á góðu léttvíni. Margir eru farnir að safna flöskum af góðu víni og sumir leitast við að eiga sérstaka árganga af hinum og þessum þrúgum. Vín þarf að geyma á réttan hátt og ekki er verra ef vínrekkarnir eru fallegir á að líta.




**1. Gamaldags, grár vínrekki** úr járni fyrir þrjár flöskur. Fæst í versluninni Evítu í Starmýri. 1.500 krónur.

**2. Vín í hring.** Þessi dökki ryðrauði vínrekki sómir sér vel hvar sem er. Hann getur geymt sjö flöskur og fæst í Uniku á 4.900 krónur.

**3. Þrjár flöskur** komast í þennan vínrekka. Þótt geymslueiningin sé smá er rekkinn fallegur. Unika, 4.400 krónur.

**4. Sveitastíll** er yfir þessum grófa viðarrekka sem minnir á franskar sveitir. Glugg-Inn, 4.800 krónur.

**5. Vínáhugamenn** ættu líklega að fá sér svona vínrekka þar sem hægt er að koma fyrir fjölmörgum flöskum. Svo er hann líka fallegur á að líta. Glugg-Inn, 12.500 krónur.

**6. Nettur og hentugur vínrekki** úr basti sem er gott að setja ofan á skápa inni í eldhúsi. Glugg-Inn, 4.800 krónur.





REPUBLIC OF Fritz Hansen®

Svanur
Hönnuður Arne Jakobsen
**Verð 189.000.-***

* Þetta verð á einungis við
um Svani með þessu áklæði

# Laus sæti

epal

Vegna hagstæðra innkaupa bjóðum við þessa stóla á frábæru verði. Takmarkað magn.

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Knoll
Chadwick
með örmum
Hönnuður Don Chadwick
Verð áður 74.800.-
**Verð nú 59.800.-**




**Trjáklippingar - garðyrkja.**
**Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.**
***Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.***

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Ert þú að byggja?
Tökum að okkur alla vinnu við grunna og lóðir. Þekking og þjónusta í sérflokki. Hausverk ehf s. 899 0957.

## Bókhald

FRAMTALSÞJÓNUSTA - S. 517 3977

### Framtal 2008
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Einnig opið um helgar. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

## Fjármál

Skattframtal 2008. Einfalt farmtal kr. 2.500. Framtalsþjónusta HR s. 6634141.

## Ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf - þín leið. Áhugasvið, náms- og starfsval, markmið, tímastjórnun. Tímapantanir s. 899 8588.

## Málarar

### Sandspörslun - Málningarvinna
**Getum bætt við okkur verkum í sandsparsli og málningarvinnu innanhúss. Erum einnig að skipuleggja útivinnu í vor og sumar. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu. Vönduð og ábyrg vinnubrögð. AlltMálun ehf S. 699 6667 &**

### Sumarið er komið!
Íslenskir málarar ehf. Öll málningarþjónusta. www.mala.is S. 517 7335. Löggildir málarameistarar.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148, jig@mi.is

### Þarftu að láta mála ?
Getum bætt við okkur verkefnum. Hafið samband. Íslenskir fagmenn S. 862 2413

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Húsaviðhald







Eru rennurnar og niðurföllinn farinn að leka eða kominn tími á að skipta um. Tek að mér lagfæringar, uppsetningar, þakviðgerðir, og alla almenna tré eða blikksmíðavinnu. Uppl. í s. 6948 448, Ólafur.

### Íslenskir fagmenn
**Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt. Upplýsingar í síma 869 3934 Ingimundur Eyjólfsson Málarameistari.**

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

### Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Stálnagli ehf
Alhliða smíðavinna að innan sem utan. Stálnagli ehf. - S. 663 3741.

### Húsasmíðameistari.
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl.í s. 894 0031.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Dulspeki-heilun

### Dagmar Koeppen
Miðill og heilari. Örfáir tímar lausir. Tímapantanir í s. 661 6043.

## Nudd

Whole body massage. S. 862 9981.

## Spádómar




### Stína Lóa Spámiðill
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

### Englaljós til þín S. 908 5050, Lára spámiðill
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03. Visa/Euro. S. 863 1987.**

### Alspá 445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spái í Tarot, ræð drauma og fleira. Einkatímar eða símaspá. Elísabet 663 0813

## Múrarar

Get bætt við mig verkefnum í múrverki. Þorbjörn S. 863 2134.

## Rafvirkjun

### RafList
### Löggildir rafverktakar
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

## Trésmíði



### GÆFUSMIÐURINN EHF SÉRSMÍÐI & HÖNNUN
Smíðum furuglugga og lausafög, vönduð vinna K-gler frá íspan, sendum um allt land. Gestahús frá 5-40mf. Pantanir í síma 842 5570 & 898 6275.

### Trésmíði: Girðingar, sólpallar.
**Setjum niður rotþrær og skólplagnir. Stauraborun og brotfleygun. Smíðavinna úti og inni. Ísl. fagmenn**
**Halur og sprund verktakar ehf S. 862 5563.**

Tökum að okkur parketlagnir, innréttingar, lofta og veggjasmíði. Uppl í s:6166803

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplysingar í sima 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartími er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr. 29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.



Til sölu Seglskemma 12 metrar á breidd og 18 metrar á lengd með hurð í annan enda á 940.000 kr. Upplýsingar í síma 470 1710 virka daga frá 9-17 eða í tölvupóst heidar@myllanehf.is

Basarinn, nytjamarkaður Grensásvegi 7, 2. hæð. Bækur, búsáhöld, skrautmunir o. fl. Ódýrt. Opið kl. 12-17 og laugard. 13-16.

4stk. 15 lítra 232bar köfunarkútar til sölu. Nánari uppl. á kafarar@bjorgunarsveit.is

Antíkstóll til sölu. Uppl. í s. 553 0553.

### Þvottavélar
Til sölu yfirfarnar þvottavélar og uppþvottavélar. Tökum biluðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Undir- og yfirsæng + koddi úr Merino lambsull. Slest á minna en hálfvirði. S. 845 7738.



Dvergschnauzer Yndislegir dvergschnauzer hvolpar til sölu hjá Kolskeggsræktun. www.internet.is/kolskeggur. S. 899 6555.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa nýlegt gullsmíðaverkstæði. Uppl. í s. 896 6337.

Kaupum gömul íslensk frímerki, peningaseðla, póstkort, ofl. Frímerki ehf. S. 692 9528, naphila@internet.is

## Hljóðfæri




### Frábærar fermingargjafir!
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

Til sölu vel einangraður Vinnuskúr með rafstöð, ofnakerfi og innréttingu (Sænskt sjúkraskýli) á 871.500 kr Upplýsingar í síma 470-1710 virka daga frá 9-17 eða í tölvupóst heidar@myllanehf.is

## Verslun







Búðarkassi fyrir verslun óskast

ÚTSALA Leður á 40% afslætti. Aðeins um helgina! Leður og List, Njarðvíkurbraut 45 sjá: gastu.com

## Fyrirtæki

Til sölu lítið fyrirtæki sem leigir út vatns og kaffivélar góð vefsíða fylgir. ýmis skipti koma til greina Einnig talningarvél fyrir 50 og 100 krónu peninga. upplýsingar í síma 8993540 Sóley giga@simnet.is

## Ýmislegt

Gámahús Rúmgott einangrað gámahús óskast til kaups eða leigu. Upplýsingar sími 481 1045 eða eyjamyndir@isholf.is

## Baðstaðir

### Nýtt - Nýtt - Nýtt ! Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl. Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga. Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðlar 822 8244 www.flp1.is




Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928

### Bætt heilsa - Betra Líf!
**Björn á 4 vikum -9 kg**
**Jóhanna á 7 vikum -12 kg**
**Elín á 12 vikum - 20 kg**
**Maja á 17 vikum -37 kg**
**Viltu bæta þinn lífstíl ? LR-kúr-inn virkar!**
**Uppl. gefur Alla í síma 891 6264 eða allax@simnet.is**

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Ýmsar nuddmeðferðir á góðu verði. Nálastungur Íslands ehf. Heilsuverndarstöðin, barónsstíg 47, Sími 458 9400.

Ferðanuddbekkir, ólétubekkir, bómullarlök, gæði og gott verð. Uppl. í S: 8916447

## Námskeið

Jóga & Vellíðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




NÁMSKEIÐ/NÁMSKEIÐ ICELANDIC FOR FOREIGNERS ALL YEAR Level I: 4 weeks Md-Frd;18-19:30. Start 31/3, 28/5 Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30. Start 14/4, 2/6 Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30. Start 31/3, 2/6. Ármúli 5. s.5881169, www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Rúm úr Tekk til sölu. St. 90*200, rennibraut fylgir. 40.000- Uppl. 8956868-Erla

Til sölu 2 góðir sófar, 2 og 3 sæta. Leðurstóll með skemli. Borðstofuborð, dökk eik. Rafmagnsorgel, skemmtari. Mjög ódýrt. S. 564 1718 / 865 9715.

## Dýrahald

**DÓTADAGAR**
**Afsl. af hunda-og katta leikföngum.**

**Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



3 kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 691 3909.



Íslenskir hvolpar til sölu. Gullfallegir, hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og tilbúnir til afhendingar. Upplýsingar á heimasíðu Ísrima ræktunar: www.steinegg.is/isrima og í síma 899 2121.



St.bernhards hvolpar væntanlegir! aAllar uppl. á www.sankti-ice.is/ S. 699 0108. Guðný T.

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

Silky Terrier tíkur til sölu. Tilb. til afh. Bólus., örmerktar & m. ættb. S. 699 5454.

Chihuahua hvolpar til sölu. Tilb. til afh. Bólus. Örmerktir og m. ættb. S. 897 8848.

Yndislegur 10 vikna kassavanur kettlingur, fæst gefins á gott heimili, v. ofnæmis. S. 899 9339.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

Gott ódýrt hundafóður til sölu. Uppl. í s. 699 3737 & 894 2359.

## Ýmislegt

Til sölu nýleg HTH hvítlökkuð höldulaus eldhúsinnrétting. Einnig keramikhelluborð, ofn og háfur. Allt mjög vel með farið. Uppl. í síma 897 9353.

Innihurðar, eik yfirfelldar. 7 stk. vinstri 80 cm. 6 stk. hægri 80 cm. 1 stk 70 vinstri og 2 80 cm með gleri. Uppl. í S. 863 0388

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Gisting í fallegu umhverfi rétt utan Akureyrar. Ferðaþjónustan Öngulsstöðum s. 8631515, hrefna@ongulsstadir.is

**Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri**
Gisting yfir páskana. Laus herbergi 19-23 mars. Uppl. í s. 897 7613 & 461 2962.

## Vetrarvörur

Þrennir skíðaskór til sölu, númer 39, 42.5 og 43.5. Upplýsingar í síma 893 4870.

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.~~

## Ýmislegt

Köfunarbúnaður til sölu. Fyrsta floks köfunargræjur með öllu til sölu. M.a. 2 kútar og Interspiro heilgríma. Verð 200þ. S. 8402164

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Viltu leigja út eign? Viltu leigja eign?**
**Leiga.is**
Löggild leigumiðlun
**Tryggðu öryggi þitt**
Leiga.is sér um leiguráðgjöf, mat á leigjendum, gerð leigusamninga og trygginga.
**sími 534-1024**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Herbergi til til leigu**
Húshjálp, aðeins góður aðili kemur til greina. Uppl. í s. 867 3954.

Hús og íbúðir til leigu á Spáni. Erum á Costa Blanca ströndinni,rétt suður af Torrevieja. Mikið úrval og frábært verð. Allar uppl. í síma 0034-617 559 726 og á lindhouses@lindhouses.is

15 fm herbergi til leigu á jarðh. í Hraunbæ m/sér snyrtingu, bjöllu, inngangi og svölum. Uppl. sendist á manaskin@hive.is. Skammtímal.

**Til leigu 2ja herbergja íbúð!**
Til leigu 2ja herbergja nýuppgerð íbúð á Rekagranda í Vesturbænum. Leiga 118 þ. + rafm. Uppl. í s. 661 8733 Höskuldur.

Eldra einbýlishús á fallegum stað í Elliðárdal til leigu. Langtímaleiga. Dýr engin fyrirstaða. Uppl. í s. 557 2782 & 845 1291.

210 fm Penthouse Í 201 kóp.. 5 svefnherb. 2 baðh. Stæði í bílag. V. 250 þ. S. 898 9097.

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus frá 1 apríl, einn mánuð eða lengur. Uppl. í s. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

Skammtímaleiga, 2ja herberja íbúð við tjörnina. Legist með húsgögnum. Frá 15. apríl í 3 mánuði. Uppl. 2200@internet.is

3ja herbergja íbúð í hverfi 108. leiga 150 þús. 845 3000.

**Nýtt hús**
Nýjar íbúðir í Bjallavaði 1-3 Norðlingarholti. Tekið á móti umsókun til 19 mars'08. www.leigulidar.is

3 herb. íbúð 98 fm í Hfj. til leigu frá 1 apr. Uppl. í s. 864 4544 & 896 6606.

Einstaklingsíbúð á Flötonum til leigu. Uppl. eftir kl. 3 næstu daga. S. 698 6514.

Herb. til leigu miðsvæðis. 25 þús. á mán. Uppl. í s. 864 0072.

Til leigu 103 fm glæsileg íbúð. 3-4 herb. íbúð á jarðhæð m/sérinngangi og garði. Laus strax. Leiga 155 þ. Fyrirframgreiðsla 2 mán. Tryggingavíxill. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 694 4920.

Til leigu 2 herbergja snyrtileg og björt íbúð við Reynimel (107). Leiga 120 þús á mán. Bankaábyrgð sem svarar 3 mánaða leigu. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja svefnherbergja íbúð frá 1 maí skilvísum greiðslum heitið 8654257 Gunnar

Óska eftir stúdíó íbúð eða stóru herb. með aðg. að WC/baði og eldhúsi f. 2 starfsmenn (feðga). Helst í hverfi 103-104-108. Bankaábyrgð f. öruggum gr. Uppl. í s. 690 1232.

32 ára reyklaus og reglusamur skoskur smiður óskar eftir 2 herb. íbúð á leigu. 40-80fm í eitt ár á höfuðborgarsvæðinu. Öruggar greiðslur og reglusemi. S. 846 1476, meðmæli ef óskað er.

Ungt par utan af landi vantar studio eða 2 herb íbúð erum reyklaus og reglusöm skilvísum greiðslum heitið. uppl. 7711509 Skúli 8653245 Arna

2 herbergja íbúð óskast á höfuðb.sv. Uppl. í s. 661 4584.

Óska eftir stúdíó íbúð eða góðu herbrgi er reyklaus og reglusöm meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 868 0287 & 824 5229, Luiza.

Óska eftir herbergi til íbúðar á leigu. Ég er rólegur og reglusamur. S. 848 5071.

Óskum eftir 4 herbergja íbúð á svæði 101 sem fyrst. Upplýsingar í síma 616 1016 & 662 3101.

Læknir og lögfræðingur á leið heim úr námi óska eftir húsnæði til leigu í Fossvogi. Þarf að hafa a.m.k 3 svefnherbergi. Nánari upplýsingar í síma 561 5713 & 698 5713.

Óska eftir stúdíó / 2 herb. íbúð á höfub. sv. S. 841 8199.

Feðgin leita að þriggja herbergja íbúð vestan Elliðaárósa. Mjög skilvísar greiðslur.

## Sumarbústaðir



**LEÐURSÓFASETT Í SUMARBÚSTAÐINN**
~~Mjög vandað hágæðasett 3+1+1 frá Öndvegi til sölu.~~Tilvalið í sumarbústaðinn.~~Verð 190 þús (kostar nýtt ca. 500 þús).~~Uppl. í 588-9388/699-0065



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.



Gæfusmiðurinn sérsmíði & hönnun. Gestahús frá 5-40 fm. til flutnings,fullbúin að utan,plöstuð að innan eða fullfrágengin. pantanir í síma 842 5570 & 898 6275 snaefell@simnet.is



**Tækifæri**
Er með vandað bjálkahús frá Kanada til sölu, grunnflötur 90fm + 50fm á efri hæð samtals 140fm, framleiðandi með áratuga reynslu og vandaða framleiðslu. Stuttur afgreiðslutími. Útvegum fagaðila til uppsetningar. Upplýsingar í S. 896 7202

Jörð/Spilda stór sumarb.Lóð. S.land-V.land.- Dalir- NVland. Ath annað. S: 897 7006/565 6024

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi í snyrtilegu umhverfi til leigu. Suðurlandsbraut 6, 2 hæð. Góð aðstaða. Uppl. gefur Þór í s. 899 3760.

Til leigu eða sölu gott atvinnuhúsnæði í Smiðjuhverfi Kóp. og Molduhverfinu Garðabæ. S. 699 3737 & 894 2359.



Mjög flott nýstandsett 97m2 atvinnuhúsnæði til leigu að Langholtsvegi 109 - 111 bakatil, hentar í flest alla starfsemi (20m2 skrifstofa með eldhúsinnr. og parketi á gólfi og 77m2 salur með innkeyrsluhurð) Uppl. gefur Erlendur í s. 897 2225.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Óska eftir geymsluhúsnæði/bílskúr til leigu á höfuðborgarsvæðinu undir sýningarbíl, upphitað og gott aðgengi. S. 868 1121.

## Bílskúr

Góður 28 fm bílskúr með hita og rafmagni til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 581 2247 & 692 0625.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.**
**Upplýsingar á staðnum.**

**Söluturninn JOLLI Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL
Pylsuvagninn Laugardal leitar eftir kvöld og helgar fólki. Góður vinnutími í boði og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

Little Caesars Ögurhvarfi óskar eftir starfsfólki í dag-kvöld og helgarvinnu. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir berist á pizzapizza@pizzapizza.is eða í síma 580 0000 milli 11-13.

HREINSITÆKNI

Hreinsitækni ehf vantar starfsmenn með meirapróf til framtíðarstarfa á gatnasópa, holræsabíla, götuþvottabíla, olíubíla ofl. Áhugasamir komi til viðtals að Stórhöfða 37. Góð vinnuaðstaða og mikil vinna.

HREINSITÆKNI

Hreinsitækni ehf óskar eftir vönum bifvélavirkja á verkstæði félagsins. Góð starfsaðstaða og mikil vinna í boði. Áhugasamir komi til viðtals að Stórhöfða 37.

**Óska eftir vönum manni á nýlegregri hjólagröfu**
**Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

ALEFLI ehf. BYGGINGAVERKTAKAR

**Alefli ehf**
**Óskum eftir að ráða vana smiði í mótauppslátt. Unnið í mælingu.**
**Uppl. gefur Magnús Þór í s. 660 4472 eða á magnus@aleflieh f.is**

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

b5 Bankastræti

Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar, einnig vantar fólk í uppvask. Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði. B5 tekur við umsóknum barþjóna, þjóna og uppvaskara á b5@b5.is.

**Veitingahúsið Nings**
**óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Starfsmaðurinn þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum, hafa góða þjónustulund og vera íslenskumælandi. Möguleiki á að byrja strax eða í lok sumars**

**------------------------------**

**Einnig eru að losna kvöld- og helgarstörf, bæði bílstjórar og afgreiðslufólk**
**Uppl. í síma 8228870 eða á www.nings.is**

**Hreingerningar og sérverkefni**

Hjá ISS vinnur samhentur hópur fólks við hreingerningar og sérverkefni. Hreingerningar eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting, þar sem húsnæði er tekið í allsherjarþrif. Við bjóðum fastar stöður og leitum að fólki sem líkar vel hópvinna og breytilegur vinnutími.
Við leitum einnig að verkstjórum til að vinna í hópunum og stýra verkefnum. Umsækjandi þarf að vera íslensku- eða enskumælandi og vera með bílpróf. Góð laun í boði.

**Upplýsingar í síma 5 800 600.**
**Einnig á www.iss.is**

ISS ÍSLAND

**Næturvaktstjóri Select Vesturlandsvegi**
**Okkur vantar öflugan næturvaktstjóra til framtíðarstarfa á líflegan vinnustað. Verslunarstörf ásamt vaktumsjón. Unnið er í viku, frí í viku Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða Elín, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Næturvaktstjóri Select Vesturlandsvegi**
**Starfsmaður í verslun Select Suðurfelli og Select Bústaðavegi**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og starfa með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf. Vaktavinna.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056, Sigurborg, stöðvarstjóri Suðurfelli síma 557 4060 eða Jóhanna stöðvarstjóri Bústaðavegi, í síma 552 7616.**
**Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður á plani Select Smáranu**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri.**
**Vaktavinna í boði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða Jóna Björg, stöðvarstjóri, í síma 554 2280.**
**Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

# TILKYNNINGAR

**Vestfirðir kalla!**
Hótel Bjarkalundur í Reykhólasveit leitar að vönum starfsmanni í eldamennsku í eldhús hótelsins.
Hótel Bjarkalundur er sumarhótel og er í fullum rekstri yfir sumarmánuðina og fram á haust.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
**Vinsamlegast sendið umsóknir á bjarkalundur@bjarkalundur.is**
**Einnig eru veittar nánari upplýsingar hjá Árna hótelstjóra í s:4347863**

**Hlutastörf**
**Select Birkimel**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og starfa með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf. Í boði starf aðra hvora helgi.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða Stefanía, stöðvarstjóri, í síma 551 4474.**
**Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**ib.is**
**IB ehf. Selfossi**

**IB ehf á Selfossi óskar eftir að ráða starfsmenn, um er að ræða störf bæði á bíla og þjónustuverkstæði og við sölu nýrra og notaðra bifreiða. Við leitum eftir áreiðanlegum og metnaðarfullum starfsmönnum sem unnið geta sjálfstætt og er tilbúnir í mikla vinnu, góð laun í boði fyrir góða menn.**
**Upplýsingar veita: Eyjólfur s.6648084 eyjoi@ib.is eða Ingimar s.6648080 ib@ib.is**

**- Starfsfólk óskast -**
Starfsfólk óskast á hárgreiðslustofuna Brúsk. Annaðhvort í stólaleigu eða á laun. Uppl. S. 587 7912 & S. 862 4265 (Svava) & S.863 8335 (Jónína).

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir hressu starfsfólki til afgreiðslustarfa. Upplýsingar gefur Helga í sima: 699-4523.

**Rizzo Pizzeria.**
Ertu hress og dugleg/ur, hafðu þá samband við okkur. Mjög góður mórall og lifandi vinnustaður. Okkur vantar fólk til útkeyrslu og í afgreiðslu í fullt starf og kvöld og helgarvinnu. Nánari upplýs á Rizzo Pizzeria Grensásvegi 10 og Bæjarlind 1.

Dyraverðir, barþjónar og afgreiðslusfólk óskast á Barinn Laugavegi 22. Atvinnuumsóknir skilist inn á staðnum. Uppl. í s. 869 5835.

Góður sölumaður óskast erum að markaðsetja nýja þjónustu á Íslandi. Uppl. í s. ?????

Starskraftur óskast í skóbúð. 50-70% starf. Vinnutími sveigjanlegur. Upplýsingar í síma 822 4982 eða á staðnum. Þráinn Skóari ehf. Grettisgötu 3.

**Málarar Athugið**
Óska eftir að ráða 2-3 málara eða menn vana málningarvinnu. Engöngu vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 892 3618.

**Smiðir óskast**
Fjölþætt vinna úti og inni. Uppl. í s:894 2523

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kerru stolið! Vegleg fundarlaun. Auðkenni. Uppl. í s. 892 4624.

Síðastliðin sunnud. tapaðist dökkblátt skíðabretti á leið frá Bláfjöllum í Hafnafjörð. Finnandi hafið samb. í s. 866 3108

## Tilkynningar

**Saga film óskar eftir áhuga- og aukaleikurum**

**- 18-80 ára**
**Saga film óskar eftir áhuga- og aukaleikurum á aldrinum 18 - 80 ára. Til að leika í nýjum sjónvarpsþáttum sem taka á upp í vor. Leikreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Einnig leitum við að íbúðum af öllum stærðum og gerðum til að taka upp í. Áhugasamir sendi póst á netfangið sjonvarp@sagafilm.is með mynd, símanr. og helstu uppl.**




## TILBOÐ / ÚTBOÐ

# Tilboð í smíði og málun

Óskum eftir tilboðum í lagfæringar á gluggum í sameign á Reykjavíkurvegi 50 Hafnarfirði, ásamt því að mála stigagang og tunnugeymslu. **Nánari upplýsingar veitir Birgir í síma: 692-8347.**

# ÚTIVIST

## Aðalfundur Útivistar 2008

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn mánudaginn 31. mars 2008 kl. 20.00 að Laugavegi 178

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar, Árni Jóhannsson formaður
2. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu, Anna Soffía Óskarsdóttir gjaldkeri
3. Kosning í nefndir og embætti
4. Kosning í kjarna
5. Kosning formanns
6. Önnur mál

VERKSTJÓRAFÉLAG REYKJAVÍKUR

**Verkstjórar í Verkstjórafélagi Reykjavíkur!**

## Kynningafundur v/kjarasamnings

Mánudaginn 17. Mars n.k. kl. 20:00 verður kynningafundur um kjarasamninginn
milli Verkstjórasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.
Fundurinn verður haldinn í húsakynnum félagsins að Skipholti 50d.
Félagsmenn sem taka laun skv. þessum samningi eru hvattir til að mæta á fundinn.
Munið aðalfundinn 31. mars kl. 19:00 í Skipholti 50d.

**Stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur**

## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Vatnsendi - Norðursvæði. Asparhvarf 12, breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Asparhvarfs 12. Almennt er vísað í gildandi skipulaga fyrir Vatnsenda - norðursvæði samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 26. júlí 2002. Í tillögunni felst að skipta lóðinni í tvær lóðir og fjarlægja einbýlishús á einni hæð og hesthús sem fyrir er. Lóð nr. 12 verður 2010 m2 og lóð nr. 12A verður 2009 m2. Á lóð 12 A er fyrirhugað að reisa 400 m2 hús á einni hæð auk kjallara með innbyggðri bílageymslu og 60 m2 stakstæðu hesthúsi á einni hæð ásamt gerði. Á lóð 12 er fyrirhugað að reisa 400 m2 hús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóðanna verður 0.23. Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á hvorri lóð.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000/1:500 dags. 7. október 2007.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 18. mars 2008 til 15. apríl 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is . Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 6. maí 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs**

## ATVINNA

# TS málun ehf

# MÁLARAR

Óskar eftir vönum málurum.
Góð laun í boði.

Helgi Gunnlaugsson, löggiltur málarameistari.
gsm. 663 3393 helgi@tshus.is

TSHÚS
Síðumúla 1 108 Reykjavík s. 567 6161




## STYRKIR

# Verkefna- og rannsóknarsjóður
## Fljótsdalshrepps og Landsbanka Íslands

Verkefna-og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbanka Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2008.

Styrkt verða 2 aðalverkefni, styrkupphæðir kr. 250.000.-

Einnig verða veittir 2 verkefnastyrkir, styrkupphæðir kr. 50.000,-

Sjóðsstjórn getur ákveðið þegar umsóknir liggja fyrir að eingöngu verði veittir styrkir til aðalverkefna ársins og hækka þá styrkupphæðir í kr. 300.000.

Heimilt er að fella úthlutun ársins niður telji sjóðstjórn engar umsóknir hæfar.

**Úthlutunarreglur**

- Háskólanemar með lögheimili í Fljótsdalshreppi er sækja um og skila inn umsóknum um verkefni sem metin eru hæf af sjóðsstjórn, hafa forgang umfram aðra umsækjendur.
- Einungis er úthlutað til verkefna sem tengjast Fljótsdalshreppi, eða verkefna er sjóðsstjórn telur að nýtast muni sveitarfélaginu.
- 50% styrkupphæðar eru greidd út þegar úthluten hefur verið samþykkt og 50% við skil á lokaskýrslu, sem skal vera í síðasta lagi innan árs frá úthlutun. Ef áfangaskýrslu er skilað, er greitt við skil hennar 25% styrkupphæðar, en fullnaðaruppgjör fer fram við skil á lokaskýrslu. Áfanga-og lokaskýrslum skal skila í tveimur eintökum.
- Lægri verkefnastyrkir eru greiddir út við úthlutun.
- Skilafrestur umsókna árið 2008 er til 15. apríl og fer úthlutun fram í síðasta lagi 2 vikum síðar.

Hugmyndir að verkefnum er t.d. að hægt að sækja í Staðardagskrá 21 fyrir Fljótsdalshrepp, sem er að finna á heimasíðu Fljótsdalshrepps www.fljotsdalur.is. Einnig er heimilt að leggja fram eigin tillögu að verkefni. Á heimasíðunni er hægt að nálgast umsóknareyðublöð.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir, fyrir

15. apríl. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 471 1810/ Gunnþórunn Ingólfsdóttir.

Búgarðabyggð í Árborg

# Tjarnabyggð

www.tjarnabyggd.is

Lóðir tilb

*Tjarnabyggð er 600 ha búgarðabyggð sem staðsett er í Sveitarfélaginu Árborg. Hún liggur á milli Selfoss og Eyrarbakka í hjarta landbúnaðarhéraðsins með tengingu við víðáttumikið friðland fugla sem liggur að Ölfusá. Þar gefst kostur á að reisa búgarða á landi sem er 1 - 4 ha að stærð og byggingar mega vera allt að 1500 fm.*

## *Sveitarfélagið Árborg tryggir alla þjónustu*

Sveitarfélagið
ÁRBORG

*Góð reynsla er komin á þjónustuna frá því að fyrstu íbúarnir fluttu í Tjarnabyggð haustið 2007. Hefur m.a. sorphirða, póstþjónusta, fjarskipti,snjómokstur og skólaakstur gengið vel. Einnig er hafið tilraunaverkefni með strætóferðir milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar með viðkomu í Tjarnabyggð.*

*Hvað segja kaupendur? www.tjarnabyggd.is*

Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er Síminn

„Fólk






# Kynning

**Kaffi og páskaegg**

**á staðnum 15. og 16 mars**

og yfir páskana

**20. - 24. mars frá kl. 13 til 17**

unar til afhendingar

## Nýtt samfélag í fallegri sveit



# sækir í sveitina“

*Tvö ár frá því að framkvæmdir hófust !*

- *Á annað hundrað lóðir seldar í Tjarnabyggð*
- *30 hús í byggingu og margar fjölskyldur fluttar inn*
- *Kaupendur eru ánægðir og hafa hannað búgarða eftir eigin höfði*
- *Ljósleiðarinn hefur slegið í gegn*
- *Vegir, hitaveita og aðrar lagnir komnar að 220 lóðum*
- *Tveir úr sveitarstjórn Árborgar hafa þegar keypt og annar fluttur inn*
- *Bundið slitlag komið á stofnvegi*
- *Tæpir 10 km. af göngu- og reiðstígum þegar komnir*
- *Fyrstu hestarnir komnir í hús og búið að járna*

fasteignasalan GARÐUR

*Fasteignasalan Garður: sími 5621200*
*Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali*
*Landeigandi: sími 8980343*

**VANTAR ÞIG MÁLARA?**

**Reyndir menn - klárir til vinnu!**

**Sverrir@Proventus.is**

**Hringdu núna S. 661-7000**

# Þarftu að leigja?

Rentus LEIGUMIÐLUN

**Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is**

byr fasteignasala

sími 483 5800



*Soffía Theodórsdóttir löggiltur fasteignasali*

**Austurmörk 4, Hveragerði, www.byrfasteign.is**

**Opið hús laugardaginn 15. mars**

**frá kl. 14-15 í Fljótsmörk 6-12, Hveragerði, íbúð 302**

Frum





Glæsileg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í fjölbúlishúsi með lyftu, byggingarár 2006. Eignin skiptist í þrjú stór herbergi, stofu, eldhús, forstofu, stórt baðherbergi og þvottahús. Gengið er út á suðursvalir frá stofu og þaðan er mjög fallegt útsýni. Stutt í skóla og alla þjónustu. **Skipti möguleg á dýrari eign, helst einbýlishúsi. *Verið velkomin.***

**Fasteignablaðið**

Sími:

# 512 5469

# 694 4103



**Ruth Bergs**

ruth@365.is

**vísir.is**

*„...ég sá það á vísi"*

## Hraðastaðir 4

270 Mosfellsbær

Draumur hestamannsins !

**Stærð: 329 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1973**
**Brunabótamat: 37.020.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Torg



**Hringdu og bókaðu skoðun.**

**Verð: 74.900.000**





Einstakt tækifæri, draumur hestamannsins. Gott einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr 261,5 fm, hesthús 67,5 fm (endurbyggt að mestu árið 2001) ásamt 6000 fm lóð sem nýtist vel sem beitland fyrir hross á vorin. Einbýlishúsið er á tveimur hæðum. Gengið er inn á neðri hæðinni og þaðan upp stiga í aðalhluta eignarinnar. Efri hæðin skiptist í rúmgott eldhús, stórar samliggjandi stofu + borðstofu, þrjú góð svefnherbergi og nýlegt baðherbergi. Neðri hæð hússins skiptist svo í mjög stórt og gott þvottahús, gestasalerni og mjög gott rými sem mætti nýta sem auka íbúð ef bara væri sett þar eldhús. Rýmið skiptist í setustofu, baðherbergi, stórt svefnherbergi og eitt gott herbergi sem er nánast fokhelt í dag en gæti nýst sem geymsla. Bílskúrinn er hluti af húsinu. Hann er einfaldur en mjög rúmgóður. Hesthúsið var endurbyggt að mestu leiti fyrir um 6-7 árum síðan. Húsið er vélmokað og rúmar 7 hesta, tvær tveggjahesta og þrjár einshesta stíur. Beititúnið er fyrir framan húsið. Glæsilegt útsýni og stórkosleg náttúra einkennir eignina.

Hafdís
Sölufulltrúi
**895-6107**
hafdis@remax.is



Berglind Hólm
Sölufulltrúi
**694-4000**
berglind@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



**RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is**

**Auglýsingasími**

# 512 50 50



– Mest lesið

nýtt heimili

# Opið hús

# Háteigsvegur 3

# 14:00 - 17:00

Nýtt heimili í miðborginni. Við bjóðum ykkur að koma og skoða vandaðar íbúðir rétt við Klambratúnið í dag milli klukkan tvö og fimm.

Komdu við í miðbænum, við bjóðum upp á fallegar íbúðir, kaffi, svala og súkkulaði.

Nýtt heimili - fasteignasala
Hamraborg 10
Sími: 414 6600 Fax: 414 6601
www.nyttheimili.is
Reynir Erlingsson Lögg. fasteignasali



AEG

TE & KAFFI

Álnabær

HEIMA HÚSIÐ



stráka. Gaukur er prýðisdrengur og Ómar er æskufélagi minn þannig að ég veit ekki alveg hvað ég á að segja. En ég hef líka margoft sagt við Ómar að ferilsskrá Impregilo sé drulluskítug og jafnvel blóðug á köflum. Þannig að ég skil alveg hvað Gaukur var að fara með því sem hann sagði. Fyrir utan hvað þetta er þungur dómur. 800.000 kall? Það er sá peningur sem fólk væri ánægt með að fá hér á landi eftir verstu hugsanlegu barsmíðar og nauðgun.

**Silja:** Já, þetta var þungur dómur. En hvað eftirminnilegustu móðgunarummælin varðar þá verð ég að kjósa „Vélstrokkað tilberasmjör", sem var heill ritdómur Guðmundar Finnbogasonar um Vefarann mikla frá Kasmír. Það er að vísu mjög langt síðan en hefur eitthvað verið sagt ógeðslegra?

**Erpur:** Já, það er frekar viðbjóðslegt. Mér fannst fyndið þegar Halldór Blöndal sagði að Össur væri skeggjúði. Það er stundum eins og Íslendingar geri sér ekki grein fyrir því hvað það orð þýðir í sögunni. Enda eru hvað – tveir gyðingar eða eitthvað á landinu. En svo elska ég Steingrím Joð og allt það sem hann getur látið út úr sér – eins og að kalla Davíð druslu.

**Silja:** Já, og hvað sagði Ólafur Ragnar aftur um Davíð… skítlegt eðli?

**Erpur:** Einmitt. Mér finnst reyndar margt verra hægt að segja en það.

**Silja:** Ég myndi ekki vilja láta segja það um mig! Eðli er eitthvað sem þú getur ekki breytt.

### Neðanjarðarrúnk Bigga

*Og að fleiri netdeilum – því nú virðist kóngurinn sjálfur, Bubbi Morthens, vera farinn að svara fyrir sig á vefsíðunni sinni og á stuttum tíma komist tvisvar í fréttirnar fyrir það. Haldið þið að Bubbi sé í verra skapi en venjulega eða bara farinn að nýta sér internetið í auknum mæli? Og við hvaða núlifandi Íslending mynduð þið helst kjósa að lenda í ritdeilu við – yrðuð þið?*

**Erpur:** Með Bubba held ég að það sé sitt lítið af hvoru.

**Silja:** Finnst þér hann vera illvígur?

**Erpur:** Mér finnst smá pirringur í honum, já.

**Silja:** Ég hef að vísu bara séð ljúfu hliðarnar á honum undanfarið, en það sem ég held að hafi gerst er að hann fann kraftinn í sér til að skrifa. Hann hefur náttúrlega verið drulluhræddur við að tjá sig sjálfur í rituðu máli í gegnum tíðina vegna þess að hann er skrifblindur. En með útgáfu sinni fyrir jól á veiðisögunum fékk hann að ég held orkusprautu í rassinn. Ég veit til dæmis að hann hefur svo oft langað til að taka þátt í skriflegu umræðunni í þjóðfélaginu – og ekki þorað. Hann hefur nú öðlast nýja trú á sjálfan sig og er að lifa hana svolítið. Ég hugsa að hann róist.

**Erpur:** Það mæðir auðvitað svolítið á honum núna. Hann er að gera sjónvarpsþátt sem skiptar skoðanir eru um og hann er að gera ýmsa hluti sem hann hefur ekki verið að gera áður, sjónvarpsauglýsingar og annað slíkt. Það eru margir ósáttir við það – fólk sem ber virðingu fyrir honum og hefur fylgt honum frá fyrsta degi. Það getur verið að það sé líka að pirra hann.

**Silja:** Hann er ábyggilega mjög áreittur. Ekki bara í fjölmiðlum heldur líka persónulega og það er eflaust rosalega pirrandi og það veistu örugglega Erpur betur en ég.

**Erpur:** Já, já, ég skil alveg hvað hann er að fara. Og þegar Biggi í Maus, sem hefur ekki komið upp ófalskri nótu, ætlar að fara að tala um Bubba opinberlega ….

**Silja:** … já, segja að hann hafi ekki skipt neinu máli?

**Erpur:** Einmitt. Þegar þú hoppar um borð í þennan trukk sem er að deila við Bubba er vissara að vera ekki að skrifa eitthvað bull. Og það að segja að Bubbi hafi aldrei verið leiðandi í tónlist er auðvitað mesta djöflasýra sem hægt er að spýta út úr sér og dæmir Bigga um leið úr leik. Ef þú segir að Das Kapital, Utangarðsmenn, Egó sem og fyrstu sólóplöturnar hafi ekki verið mótandi afl ertu að falsa söguna. Biggi skrifar að Bubbi hafi hangið aftan í því sem aðrir mótuðu – en það er bara eitthvað neðanjarðarrúnk í Bigga – það er eins og honum finnist að tónlistarmenn sem selji fleiri en sjö eintök af plötunni sinni séu antíkristur.

**Silja:** Já, það er rangt. Hvað var Biggi einmitt gamall þegar Ísbjarnarblús kom út? Ég var allavega þar. Og ég gleymi því aldrei nokkurn tíma þegar ég heyrði í honum fyrst, aldrei. Það var bara opinberun.

**Erpur:** Og líka textagerðin – hún fór á annað level.

**Silja:** Akkúrat. Hvað var eiginlega verið að syngja um áður? Það verður ekki tekið af Bubba sem hann hefur gert.

**Erpur:** Ég er alls ekki sammála öllu því sem Bubbi hefur sagt og gert, mér fannst til dæmis út í hött hvernig hann réðst á Dóra DNA, en Biggi í rauninni fór þarna á hnén og bauð upp á hnakkaskot frá Bubba.

**Silja:** En ef ég ætti að velja mér einhvern til að lenda í ritdeilu við myndi ég kjósa einhvern sem mér er vel við og það yrði þá Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur. Myndum við þá sennilega deila um kvennabókmenntir.

**Erpur:** Væri ekki bara fínt að lenda í ritdeilu við einhvern sem vantar hendurnar á? Veiðivörðurinn við Apavatn væri líka prýðilegur kandídat í ritdeilu um þau vörusvik sem felast í því að gefa sig út fyrir að bjóða upp á apa en vera síðan bara með einhverjar slakar bleikjur.

### Endurgreiðsla fyrir leiðinlega málshætti

*Að lokum. Páskarnir eru á næsta leiti. Ef þið ættuð að velja tvo málshætti til að setja í öll páskaegg þjóðarinnar – hvaða málshætti mynduð þið stinga inn í eggin? Og hver er leiðinlegasti málshátturinn að ykkar mati?*

**Silja:** Þeir málshættir sem ég myndi velja inn í páskaegg þjóðarinnar koma náttúrlega hjá mér í beinu framhaldi af þjóðfélagsástandinu – Margur verður af aurum api – Fleira má bíta en feita steik.

**Erpur:** Fyrstan myndi ég setja þennan: Sá sem alltaf gengur í bestu fötunum sínum á ekki spariföt. Það er ekkert gaman ef maður getur alltaf borðað humar og steik og þessir nýríku halar eru ekki alveg búnir að fatta það. Þessi er líka góður: Örbirgan vantar margt, en á gjarnan allt. Það er aldrei hægt að svala græðgi. Hún er ómettandi og þar af leiðandi kolröng leið að hamingju.

**Silja:** En leiðinlegasti málshátturinn. Þegar ég var barn var sparnaðarhugsjónin auðvitað ennþá í gangi. Verðbólgan var þó byrjuð að ráðast á hana en þó var enn sagt: Græddur er geymdur eyrir þegar maður græddi náttúrlega ekkert á því að geyma eyrinn. Mér finnst það virkilega „sikk" málsháttur.

**Erpur:** Já, haha, ég er sammála þér. Sá leiðinlegasti finnst mér þessi: Nú er það af sem áður var. Það er með öllu tilgangslaust að segja þetta. Bara eins og að segja: „Höfuð, herðar, hné og tær" og selja Nóa og Siríus það sem málshátt. Ég myndi biðja um endurgreiðslu ef ég fengi svona málshátt í páskaegginu mitt.




# Ísland – Færeyjar

## í Kórnum í Kópavogi

Fyrsti A-landsleikur karla í fótbolta innanhúss fer fram í nýju og glæsilegu knatthúsi við Vallakór í Kópavogi **sunnudaginn 16. mars kl. 16.00**

PIPAR • SÍA • 80588 • Ljósmynd: Krissy




Kórinn er 14.457 m² að heildarflatarmáli, tekur 2000 áhorfendur í sæti og verður frábær umgjörð um vináttulandsleik Íslendinga og Færeyinga.

Íþróttahöllin er jafnframt sérhönnuð til tónleikahalds með tilliti til hljóðvistar og getur tekið allt að 19 þúsund gesti. Enn fremur hentar hún til sýninga- og ráðstefnuhalds. Knattspyrnuakademía Íslands annast rekstur hússins.

Miðasala á landsleik Íslands og Færeyja fer fram gegnum miðasölukerfi hjá **midi.is**.

ÍTK

KAÍ

# Mannslífum bjargað með símtali

Friðargæsluverkefni Íslendinga og Norðmanna á Srí Lanka var sjálfhætt í byrjun árs eftir að vopnahléssamkomulagi var sagt upp. **Jónas Gunnar Allansson** og **Bjarney Friðriksdóttir** segja ***Brjáni Jónassyni*** frá starfinu, árangrinum og öryggismálunum í stríðshrjáðu landi og því hvað Íslendingar geta haft fram að færa í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum.

Borgarastyrjöld hefur verið á Srí Lanka með hléum frá 1983. Norræn eftirlitssveit fylgdist með því að friðarsamkomulag frá árinu 2002 væri virt. Jónas Gunnar Allansson mannfræðingur er nýkominn heim frá friðargæsluverkefnum á Srí Lanka, þar sem hann var næstæðsti yfirmaður eftirlitssveitar Norðmanna og Íslendinga í landinu.

*Hvernig metur þú ástandið á Srí Lanka nú þegar eftirlitssveitin er horfin á braut?*

„Það er mjög mikil þörf fyrir athygli alþjóðasamfélagsins á því sem er að gerast. Eins og alltaf þegar um átök er að ræða er mjög erfitt að stunda einhvers konar friðarþvingun og ég held að það sé ekki í boði á Srí Lanka. Ég vonast til þess að stjórnvöld og Baráttusamtök Tamílatígra, muni ná sátt um að koma friðarferlinu aftur í gang. Varanlegur friður er forsendan fyrir almennri uppbyggingu. Það var friður á tímabili, en svo hafa átt sér stað breytingar í stjórnmálunum á Srí Lanka, sem hefur orðið til þess að það er erfiðara að sjá það fyrir sér að það verði friður á næstunni. Engu síður var lögð mikil áhersla á að tryggja tengsl okkar við stjórnvöld og Tamílatígrana og reyna að viðhalda tengslanetinu sem við eigum í landinu eftir að ljóst var að við myndum yfirgefa Srí Lanka. Markmiðið var að eiga möguleika á því að komast aftur inn í samfélagið seinna.“

*Hver voru daglegu verkefnin hjá þér og öðrum starfsmönnum eftirlitssveitarinnar?*

„Starfið fólst í því að halda ákveðnum tengslum við stjórnvöld og Baráttusamtök Tamílatígra. Annar þáttur í starfinu var að fylgjast með vopnahlésbrotum. Átökin höfðu aukist mikið svo áhersla okkar var á skoða tilvik sem sýndu fram á ákveðna þróun, tilvik sem höfðu með árásir á borgara að gera, og atvik sem höfðu mikla pólitíska þýðingu. Við gátum ekki lengur fylgst með öllu sem gerðist, til þess hefðum við þurft að vera með mörg hundruð friðargæsluliða að störfum með þyrlur og flugvélar. Í lokin vorum við að fylgjast með stríðsástandi. Við höfðum engu síður mjög góðar öryggistryggingar af hálfu stjórnvalda og Tamílatígra.“

*Hvernig var árangurinn?*

„Við vorum ekki vopnað friðargæslulið, við vorum ekki þarna til að þvinga fram frið. Við vorum líka mjög fámenn, undir það síðasta vorum við aðeins um 30 talsins. Við hefðum öll komist í einn strætisvagn. Þessi liðsafli var að fást við land sem er á stærð við Ísland með tíu milljón íbúum. Maður verður að vera raunsær þegar maður horfir í það. En ég held við höfum haft mjög sterka ímynd, ég held að bæði alþjóðasamfélagið og heimamenn hafi haft mjög miklar hugmyndir um styrk okkar þótt við værum svona fá. Ef áhrifin eru metin út frá því tel ég að þetta verkefni hafi skilað mjög miklum árangri.“

## Norrænt samstarf til fyrirmyndar

*Friðargæsluverkefnið á Srí Lanka var sameiginlegt verkefni Norðurlandanna. Hvernig gekk þetta norræna samstarf?*

„Við getum lært mjög mikið af þessu norræna samstarfi. Það er módel sem er mjög áhugavert að skoða nánar. Mikil samskipti við heimamenn og dagleg samskipti við herforingja og fulltrúa Tamílatígranna, það var algerlega einstakt. Aðrar stofnanir höfðu ekki sama aðgang. Okkar persónulegu tengsl við þetta fólk höfðu mikil áhrif og skiluðu mjög miklu. Jafnvel þótt það hafi ekki komið sérstaklega á óvart þegar stjórnvöld sögðu upp vopnahléssamkomulaginu tel ég að mörgum hafi þótt verra að missa þennan tengilið milli Tamílatígranna og stjórnvalda.



**MANNSLÍF** Starfsemi eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka bjargaði þúsundum mannslífa segir Jónas. Það viðurkenni bæði deiluaðilar og óháðir aðilar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við vorum ekki þarna til að neyða friðinn upp á deiluaðila, ég held að almennt séu friðarþvinganir alger neyðarúrræði.

Það er hægt að koma í veg fyrir mjög alvarlega hluti með einu símtali. Það eru mörg dæmi um að mannslífum hafi verið bjargað með þeim hætti, það er enginn vafi á því.“

*Upplifðir þú það einhvern tímann að finnast þú sjálfur eða einhver af eftirlitsmönnunum vera í hættu?*

„Það sem verður að hafa í huga var að við höfðum tryggingu fyrir öryggi okkar allra frá báðum aðilum og þeim var mikið í mun að tryggja öryggi okkar. Hins vegar eru líka hópar í landinu sem eru á jaðrinum, tilheyra að segja má hvorugri fylkingunni í landinu. Það voru þeir hópar sem við höfðum helst áhyggjur af. Þegar eitthvað kom upp á var það yfirleitt vegna misskilnings eða samskiptaleysis. Þess vegna lögðum við mikla áherslu á að endurmeta sífellt öryggisviðmið okkar. Allt okkar starf tók mið af öryggisástandinu. Þegar ástandið var gott gátum við ferðast frekar frjálslega. Ef ástandið versnaði drógum við úr ferðunum.“

*Hvernig varð þér við þegar þú heyrðir af því að stjórnvöld hefðu sagt upp friðarsamkomulaginu við Tamílatígrana?*

„Það kom að vissu leyti á óvart. Það var alveg eins búist við því að samkomulaginu yrði sagt upp seint á árinu 2007 til þess að þjóðernissinnaðir þingmenn styddu fjárlagafrumvarp stjórnvalda, en af því varð ekki. Það var svo ekki fyrr en eftir jól að samkomulaginu var sagt upp. Þá upphófst ægilegt kapphlaup, enda ekki auðvelt að loka eftir sex ára starf. Við urðum að tryggja okkar tengsl, lífsafkomu heimamanna sem unnu fyrir okkur, og tryggja að við færum með góðan orðstír. Allir lögðust á eina sveif og ég tel að það hafi tekist ótrúlega vel.“

## Björguðu þúsundum mannslífa

*Þegar ljóst var að norræna eftirlitssveitin yrði að hverfa frá Srí Lanka vöknuðu áhyggjur af stöðu heimamanna sem unnu fyrir sveitina. Hvernig var þeirra málum fyrirkomið, er það fólk í einhverri hættu vegna starfa þeirra fyrir ykkur?*

„Við lögðum mesta áherslu á að tryggja fólki vinnu, helst hjá alþjóðlegum samtökum sem starfa á Srí Lanka. Vinna tryggir lífsafkomu og ef fólk vinnur fyrir alþjóðleg samtök veitir það því einnig ákveðið öryggi. Þetta tókst mjög vel. Ef okkur grunar að einstaklingar gætu lent í hættu erum við í góðu sambandi við fólkið og norska sendiráðið á Srí Lanka fylgist vel með þeirra málum. Það er hluti af okkar tengslaneti, að halda sambandi við okkar gamla starfsfólk. Sumir höfðu unnið lengi fyrir okkur og persónuleg tengsl og vinátta myndast. Því verður viðhaldið, við munum fylgjast með því hvernig okkar fólki vegnar og bregðast við og aðstoða eftir því sem þurfa þykir.“

*Varð starf eftirlitssveitarinnar í landinu að engu þegar stríð braust út á ný eða skildi starfið eitthvað eftir sig? Mistókst verkefni norrænu sveitarinnar?*

„Það er enginn vafi á því að þetta verkefni



**FISKVEIÐAR** Starfsmenn eftirlitssveitanna fóru víða og ræddu við heimamenn. Hér spjalla þeir við forsvarsmann fiskveiðimanna í Ampara. MYND/BJARNEY FRIÐRIKSDÓTTIR

skilaði gríðarlega miklu. Bara vera okkar á staðnum bjargaði þúsundum mannslífa. Það viðurkenna allir sem koma að málum; stjórnvöld, Tamílatígrar og ekki síst þriðju aðilar á borð við trúarsamtök og borgaraleg samtök. Slík samtök sendu frá sér yfirlýsingu stuttu eftir að SLMM fór frá Srí Lanka þar sem brotthvarf okkar var harmað. Þar vísuðu þeir í það að við höfum sennilega bjargað þúsundum mannslífa. Slíkar tölur hafa verið nefndar, en það er alltaf erfitt að meta árangurinn. Það verður að gera greinarmun á friðargæslunni annars vegar og friðarferlinu hins vegar. Þótt friðargæsluverkefninu sé lokið heldur friðarferlið áfram í umsjá Norðmanna. Þótt það sé vissulega ákveðinn lágpunktur á friðarferlinu núna þá er Srí Lanka þannig að allt getur breyst á einni nóttu. Ég vona að það komist á friður aftur. Það hefur komið fram í máli ýmissa ráðamanna, bæði á Norðurlöndunum og á Srí Lanka, að það sé ekki rétt að líta svo á að þetta verkefni hafi mistekist. Þvert á móti hafi það skilað sínu, en verið sjálfhætt eftir að vopnahléinu var sagt upp. Við vorum ekki þarna til að neyða friðinn upp á deiluaðila, ég held að almennt séu friðarþvinganir algert neyðarúrræði sem ætti að fara mjög varlega með.“

*Hafa Íslendingar eitthvað fram að færa til friðargæslu?*

„Íslendingar hafa tvímælalaust margt fram að færa. Alltaf þegar talað er um Íslendinga í alþjóðasamstarfi heyrir maður talað um drifkraftinn. Ég verð alltaf var við þennan drifkraft í alþjóðlegu samstarfi, þessa eilífu sannfæringu um að það sé einhver lausn, það sé hægt að redda málunum einhvern veginn. Þessi ofurjákvæðni og tiltrú er góð í svona störfum. Það eru spennandi tímar fram undan í friðargæslunni. Það eru að verða miklar breytingar á þessu sviði og meira pláss fyrir þverfaglega þekkingu og reynslu af ólíkum viðfangsefnum. Menn eru að átta sig á því að það verður að nálgast viðfangsefnið í heild sinni.“

## TALIÐ AÐ UM 70 ÞÚSUND HAFI FALLIÐ Í BORGARASTYRJÖLDINNI Á SRÍ LANKA

- Srí Lanka er eyja í Indlandshafi sem liggur austan við suðurodda Indlands. Eyjan er tæplega 66 þúsund ferkílómetrar, um tveir þriðju af flatarmáli Íslands. Íbúar Srí Lanka eru um 21 milljón.
- Frá árinu 1983 hafa reglulega blossað upp átök milli stjórnarhersins og Baráttusamtaka Tamílatígra, sem berjast fyrir sjálfstæðu ríki Tamíla á norður- og austurhluta eyjunnar. Talið er að meira en 70 þúsund manns hafi fallið í átökum í landinu frá árinu 1983.
- Árið 2002 gerðu stjórnvöld og Baráttusamtök Tamílatígra friðarsamkomulag eftir að Norðmenn miðluðu málum. Í kjölfarið sendu Norðurlöndin eftirlitssveit til landsins til að fylgjast með því að friðarsamkomulagið væri virt.
- Átök í landinu jukust talsvert árið 2005, og 8. júní 2006 setti Evrópusambandið Baráttusamtök Tamílatígra á lista yfir hryðjuverkasamtök. Í kjölfarið kröfðust Tamílatígrar þess að friðargæsluliðar frá þjóðum innan Evrópusambandsins hyrfu frá landinu.
- Um 60 eftirlitsmenn voru starfandi í landinu þar til í ágúst 2006, Danir, Finnar og Svíar kölluðu sitt fólk heim. Undir lokin voru um 30 starfsmenn eftirlitssveitarinnar í landinu, níu Íslendingar en restin Norðmenn.
- Stjórnvöld á Srí Lanka sögðu upp friðarsamkomulaginu frá 2002 í byrjun árs 2008. Í kjölfarið þurftu friðargæsluliðar Íslands og Noregs að hverfa frá landinu og er starfsemi eftirlitssveitanna nú lokið.






**EFTIRLIT** Herlög eru í gildi á Srí Lanka, hér leitar lögreglumaður í innkaupapoka konu á götu í miðborg Trincomalee. MYND/BJARNEY FRIÐRIKSDÓTTIR

# Vorum aldrei skotmörk

Bjarney Friðriksdóttir var ein íslensku friðargæsluliðanna sem stóðu vaktina á Srí Lanka þar til vopnahléinu lauk og norræna eftirlitssveitin þurfti að yfirgefa landið. Hún starfaði sem eftirlitsmaður í austurhéraði landsins, þar sem Tamílar eru í meirihluta, frá september 2007.

Hún kom til starfa skömmu eftir að stjórnarherinn hafði hrakið Tamíltígrana á brott úr héraðinu en þar var starfandi Karuna-hópurinn svokallaði sem sleit sambandi við Baráttusamtök Tamílatígra og fór að kenna sig við ofurstann Karuna Amman. Sagt er að Karuna-hópurinn hafi veitt stjórnarhernum þann atbeina sem þurfti til að hrekja Tamílatígrana frá austurhluta landsins.

*Hver voru þín daglegu verkefni?*

„Við vorum með opnar skrifstofur þar sem fólk gat komið og gefið okkur upplýsingar um mál. Svo vorum við líka með starfsmenn sem fóru út í sveitirnar til þess að tala við fólk. Algengustu kvartanirnar snerust um að fólk hafði horfið; því hafði verið rænt eða það handtekið. Oft vissi fólk ekki hvort ættingjar og vinir væru í haldi hersins eða lögreglunnar, jafnvel mánuðum saman. Það eru neyðarlög í gildi í landinu svo bæði her og lögregla mátti handtaka fólk án handtökuskipunar ef það var grunur um að það myndi gera eitthvað af sér eða hefði hugsanlega einhver tengsl við Tamílatígrana. Tamílar í austurhluta landsins búa við mikinn ótta og óöryggi.

Að meðaltali heyrðum við af tólf ránum á fólki í viku. Við vitum dæmi þess að Karuna-hópurinn lét menn hverfa, reyndi að fá upplýsingar frá þeim, og lét þá svo í hendur hersins. Herinn yfirheyrði mennina, og skilaði þeim í hendur lögreglunnar, sem hafði þá svo í varðhaldi án þess að leiða þá fyrir dómara. Óöryggi almennra borgara var mjög mikið vegna þessa. Oftast var fólkið látið hverfa á nóttunni og þegar fór að dimma lokaði fólk hurðum og gluggum og var ekki á ferli.“

*Hvað gátuð þið gert?*

„Það var hvorki hlutverk eftirlitssveitarinnar né höfðum við vald til að íhlutast í málunum. En þegar við fengum upplýsingar um svona mál spurðumst við fyrir. Það skipti máli að láta vita að við hefðum þessar upplýsingar, vissum að þetta fólk væri í haldi og við fengum jafnvel að hitta fólk í varðhaldi. Okkar hlutverk var að fylgjast með því sem var að gerast og skrásetja það, svo við fórum oft og spurðumst fyrir hjá yfirvöldum og fylgdum málum eftir gagnvart fjölskyldunum.“

*Er mikil þörf fyrir uppbyggingarstarf í austurhluta Srí Lanka?*

„Tvímælalaust. Mörg svæði í austurhéraðinu urðu illa úti í flóðbylgjunni annan í jólum árið 2004. Heilu þorpin eyðilögðust, fjölskyldur misstu allt sem þær áttu og fiskimenn misstu lífsviðurværi sitt. Enn er talsvert af fólki á Srí Lanka flóttamenn í eigin landi vegna flóðbylgjunnar. Uppbyggingarstarf er oft erfitt vegna stríðsástandsins.

Algengt er að herstöðvar séu alveg við þorpin við ströndina, og vegna útgöngubanns bannar herinn fiskimönnunum að fara út á sjó á næturnar. Þeir þurfa að komast út fyrir ákveðinn tíma til að ná fiskinum, og útgöngubann til sex á morgnana gerir út um þær veiðar. Það sama á við um fólk sem hefur atvinnu af því að safna eldiviði í skógunum, það fær ekki að sinna starfinu. Eins eru stundum hrísgrjónaakrar eða beitarsvæði fyrir buffalóa skilgreind sem bannsvæði. Ef ástandið heldur svona áfram þarf að byggja upp atvinnuvegina þannig að fólk geti haft lífsviðurværi af annarri vinnu.“

> „Stundum var erfitt fyrir fólkið að skilja að við gætum ekki gengið beint í málið, að við hefðum ekki vald til að leysa fólk úr haldi. Væntingarnar voru stundum meiri en við gátum staðið undir.

*Hverju finnst þér starf ykkar á Srí Lanka hafa komið til leiðar?*

„Það er alltaf ákveðið öryggi í því að óháður eftirlitsaðili sé í landinu með samþykki beggja deiluaðila. Við skrásettum það sem gerðist, hlutverk okkar var ekki að hlutast til um það sem var að gerast. Vissulega þjónaði það tilgangi að einhver fylgdist með ástandinu. Þegar við þurftum að fara óttaðist fólk að ástandið myndi versna.“

**Nutu trúnaðartrausts**

*Hvernig var viðhorf almennings í Srí Lanka til eftirlitssveitarinnar?*

„Almenningur leitaði til okkar til að fá aðstoð, og við nutum mikils trúnaðartrausts. Oft fengum við upplýsingar sem fólk þorði ekki að fara með til lögreglu, í þeirri von að við gætum aðstoðað. Við reyndum eftir fremsta megni að leita að upplýsingum, en stundum var erfitt fyrir fólkið að skilja að við gætum ekki gengið beint í málið, að við hefðum ekki vald til að leysa fólk úr haldi. Væntingarnar voru stundum meiri en við gátum staðið undir.“

*Upplifðir þú það einhvern tímann að þú eða samstarfsfólk þitt væri í hættu?*

„Nei, aldrei. Við vorum aldrei skotmörk, vorum mjög vel auðkennd og ferðuðumst alltaf í pörum eða hópum. Ég upplifði það aldrei þannig að ég væri í hættu. Það voru ekki átök í austurhlutanum á meðan ég var þar, það gerðist ýmislegt en það voru ekki átök.“

www.ellingsen.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA




Njóttu lífsins
í Fleetwood Niagara

Staðalbúnaður
- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- 118 l gasísskápur
- 4 hátalarar AM/FM stereó með geislaspilara inni og úti
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur m. saumlausum köntum
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif fyrir lyftikerfi í mittishæð
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Galvaníseraðar stálplötur að framan og aftan með grjótvörn úr tígulplötu að framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómuðum hjólkoppum
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Snyrting með föstum veggjum eða postulínsklósetti sem tengja má við skólplögn, stöðumælir fyrir klósettgeymi
- Handklæðahengi, klósettrúlluhalda og snyrtispegill
- BackSaver™ áfastir rúmfætur
- Nefhjól sem leggst upp
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Fast eldhús með venjulegri hæð og tvíhólfa vaski, 3 gashellur
- Þétt svampdýna (með áklæði og skrautflipa)
- 35 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- Útiljós
- Fatahengi
- Fóðruð glugga- og rúmtjöld, skrautkappi m. fullri lengd
- Dyraþrep sem rennur út
- Varadekk, festing, felgulykill
- Gagnsæir vínylgluggar
- Vínylhlíf fyrir varadekk
- Vínylhlíf fyrir LP-gaskút
- 9 kg LP-gaskútur
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Geymsluhólf með aðgangi utan frá
- Truma®-gashitari og vatnshitari

Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 587 cm (14 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Lengd að innan | 427 cm |
| Eigin þyngd | 1430 kg |
| Heildarþyngd | 1708 kg |

14 fet




Páskatilboð
Lúxus-aukahlutapakki að verðmæti 217.700 fylgir!

| | |
|---|---|
| Sólarrafhlaða | 105.000 |
| Þakskyggni | 42.000 |
| Coleman-gasgrill | 28.000 |
| Farangurspoki | 14.760 |
| Spegilhilla | 7.900 |
| Ljós með viftu | 6.900 |
| Aukagaskútur | 5.664 |
| Festing fyrir aukagaskút | 1.990 |
| Fatahengi | 3.500 |
| Hnífaparabakki | 1.995 |

Verð 2.195.000 kr.
Útborgun 439.000 kr.
Mánaðargreiðsla 28.173 kr. miðað við 84 mánuði

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

# Efnahagur í ham í Víetnam

Víetnam er að mörgu leyti land andstæðna. Þar ægir saman mörgum þjóðernishópum, fátækt er mikil en á sama tíma er hagsæld er með mesta móti og svo virðist frelsi og forræðishyggja fara hönd í hönd. **Davíð Sigurþórsson** sagði *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* frá veru sinni í landinu þar sem hann kannaði iðandi mannlíf borgarinnar og hag fólks í afskekktustu sveitum.



**FÖGUR ER HLÍÐIN** Davíð Sigurþórsson fór um fjallahéruð í Víetnam og var þar ótalmargt að sjá enda búa fjölmörg ólík þjóðarbrot á litlum svæðum. Gestrisni bænda var slík að hann mátti passa sig að verða ekki of kenndur þegar boðið var uppá mat og drykk.

Davíð er meistaranemi í þróunarfræði í Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Stór hluti af náminu felst í vettvangsrannsókn og starfsþjálfun í þróunarríki og fór hann til Víetnam þar sem hann starfaði fyrir Alþjóðaþróunarsjóð landbúnaðarins (International fund for agricultural development) sem er sjálfstæð stofnun en þó tengd Sameinuðu þjóðunum með samstarfssamningum. „Tilgangurinn var þríþættur,“ útskýrir Davíð. „Í fyrsta lagi var okkur uppálagt að vera í starfsþjálfun svo við fengjum hagnýta reynslu, svo að vinna verkefni fyrir skólann og í þriðja lagi að gera okkar eigin rannsókn og byggja lokaritgerðina á henni.“

Davíð fór til landsins í ágúst og dvaldi þar til jóla en situr nú sveittur við skrif í Lundi enda styttist óðum í skiladag.

**Áhorfendur kringum Vesturlandabúana**

Hann fór með nokkrum samnemendum og var ferðinni fyrst heitið til höfuðborgarinnar Hanoi en síðar var haldið á fáfarnari slóðir. „Við fórum til héraðs sem heitir Tuyen Quang í þeim tilgangi að fylgjast með og hjálpa til við framkvæmd stöðukönnunar á áhrifum víðtæks þróunarverkefnis sem fjármagnað er af sjóðnum og er beint að hinum allra fátækustu íbúum héraðsins. Markmiðið er að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálfir við að auka fjölbreytni afkomuleiða og tekjuöflunar, svo sem með míkrólánum, námskeiðahaldi í sjálfbærri skógrækt, húsdýrahaldi og ræktun nýrra plöntuafbrigða, starfsþjálfun og þar fram eftir götunum. Sérstök áhersla var lögð á þátttöku kvenna og minnihluta þjóðernishópa.“

Seint verður sagt að Víetnamar séu einsleit þjóð en um 27 þjóðernishópar búa í landinu og talar hver þeirra sitt tungumál. Davíð átti eftir að komast að því að þessir hópar eru mismiklir um sig.

„Við fórum til dæmis í 300 manna þorp þar sem Tuy-fólkið býr en þetta er eina þorpið í öllu landinu þar sem fólk af þessu þjóðarbroti býr. Eins komum við í þorp sem ber nafnið Blómahæð, eða Deo Hoa eins og það heitir á frummálinu, og ber nafn með rentu. Það þarf ekki að spyrja að því að okkur var tekið með kostum og kynjum hvar sem við komum. Gestrisnin, hlýjan og jafnvel undrunin skein úr svo að segja hverju andliti. Ef maður nam staðar lengur en svona tvær mínútur á rölti sínu í gegnum þorpin myndaðist undir eins smá áhorfendaskari barna og fullorðinna sem starði á okkur eins og naut á nývirki og fannst greinilega mikið til koma að fá Vesturlandabúa í heimsókn. Ástæðan er sú að þau þorp sem við heimsóttum, og í raun héraðið allt, eru utan alfaraleiðar hvers kyns ferðalanga.“



**AFSKEKKT ÞORP EÐA HVAÐ?** Þó mörg þorpanna væru afskekkt og fátækleg mátti þó sjá eitt og annað í þeim sem bar vott um annað. Til dæmis gervihnatta eins og sést á þaki eins hússins á þessari mynd. Einnig vissu bændur vel hvað klukkan sló þegar þjóðmálin báru á góma.

MYND/DAVÍÐ SIGURÞÓRSSON



**Á HRÍSGRJÓNAÖKRUNUM** Þessar konur taka til hendinni á hrísgrjónaökrunum og ekki veitir af að bera hatta sem sæma starfinu.

Það kom Davíð á óvart að á þessum framandi slóðum þar sem fátæktin var mikil skyldi menntunarstig landsmanna vera mun hærra en ætla mætti í fyrstu. „Þeir hafa úr afar takmörkuðu að moða en grunnskólasókn er almennt nokkuð góð og læsi er útbreitt. Um níutíu prósent fullorðinna eru læs, sem er nokkuð gott í fátæku landi. Menn komu því ekkert að tómum kofanum hjá afskekktum bændum, sem vissu vel hvað klukkan sló í þjóðmálunum.“

**Næstmesti hagvöxtur í heimi**

Davíð segir að Víetnamar hafi virst honum stoltir og bjartsýnir enda má segja að nú blási nokkuð byrlega þó að vissulega sé fátæktin mikil. „Það hefur verið rosalegur uppgangur þarna. Hagvöxturinn hefur verið um sjö til níu prósent undanfarin ár og aðeins Kína getur státað af betri árangri hvað það varðar. Samfara þessu hefur misskipting farið vaxandi en það er þó stefna stjórnvalda að allir njóti góðs af og alls ekki loku fyrir það skotið að bændurnir sem ég sá í afskekktustu dölum eigi eftir að gera það. Þarna er ég reyndar kominn að spurningunni sem ég er að velta fyrir mér í lokaritgerðinni; hvernig gengur Víetnömum að nýta þennan uppgang þannig að útkoman verði sem best fyrir alla landsmenn.“

**Siðfágaðir en skála óspart í hrísgrjónavíni**

Davíð spyr sig einnig hvort þessa hagsæld megi þakka að í Víetnam hafi tekist að tvinna saman því besta úr kapítalisma og kommúnisma en kommúnistaflokkur landsins venti sínu kvæði í kross á níunda áratugnum og opnaði markaði landsins. Þó að frelsisstraumar fari um landið er forræðishyggjan þó aldrei langt undan. „Sjónvarpseign er útbreidd þó að fátæktin sé mikil og sá ég jafnvel gervihnattadisk á híbýlum í afskekktum þorpum,“ rifjar hann upp. „Hann náði þó aðeins ríkissjónvarpinu þar sem helsti dagsskrárliðurinn var fræðsluþáttur um landsins gagn og nauðsynjar ætlaður bændum og búaliði. En í öðru þorpi glumdi úr hátölurum, sem komið var fyrir miðsvæðis, alla daga milli 4 og 8 í eftirmiðdaginn fræðsluboðskapur um allt frá heilbrigðu líferni og uppeldisaðferðum til mikilvægis góðra siða, ættjarðarástar og þess að yrkja jörðina. Fólk er enda almennt vel upplýst um þessa hluti, sem kemur sér vel þegar gera þarf sem mest úr takmörkuðum fjárráðum. En þrátt fyrir einbeittan áróður um góða siði var gjarnan skálað ótæpilega í heimagerðu hrísgrjónavíni með hádegismatnum og þurfti maður að sigla milli skers og báru ef maður ætlaði að koma einhverju í verk seinni part dags án þess þó að móðga nokkurn eða sýna vanþakklæti, en gestrisni bláfátækra bændanna á engan sinn líka.“

> ” En skömmu fyrir lokun kemur lögreglan akandi um framhjá öldurhúsunum með blikkandi ljós og minnir menn á að nú sé klukkan að verða tólf og tími til kominn að fara að drífa sig heim að lúlla.

**Lögreglan minnir bargesti á lokun**

Þessa birtingarmynd frelsis og forræðishyggju bar einnig að líta í höfuðborginni Hanoi. „Til dæmis þegar kemur að næturlífinu eða réttara væri að segja kvöldlífinu en það er múgur og margmenni á götum borgarinnar frá klukkan sjö til níu, þegar fer að kvíslast úr mannskapnum. Þó mega barir vera opnir til miðnættis. Skömmu fyrir lokun kemur lögreglan hins vegar akandi um framhjá öldurhúsunum með blikkandi ljós og minnir menn á að nú sé klukkan að verða tólf og tími til kominn að fara að drífa sig heim að lúlla. Ég sé það nú ekki fyrir mér að þetta myndi virka á Laugaveginum. Síðan eru til klúbbar sem eru í eigu æðri manna og eru opnir fram eftir nóttu. Tilvist þeirra er eiginlega opinbert leyndarmál, lögreglan veit af þessu en lítur framhjá þessu. Þó gerir lögreglan rassíur þarna endrum og eins svona til málamynda. Mér er til dæmis minnisstætt þegar lögreglan tók til hendinni á einum stað sem var með borð og stóla úti á götu í leyfisleysi. Lögreglan lét menn taka allt klabbið inn en þeir svartklæddu voru ekki komnir fyrir horn þegar allt saman var komið út aftur eins og ekkert hefði í skorist. Svona gengur þetta fyrir sig en veitingamenn borga lögreglunni eitthvað fyrir að fá að hafa þetta tiltölulega óáreittir, enda er hún jafnan sveigjanleg í samningum þegar peningamenn eiga í hlut.“

Davíð segist sérstaklega sakna kaffisins í Víetnam, sem sé með eindæmum gott og kæmi sér vel nú þegar hann situr við skriftir og er að ljúka við mastersnámið. „Að því loknu ætla ég í doktorsnám í siðfræði en þó undir miklum áhrifum frá þróunarfræðinni enda af nógu að taka í þeim efnum,“ segir Davíð.

**➜ MANNLÍF**












# Pistasíulamb
## í hungangssinnepshjúpi

**Fyrir 6 manns**

- 1 stk lambalæri
- 6 bökunarkartöflur
- 3 stk steinseljurætur
- 6 gulrætur
- 100 g pistasíuhnetur
- 100 g hunang
- 100 g grófkorna sinnep
- 2,5 dl rjómi
- 30 g þurrkaðir villisveppir
- 8 flúðasveppir
- 1 Skarlottlaukur
- 2 hvítlauksgeirar
- ½ búnt steinselja
- 1 flaska rauðbeðusafi
- 2 glös rauðvín
- 1 stk kanilstöng
- lambakraftur
- ferskt íslenskt tímían og rósmarín

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175°. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

Lambakjöt

## Friðgeir Ingi
Yfirkokkur á Hótel Holti

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJÖT.IS

# Ræktað kisur í 13 ár

Hvað fær fimm barnabarna ömmu til að halda heimili með sex köttum af tegundinni Cornish Rex, ferja þá á árlegar kattasýningar og taka á móti kettlingum sem telja orðið marga tugi? Er kattarækt gróðrabatterí eða kostnaðarsöm hugsjón? *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti **Kolbrúnu Gestsdóttir** sem er annar tveggja Rex-ræktanda á landinu.

Kattaræktun Kolbrúnar hófst árið 1995 og þá með því að hún fékk sér tvo persneska ketti. Hún hafði alltaf verið mikil dýramanneskja og átt húsketti en yfirleitt hafa ræktendur átt nokkra húsketti áður en áhugi þeirra kviknar á sérstöku kyni til ræktunar. Í nokkur ár ræktaði hún persneska ketti, allt til ársins 2002, þegar hún ákvað að flytja inn tvo ketti af tegundinni Cornish Rex til landsins en þá var enginn slíkur köttur til hérlendis. „Persarnir kröfðust mikillar umhirðu hvað feldinn varðar og ég var því orðin svolítið þreytt á því. Ég hafði aldrei séð Rexana nema bara á mynd og var mjög heilluð af þeim, fannst þeir tignarlegir og flottir. Ég var búin að heyra að þeir væru æðislegir persónuleikar og ákvað því að demba mér út í að flytja tvo ketti inn frá Finnlandi. Svo seinna flutti formaður Kynjakatta inn tvo ketti líka en í dag erum við bara tvö sem ræktum kynið.

## Kisurnar halda til Akureyrar

Fyrstu kettlingarnir fæddust því árið 2003 og síðan þá hefur Kolbrún tekið á móti mörgum gotum en einhverra hluta vegna virðast Akureyringar svolítið veikir fyrir þessum kisum. Umstangið er mikið í kringum kattaræktun, meira en margir gera sér grein fyrir að sögn Kolbrúnar. Og þótt margir fái dollaramerki í augun þegar Kolbrún segir hvað kettirnir kosta: milli 80.000-100.000 krónur – og vilja fá læðu til að fá kettlinga, segir Kolbrún að það sé lítið að uppskera peningalega séð í kattaræktun. „Stundum ganga gotin og kettlingauppeldið vel en það getur brugðið til beggja vona. Síðast lenti ég í því að báðar læðurnar mínar urðu að fara í keisaraskurð og samanlagt kostuðu þeir skurðir rúmlega 100.000 krónur. Svo vill það gerast að læðurnar mjólka ekki nóg og þá þarf að kaupa kettlingamjólk og svo er það allur dýralækniskostnaðurinn sem fylgir, sandur og matur. Svo þarf að flytja inn nýja ketti reglulega til að fara ekki út of mikla í skyldleikaræktun og þeir kettir þurfa að vera í einangrun úti í Hrísey eða úti í Vogum í fjórar vikur og slíkt kostar tæplega 200.000 krónur. Þetta er því meira af hugsjón og skemmtun sem fólk fer út í kattaræktun.“

## Allir uppi í rúmi

Og vinnan er gríðarleg. Kolbrún er heimavinnandi í dag en þegar hún vann úti var hún til að mynda að gefa kettlingum sem þurftu pela fyrir og eftir næturvaktir á Hrafnistu og svo eru það gotin sjálf – þar sem Kolbrún þarf að setja sig í ljósmæðurstellingar og vaka yfir fæðingum einn til fjóra sólarhringa í senn. Þegar kettlingarnir eru svo fæddir vilja læðurnar hvergi annars staðar ala börnin sín upp en einmitt uppi í rúmi hjá Kolbrúnu – og undir sæng – því Cornish Rex-kettirnir sofa ekki ofan á sængum – heldur krefjast þess alltaf að fá að vera undir. Kolbrún segir þetta vitaskuld vinnu en hvað er það þá sem fær fólk út í kattaræktun?

„Þetta er bara svo gaman. Maður parar læðuna sína og svo bíður maður í níu vikur eftir því að fá að sjá hvað maður fái. Hvað verða kettlingarnir margir og hvernig munu þeir líta út? Verða þeir falleg sýningardýr sem hægt verður að láta keppa eða ljúf gæludýr? Maður sér það yfirleitt strax á þeim nýfæddum hvort þeir hafi „rétt“ útlit sem muni komi þeim til góða á sýningum.

## Hverjum þykir sinn fugl fagur

Kolbrún er ekki bara ljósmóðir sinna katta því hún bjó lengi í miðbænum, og þá í næsta húsi við kattaræktanda sem ræktaði Abyssiníu- og Sómalí- ketti og þegar kom að erfiðum fæðingum í því húsi hljóp Kolbrún yfir og hjálpaði til við að toga kettlingana út. Er ekkert mikill metingur á milli kattaræktanda? „Jú, blessuð vertu. Hverjum þykir sinn fugl fagur og allt það. En undir niðri held ég að allir gleðjist með öllum þegar kettirnir eru að vinna til verðlauna á sýningum. Mér finnast allir kettir fallegir – síðhærðir og hárlausir. En maður getur sannarlega móðgast ef einhverjum þykja kettirnir manns ekki fallegir. Mörgum finnst Rexinn vera með hryllilega stór eyru, langt skott, lítið af hárum og hreinlega bara ljótir. Og svo eru sumir sem vilja bara sitt kyn og finnst það bara fallegt og ekkert annað. Svona er þetta bara – eins og með börnin.“



**LJÓSMÓÐURSTÖRF** Kolbrún Gestsdóttir kattaræktandi hefur ræktað Cornish Rex-ketti í 6 ár en á síðustu kattasýningu Kynjakatta vann læða frá henni fyrstu verðlaun í sínum flokki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MYNDASTYTTUR** Cornish Rex köttum finnst mjög gaman að „pósa“ eins og myndastyttur þar sem þeir sjást örugglega vel.



**LEIKGLAÐIR** Kisurnar hennar Kolbrúnar eru leikglaðar út ævina en ekki bara á kettlingaskeiðinu.



**STÓR EYRU OG TÍGULEGT ÚTLIT.** Því stærri sem eyru Cornish Rex katta eru því betri sýningarkettir þykja þeir.

## CORNISH REX



Fyrsta Cornish Rex-kettinum gaut læða, heimilisköttur, á bóndabýli í Bretlandi árið 1950. Innan um venjulegu kettlingana var þarna einn lítill sem skar sig úr hópnum – hafði afar sérstakan feld – sérstakar rákir á bakinu sem gengu í bylgjum – afskaplega stutt hár, langan háls, risastór eyru og tígulegt útlit. Menn segja að þarna hafi einhver erfðastökkbreyting átt sér stað og bóndinn ákvað að para aftur saman húskettina tvo sem framleiddu þetta litla dýr og fékk tvo í viðbót sem litu eins út.

Vegna þess hve snögghærðir þeir eru hentar innivera Cornish Rex-köttum best og þeir eru líka ákjósanlegir innikettir vegna þess hve þeir sofa mikið og eru rólegir. Þeir eru samt ákaflega skemmtilegir og leikglaðir þegar þeir vaka. Kettir af þessari tegund þykja afar gáfaðir og eru nokkuð ævintýragjarnir og þeir vilja vera hjá þér og engum öðrum, helst innanundir fötunum þínum og líkar vel við alla – líka hunda – og búa einmitt oft í sambýli við stóra hunda. Ef þú finnur þá ekki eru þeir líklega að rannsaka eitthvað á heimilinu – þvottavélina eða stofuskápinn – þeir eru ótrúlega forvitnir.

Margir sem hafa greinst með kattaofnæmi hafa getað verið með Cornish Rex-kött án þess að ofnæmið geri vart við sig.

# Gæða húsgögn
## á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri.

ÞÚ SPARAR 84.000kr

155.000kr
Verð áður 239.000.-



**Sófasett** 3+1+1 8183 VISA Lán

ÞÚ SPARAR 84.000kr

155.000kr
Verð áður 239.000.-



**Hornsófi** 2+h+2 6689 VISA Lán

ÞÚ SPARAR 30.826kr

327.000kr
Fullt verð 369.910.-



**Sófasett** 3+1+1 840 VISA Lán

## DUPEN RÚMIN komin aftur

COLCHON DUPEN

Ný sending af
120x200cm, 150x200cm
og 180x200cm



## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI

Allir borðstofustólar á
# 12.990.-

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 20. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**HELGA VIÐARSDÓTTIR MARKAÐSSTJÓRI HJÁ 66 NORÐUR** Draumafríið er í sumar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þykir verst að tapa í skák

**Helga Viðarsdóttir** er að skipuleggja ferð fyrir alla sem langar með á Hvannadalshnúk í sumar. Fréttablaðið tók hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Hvenær varstu hamingjusömust?** Þegar ég vaknaði í morgun eins og alla aðra daga.

**Við hvað ertu hræddust?** Er ekki hrædd við neitt, bít bara á jaxlinn og tek öllu sem kemur.

**Hver er fyrsta minningin þín?** Ég, mjög ung á 17. júní-skemmtun á Akranesi, sól og blíða eins og svo oft á Skaganum.

**Hvaða útivistarferð er þér minnisstæðust?** Sú síðasta; í fjallgöngu með frábærum hópi fólks í æfingaferð 66°Norður og Íslenskra fjallaleiðsögumanna upp Skarðsheiði, algjör snilld.

**Hvað er það versta sem einhver hefur sagt við þig?** „Skák og mát" – á mjög erfitt með að tapa í skák en verð að viðurkenna að hafa heyrt þetta nokkrum sinnum. En ekkert svakalega oft.

**Hvað gerir þú alltaf á laugardögum?** Sef meira en á virkum dögum.

**Hvaða kæki ertu með?** Er hægt að flokka stjórnsemi undir kæki?

**Hvernig slakar þú á?** Í faðmi fjölskyldunnar.

**Hverjar eru uppáhaldsflíkurnar þínar?** Þær eru ansi margar en Glymur, öndunarfatnaðurinn frá 66°Norður, hefur reynst mér mjög vel og ullarfötin sem ég klæðist við hvert tækifæri. En svo á ég líka forláta dúnsokka sem eru nauðsynlegir fyrir fólk eins og mig.

**Uppáhaldstímarit og af hverju?** Skakki turninn og Lifandi vísindi, fullt af alls konar fróðleik. Hlakka alltaf til að fá næsta tölublað.

**Hvar myndir þú helst vilja búa ef þú hefðir frjálst val?** Á Íslandinu, það er ekki hægt að hafa það betra.

**Draumafríið?** Verður tekið í sumar á Íslandi. Upp á fjöll og niður í dali og svo verða sundlaugar landsins kannaðar.

**Hvað er það mikilvægasta sem þú hefur lært í lífinu?** Að njóta hverrar mínútu og sem flestra með þeim sem maður elskar. Svo lærir maður vonandi eitthvað meira.

**Ef þú værir að halda hið fullkomna matarboð, hvaða fjórum manneskjum myndirðu vilja bjóða?** Ásdísi systur, Vöku frænku, Friðrikku vinkonu og svo auðvitað Hillary Clinton.

**Hvaða bók gætir þú lesið aftur og aftur?** Hef engan tíma í svoleiðis lúxus.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Helga Viðarsdóttir.

**FÆÐINGARÁR:** 16. janúar 1974 og það markverðasta á því ári var að Siggi frændi fæddist.

**STARF:** Framkvæmdastjóri markaðssviðs 66°Norður.

**Hundur eða köttur?** Hef átt bæði hund og kött og get ómögulega séð mig í þessum dýrum. En báðar tegundir mjög skemmtilegar.

**Áttu þér einhvern leynistað á Íslandi?** Já, reyndar á ég það og ég ætla ekki að segja frá.

**Er einhver núlifandi manneskja sem þú hatar?** Nei, hvorki núlifandi né þálifandi.

**Hvað bera næstu sex mánuðir í skauti sér?** Nú er vorið að koma svo það er ótal margt fram undan. Einna helst fjallgöngur í mjög miklum mæli.

**Hvernig fjallgöngur?** Við hjá 66°Norður ásamt Íslenskum fjallaleiðsögumönnum settum saman heildstæða og raunhæfa æfingaáætlun sem ætti að gera flestum kleift að standa á hæsta tindi Íslands, Hvannadalshnúki. Dagskrá áætlunarinnar byggist ekki eingöngu á göngum heldur er líka í boði fræðsla um hina ýmsu þætti sem hafa verður í huga þegar tekist er á við fjöll og firnindi. Ég hvet alla til að kynna sér æfingaáætlunina nánar því að þetta er búið að vera ævintýri líkast hingað til og næsta fjall sem við förum á er Hekla hinn 29. mars. Allar upplýsingar er að finna á www.66north.is

amb@frettabladid.is





DESIGUAL KOMIÐ Í VERSLANIR

Helstu sölustaðir: Respekt Hafnarfirði · Flash Laugavegi · Nína Akranesi · Blómsturvellir Hellissandi · Jón og Gunna Ísafirði GS Akureyri · Metró Húsavík · Sentrum Egilsstöðum · Flamingó Vestmannaeyjum · Kóda Keflavík · 3 hæðir Laugavegi


## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Stuttar strákaklippingar** Nú eiga allar aðalskvísurnar að verða eins og fyrirsætan Agyness Deyn.

**Vorboðar** Þegar rónarnir eru farnir að garga á eftir þér í bænum og mótorhjólin geysast um bæinn þá veistu að vorið er á næsta leiti.



**Sumarbústaðaferðir** Sólin hækkar á lofti og um að gera að hafa það rómó með elskunni við arineldinn.

**Garðumhirða** Ömurlegt að leita að páskaeggjum í ljótum vorgörðum þar sem enn er að finna flugeldaspýtur og rakettubréf.

**Skjálfti** Frábært nafn á nýjum íslenskum bjór. Afbragðsgóður og veldur vonandi ekki of miklum skjálfta.



**Ritdeilur** Frægir menn ráðast hver á annan í bloggheimum. Ekkert betra að gera í marsmánuði en hlæja að svona steypu.

### Á niðurleið



**Facebook** Gamanið fer að kárna þegar vinur þinn úr tíu ára bekk fer að kalla þig „gæludýrið" sitt og vill senda þér uppáhalds kynlífsórana sína.

**Að segja „ég vill"** Hver einasti Íslendingur hlýtur að hafa lært að beygja sögnina „ að vilja" í sex ára bekk.

**Kreppuhlakkarar** Nóg komið af fólki sem bíður með blóðbragð í munni eftir uppsögnum í bönkum. Kreppur bitna mest á þeim sem síst skyldi. Stöndum saman Íslendingar!



**SMS-viðreynsla** Karlmenn sem halda að það sé nóg að senda manni eins atkvæðis sms-skeyti fullir á miðnætti til að sjarmera mann upp úr skónum.

**Fjáröflunardinnerar** Hvers vegna gefur lið sem hefur efni á tugþúsunda-galadinner ekki bara allan peninginn og situr heima og skammast sín á meðan konur og börn svelta?



**Páskaskraut** Gult og grænt þema, ungar og fjaðrir? Hverjum datt þessi viðbjóður eiginlega í hug.


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
RAFMAGNSVERKFÆRI
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
1290- BORVÉL 500W
3990- HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
2995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
1295- HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
4995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890- HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995- BELTASLÍPIVÉL 900W
2290- HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2990- RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
1290- HLEÐSLUBORVÉL 12V
1390- STINGSÖG 350W
1490- SLÍPIROKKUR 600W
9990- BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
15.948- RAFSUÐA
12.900- KEÐJUSÖG RAFM.
2950- HJÓLSÖG 1400W
17.988- BÚTSÖG 2100W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1995- SLÍPIMÚS
2995- FRÆSARI
4995- BÚTSÖG 1300W
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir...

### ... Bigga í Maus

Þetta var frábær vika fyrir Birgi Örn Steinarsson, Bigga í Maus. Hann átti samúð margra eftir föst skot Bubba kóngs, sem dró í efa söguskoðanir hans í tímaritinu Monitor og sagði hann í framhjáhlaupi rammfalskan söngvara. Helstu stórmenni íslenska poppsins komu Bigga til varnar með kjafti og klóm. Með þessu fékk Biggi frábæra auglýsingu. Enginn vissi hvað Monitor var fyrir havaríið, og svo sem ekki heldur hver þessi Biggi í Maus var, en nú eru hann og blaðið á allra vitorði. Diss frá Bubba á spjallborðinu hans jafnast á við margar auglýsingaopnur í dagblöðunum – ef ekki verðmætara.




### ... Aðdáendur gamals sjónvarpsefnis

Aðdáendur gamalla sjónvarpsþátta iða nú eflaust í skinninu af tilhlökkun því RÚV hefur með nýjum samningum við listafólk fengið rýmri heimildir til endursýninga. Gullkistunni hefur verið lokið upp og við megum eiga von á endursýningum af blandaða skemmtiþættinum Þeytingi með Gesti Einari, kynjaþættinum Titringi með Þórhalli Gunnars og Súsönnu Svavars að ógleymdu Opinberun Hannesar og Kallakaffi. Hver veit svo nema Skjáleikurinn birtist aftur.



### ... Aldraða rokkáhugamenn

Fólk sem fílar þetta „gamla góða“ getur ekki verið annað en í skýjunum yfir áherslum tónleikahaldara. Það mætti halda að ár aldraðra væri yfirstandandi. Ekki nóg með að Eric Clapton sjálfur – eða „Guð“ eins og margir þekkja hann – sé á leiðinni. Í vikunni bárust fréttir af því að gamli jaxlinn John Fogerty úr Creedence Clearwater Revival væri á leiðinni til að spila í Laugardalshöll 21. maí og í blaðinu í dag má lesa að sjálfur Bob Dylan spili örfáum dögum síðar, 26. maí, ásamt bandi sínu í Egilshöll. Það er mánudagurinn eftir Eurovision svo varla er hægt að hugsa sér betri afréttara.



## Slæm vika fyrir...

### ... Bubba Morthens

Bubbi hefur hingað til getað sagt það sem honum sýnist um mann og annan. En nú er eins og hann hafi gengið fram af kollegum sínum með hastarlegum ummælum sínum um Bigga í Maus þess efnis að Biggi væri falskur. Kollegar hafa flykkt sér að baki Bigga, menn á borð við Árna Johnsen, Johnny King, JóJó og Geir Ólafsson. En einkum mega meiðandi ummæli Bubba heita mótsagnakennd í ljósi þess að sjálfur vann hann umdeilt meiðyrðamál fyrir Hæstarétti fyrir ekki svo löngu síðan.



### ... Pál Magnússon

Vísismenn gefa sig ekki og vilja fá fram skýr svör við því hvað Páll og aðrir toppar við Efstaleitið fá í laun hjá Ríkisútvarpinu. En Bjarni Guðmundsson, hægri hönd Páls, þrjóskast við þó fyrir liggi niðurstaða kærunefndar um upplýsingalög þess efnis að svör beri að veita. Einkum er þetta neyðarlegt í ljósi þess að stofnunin er í þeim bransa að sækja upplýsingar og verða fréttamenn RÚV væntanlega lúpulegir þurfi þeir að vísa til upplýsingalaga í náinni framtíð.



### ... Karl Th. Birgisson

Karl fékk það óþvegið frá Jónínu Benediktsdóttur sem sagði honum til syndanna á síðum Fréttablaðsins. Í tímariti Karls, Herðubreið, er því haldið fram að Sólon Árnason karlrembupungur og persóna í lykilróman eftir Jónínu eigi sér fyrirmynd í Styrmi Gunnarssyni. Jónína segir það fráleitt. Karl ætti að líta sér nær því Sólon standi honum ólíkt nær en Styrmir. Jónína ráðleggur dónanum Karli að leita til Styrmis og læra af honum mannasiði.







# Dularfullar loftmyndir

## Ljósmyndarinn Friðrik Örn opnar ljósmyndasýningu í Galleríi Sævars Karls í dag.

Í dag verður opnuð sýningin 1: eða Einn á móti í Gallerí Sævars Karls en þar gefur að líta einkar athyglisverðar myndir teknar af höfuðborginni með þyrlu úr lofti.

„Ég var í því verkefni að mynda byggingu tónlistarhússins úr lofti. Þegar ég sveimaði um í þyrlu yfir snævi þakinni Reykjavíkurborg fannst mér merkilegt að sjá hvernig þau kennileiti sem við þekkjum týnast undir hvítri ábreiðu,“ útskýrir Friðrik Örn, sem hefur áður sýnt ljósmyndaverk sín á nokkrum einkasýningum. „Allt landslagið varð hvítt og blátt undir hinni lágu vetrarsól og snjórinn þekur allt það sem truflar augað. Það er ýmislegt sem kom mér mikið á óvart, hversu symmetrísk íbúðahverfin verða og svo hreinlega hverfi sem ég hafði aldrei séð áður.“ Spurður hvort eitthvað hafi komið á óvart svarar hann: „Það er merkilegt hvað borgin stækkar ört. Þegar ég sýndi vinum mínum myndir af eigin hverfum könnuðust þeir ekkert við þau. Ljósmyndirnar eru eins konar greindarpróf, góð hugsana- og sjónleikfimi sem gleður augað.“ Sýningin verður opnuð klukkan 14 í Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 7.

- amb

## HELGARKROSSGÁTAN





Leystu krossgátuna
Í vinning eru tveir miðar
í bíó í Regnbogann,
Borgarbíó eða Smárabíó?

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið








108
MP & BH

GRÚTUR
BRASKA
NÁ YFIR
IÐNAÐARMAÐUR
MISSA
SVARA
BOGI
LOKAORÐ
ALLS
KÁL
STORMUR
SELLA
TIGNA
TITRA
NAFNORÐ
MEGINHAF
TAUG
GARMAR
SÓLBAKA
KASTHJÓL
KRYDDA
GOÐ
NEFNA
VENJUR
FUGL
KYRRÐ
SAFNA SAMAN
MEGA TIL
TRÉSTUBBAR
BYSSUKÚLA
GETRAUN
HA
SKÁK
EFNI
KOMAST
FÆÐU
ÍLÁT
MÁLMHÚÐA
KEYRA
GERA RÍKAN
DAÐRA
HÆGT
HANGA
NÁLÆGÐ
RÆKTA
SKIL
TVEIR EINS
SKÍRSKOTUN
TVEIR EINS
ÆTT
MUN
SÁTTARGERÐ
HÚRRA
FÆÐA
FYRIRHÖFN
FÆDDAR
SANKA SAMAN
PÍPA
GEYMSLUTURN
ANGAN
KNÆPA
NÁM
GUÐ
ER
SAMTÖK
BAÐA
ARÐA
DAGATAL

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# ego dekor



**Romeo leðursófasett 3+1+1**
Fáanlegt í svörtu og brúnu leðri
Verð: 289.000,-
Einnig fáanlegur í tungusófa



**Rio stóll**
Fáanlegur í svörtum, brúnum, hvítum, rauðum og fjólubláum lit.
Verð: 14.800,-



**Trend tv-skenkur**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 180cmX50cmXH:46cm
Verð: 58.000,-



**Zebrano tv-skenkur**
Stærð: 180cmX55cmXH:47
Verð: 69.000,-

# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



**Miami tv-skenkur**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 150cmX45cmXH: 56cm
Verð: 49.000,-



**Contact tv-skenkur m/ljósi**
Fáanlegur í svörtu og hvítu háglans
Stærð: 180cmX55cmX H:30cm(45cm)
Verð: 68.000,-



**Grando tungusófi**
Stærð: 230cmX157cm
Fáanlegur í nokkrum litum í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga

Verð áður: 139.000,-
-20%
Tilboðsverð: 111.200,-



**Fatcat tungusófi**
Stærð: 320cmX165cm
Fáanlegur í nokkrum litum í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga

Verð áður: 187.000,-
-15%
Tilboðsverð: 158.950,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

Leikhúsbærinn Akureyri
- verið velkomin!



FLÓ Á SKINNI

Gagnrýnendur og áhorfendur eru á einu máli!

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Lau 15/3 | kl. 23.30 | UPPSELT |
| Sun 16/3 | kl. 20.00 | UPPSELT |
| Mið 19/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Fim 20/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Fim 20/3 | kl. 22.30 | UPPSELT |
| Lau 22/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Lau 22/3 | kl. 22.30 | UPPSELT |
| Fim 27/3 | kl. 20.00 | UPPSELT |
| Fös 28/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Fös 28/3 | kl. 22.30 | Ný aukasýn |
| Lau 29/3 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Lau 29/3 | kl. 23.30 | UPPSELT |
| Sun 30/3 | kl. 20.00 | örfá sæti laus |
| Fim 3/4 | kl. 20.00 | UPPSELT |
| Fös 4/4 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Fös 4/4 | kl. 22.30 | Ný aukasýn |
| Lau 5/4 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Lau 5/4 | kl. 23.30 | Ný aukasýn |
| Sun 6/4 | kl. 20.00 | UPPSELT |
| Fös 11/4 | kl. 19.00 | örfá sæti laus |
| Lau 12/4 | kl. 19.00 | UPPSELT |
| Lau 12/4 | kl. 22.30 | UPPSELT |
| Sun 13/4 | kl. 20.00 | Ný aukasýn |

Tryggðu þér miða í apríl!



ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!
Miðasala í síma 4 600 200 I www.leikfelag.is
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Samstarfsaðilar
MasterCard BAUGUR GROUP Höldur ehf. EIMSKIP


# STUÐ MILLI STRÍÐA Vanda skal til verka

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** ER LIÐTÆK Í FÍNVINNUNNI



Eiginmaðurinn er handlaginn. Myndlistarmaður að mennt en við kynntumst einmitt í skúlptúrdeildinni í Listaháskólanum. Hann hefur meðal annars gert upp bæði baðherbergið og eldhúsið í íbúðinni en var reyndar ekki einn að verki þar sem ég er liðtæk með höggborvél. Saman erum við sannkallaðir völundarsmiðir. Við höfum málað, flísalagt, borað og skrúfað og slegið upp milliveggjum að ekki sé minnst á samsetningar á eldhúsinnréttingum. Við höfum komið okkur upp ákveðnu kerfi á milli okkar svo verkin ganga vel fyrir sig. Ég er í fínvinnunni eftir að hann er búinn að brjóta. Oft höfum við rætt að við ættum að snúa okkur að þessu alfarið. Við færum létt með að gera upp íbúðir og selja þær háu verði. Við erum tiltölulega smekkleg, listlærð bæði svo íbúðirnar yrðu jafnvel eftirsóttar. Það er aðeins eitt sem hefur háð okkur í þessum framkvæmdum. Að taka rétt mál. Það er líka þá sem snurða hleypur á samstarfið og bæði reyna að komast hjá því að mæla.

Hvorugt okkar vill axla þá ábyrgð. Reyndar var það svo að þegar falski veggurinn var sniðinn utan um innbyggðu tækin á baðherberginu þurfti þrjár atrennur. Og þrjár ferðir í timburverslun eftir nýrri krossviðarplötu. Skáphurðin á baðskápnum opnast ekki því við settum skápinn of nálægt veggnum. Eitt sinn slógum við upp fjögurra metra löngum millivegg en þegar kom að því að festa gifsplöturnar á passaði ekki neitt. Við urðum að brjóta niður vegginn og endursmíða. Gólflista höfum við sagað of stutta, loftlista höfum við sniðið skakkt. Ég segi ekki að ég sé alsaklaus af röngum máltökum en þegar ég fylgist með smíðafélaga mínum, þar sem hann situr í stórum haug af sagi og klórar sér í kollinum yfir gólflista sem nær ekki út í vegg, þá rifjast upp fyrir mér þegar ég sá hann fyrst í myndlistarskólanum bograndi yfir litlu pappírslíkani með risa stóra kíttissprautu í annarri hendi og spartlspaða í hinni, klórandi sér í kolli.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Í KÍNA NÚTÍMANS ERU GLÆPIR FORTÍÐAR EKKI ALLTAF GLEYMDIR OG GRAFNIR ...

Mei rekur einkaspæjarastofu í Beijing. Chen frændi biður hana að hafa uppi á fornum dýrgrip sem hvarf í menningarbyltingunni. Er einhver að reyna að selja jaðiaugað á svarta markaðnum? Mei kemst á slóðina sem liggjur um veislusali og dimm húsasund, spilabúllur og glæsihótel . . .




Spennusaga sem slegið hefur í gegn um allan heim!

„Jaðiaugað grípur lesandann föstum tökum."
The Tribune

„Klassísk spennusaga með alls kyns undirheimasamböndum og laumulegu hvísli í núðlusjoppum en undir liggur krufning á Kína fortíðar og nútíðar."
Mark Coles, BBC

„Grípandi frásögn af kvenspæjara sem leitar að dýrmætum forngrip . . . að hluta til spennusaga, að hluta til ferðalag um fortíð og nútíð."
High Life

Jaðiaugað er í senn spennandi glæpasaga og ferðalag um Kína.



Diane Wei Liang fæddist 1966, árið sem menningarbyltingin hófst, ólst upp í vinnubúðum eins og söguhetja hennar og yfirgaf Kína eftir að hafa tekið þátt í stúdentamótmælunum á Torgi hins himneska friðar. Hér veitir hún innsýn í Kína nútímans, flókið og heillandi samfélag þar sem þungir og myrkir straumar ólga undir litríku yfirborðinu og dökk fortíðin er aldrei langt undan.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## Kl. 14.30

*Jónas Viðar opnar málverkasýningu sína í Jónas Viðar Gallery í Listagilinu á Akureyri í dag kl. 14.30. Jónas Viðar nam myndlist við Myndlistaskólann á Akureyri og Academia di belle arti di Carrara á Ítalíu. Hann hefur haldið fjölmargar einkasýningar bæði hér heima og erlendis ásamt því að reka gallerí og standa fyrir sýningum annarra listamanna.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Pálmasunnudagur í Laugarborg

Þau Guðrún Óskarsdóttir semballeikari og Kolbeinn Bjarnason þverflautuleikari koma fram á tónleikum í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit á morgun kl. 15.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir J.S. Bach, Henry Purcell og Þorkel Sigurbjörnsson. Jafnframt verða flutt í fyrsta sinn á Íslandi verk eftir Huga Guðmundsson og Diönu Rotaru sem eru samin sérstaklega fyrir þau Guðrúnu og Kolbein. Verkin voru bæði frumflutt á alþjóðlegri tónlistarhátíð í Japan í ágúst 2007.

Flytjendurnir Guðrún og Kolbeinn eru tónlistarunnendum að góðu kunn enda hafa þau starfað saman síðan árið 1990 og leikið bæði gamla tónlist og nýja.

Að auki hafa þau unnið margvíslega sigra á tónlistarsviðinu hvort í sínu lagi. Guðrún hefur leikið inn á hljómdiska og komið fram sem einleikari og meðleikari á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og víða í Evrópu. Hún leikur jöfnum höndum nýja tónlist og barokktónlist, meðal annars með Bach-sveitinni í Skálholti, Caput, Kammersveit Reykjavíkur og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Guðrún hefur einnig unnið með Strengjaleikhúsinu, Íslenska dansflokknum og í Íslensku óperunni.

Kolbeinn hefur komið fram sem einleikari á fjölmörgum tónlistarhátíðum á Íslandi, en einnig í mörgum Evrópulöndum, Bandaríkjunum, Mexikó og Japan. Hann hefur frumflutt tónlist fjölmargra íslenskra og erlendra tónskálda og hljóðritað verk þeirra fyrir íslenskar, bandarískar og ítalskar hljómplötuútgáfur.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr.

- vþ



**GUÐRÚN ÓSKARSDÓTTIR OG KOLBEINN BJARNASON** Flytja tónlist fyrir sembal og þverflautu í Laugarborg á morgun.

# Heklandi skilningstré

**Um þessar mundir stendur yfir sýning myndlistarkonunnar Eirúnar Sigurðardóttur í hinu framsækna sýningarrými Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Sýningin nefnist Höll blekkinganna.**

Á sýningunni tekur Eirún að sér hlutverk lifandi skúlptúrs; hún birtist sem einhvers konar vera sem heklar og bætir þannig við þræði og anga sem



**EIRÚN SIGURÐARDÓTTIR** Heklandi vera í Suðsuðvestur.

spretta úr eigin höfði. „Ég hélt sýningu í Listasafni ASÍ árið 2006 og það mætti segja að sýningin í Suðsuðvestur sé hálfpartinn sprottin úr teikningu sem þar var til sýnis,“ segir Eirún. „Þessi heklaða vera á sér mýmargar skírskotanir í menningunni. Hún er friðsæl, kyrrlát og bætir endalaust við sig. Hún minnir þannig dálítið á manngert skilningstré eða veru úr sjónvarpsþáttunum Star Trek sem nefnist Borg og býr yfir samvitund með öðrum verum. Sagan um dóttur malarans sem var gert að spinna gull úr heyi hafði einnig áhrif á þessa veru. Þessi saga fannst mér lýsa vel því sem listamenn gera; að búa til eitthvað verðmætt úr hráefnum sem kannski eru einskis virði í sjálfum sér.“

Höll Blekkinganna opnaði í byrjun mars og því hefur Eirún nú nokkra reynslu af því að vera í hlutverki lifandi skúlptúrs á sýningartíma. „Þetta er vissulega öðruvísi reynsla en þegar maður setur upp sýningu og kemur svo ekki aftur í sýningarrýmið nema bara til að taka hana niður aftur. Þetta verk krefst þess að ég gefi mér tíma í að sýna það. Það tekur dálítið á að vera skúlptúr allar helgar, ekki síst vegna þess að ég er dálítið heft þegar ég er í heklaða búningnum, en ég er búin að koma mér upp aðferð til að taka á móti sýningargestum. Svo get ég hvílt mig aðeins inn á milli og slappað af innan um allt garnið.“

Í tengslum við sýninguna kom út bókverk. „Bókverkið sýnir ferlið á bak við þessa sýningu sem átti sér stað frá teikningunni á sýningunni í ASÍ árið 2006 til þessa lifandi skúlptúrs í Suðsuðvestur. Uppistaða bókverksins er teikningar sem tilheyra þessu ferli, en í því eru einnig textar eftir Sigríði Þorgeirsdóttur heimspeking og Sigrúnu Daníelsdóttur sálfræðing og ljósmyndir eftir Katrínu Elvarsdóttur,“ segir Eirún.

Hægt er að líta Höll blekkinganna augum á milli kl. 13 og 17.30 nú um helgina í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ, og svo aftur helgina 29. og 30. mars.

vigdis@frettabladid.is






**GLÆSILEGT SÝNINGARRÝMI** Reykjavík Art Gallery er í húsnæði sem áður tilheyrði kexverksmiðjunni Frón.

# Reykjavík Art Gallery tekur til starfa

„Það má segja að ég sé að láta gamlan draum rætast,“ segir Þorsteinn Jónsson, stofnandi sýningarrýmisins Reykjavík Art Gallery sem opnar formlega í dag kl. 14. „Ég hef lengi haft áhuga á myndlist og verið viðriðinn myndlistarheiminn á einn eða annan hátt, ég var til að mynda forstöðumaður Listasafns ASÍ hér á árum áður. En mér hefur í nokkurn tíma þótt vanta fleiri og fjölbreyttari sýningarrými í Reykjavík og því er mjög ánægjulegt að geta tekið þátt í að ráða bót á því með þessum hætti.“

Reykjavík Art Gallery er á Skúlagötu 28 í húsnæði þar sem áður var rekin kexverksmiðjan Frón. „Þetta er frábært húsnæði fyrir myndlistargallerí; lofthæðin er um fjórir metrar og mikið veggpláss. Við reiknum með því að geta verið með þrjár til fjórar sýningar í gangi í einu að jafnaði þar sem vel er hægt að laga rýmið að þörfum myndlistarinnar.“

Fyrstu myndlistarmennirnir sem opna sýningar á verkum sínum í hinu nýja gallerii eru þeir Magnús Tómasson, Pétur Már Pétursson og Tolli. Þorsteinn segist reikna með að galleríið komi til með að bjóða upp á fjölbreyttar sýningar í framtíðinni. „Við ætlum að vera með nokkra listamenn á okkar snærum, sýna verk þeirra og kynna þá, meðal annars með bókaútgáfu. En við ætlum jafnframt að bjóða upp á fjölbreyttar sýningar á myndlist og ljósmyndum.“

Reykjavík Art Gallery verður opið alla daga vikunnar, nema mánudaga, kl. 14.00 til 18.00. - vþ

# Alexandra syngur Rachmaninov

Ég bíð þín er yfirskrift tónleika sem Alexandra Chernyshova sópransöngkona heldur á Norðausturlandi nú um helgina. Á efnisskrá tónleikanna eru rómantísk lög eftir rússneska tónskáldið Sergei Rachmaninov. Tónleikarnir fara fram í Egilsstaðakirkju í dag kl. 17 og í Miklagarði á Vopnafirði á morgun kl. 16. Undirleikari á tónleikunum er Zbigniew Zuchowicz. Miðaverð er 1.500 kr.



**ALEXANDRA CHERNYSHOVA SÖNGKONA** Flytur sönglög Rachmaninovs á tónleikum í dag og á morgun.

Alexandra er fædd í Kíev í Úkraínu en hefur verið búsett á Íslandi síðan árið 2003. Hún hefur látið að sér kveða í íslensku tónlistarlífi allar götur síðan; um haustið 2006 stofnaði hún Óperu Skagafjarðar sem hefur sett upp La Traviata eftir Verdi og stefnir að því að setja upp Rigoletto eftir sama tónskáld. Að auki starfrækir söngkonan unga Söngskóla Alexöndru, en í honum eru 30 nemendur.

Zbigniew Zuchowicz er skólastjóri tónlistarskólans á Vopnafirði. Hann er ættaður frá Póllandi en hefur verið búsettur hér á landi undanfarin ár ásamt fjölskyldu sinni. Zbigniew er mjög fjölhæfur og hámenntaður tónlistarmaður en auk þess að spila á fjölmörg hljóðfæri þá fæst hann einnig við tónsmíðar, hefur unnið fjölmörg verðlaun fyrir verk sín og starfar einnig samhliða tónlistarskólastarfinu við kórstjórn, sem organisti og hljóðfæraleikari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Sergei Rachmaninov þarf vart að kynna, því hann var ekki aðeins einn besti píanóleikari 20. aldarinnar heldur einnig síðasti fulltrúi rússnesk-rómantísku stefnunnar, sem Tsjaíkovskí og Rimskí-Korsakov eru helstu fulltrúar fyrir. -vþ

# 3DAGA TILBOÐ

## ÓTRÚLEG LÆKKUN Á FARTÖLVUM • 2 DAGAR EFTIR



**RISA PÁSKAEGG**
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR FYRSTU 100 TÖLVUNUM

**OPIÐ ALLA HELGINA**

FYRSTA GREIÐSLA **1 MAÍ**
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48MÁN

Tilboð gilda dagana 14-16 mars eða meðan birgðir endast

**4BLS**
Skoðaðu nýjan glæsilegan 4bls bækling stútfullan af frábærum tilboðum á fartölvum

MICROSOFT OFFICE 2007
**9.990**
Á TILBOÐI MEÐ FYRSTU 100 FARTÖLVUNUM

OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

**TÖLVUTEK**

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060

Föndurstofan.is
Föndurverslun
Námskeið
Síðumúli 15
S: 553-1800
Sjón er sögu ríkari

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana
Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND
Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is

Kringlukráin
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**ÖLMUSA TIL FÁTÆKRA** Málverk eftir Ósk Vilhjálmsdóttur sem sjá má á sýningunni Bæ bæ Ísland í Listasafninu á Akureyri.

# Erfidrykkja nútímans

**Sýningin Bæ bæ Ísland verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag. Hvorki meira né minna en tuttugu og þrír myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem tekst með bölsýni á við nútímann. Þess má geta að ekkert fyrirtæki treysti sér til þess að styrkja sýninguna, sem segir ef til vill sína sögu.**

Á meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ásmundur Ásmundsson, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Hallgrímur Helgason, Inga Svala Þórsdóttir & Wu Shan Zhuan, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Magnús Sigurðarson, Ósk Vilhjálmsdóttir, Rúrí, Steingrímur Eyfjörð, Unnar Örn Auðarson & Huginn Þór Arason, Þorvaldur Þorsteinsson og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

„Sýningin upprætir hugmyndina um Ísland sem Ísafold, þessa ástkæru fósturjörð,“ segir Hannes Sigurðsson sýningarstjóri og er greinilega mikið niðri fyrir. „Hugmyndin um þjóðina sem var við lýði á 19. og 20. öld á ekki lengur við. Titill sýningarinnar vísar í þetta; í staðinn fyrir að nota kristilegu kveðjuna bless bless segir trúlaus þjóðin nú bæ bæ í staðinn. Að auki hljómar orðið bæ á íslensku eins og orðið að kaupa á ensku. Því gengur titillinn vel upp í einkavæddu, alþjóðavæddu og gráðugu samfélagi nútímans; hann hljómar sem hvatning til að kaupa landið.“

Sýningin gengur þó enn lengra en að skoða bara nútímann út frá græðgi og peningahyggju. Hún tekst jafnframt á við þá hugmynd að heimsendir sé yfirvofandi. „Nútíminn eins og við þekkjum hann byggist í einu og öllu á auðlind sem er við það að klárast, olíunni.

Allt samgöngukerfi heimsins og allar neysluvörur eru framleiddar og fluttar til með olíu. Þegar hún þverr lýkur lífinu eins og við þekkjum það í dag. Ballið er búið og þessi sýning er erfisdrykkja,“ útskýrir Hannes.

Sýningarskrá Bæ bæ Ísland, sem verður afhjúpuð á vefsíðu listasafnsins á opnunardaginn, er sett upp í senn sem „Svört skýrsla frá greiningardeild Listasafnsins“ og hressilegt slúðurblað í anda Séð og heyrt. „Það mætti kalla þessa sýningarskrá Séð og heyrt frá helvíti. Alvarleiki og meðvitund um málefni eru hreinlega dottin úr tísku,“ segir Hannes. „Við viljum ekkert vita af því sem er yfirvofandi, enda er framtíðin síður en svo björt. Við sökkvum okkur í afþreyingarmenningu og veltum okkur upp úr fréttaefni sem skiptir í raun engu máli. Fáfræði er alsæla nútímans.“

Í tengslum við sýninguna verður tónverkið „Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands“ frumflutt í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl. 14, en verkið var unnið í samstarfi myndlistardúósins Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar og tónskáldsins Karólínu Eiríksdóttur. Libia og Ólafur fóru þess á leit við Karólínu að hún semdi tónverk þar sem allar 81 grein stjórnarskrárinnar væru sungnar.

Flytjendur verksins eru þau Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Bergþór Pálsson barítón, Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari, Gunnlaugur Torfi Stefánsson kontrabassaleikari og kammerkórinn Hymnódía frá Akureyri undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar.

vigdis@frettabladid.is

# Þórbergsdagar í Esperantohúsi

Í dag hefjast Þórbergsdagar í Esperantohúsi sem staðsett er á Skólavörðustíg 6b, en þeir eru haldnir í tilefni þess að liðin eru 120 ár frá fæðingu Þórbergs Þórðarsonar, einhvers ötulasta baráttumanns fyrir esperanto á sinni tíð. Þá fagna íslenskir esperantistar einnig þrem nýútkomnum bókum á esperanto sem snerta íslenskar bókmenntir.

Í ágúst 2007 kom út hjá forlaginu Edistudio í Písa á Ítalíu bókin La lingvo serena með helstu frumsömdum verkum Baldurs Ragnarssonar á esperanto. Bókin er 800 blaðsíður og eru á fyrstu 120 síðunum greinar ýmissa þekktra esperantista um Baldur og skáldskap hans. Þar fyrir aftan taka við ljóð Baldurs á alþjóðatungunni og síðan greinar hans ýmsar, flestar um bókmenntir. Má segja að í þeim stikli Baldur nokkuð á tindum bókmennta á esperanto, bæði frumsaminna og þýddra. Í desember kom svo út Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness í þýðingu Baldurs hjá forlaginu Mondial í New York og hjá sama forlagi þýðing hans á Snorra Eddu.

Þórbergsdagar Esperantohúss standa til 31. mars og verður boðið upp á áhugaverðar uppákomur í tengslum við þá. Í dag kl. 14 flytur Baldur Ragnarsson erindi um esperanto og þýðingar. Á morgun kl. 14 verður svo opnuð myndlistarsýning þeirra sem hafa teiknað myndir í þýðingartímaritið La Tradukisto. Þriðjudaginn 18. mars kl. 14 flytur Benedikt Hjartarson erindi sem nefnist Þjóðlausar tungur: Hugleiðingar um Þórberg, evrópska tilraunaljóðlist og esperantisma á fyrri hluta 20. aldar. Laugardaginn 22. mars kl. 14 bera esperantistar saman stöðu esperantos á dögum Þórbergs og nú í upphafi 21. aldar. Þriðjudaginn 25. mars á milli kl. 17 og 19 fer fram fyrri hluti örnámskeiðs í esperanto, en seinni hlutinn fer fram á milli kl. 17 og 19 fimmtudaginn 27. mars.

Aðgangur að uppákomunum er ókeypis og öllum opinn.

- vþ



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** Hann var áhugamaður um alþjóðamálið esperanto.



# KitchenAid helluborð

KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI









KitchenAid kynnir hágæða heimilistæki svo sem ofna, helluborð, háfa, uppþvottavélar og kæliskápa. Tækin eru í hæsta gæðaflokki með öllu því besta sem völ er á til að fullkomna eldhúsið. Kynnið ykkur málið í verslun okkar.



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Versace færir út kvíarnar til Asíu** Ítalska hátískuhúsið **Versace** tilkynnti í fyrradag að það myndi þróa nýjan markað í Asíu vegna framlags nýrra fjárfesta um 45 milljón evrur. Fyrsta skrefið í Asíu-útrásinni verður svokölluð „flagship"-verslun í Kuala Lumpur í Malasíu sem verður opnuð um helgina. Verslunin er á tveimur hæðum og býður upp á fatnað, fylgihluti, snyrtivörur og húsbúnað. Næst munu verslanir verða opnaðar í Hong Kong, Taívan og Kína.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Fögur svört silkiblússa** frá Liborius, Laugavegi.



**Svört undirföt** sem ýkja allar kúrvur eftir Made by Niki. Fæst hjá Systrum, Laugavegi.





**Geggjað bleikt blúndusett** frá Afterwear eftir Signe Tolstrup. Fæst hjá Systrum, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Puella að eilífu*

Heimur nútímans byggist á ímynd æskunnar. Fjölmiðlar og kvikmyndir hamra á því að konur eigi að vera aldurslausar og helst líta út eins og kvikmyndastjörnur, Barbie-dúkkur eða ofurfyrirsætur. Latneska heitið fyrir hina eilífu stúlku er *Puella aeternus* og varð umfjöllunarefni Jungs og rannsókna hans á duldum boðskap klassískra ævintýra. Puellan er í eilífri leit, og eins og Pétur Pan vill hún aldrei verða fullorðin. Að halda í eilífa æsku getur hins vegar orðið lífsviðfangsefni hjá sumum konum. Eilíf leit að nýjum yngingarmeðferðum og skurðaðgerðum. Það sorglegasta við þá kaleiksleit finnst mér er að slíkar konur missa einmitt allt það stelpulega fas sem þær höfðu til að bera. Þegar konur eru orðnar of uppstrílaðar, of „high maintenance" , þegar augnlokin strekkjast og varirnar tútna út og hrukkurnar hverfa í svipleysið þá verða þær allar eins og klónar af konu sem í raun er ekkert stelpulegt við lengur. Þegar ég hugsa um stelpulegar konur þá geta þær stundum verið vel komnar á sextugs- eða sjötugsaldurinn, enn í snjáðum gallabuxum með slegið hár og ómálaðar og hrukkurnar gera ekkert nema að fegra það sem fyrir var. Þegar ég hugsa um nútíma „puellur" þá kemur mér til dæmis enska leikkonan og söngkonan Jane Birkin til hugar: jafn kúl og hún var á sjöunda áratugnum. Ekkert kerlingalegt við svona töffara. Það sem ég á hins vegar erfiðara með að skilja eru allar þessar ungu konur, oft áberandi í íslenskum fjölmiðlum, sem virðast eldast um aldur fram vegna kerlingalegs fatavals, hárgreiðslu og förðunar. Ekkert rokk í því. Þegar ég bjó í Frakklandi fannst mér þær innfæddu ná listinni að vera unglegar án þess að reyna of mikið með einstakri snilld. Fatakeðjan *Comptoir des Cotonniers* hefur verið með skemmtilega auglýsingaherferð til margra ára þar sem stúlkum og mæðrum þeirra er stillt upp saman á svölum myndum. Markmið verslunarinnar er að selja fatnað sem gengur bæði á mæður og dætur þeirra og stundum er erfitt að sjá hvor er hvað af þessum svölu konum. Elegant dætur með rokkaralegum mæðrum, og ekki snefill af neinu yfirdrifnu eða gervilegu.



Jane Birkin og dóttir hennar, Lou Doillon.



**ÆVINTÝRA-PRINSESSA** Gullfallegur rauður silkikjóll og íburðarmikið hárskraut frá Alexander McQueen.

**HÁFJALLALÚKKIÐ** Gullfallegur bróderaður jakki í mongólskum stíl með loðkraga frá Dries Van Noten.

**ÍBURÐUR** Stórfengleg rauð kápa með hvítum kjól undir frá Alexander McQueen.

## HÖNNUÐIR SÆKJA INNBLÁSTUR TIL HINS DULARFULLA AUSTURS

# ÁHRIF FRÁ ASÍU

Ævintýralegur blær sveif yfir sýningu Alexanders McQueen í París á dögunum en hann sýndi guðdómlega fallega hönnun sem einkenndist af asískum áhrifum. Fyrirsætur svifu eins og geishur eða tíbeskar prinsessur niður tískupallana og litrófið var rautt, svart og fjólublátt. Aukahlutir voru einstaklega íburðarmiklir og fallegir. Fleiri hönnuðir héldu til austurs fyrir línur sínar næsta vetur: Dries von Noten var með eins konar Mongólíuþema þar sem fyrirsætur klæddust síðum jökkum og kjólum yfir næfurþunnar buxur og Anne Valerie Hash notaði mikið kínakraga og bróderaðar flíkur. **- amb**



**MYNSTUR** Drapplitað dress með asískum áhrifum eftir Nicolas Ghésquiere hjá Balenciaga.



**TIGNARLEGT** Sannkallaður prinsessukjóll með bróderuðu korseletti og víðu pilsi frá Alexander McQueen



**DÖMULEGT** Kvenlegur kvöldkjóll undir kínverskum áhrifum frá franska hönnuðinum Anne Valerie Hash.



Tvær gáfur renna saman í eina sérgáfu. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um samruna ólíkra hugmynda, þegar 1 + 1 = 3. Nýtt verður til. Vertu hvort tveggja.

Veldu nýjan Volvo XC70 – nýjan bíl sem örugglega brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Volvo. For life.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.




*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.990.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 6.290.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> VISSIR ÞÚ?

...Fyrsta klónaða spendýrið, kindin Dolly, var nefnd eftir söngkonunni Dolly Parton. Eitt þekktasta lag hennar, Jolene, hefur verið flutt af fjölda tónlistarmanna, þar á meðal Olivu Newton-John, hljómsveitinni The White Stripes og nú síðast Lay Low.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Leynimakk yfir krúnukúgara

Saksóknarar í máli hins hálf-íslenska Ians Strachan hafa lagt fram beiðni um að réttarhöldin yfir honum og félaga hans verði lokuð almenningi og fjölmiðlum. Frá þessu var greint á vef breska blaðsins Mirror. Eins og kom fram í fjölmiðlum seint á síðasta ári var Paul Ian Adalsteinsson Strachan handtekinn ásamt meintum vitorðsmanni sínum, grunaður um að hafa ætlað að kúga fé út úr meðlimi konungsfjölskyldunnar. Breskum fjölmiðlum var meinað að upplýsa hver sá væri en bandarískir vefmiðlar töldu víst að hann væri David Linley, stjórnarformaður uppboðsfyrirtæksins Christie's og frændi Elísabetar drottningar.

Mirror hefur eftir talsmanni ákæruvaldsins að óskin sé borin upp til að geta leikið óklippta útgáfu af upptökum þar sem nafn hins aðalborna kemur fyrir. „Og þess vegna viljum við hafa bara dómara og kviðdóm í dómsal til að vernda hlutaðeigandi," sagði talsmaður ákæruvaldsins.

Lögfræðingurinn Mark Stephens hjá lögfræðifyrirtækinu Finers, Stephens, Innocent sagðist ekki geta tekið þessi rök gild til að réttarhöldin yrðu lokuð almenningi. „Sú hefð að konungsfjölskyldan sé ekki yfir lög hafin hefur fylgt bresku þjóðinni frá Magna Carta," sagði Stephens en beiðni ákæruvaldsins hefur vakið reiði meðal breskra lögfræðinga.

- fgg



**BÍÐUR RÉTTARHALDA** Ian Strachan, hálf-íslenska partíljónið, hefur setið í varðhaldi frá því að hann var handtekinn, grunaður um að ætla að kúga fé út úr meðlim konungsfjölskyldunnar.



**CRYSTAL OG ALI** Billy Crystal á góðri stundu með hnefaleikakappanum og vini sínum Muhammad Ali.

# Draumur að veruleika

Æskudraumur leikarans Billy Crystal varð að veruleika þegar hann fékk að spila með hafnaboltaliðinu New York Yankies. Í tilefni af sextugsafmæli sínu fékk Crystal að slá fyrsta höggið í sýningarleik liðsins í Flórída gegn Pittsburh Pirates.

Crystal, sem klæddist skyrtu númer 60, þurfti að skrifa undir eins dags samning við Yankies til að fá að spila leikinn. „Þetta var nánast óraunverulegt en alveg frábært. Ég vildi að ég gæti endurtekið leikinn strax á morgun," sagði Crystal. „Mér leið eins og hafnaboltaspilara:"

# Lokaslagur Tilrauna

Í kvöld ræðst hver vinnur Músíktilraunir Tónabæjar og bætist við fríðan flokk sigurvegara. Síðan á mánudaginn hafa fimmtíu bönd spilað í Austurbæ og tíu bestu böndin koma fram í kvöld. Hinir, Endless Dark, Furry Strangers, The Nellies, Ástarkári, Blæti, Happy Funeral og Óskar Axel og Karen Páls tryggðu sér þátttökurétt á lokakvöldinu, auk tveggja hljómsveita sem komust áfram í gærkvöldi.

„Ég hef séð betri ár," viðurkennir Arnar Eggert Thoroddsen, fulltrúi Rásar 2 í dómnefnd. Hann hefur fylgst með ótal Tilraunum. „Samt er gleðilegt að sjá að fjölbreytnin er allsráðandi og krakkarnir eru ófeimnir við að viðra það sem þeir hafa verið að nostra við í bílskúrunum. Aðalstefnan er rokk í öllum sínum myndum, en langefnilegasta bandið að mínu mati er rapphljómsveit."

Úrslitin fara fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Húsið verður opnað kl. 16 og miðaverð er 1.000 kr. Rás 2 verður með beina útsendingu frá tónleikunum.



**GLEÐILEGT AÐ SJÁ FJÖLBREYTNINA** Arnar Eggert er í dómnefnd fyrir Rás 2.



**SIMON LATHAM** Simon hafði gaman af því að endurhljóðblanda lög fyrir Birgittu Haukdal. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Bretar starfa með Birgittu

**Bretarnir Simon Latham og Pete Lunn endurhljóðblönduðu nýverið tvö lög með söngkonunni Birgittu Haukdal. Simon hvetur Birgittu til að syngja á ensku og hasla sér völl í Bretlandi.**

Samstarfið varð þannig til að Simon og Pete höfðu samband við Birgittu í gegnum Myspace-síðuna og spurðu hvort þeir mættu ekki endurhljóðblanda lög hennar. Hún samþykkti það og urðu lögin Ein, titillag fyrstu sólóplötu hennar, og Örmagna fyrir valinu. Voru þau nýverið gefin út á síðunni Tónlist.is.

**Gott að vinna með Birgittu**

„Ég talaði við Birgittu og hún vildi endilega prófa eitthvað nýtt á borð við endurhljóðblöndun. Það var mjög gott að vinna með henni og hún var afar fagmannleg, rétt eins og samstarfsfólk hennar," segir Simon, sem hefur fengið góð viðbrögð við lögunum. „Það hafa allir verið jákvæðir. Það hefur komið mörgum í opna skjöldu hversu frábrugðin lögin eru þeim sem eru á plötunni hennar en það var einmitt það sem við lögðum upp með. Við vildum setja þetta í þannig búning að þeir sem vanalega hlusta ekki á Birgittu myndu hlusta á þessi lög."

**Markaður í Bretlandi**

Simon játar að hugsanlega sé markaður fyrir Birgittu í Bretlandi. „Hún hefur rödd sem sker sig úr. Hreimur hennar þegar hún syngur á ensku gæti verið henni í hag því slíkur hreimur íslenskra listamanna telst yfirleitt kostur í Bretlandi ef þeir vilja ná langt. Ég myndi hvetja hana til að syngja líka á ensku í framtíðinni en það verður að koma í ljóst hvort það verði af því," segir hann.

**Búsettur í Reykjanesbæ**

Simon og Pete reka útgáfufyrirtækið Airport Route, sem var stofnað fyrir tæpu ári. Simon er búsettur í Reykjanesbæ á meðan Pete býr í Bretlandi og saman gefa þeir út ýmiss konar danstónlist. Nýjasta útgáfa þeirra og sú stærsta til þessa er endurhljóðblöndun Royal Sapien og Android Cartel á laginu Do You Feel It?, sem Simon og Pete gáfu út við miklar vinsældir árið 1996 undir nafninu Soundsation.

Að auki stjórnar Simon mánaðarlegum podcast-þætti sem nefnist Something 4 Your Weekend ásamt því sem hann skrifar gagnrýni á heimasíðuna progressivehouse.com.

**Ísland best í heimi**

Simon, sem á íslenska eiginkonu, flutti hingað til lands fyrir fimm árum og líkar afar vel. „Þegar ég kom til Íslands var ég eiginlega hættur í tónlist en þegar maður býr á stað eins og Íslandi er eiginlega nauðsynlegt að semja tónlist, sérstaklega á veturna. Mér finnst þetta líklega besti staðurinn í heimi til þess að búa til tónlist. Landslagið og fleira veitir manni innblástur og það síast inn í tónlistina sem maður semur. Ég get vel skilið af hverju svona margir tónlistarmenn koma fram hérna og hvers vegna margir þeirra hafa náð svona langt."

freyr@frettabladid.is



**BIRGITTA** Tvö lög af fyrstu sólóplötu Birgittu voru endurhljóðblönduð á dögunum af tveimur Bretum.




MultiBook®

Rafmögnuð bók sem hleður síma og spilastokka



MultiBook er ítölsk snilli sem líkja má við galdraöskju. Hún er stílhrein eins og bók, lýsir eins og lampi og á kílinum er stafræn vekjaraklukka. Inni í bókinni eru þrjár innstungur til að hlaða raftæki á borð við farsíma, spilastokka (iPod) og myndavélar. Allar snúrurnar hverfa ofan í MultiBook og tiltektin er úr sögunni!

Til í hvítu, svörtu, rauðu og dökkbláu í Lumex.

LUMEX

www.lumex.is Lumex, Skipholti 37, Sími 568 8388

# Auðir seðlar og ógildir



**KVIKMYNDIR**

**Heiðin**

Leikstjórn og handrit: Einar Þór Gunnlaugsson.

Aðalhlutverk: Jóhann Sigurðarson, Gísli Pétur Hinriksson, Ólafur S. K. Thorvalds, Ísgerður E. Gunnarsdóttir, Gunnar Eyjólfsson o.fl.

★★

Niðurstaða: Góð hugmynd fer forgörðum vegna ófullburða handrits og ómótaðra persóna.

Heiðin er, að mér telst, önnur mynd Einars Þórs Gunnlaugssonar í fullri lengd, hann á að baki Þriðja nafnið sem og einn þátt í kvikmyndinni Villuljósi. Hér leikstýrir hann bæði og skrifar handrit.

Myndin gerist í fámennu byggðarlagi vestur á fjörðum á kosningadegi. Hér segir frá Emil sem lendir í hrakningum þegar hann þarf að koma kjörkassa norður yfir heiði svo hægt sé að telja atvæðin. Nýkominn heim úr borginni er sonur hans, Albert. Komið hefur upp sundurlyndi milli feðganna og þeir talast vart við en á þessum örlagaríka degi komast þeir ekki hjá því að gera upp sín mál.

Leikhópurinn samanstendur af reyndum leikurum og öðrum yngri, sem sumir hverjir eru að stíga sín fyrstu spor á hvíta tjaldinu. Jóhann Sigurðarson leikur Emil, sem er gæðablóð en svo tilfinningalega heftur að það hefur kostað hann tengslin við soninn sem Gísli Pétur Hinriksson leikur. Inn í söguna fléttast hálfbróðirinn Stebbi, leikinn af Ólafi S. K. Thorvalds.

Hugmyndin er prýðileg og býður upp á marga möguleika. Þetta strandar hins vegar allt á handritinu sem er allt of lítið unnið og persónurnar ómótaðar. Samskipti Emils og Alberts eru lítt áhugaverð, framvindan er álíka tíðindalítil og stirð og samband þeirra feðga og risið að sama skapi lágt og ósannfærandi.

Jóhann Sigurðarson er traustur leikari, sem skilar sér vissulega í persónu Emils, en karakterinn skortir þó átakanlega meiri dýpt. Enn einsleitari er hins vegar Albert; lengst af hegðar hann sér eins og einfaldur fantur sem erfitt er að hafa samúð með, en í blálokin er látið í það skína að ekki sé allt eins og sýnist. Gísli Pétur er fyrirferðarmikill og hefur sterka nærveru en fær ekki úr miklu að moða, frekar en aðrir leikarar sem skila sínu þó eftir bestu getu. Það er reyndar alltaf dásamlegt að sjá Jón Sigurbjörnsson fyrir framan myndavél og óvæntur gleðigjafi er Ólafur S. K. Thorvalds í hlutverki galgopans Stebba, sem er í raun eini karakterinn sem eitthvað púður er í.

Margt er vissulega vel gert. Útlit myndarinnar er gott og stórkostlegt umhverfi Austur-Barðastrandarsýslu nýtur sín vel í linsu Sigurðar Sverris Pálssonar. Í raun er hér allt saman komið sem góða kvikmynd þarf að prýða – fyrir utan handrit. Vissulega koma fyrir falleg atriði og augnablik, sjálfsagt væri hægt að þjappa atburðarásinni saman og búa til ágæta stuttmynd. En handritið er of hrátt til að halda uppi kvikmynd í fullri lengd. Segja má að það fari eins fyrir myndinni og aðalpersónunni; hún festist í brekku í upphafi vegferðar og kemst hvorki lönd né strönd.

**Bergsteinn Sigurðsson**





* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án/vsk.

www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

RENAULT

**B&L ATVINNUBÍLAR**

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS



Margar hendur vinna létt verk

Samstarfsaðilar óskast!

Við leitum eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir sem ætla að vinna að verkefnum á sviði umhverfis- eða ferðamála í sumar.

PIPAR • SÍA • 80577



Við bjóðum fram krafta vinnuhópa ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem starfa hjá okkur á sumrin. Hóparnir sinna viðhaldi og snyrtingu í nágrenni mannvirkja okkar en um árabil hafa þeir sinnt umhverfismálum og bætt aðstöðu til útivistar og ferðamennsku víða um land. Við viljum eiga samstarf um verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun og öðrum umhverfisbótum ásamt t.d. stígagerð og stikun gönguleiða.

- **Við bjóðum fram** vinnuframlag unglinganna og flokkstjórn yfir þeim.
- **Við óskum eftir** að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni, samkvæmt nánari lýsingu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

**Nánari upplýsingar veita:** Þorsteinn Hilmarsson upplýsingafulltrúi og Ragnheiður Ólafsdóttir umhverfisstjóri í síma **515 9000** – **thorsteinn@lv.is** og **ragnheidur@lv.is**.

**Umsóknum skal skila í síðasta lagi 4.apríl með vefumsókn á www.lv.is**



Landsvirkjun




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STJÓRN FTT** Alger samstaða er um það meðal stjórnar að leggja áherslu á bítlið á afmælisárinu enda félagið stofnað í miðju bítlafári.

# Hljómar troða upp í Cavern klúbbnum að nýju

**Afmælisár FTT verður haldið hátíðlegt með ýmsum hætti en hápunkturinn er pílagrímsför félagsmanna til Liverpool þar sem Hljómar troða upp í Cavern og farið verður á tónleika Paul McCartneys.**

„Við tókum einhver þrjú lög. Ég man ekkert hvaða lög," sagði Gunnar Þórðarson í Hljómum á miklum blaðamannafundi sem Félag tónskálda- og textahöfunda (FTT) efndi til á Hótel Borg í gær. Hann er þar aðspurður að tala um eitt frægasta gigg íslenskrar hljómsveitar eða þegar Hljómar tróðu upp í Cavern klúbbnum fyrir 44 árum. Hljómar munu spila þar á ný í byrjun júnímánaðar.

FTT verður kvartaldar gamalt í ár og efnt verður til fjölþættrar dagskrár á afmælisárinu. Bláu augun þín er yfirskrift hátíðardagskrár sem haldin verður 17. apríl, dagskrá helguð Gunnari Þórðarsyni en Gunnar, ásamt Ólafi Gauki Þórhallssyni textahöfundi Bláu augnanna og Ólafi Hauki Símonarsyni, verður gerður heiðursfélagi FTT við þetta tækifæri en Sigurður Flosason vakti sérstaka athygli á þessu á fundinum. Garðveisla er dagskrá sem haldin verður í tilefni af fyrsta alþjóðasmelli íslensks listamanns, Garden Party eftir Eyþór Gunnarsson í flutningi Mezzoforte. En sjónir manna á blaðamannafundinum beindust einkum að hápunkti hátíðarhalda tónlistarmanna: „Í fótspor bítlanna" – för sem farin verður til Liverpool 30. maí og stendur til 2. júní. Jakob Frímann fór í saumana á þessari ferð en hápunktur hennar verða tónleikar Paul McCartneys. FTT býður félagsmönnum sínum ferðina á einstökum vildarkjörum eða 50 þúsund krónum. Miðarnir á tónleika Pauls ganga á því verði á netinu en löngu er uppselt á tónleikana. Hins vegar er innifalin í verðinu þriggja nátta gisting, flugferðin sem er gjöf Iceland Air til tónlistarmanna á afmælisárinu og ýmislegt fleira. Ef leifir af þeim hundrað miðum sem bjóðast félagsmönnum munu miðarnir verða seldir almenningi að viku liðinni.

Eflaust verður einn hápunkta þeirrar farar þó þegar Suðurnesja-bítlarnir Hljómar troða upp í Cavern klúbbnum við þetta tækifæri. Skipuð nákvæmlega þeim sem komu þar fram fyrir 44 árum: Gunnari, Rúnari Júlíussyni, Eggerti Kristinssyni og Erlingi Björnssyni. Það gigg markar í raun upphaf gríðarlegra vinsælda Hljóma á Íslandi, enda kemur upphefðin að utan. Gunnar gefur reyndar ekki mikið út á þá sögufrægu uppákomu, segir þá aðeins hafa tekið þrjú lög. En þeir munu spila lengur núna. Á fundinum kom fram að strax eftir Cavern-giggið sagði Eggert trymbill skilið við Hljóma en Gunnar virtist ekki hafa áhyggjur af því að hann geti ekki trommað enn. Jakob Frímann vakti á því athygli að hann hafi fengist við smíðar og því gætu höggin orðið þung.

Hugmyndasmiður fararinnar, Aðalsteinn Ásberg, sagði einhug innan félagsins um að leggja áherslu á bítlið á afmælisárinu enda er verið að vísa til stofnárs FTT en þá var bítlið í algleymingi. Jakob hefur verið í sérstöku sambandi við fjölskyldu Pete Best, trommara Bítlanna sem vék fyrir Ringó á sínum tíma, en í gegnum bróður Pete Best hefur fengist aðgangur fyrir hópinn á sögufræga staði, söfn, Penny Lane, Strawberry Fields og hátíðar kvöldverður á nýju Hard Days Night hóteli með Alan Williams, fyrsta umboðsmanni Bítlanna.

jakob@frettabladid.is


SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

FRÁ LEIKSTJÓRA INDEPENDENCE DAY OG THE DAY AFTER TOMORROW
10,000 BC
JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN NJÓTTU LÍFSINS THE BUCKET LIST
sýnd með íslensku tali HORTON
sýnd með íslensku tali

| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 3:40 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 1:30 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| MR. MAGORIUMS | kl. 1:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| **KRINGLUNNI** | | |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| THE BUCKET LIST DIGITAL | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| JUNO | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| STEP UP 2 | kl. 1:50 | 7 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 |
| 27 DRESSES | kl. 6 - 8:20 | L |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| ÁSTRÍKUR ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:45 | L |
| **AKUREYRI** | | |
| 10.000 BC | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| MR. MAGORIUMS | kl. 2 | L |
| STEP UP 2 | kl. 4 - 6 | 7 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HORTON HEARS A WHO | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| AUGUST RUSH | kl. 8 - 10:10 | L |
| UNDERDOG M/ÍSL TALI | kl. 2 - 4 | L |
| MR. MAGORIUMS | kl. 6 | L |

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1.45 og 5.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 2 | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!
Páskamyndin í ár! Með íslensku og ensku tali
SÓL
HORTON
Fíllinn Horton sem leggur mikið á sig til að bjarga Hvervar bæjarstjóra í æðislega skemmtilegri teiknimynd.
ATH: Á undan myndinni verður frumsýnt frábært myndskeið úr
LÚXUS
HEIÐIN
SEMI-PRO
27 Dresses
Sprön toppur
THE ORPHANAGE
JUMPER
GLITNIR

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HORTON LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND kl. 10.15 | JUMPER kl. 10.10 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR kl. 1.30 | ÁSTRÍKUR kl. 1 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 3 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUGUST RUSH | kl. 8 | |
| BE KIND REWIND | kl. 3 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 3 - 5.30 - 10.30 | |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| SEMI PRO | kl. 3.30 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 3 - 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 - 8 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 2 | |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

15. og 16. mars
SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
UNDRAHUNDURINN ER BESTI VINUR MANNSINS
UNDRAHUNDURINN M/ÍSL TALI KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA, OG KL. 2 Í KRINGLU., SEL. Á AK. OG Í KEF.
TÖFRABÚÐIN (ENSKT TAL) KL. 1:30 Í ÁLFAB OG KL. 2 Á AKUREYRI
TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TALI KL. 2 Í KRINGLUNNI
BÝFLUGUMYNDIN M/ ÍSL. TALI KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA
STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 1:50 Í KRINGLUNNI OG KL. 4 Á AKUREYRI
SAMBÍÓIN • AKUREYRI • SELFOSS

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBOGINN 450 kr.
kl. 3 í Háskólabíó | kl. 4 í Háskólabíó | kl. 3.30 í Háskólabíó | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSLENSKT TAL HORTON ATH. SÝND KL. 2
ATH. SÝND KL. 1.45 ÍSLENSKT TAL
ALVIN OG ÍKORNARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI ATH. SÝND KL. 2
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins



**DJ PREMIER** Plötusnúðurinn og taktsmiðurinn treður upp á Gauknum í kvöld.

# Dj Premier spilar í kvöld

Einn áhrifamesti plötusnúður og taktsmiður í bransanum í dag, Dj Premier, spilar á Gauki á Stöng í kvöld í tilefni af sjö ára afmæli Kronik Entertainment.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að tónleikarnir hefðu verið í gærkvöldi og beðist er velvirðingar á mistökunum. Dj Premier er maðurinn á bak við fjölda hiphop-slagara, enda hefur hann unnið fyrir stjörnur á borð við Jay-Z, Nas, Notorious B.I.G., Christina Aguilera og Janet Jackson. Aldurstakmark á Gaukinn er tuttugu ár og verður húsið opnað klukkan 23. Miðaverð er 3.000 krónur.

# Kvikmynd um Ketil

Fjórar stuttmyndir frá Íslandi, Noregi og Danmörku verða sýndar hjá Fjalakettinum í dag. Myndirnar nefnast Símavörðurinn, sem skartar íslenskum leikara í aðalhlutverki sem kallar sig Damon Younger, Spandexmaðurinn, Stutt kvikmynd án titils eftir Lars Emil Árnason og Sniffarinn sem hlaut Gullpálmann í Cannes 2006 sem besta stuttmyndin.

Á morgun frumsýnir Fjalakötturinn síðan í Tjarnarbíói heimildarmyndina Ketill eftir Joseph Marzolla og Tómas Lemarquis. Myndin fjallar um listamanninn Ketil Larsen, sem er einstakur persónuleiki sem býr yfir ótal sögum og óvenjulegum upplifunum.



**KETILL LARSEN** Heimildarmynd um Ketil verður frumsýnd á morgun í Tjarnarbíói.

# Íslenskt fenjarokk

Platan Minni karla þar sem íslenskir flytjendur spreyta sig á lögum Bandaríkjamannsins Tony Joe White kemur út á miðvikudag. Allir textar eru eftir Braga Valdimar Skúlason. Ellefu söngvarar syngja lögin ellefu á plötunni, þar á meðal Björn Jörundur, Ragnar Kjartansson, Megas, Magnús Eiríksson, Óttarr Proppé og Vilhelm Anton Jónsson.

Hljómsveitina Skuggasveina sem leikur á plötunni skipa Guðmundur Kristinn Jónsson, Guðmundur Pétursson, Kristinn Snær Agnarsson, Mikael Svensson og Sigurður Guðmundsson. Fóru upptökur fram í Hafnarfirði og í Nashville.

Tony Joe White fæddist 1943 í Louisiana í Bandaríkjunum. Hann er einn helsti fulltrúi hins svokallaða fenjarokks. Tony hefur sent frá sér plötur frá árinu 1968 og er enn að. Margir heimsþekktir tónlistarmenn hafa hljóðritað lög hans, meðal annars Tina Turner, Ray Charles, Hank Williams Jr. og Elvis Presley.



**TONY JOE WHITE** Tony Joe á öll lögin á plötunni Minni karla sem kemur út á miðvikudag.


einstök sýning



Gallerí List



Marilyn Herdís Mellk
opnar sýningu
laugardaginn 15. mars
kl. 14:00

Gallerí List

Skipholti 50A • sími: 5814020
www.gallerilist.is

# PÁSKATILBOÐ

## Falleg húsgögn á frábæru verði!



Tilboð 1, eik, hlynur, (kirsuber)
Borð og 6 stólar 89.900
Skenkur (keyptur með setti) 26.900
**Samtals 116.800**
Verð áður 147.500

Tilboð!



Buffer í eik
Sjónvarpssk.
m/læsanlegum
glerhurðum
**9.900**
Verð áður 19.700



Hæðarstillanleg skrifborð frá **35.200**



Tilboð 2, kirsuber
Borð og 6 stólar 79.900
Skenkur (keyptur með setti) 18.600
**Samtals 98.500**
Verð áður 130.000



Bókahillur og geisladiskastandar



Kommóður í úrvali

Tilboð!



12.900
(verð áður 16.900)



16.900

Tilboð!



33.900
(verð áður 41.400)



Omega **59.500**
kirsuber, hlynur, svarbrúnt

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

## > Einstakt Íslandsmót í fimleikum

Íslandsmótið í áhaldafimleikum, sem fram fer nú um helgina, er einstakt í sögu fimleika á Íslandi því á mótið eru skráðir þrír bræður; Dýri, Erlendur og Hlynur Kristjánssynir. Fleiri systkini keppa á mótinu um helgina því tæplega helmingur keppenda á Íslandsmóti á systkini á mótinu. Þrjátíu eru skráðir til keppni, þar af þrettán systkini. Mótið fer fram í Versölum, íþróttahúsi Gerplu í Kópavogi. Á morgun keppa einstaklingarnir um Íslandsmeistaratitilinn í fjölþraut, þ.e. samanlagðar einkunnir allra áhalda telja, en á sunnudaginn keppa sex hæstu einstaklingarnir á hverju áhaldi frá fyrri degi um titil Íslandsmeistara á einstökum áhöldum.



**sport**
sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN HALLDÓRSSON HANDKNATTLEIKSÞJÁLFARI:** RÁÐINN ÍÞRÓTTASTJÓRI HJÁ HSÍ

# *Sama lína hjá öllum landsliðum Íslands*

Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, tilkynnti á fimmtudag að það hefði ráðið Kristján Halldórsson, þjálfara karlaliðs Stjörnunnar, sem íþróttastjóra HSÍ en það er nýtt starf hjá sambandinu.

Um er að ræða 50 prósenta starf en starfssviði Kristjáns er skipt upp í fimm þætti – hann er þjálfari B-landsliðs karla, hefur umsjón með yngri landsliðum, sér um faglega ráðgjöf ásamt fræðslunefnd, veitir ráðgjöf til félaga og kemur inn sem faglegur ráðgjafi í þjálfun stórra leikmanna og markvarða.

Ráðning Kristjáns er klárlega mikið framfaraskref hjá HSÍ en Kristján mun taka á þáttum sem mörgum hefur þótt vera vanræktir hjá sambandinu hingað til. Eins og áður segir er starfssvið Kristjáns margþætt en meðal þess sem stendur í starfslýsingu er að tryggja að öll landslið spili sama handbolta.

„Það er gert í samstarfi við A-landsliðsþjálfarann hverju sinni. Við viljum leggja eina línu þannig að liðin spili sömu varnir, sóknir og annað. Hvert skref upp á við ætti því að vera auðveldara hverju sinni því menn vita að hverju þeir ganga. Þetta er gert víða erlendis með fínum árangri,“ sagði Kristján en hann er ráðinn frá og með 1. ágúst næstkomandi og er samningur hans til eins árs.



„Það eru ekki komin verkefni fyrir B-liðið en það er stefnt að því að koma á tveim verkefnum á hverju ári fyrir þetta lið. Við fórum með B-lið fyrir EM í janúar og það gaf góða raun. Sturla Ásgeirsson stóð sig til að mynda mjög vel og hann er nú kominn í A-liðið. Fleiri bönkuðu rækilega á dyrnar,“ sagði Kristján en hann mun taka þátt í að velja þjálfara í samstarfið við landsliðsnefndir. Einnig verður gert átak í því að bæta líkamlegt atgervi leikmanna.

„Ég mun hjálpa félögum við íþróttaáætlanir. Hvernig þau byggja upp og annað. Ég mun taka virkan þátt í slíku starfi með þeim félögum sem óska eftir aðstoð,“ sagði Kristján en hann mun heimsækja félög út um allt land. Veita þeim ráðgjöf varðandi uppbyggingu sem og við afreksstefnu.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express kvenna*

**Undanúrslit, 1 leikur**

KR-Grindavík 81-68 (37-28)

Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 28 (13 frák., 6 stoðs.), Candace Futrell 22, Guðrún Ósk Ámundadóttir 14 (4 stoðs., 4 stolnir), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 10 (11 frák.), Helga Einars dóttir 4 (11 frák.), Rakel Margrét Viggósdóttir 2, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 1 (9 frák., 4 stoðs.)
Stig Grindavíkur: Tiffany Robertson 20 (14 frák.), Íris Sverrisdóttir 14 (hitti úr 5 af 8 skotum, 17 mín.), Joanna Skiba 12 (6 stoðs.), Jovana Lilja Stefánsdóttir 9 (11 mín.), Petrúnella Skúladóttir 8 (15 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2.

### *Iceland Express karla*

Skallagrímur-Keflavík 76-84 (34-44)

Stig Skallagríms: Pétur Sigurðsson 22, Darrel Flake 20 (20 frák.), Miloica Zekovic 17, Allan Fall 8, Axel Kárason 5, Áskell Jónsson 2, Sigurður Þórarinsson 2, Pálmi Sævarsson 1.
Keflavík: Bobby Walker 34, Tommy Johnson 15, Anthony Susnjara 12, Gunnar Einarsson 7, Magnús Gunnarsson 6 – Sigurður Þorsteinsson 5, Arnar Freyr Jónsson 2, Þröstur L. Jóhannsson 2, Jón N. Hafsteinsson 1

Hamar-Stjarnan 70-82 (39-36)

Stig Hamars: Lárus Jónson 22, Svavar Páll Pálsson 19 (11 frák.), Roman Moniak 15, Bojan Bojovic 11, Ari Gunnarsson 2, Andri Bergsson 1.
Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 19 (7 frák., hitti úr 4 af 5 3ja), Jarrett Stephens 19 (17 frák.), Dimitar Karadzovski 15, Fannar Freyr Helgason 15 (13 frák.), Kjartan Kjartansson 14 (8 frák.).

**Keflavík** tryggði sér deildarmeistaratitlinn með þessum sigri og karlalið félagsins verður því með heimavallarrétt út úrslitakeppnina alveg eins og konurnar sem spila sinn fyrsta leik gegn Haukum í kvöld. Keflavík var með forystuna allan tímann en Skallagrímsliðið var þó búið að koma muninum niður í eitt stig í lokin.

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 15. mars
Vestmannaeyjar kl. 15.00
ÍBV - Akureyri
Ásvellir kl. 16.00
Haukar - HK

# Hildur í stuði á réttum tíma

**KR er komið í 1-0 í undanúrslitaeinvígi sínu gegn bikarmeisturum Grindavíkur í Iceland Express-deild eftir þrettán stiga sigur í DHL-höllinni í gær.**

**KÖRFUBOLTI** KR-konur með fyrirliðann Hildi Sigurðardóttur í broddi fylkingar eru komnar í 1-0 gegn bikarmeisturum Grindavíkur eftir 81-68 sigur í fyrsta leik undanúrslitaeinvígis liðanna í Iceland Express deild kvenna í gær.

Hildur tók upp hanskann fyrir Bandaríkjamanninn Candace Futrell sem klikkaði á 19 af 25 skotum sínum. Hildur átti sannkallaðan stórleik á gríðarlega mikilvægum tímapunkti fyrir sitt lið en hún var með 28 stig, 13 fráköst og 6 stoðsendingar í leiknum og stjórnaði leik liðsins með stakri prýði.

„Það er gaman að geta stigið upp þegar mest á reynir. Ég er búin að bíða alla vikuna eftir þessum leik og það var ljúft að ná að ljúka þessum leik með sigri. Það var mjög mikilvægt að byrja þetta svona og sjá hvað við getum með mikilli baráttu og góðri vörn. Við ætluðum okkur að spila fína vörn og það tókst því við fengum bara á okkur 68 stig,“ sagði Hildur. „Við erum vanar því að klikka á þessum auðveldu skotum en við ákváðum fyrir þennan leik að gefast ekki upp og halda bara áfram að skjóta því boltinn hlyti að fara ofan í á endanum. Við héldum áfram allan leikinn, sluppum við langar lægðir og rifum okkur alltaf upp ef eitthvað fór úrskeiðis. Við vorum mjög vel undirbúnar fyrir þennan leik,“ sagði Hildur kát í leikslok.

KR hafði frumkvæðið allan tímann, var 21-10 yfir eftir fyrsta leikhluta og 37-28 yfir í hálfleik. Grindavík byrjaði seinni hálfleikinn vel og kom muninum niður í þrjú stig, 39-36, en þá komu þrettán KR-stig í röð og eftir það var aldrei spurning um hver myndi sigra. KR-liðið tók alls 30 sóknarfráköst í leiknum og vann fráköstin 58-42.

Hildur átti eins og fyrr sagði stórleik hjá KR en eins kom Guðrún Ósk Ámundadóttir með frábæra innkomu af bekknum og lék mjög vel eins og systir hennar Sigrún en saman voru þær með 24 stig auk þess að Sigrún tók 11 fráköst og Guðrún var með 4 stoðsendingar og 4 stolna bolta.

Tiffany Roberson var í strangri gæslu en var engu að síður með 20 stig og 14 fráköst. Joanna Skiba hitti illa, alveg eins og Petrúnella Skúladóttir en hjá þeim saman duttu aðeins 6 af 28 skotum. Íris Sverrisdóttir átti frábæra innkomu í fyrri hálfleik þar sem hún skoraði 14 stig á 14 mínútum og hélt sóknarleik Grindavíkur á floti en hún fékk aðeins að spila í 3 mínútur í seinni hálfleik sem var skrítin ákvörðun hjá Igori Beljanski þjálfara.

Það er því enn þannig að liðin hafa unnið alla heimaleiki sína gegn hvort öðru í vetur og næsti leikur er í Grindavík á sunnudaginn þar sem að Grindavík fær tækifæri til að jafna einvígið.

ooj@frettabladid.is



**KOMST LÍTIÐ ÁLEIÐIS** Candace Futrell gekk illa að finna körfuna í gær. Hér hefur Ingibjörg Jakobsdóttir stöðvað hana
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FRÁBÆR** Hildur Sigurðardóttir fór fyrir sínu liði gegn Grindavík í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNNI



**SEX MET Í 25 M LAUG** Erla Dögg Haraldsdóttir á nú sex gildandi Íslandsmet í stuttri laug.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandsmet í 25 metra laug:

# Erla Dögg á öll fjórsundsmetin

**SUND** Erla Dögg Haraldsdóttir sundkona á nú öll fjórsundsmetin í 25 metra laug eftir að hún bætti á dögunum sjö ára gamalt met Láru Hrundar Bjargardóttur í 400 metra fjórsundi.

Erla Dögg bætti metið á metamóti ÍRB, sem fram fór í Vatnaveröldinni í Keflavík í fyrradag, um tæplega þrjár sekúndur. Erla Dögg á nú öll þrjú fjórsundsmetin í stuttri laug því hún setti met í bæði 100 og 200 metra fjórsundi í nóvember. Erla setti einnig met í vetur í 50 og 100 metra bringusundi sem og 200 metra flugsundi og á því nú sex Íslandsmet í 25 metra laug eftir veturinn. - óój

HM kvenna í fótbolta 2011:

# FIFA samþykkti ekki fjölgun

**FÓTBOLTI** Það verða áfram bara sextán þjóðir sem komast í úrslitakeppni HM í kvennafótbolta en FIFA samþykkti ekki tillögu um að fjölga liðum úr sextán í 24. Tillögu um tuttugu liða úrslitakeppni var einnig vísað frá. Ástæðan er að forráðamenn FIFA óttast að með fleiri liðum myndi gæðum keppninnar hraka en næsta HM fer fram í Þýskalandi 2011. - óój





SKUNKFUNK KOMIÐ Í VERSLANIR
Helstu sölustaðir: Respekt Hafnarfirði · Flash Laugavegi · Nína Akranesi · Blómsturvellir Hellissandi · Jón og Gunna Ísafirði · Töff föt Húsavík · GS Akureyri · Sentrum Egilsstöðum · System Neskaupstað Flamingó Vestmannaeyjum · Kóda Keflavík · 3 hæðir Laugavegi

Dregið var í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í gær:

# Arsenal og Liverpool mætast

**FÓTBOLTI** Ensku liðin Arsenal og Liverpool mætast í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar og Roma gefst tækifæri til hefnda gegn Manchester United.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var rólegur yfir drættinum í gær en sigurvegarinn úr viðureign Arsenal og Liverpool mætir Fenerbahce eða Chelsea í undanúrslitum.

„Við vonuðumst eftir því að sleppa við ensk lið á þessu stigi en erum hins vegar fullir sjálfstrausts og erum að leika vel,“ sagði Benitez kokhraustur.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, tók undir með Benitez hvað varðar ensku liðin en kvað lið sitt tilbúið í átökin.

„Við erum reiðubúnir að mæta hverjum sem er,“ sagði Wenger.

Carlos Queiroz, aðstoðarþjálfari Mancester United, var sáttur að mæta Roma enn og aftur.

„Við erum ánægðir með að mæta liði utan Englands og þekkjum Roma mjög vel. Þetta verður samt erfitt,“ sagði Queiroz.

Sigurvegarinn úr viðureign United og Roma mætir annað hvort Schalke eða Barcelona. - óþ



**FRÁBÆR** Cesc Fabregas átti stóran þátt í sigri Arsenal á Evrópumeisturum AC Milan á dögunum.
NORDIC PHOTOS/GETTY

**MEISTARADEILDIN**

**Fyrri leikir átta liða úrslita 2.-3. apríl**

Arsenal-Liverpool
Roma-Manchester United
Schalke-Barcelona
Fenerbahce-Chelsea
*Seinni leikirnir verða 8.-9. apríl.

**Fyrri leikir undanúrslita 22.-23. apríl**

Arsenal/L.pool-Fenerbahce/Chelsea
Schalke/Barcelona-Roma/Man. Utd



**EITRAÐUR** Fernando Torres virðist geta skorað að vild þessa dagana.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# Við viljum fá þig í

# Boot cAmp

**Taktu skrefið til fulls og komdu þér í besta form lífs þíns.**







Ný Boot Camp námskeið hefjast um land allt
**mánudaginn 24. mars.**

Kynntu þér málið og skráðu þig á
**www.bootcamp.is**

ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070 Boot cAmp



**GUÐMUNDUR INGVARSSON** Neitar að svara því af hverju ekki var greint frá öllum hliðum Noregsmálsins á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Formaður HSÍ:

## Hefði mátt orða hlutina öðruvísi

**HANDBOLTI** Eins og fram kemur í fréttinni hér til hliðar greindi formaður HSÍ, Guðmundur Ingvarsson, ekki frá öllum öllum hliðum „Noregsmálsins“ á blaðamannafundi á fimmtudag. Hann var þráspurður út í leikina en sá ekki ástæðu til þess að greina frá því að þeir hefðu verið af borðinu fyrir um mánuði síðan heldur lét í það skína að HSÍ hefði afþakkað leiki sem því hreinlega stóðu ekki til boða.

Guðmundur þverneitaði að segja Fréttablaðinu í gær af hverju ekki hefði verið greint frá því á fundinum sem nú er komið í ljós.

Guðmundur vildi í fyrstu ekki heldur svara því hvort hann teldi sig hafa komið heiðarlega fram á fundinum. Eftir að hafa verið spurður þrisvar fékkst hann þó til að gefa svar.

„Það hefði hugsanlega mátt orða hlutina öðruvísi en það sem skiptir máli er að niðurstaðan sem fékkst var sú besta fyrir okkur,“ sagði Guðmundur.

# HSÍ klúðraði Noregsleikjunum

**Þó svo Guðmundur Guðmundsson hefði viljað leika við Norðmenn næstkomandi þriðjudag og miðvikudag er ljóst að af leikjunum hefði aldrei getað orðið. Norðmenn slógu leikina út af borðinu í nóvember á síðasta ári er HSÍ svaraði ekki tölvupósti. HSÍ hefur vitað af málinu í mánuð án þess að greina frá því.**

**HANDBOLTI** Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær verða engir landsleikir við Norðmenn um páskana eins og til stóð. Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, og Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sögðu á blaðamannafundi á fimmtudag að þeir hefðu ákveðið að afþakka leikina þar sem dagarnir sem Norðmenn væru til í að koma einfaldlega hentuðu ekki. Því hefði það verið talinn betri kostur að afþakka leikina og æfa frekar eingöngu um páskana í staðinn. Eftir því sem Gunnar Pettersen, landsliðsþjálfari Noregs, segir voru þeir nafnar ekki að segja fullkomlega satt og rétt frá við fjölmiðlamenn á fundinum enda var það ljóst fyrir um mánuði að leikirnir gætu aldrei farið fram.

### HSÍ svaraði ekki tölvupósti

„Við gerðum samkomulag við HSÍ í ágúst 2007 um að spila tvo leiki á Íslandi. Við sendum tölvupóst til HSÍ vegna málsins sem var svarað og leikirnir bókaðir. Ákveðið var að spila á þriðjudegi og miðvikudegi fyrir páska. Við sendum svo aftur tölvupóst þann 28. nóvember í leit að staðfestingu og spurðum hvort samkomulagið væri enn til staðar. Við skrifuðum einnig í tölvupóstinn að ef við fengjum ekki svar þá litum við svo á að leikirnir færu ekki fram. HSÍ svaraði aldrei þeim tölvupósti. Í kjölfarið sagði ég leikmönnum mínum að það yrðu engir leikir um páskana og að þeir fengju frí,“ sagði Pettersen við Fréttablaðið í gær og hann segir norska sambandið ekkert hafa heyrt frá HSÍ fyrr en á dögunum.

„HSÍ hafði samband fyrir um tveim vikum og spyr hvenær við ætlum að koma til landsins? Við svöruðum því einfaldlega til að við hefðum sent tölvupóst í nóvember sem ekki var svarað og því gerðum við ekki ráð fyrir neinum leikjum. Þeir staðfestu að hafa fengið póstinn, sögðust hafa gert mistök, báðust afsökunar og skildu því vel af hverju við værum ekki að koma,“ sagði Pettersen en hann ku ekki fara alveg rétt með dagsetningu á tölvupósti HSÍ en hann er sagður hafa borist í byrjun febrúar.

Orðrómur var í gangi þess efnis að Norðmenn ætluðu að hefna sín á HSÍ fyrir að senda B-lið á Posten Cup í janúar með því að senda sitt B-lið hingað um páskana. Pettersen segir þann orðróm ekki eiga við rök að styðjast.

### Ekki fúlir út af Posten Cup

„Við vorum vissulega ekki hrifnir af því að HSÍ sendi B-lið á Posten Cup en það hefur ekkert með það að gera að leikirnir fara ekki fram um páskana. Við vildum spila þessa leiki enda góð æfing að spila við íslenska liðið. Það eru engin leiðindi í þessu og við viljum halda áfram því góða samstarfi sem við höfum átt við HSÍ. Vonandi finnum við nýja dagsetningu á þessa leiki,“ sagði Pettersen.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, var ábyrgur fyrir samskiptunum við Norðmenn. Hann staðfestir að hafa fengið umræddan tölvupóst í nóvember.

„Ég fékk þennan póst og það er rétt að þar kemur skýrt fram að Norðmenn líti svo á að leikirnir muni ekki fara fram ef póstinum verði ekki svarað. Ég veit ekki alveg hvað gerðist hjá mér en þetta fór alveg fram hjá mér einhverra hluta vegna. Ég hef mislesið póstinn eða eitthvað á þessum tíma því miður. Þetta eru mín mistök og því miður dýr mistök,“ sagði Einar við Fréttablaðið.

### Klúðrið uppgötvast of seint til að fá leiki við aðra þjóð

Leiða má líkum að því að ef málið hefði komið fyrr upp hefði mátt fá aðra þjóð til að spila við Ísland á hentugri dögum um páskana. Landsliðsþjálfarinn sagði á blaðamannafundinum að hann hefði ekki útilokað að vilja spila á hentugri dögum ef sá möguleiki hefði verið fyrir hendi. Það reyndist aftur á móti ekki unnt í ljósi þess hversu seint HSÍ kemst að því að hafa klúðrað málinu.

Fréttablaðið óskaði eftir því við bæði HSÍ og norska handknattleikssambandið að fá áðurnefnda tölvupósta. Norska sambandið hafnaði beiðninni en HSÍ svaraði henni ekki.

henry@frettabladid.is



**GUNNAR PETTERSEN** Landsliðsþjálfari Noregs segir það hafa verið ljóst í nóvember að ekki yrði leikið við Ísland um páskana. HSÍ uppgötvaði það ekki fyrr en í byrjun febrúar. NORDIC PHOTOS/AFP


FRUMSÝNING UM HELGINA!

Opnum nýjan gám fullan af úrvalshjólum á frábæru verði!



Fyrstur kemur fyrstur fær!

**Vorum að fá gám af mótorhjólum í hús.** Síðasti gámur **seldist upp á viku.** Verðið á hjólunum í þessum gám er jafnlágt og þá. Hjólin eru **til sýnis um helgina**, bæði laugardag og sunnudag frá kl. 12 - 18. Ólíklegt að svona verð bjóðist aftur eins og gengið er að þróast. **Komið og skoðið um helgina.**



**Verðdæmi:**

| | | |
|---|---|---|
| 2006 | **HONDA** VT750DCA6 SHADOW SPIRIT | 660.000,- |
| 2001 | **KAWASAKI** VN750A17 VULCAN | 455.000,- |
| 2001 | **KAWASAKI** VN750A17 VULCAN | 455.000,- |
| 2005 | **TRIUMPH** SPRINT ST | 935.000,- |
| 2006 | **HARLEY-DAVIDSON** VRSCD NIGHT ROD | 1.520.000,- |
| 2004 | **SUZUKI** (MC) VS1400GLPK4 INTRUDER | 735.000,- |

MOTORS

Sérverslun vélhjólamannsins ::: Laugavegi 168
Sími 511 2121




## Kjartan Gylfason

Tannlæknir

Kjartan er stoltur stuðningsmaður íslenska landsliðsins í fótbolta. Reyndar svo stoltur, að leikurinn á morgun mun líklegast hræra duglega upp í honum. En þannig vill Kjartan líka hafa það. Hann vill fá eitthvað út úr leiknum, líkt og leikmennirnir inni á vellinum. Finna fyrir lífinu um stundarsakir. Gleðjast og jafnvel þjást. Hann vill vera ástríðufullur Íslendingur í 90 mínútur, með öllu tilheyrandi.

Væri ekki gaman að fylla stúkuna af fólki eins og Kjartani á morgun?

**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

MasterCard KSÍ

# ÍSLAND - FÆREYJAR

Ísland og Færeyjar mætast í vináttulandsleik í knattspyrnuhúsinu Kórnum við Vallakór í Kópavogi á morgun 16. mars kl. 16:00. Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum...

**...við erum öll í íslenska landsliðinu!**

KSÍ

*Alltaf í boltanum*

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · VÍS · www.getraunir.is · ICELANDAIR

MIÐAVERÐ

Almennt miðaverð 2000 kr.

16 ára og yngri 1000 kr.

Miðasala á midi.is og ksi.is

midi.is

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar, öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.

## > Matthew Perry



Þegar Matthew Perry fór og sótti um hlutverkið sem Chandler Bing í Friends þurfti hann ekki að styðjast við handrit vegna þess að hann kunni það utan að. Hann var daginn áður búinn að hjálpa vini sínum að æfa fyrir hlutverkið og ákvað síðan að sækjast eftir hlutverkinu líka. Hann leikur í grínmyndinni The Whole Ten Yards í kvöld kl. 02.45 á Stöð 2.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI RENNDI YFIR MONITOR, GRAPEVINE, VERÐANDA OG FITNESS-FRÉTTIR

# *Gott ókeypis stöff*

Það er vinalegt hér í fámenninu að fjöldi fólks skuli gera sitt allra besta til að halda úti ókeypis tímaritum. Það er lágmarks kurteisi að grípa þessi blöð þegar maður rekst á þau enda fínt að glugga í þau. Mónitorinn hans Bigga í Maus hefur fengið gríðarmikla kynningu að undanförnu þökk sé ýfingum Bubba Morthens við ritstjórann. Sjötta blaðið kom út í vikunni og ég verð að segja að ég dáist að úthaldinu. Satt að segja bjóst ég ekki við fleiri en þremur tölublöðum, svona í ljósi sögunnar og afdrifum svipaðra afþreyingarblaða fyrir ungt fólk. Þetta er flott blað, ágætlega skrifað og slatti af áhugaverðu efni í því. Það eina sem hægt er að setja út á er kraftlaus dreifing. Því er ágætt að geta séð það á pdf á netinu.

Þegar Grapevine er lesið líður manni eins og í stórborg erlendis. Tímaritið er á ensku og hefur komið út í nærri fimm ár. Það er heimsborgaralegur bragur á þessu blaði, kannski er það bara enskan sem villir um fyrir manni, eða kannski það að efnistökin eru önnur og oft beittari en annars staðar.

Menntaskólablaðið Verðandi er prentað á dagblaðapappír eins og Grapevine, en er þynnra. Það tengist ekki einum ákveðnum menntaskóla en ágætt er samt að renna yfir það til að sjá hvað hugsandi og leitandi fólk á menntaskólaaldri er að spá. Í nýjasta tölublaði má lesa greinar um Jim Jarmusch, Kurt Vonnegut og Allen Ginsberg, svo þessi hópur er greinilega ennþá að spá í það sama og fyrir tuttugu eða jafnvel þrjátíu árum. Auðvitað er þó nútímalegra efni líka, til að mynda viðtal við Kasparov og árshátíðarmyndir.

Ekki má svo gleyma Fitness-fréttum sem finna má á líkamsræktarstöðvum. Blaðið kom fyrst út árið 1999. Í því má sjá auglýsingar fyrir alls konar duft og stangir, myndir af páskaeggjabrúnu fólki með afdráttarlaust sixpakk og ágætis greinar um heilsu og líkamsrækt. Fínt blað.



**ENN VINSÆLL HJÁ MENNTASKÓLANEMUM** Kurt Vonnegut rithöfundur.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** Spaugstofan SJÓNVARPIÐ



▶ **22.45** Hide and Seek STÖÐ2



▶ **23.00** Da Vinci's Inquest SKJÁREINN



▶ **20.00** Civil Action STÖÐ2BÍÓ



▶ **22.10** X Files STÖÐ2EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.03 Einu sinni var... - Maðurinn**
**10.30 Kastljós**
**11.00 Kiljan e.**
**11.45 07/08 bíó leikhús** e.
**12.15 Jörðin og náttúruöflin** (2:5) e.
**13.05 Rætur guðstrúar** (1:3) e.
**14.05 Regnmaðurinn sjálfur** e.
**15.00 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Hauka og HK í efstu deild karla.
**16.40 Ofvitinn** (15:23)
**17.25 Táknmálsfréttir**
**17.35 Gettu betur** (7:7)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
▶**19.45 Spaugstofan**
**20.10 Ævintýri -** Ævintýrið sígilda um nýju fötin keisarans fært í nútímabúning og nú er það keisaraynjan sem lætur vefa sér skartklæðin ósýnilegu.
**21.05 Friðarstillir** Kanadísk gamanmynd um sérsveitarmann sem er falið að gæta fimm barna nýlátins vísindamanns en sá er talinn hafa falið hernaðarleyndarmál á heimili sínu.
**22.40 Hókus pókus** Ævintýramynd um þrjár nornir sem voru dæmdar til dauða fyrir 300 árum en snúa aftur og gera börnum grikk á hrekkjavöku.
**00.15 Bíóhöllin** e.
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Hot Shots!**
**08.00 Meet the Fockers**
**10.00 Field of Dreams**
**12.00 Civil Action**
**14.00 Hot Shots!**
**16.00 Meet the Fockers**
**18.00 Field of Dreams** (Draumavöllurinn)
▶**20.00 Civil Action** Hörkuspennandi lögfræðidrama sem byggt er á sannsögulegum atburðum.
**22.00 Jagged Edge**
**00.00 Sweeney Todd**
**02.00 State Property**
**04.00 Jagged Edge** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Algjör Sveppi**
**08.05 Barnatími Stöðvar 2**
**10.30 Adventures of Shark Boy and L**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 The Bold and the Beautiful**
**12.50 Bold and the Beautiful**
**13.10 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Bold and the Beautiful**
**14.15 American Idol** (17:42)
**15.00 American Idol** (18:42)
**15.45 American Idol** (19:42)
**16.35 Gossip Girl** (10:22)
**17.25 Sjáðu**
**17.55 Sjálfstætt fólk**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 The Sandlot** (Strákapör) Hugljúf gamanmynd sem gerist árið 1962. Hér segir af strákahóp sem spilar hafnabolta allt sumarið og hvernig þeir taka nýjum strák sem ekkert vit hefur á íþróttinni.
**20.50 The Greatest Game Ever Played** Magnað sannsögulegt drama um ótrúlegasta golfmót sem haldið hefur verið.
▶**22.45 Hide and Seek** Hrollvekjandi spennudrama með meistara Robert De Niro og ungstirninu ótrúlega Dakota Fanning. De Niro leikur ekkil sem reynir aðkoma lífi sínu á rétta braut eftir að eiginkona hans framdi sjálfsmorð. Á meðan leitar ung dóttir hans huggunar hjá ímynduðum vini. Í fyrstu reynist leikur hennar saklaus en smám saman hættir föður hennar að lítast á blikuna.
**00.25 Man on Fire**
**02.45 The Whole Ten Yards**
**04.20 Air Panic**
**05.50 Fréttir**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**07.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**08.35 Inside the PGA**
**09.00 NBA körfuboltinn** (New Orleans - San Antonio)
**11.00 F1. Við rásmarkið**
**11.45 Formúla 1 Ástralía** Útsending frá tímatökunni
**13.20 World Supercross GP**
**14.15 Utan vallar**
**15.00 PGA Tour 2008**
**17.55 Inside Sport**
**18.20 Spænski boltinn - Upphitun**
**18.50 Deportivo - Real Madrid Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Deportivo og Real Madrid
**20.50 Valencia - Sevilla Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Sevilla
**22.50 Ali´s 65th**
**23.35 Mayweather vs. Hatton 24/7**
**00.05 Mayweather vs. Hatton 24/7**
**00.35 Floyd Mayweather vs. Ricky Hat**
**01.45 F1. Við rásmarkið**
**02.25 Formúla 1** Útsending frá tímatökunni í Formúlu 1.
**04.00 Formúla 1 kappakstur** (Formúla 1 - Ástralía) Bein útsending frá Ástralíu kappakstrinum í Formúlu 1.

## SPORT 2 enski boltinn

**09.35 Premier League World**
**10.05 PL Classic Matches**
**10.35 PL Classic Matches**
**11.05 Season Highlights**
**12.05 PL Classic Matches**
**12.35 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**14.15 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**14.45 Liverpool - Reading** Bein útsending frá leik Liverpool og Reading í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Arsenal - Middlesbrough** Bein útsending frá leik Arsenal og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 4 4 2**
**20.30 4 4 2**
**21.50 4 4 2**
**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**
**12.00 World Cup of Pool 2007**
**12.50 Rachael Ray** (e)
**15.50 All of Us** (e)
**16.20 All of Us** (e)
**16.50 Fyrstu skrefin** (e)
**17.20 Skólahreysti** (e)
**18.20 Psych** (e)
**19.10 Game tíví** (e)
**19.40 Everybody Hates Chris** (e)
**20.10 Bionic Woman** (e)
**21.00 Boston Legal** (e)
**22.00 Life** (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Samkynhneigður maður er myrtur á heimili sínu og heimilislaus maður er grunaður um morðið. Hann segist saklaus og undarlegar frásagnir nágrannanna koma Crews og Reese á sporið.
▶**23.00 Da Vinci's Inquest** Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.
**23.50 C.S.I.** (e)
**00.40 Law & Order** (e)
**01.30 Bullrun** (e)
**02.20 Professional Poker Tour** (e)
**03.45 All of Us** (e)
**04.10 All of Us** (e)
**04.35 The Boondocks** (e)
**05.00 Vörutorg**
**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ2 KL.20:50**
**The Greatest Game Ever Played**



Magnað sannsögulegt drama um ótrúlegasta golfmót sem haldið hefur verið. 1913 sigraði kornungur óþekktur golfari, Francis Quimet, á hinu margfræga US Open-golfmóti. En hið ótrúlega var að hann sigraði sjálft átrúnaðargoð sitt og besta golfara þessa tíma, Bretann Harry Vardon. Sagan er byggð á bók Marks Frost, höfund Twin Peaks. Leikstjóri myndarinnninnar er Bill Paxton, aðalleikari út þáttunum Big Love. Aðalhlutverk: James Paxton, Tom Rack, Armand Laroche. Leikstjóri: Bill Paxton.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Sandlot**
**Stöð2 kl.19.10**

Hugljúf gamanmynd sem gerist árið 1962. Hér segir af strákahóp sem spilar hafnabolta allt sumarið og hvernig þeir taka nýjum strák sem ekkert vit hefur á íþróttinni. Strákarnir lenda í ýmsum ævintýrum og gera skemmtilegar uppgötvanir. Góð afþreying fyrir alla fjölskylduna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Að rækta fólk
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Frystihúsastúlkurnar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.12** Orð kvöldsins
**22.18** Á hljóðbergi: Ustinov áttræður
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks** (141:260)
**15.25 Hollyoaks** (142:260)
**15.50 Hollyoaks** (143:260)
**16.15 Hollyoaks** (144:260)
**16.40 Hollyoaks** (145:260)
**17.55 Skífulistinn**
**18.50 X-Files**
**19.35 The George Lopez Show**
**20.00 Logi í beinni**
**20.30 Lovespring International** (Stefnumótaþjónustan) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.00 Big Day** (Stóri dagurinn) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**21.25 Wildfire** Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
▶**22.10 X-Files** Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**23.05 The George Lopez Show**
**23.30 Lovespring International**
**23.55 Big Day**
**00.20 Wildfire**
**01.05 Skífulistinn**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** The Weakest Link **12.00** Big Cat Diary **12.30** Big Cat Diary **13.00** Wildlife Specials **14.00** Animal Hospital **14.30** Animal Hospital **15.00** Extreme Animals **15.30** Amazon Abyss **16.00** Tribe **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** My Hero **19.30** Little Britain: Making Little Britain Too **20.00** The Lost Prince **21.30** Next of Kin **22.00** Only Fools and Horses **22.30** Coupling **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential **0.00** The Lost Prince **1.30** Next of Kin **2.00** Only Fools and Horses

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** TV Avisen **11.10** Troldspejlet **11.25** Boogie **12.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **12.30** OBS **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Landsbyhospitalet **15.10** Djævlens tumleplads **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea får lopper **17.00** Løgnhalsen som garder **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Max **19.00** Sjov i gaden **20.30** HåndboldEkstra: Viborg HK - Slagelse DT **22.05** Anklaget **22.50** Bidske bæster

## NRK 1

**9.00** NRKs sportslørdag **9.15** V-cupfinale hopp: Skiflyging lag 1. omgang **10.00** Birkebeinerrennet **10.10** V-cupfinale hopp: Skiflyging lag 2. omgang **10.50** V-cupfinale alpint: Slalåm 2. omgang, menn **11.15** Birkebeinerrennet **11.20** Skiskyting i Holmenkollen **11.45** V-cupfinale skiskyting: Jaktstart kvinner **12.50** Birkebeinerrennet **12.55** V-cupfinale langrenn: 10 km klassisk fellesstart, kvinner **13.40** V-cupfinale skiskyting: Jaktstart menn **14.50** V-cupfinale langrenn: 20 km klassisk fellesstart, menn **16.00** Birkebeinerrennet: Sammendrag fra eliteklassen **16.15** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.30** Ping-pong **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! **19.25** Den store klassefesten **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Fakta på lørdag: Sex under jernteppet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Pianisten **0.40** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Hjärnkontoret **9.25** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **9.50** Fieteri **10.15** Fråga doktorn **11.00** Tv-stjärnan **11.30** Morgonsoffan **12.00** Kobra **12.30** Andra Avenyn **13.00** Andra Avenyn **13.30** Andra Avenyn **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Antikrundan **16.00** Så ska det låta **17.00** Bolibompa **17.05** Disneydags **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2008: Finalen **21.05** Livet kan börja + 10 **22.25** Rapport **22.30** Förvandlingen




## PERSÓNAN



*Kiddi Bigfoot*

**Aldur:** 42 ára í dag.
**Starf:** Framkvæmdastjóri Gauksins.
**Fjölskylda**: Á dótturina Alexöndru, soninn Hreiðar Árna og kærustuna Sigríði Lund. Hún á soninn Elí Þór.
**Foreldrar:** Jón Þór Friðsteinsson, látinn, og Sólrún Kristjánsdóttir, búsett í Svíþjóð.
**Búseta:** Álfheimar, 104 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Kristján Jónsson, eða Kiddi Bigfoot, ætlar að skipta um nafn á Gauki á Stöng og opnar þar nýtísku klúbb.

# Helgi Seljan og Logi Bergmann hönd í hönd

„Já, já, það er rétt. Við erum að tala um dýrari týpuna. Annars erum við Logi þarna meira til að kynna Valtý Björn,“ segir Helgi Seljan sjónvarpsstjarna.

Flugeldasýning verður á árlegu styrktarkvöldi Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar í Egilsbúð í kvöld. Helgi Seljan og Logi Bergmann eru veislustjórar en heiðursgestur er sjálfur Valtýr Björn Valtýsson – Eskfirðingurinn knái. Smári Geirsson býður upp treyjur og Veðurguðirnir og Ingó Idol leika fyrir dansi. Miðaverð aðeins krónur 5.800.

Helgi er heimamaður, ólst upp fyrir austan og hann hlakkar til. Þeir Logi eru búnir að bera saman bækur sínar hvað varðar gamanmál. En Helgi sér þetta fyrir sér sem ævintýri á gönguför því Logi er vanur maður – veislustjóri Íslands – svo eftirsóttur er hann sem slíkur.

„Fengur fyrir Fjarðabyggðarbúa að fá hann. En Logi er fyrst og fremst yndislegur maður. Sem unun er að umgangast. Ég er búinn að fyrirgefa honum það er hann gaf upp símanúmer mitt á árshátíð Alcoa sem haldin var fyrir austan,“ segir Helgi sem þá stóð í væringum við sveitunga sína vegna andstöðu við álver í Reyðarfirði.

„Ég skildi ekkert í þessu. Fékk það kvöldið einhver sex hundruð skilaboð. Aldrei áður horft á fullhlaðinn síma verða batteríislausan á tveimur mínútum,“ segir Helgi sem hyggur ekki á hefndir þótt hann sé nú á heimavelli og í hlutverki túlks meðan maðurinn af mölinni, „sem aldrei hefur komið á landsbyggðina nema til að ná í Svanhildi,“ að sögn Helga, spilar á útivelli. - jbg



**HELGI SELJAN** Segir þá Loga aðallega vera þarna til að kynna Valtý Björn til sögunnar.



**LOGI BERGMANN** Má eiga von á ýmsu eftir þann hrekk að gefa upp símanúmer Helga á árshátíð Alcoa fyrir austan.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** gremja **6.** skammstöfun **8.** segi upp **9.** hafið **11.** drykkur **12.** kvísl **14.** venjur **16.** tveir eins **17.** dvelja **18.** fyrirboði **20.** tveir eins **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp **3.** klukka **4.** málsgrein **5.** gerast **7.** sjampó **10.** andmæli **13.** svelg **15.** pottréttur **16.** kærleikur **19.** málmur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fúss, **6.** eh, **8.** rek, **9.** rán, **11.** te, **12.** grein, **14.** siðir, **16.** áá, **17.** una, **18.** spá, **20.** gg, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** úr, **4.** setning, **5.** ske, **7.** hársápa, **10.** nei, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** ást, **19.** ál.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Seðlabanki Íslands.
2. Ninna Nótt taka tvö.
3. MR og MA.




ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON: EINN AF RISUM ROKKSÖGUNNAR TIL ÍSLANDS

# Dylan spilar í Grafarvogi

Loksins er það komið á hreint eftir sögusagnir síðustu vikna: sjálfur Bob Dylan heldur tónleika ásamt hljómsveit í Egilshöllinni mánudaginn 26. maí.

Á tónleikunum verður Dylan með dúndurband með sér, sömu menn og spiluðu inn á nýjustu hljóðversplötuna hans, Modern Times. Þeir hafa starfað með honum síðan þá og mikið spilað á tónleikum út um allan heim. Stu Kimball og Denny Freeman spila á gítara, Donnie Herron spilar á stálgítar, mandólín, banjó og fiðlu, Tony Garnier leikur á bassa og George Receli á trommur. Dylan hefur sagt að þetta sé besta hljómsveit sem hann hafi nokkurn tímann spilað með.

Þessir tónleikar verða aðrir tónleikar Bobs Dylan á Íslandi. Síðast kom hann á Listahátíð í Reykjavík árið 1990 og fyllti Laugardalshöllina. Á þeim tónleikum þótti hann hálfslappur. Talaði lítið sem ekkert á milli laga og spilaði fáa smelli. Bubbi Morthens hitaði upp og var feiminn og ekki upplitsdjarfur í návist meistarans. Dylan hefur ekki bara haft áhrif á Bubba því hinn höfuðsnillingur íslenskrar dægurtónlistar, Megas, er einn mesti Dylanmaður landsins og safnar tónleikaupptökum með honum.

Ekki þarf að eyða mörgum orðum í snilli Bobs Dylan. Hann hafði gífurleg áhrif á þróun rokksins. Innihaldsrík og listræn textagerð hans ýtti undir gáfulegri nálgun samtíðarmanna, meðal annars Bítlanna sem gjörbreyttust eftir að þeir kynntust honum. Fyrsta plata Dylans kom út árið 1962 og Modern Times, sem kom út árið 2006, er 32. platan hans. Þarna á milli eru fjölmargar snilldarplötur og ódauðleg lög. Á frægum lista tímaritsins Rolling Stone yfir 500 bestu plötur allra tíma eru tíu Dylan plötur, þar af tvær á topp tíu: Highway 61 Revisited frá 1965, sem er í fjórða sæti, og Blonde on Blonde frá 1966, sem er í níunda sæti. Aðeins Bítlarnir eiga fleiri plötur á listanum, ellefu plötur.

Bob Dylan hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarin ár. Fyrsta bindi ævisögu hans, Chronicles: Volume one, heimildarmynd Martins Scorsese, No Direction Home, og leikna myndin I‘m Not There hafa haldið meistaranum í umræðunni og á sínum réttmæta stalli.

Það er Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert sem landaði tónleikum Dylans. „Það var stór stund fyrir mig þegar samningarnir lágu loksins fyrir,“ segir hann, „Ég hef verið að vinna í þessu í tvö ár. Það eru reyndar margir aðrir aðilar á Íslandi sem hafa reynt að fá hann. Um síðustu helgi fórum við Jón Þór Eyþórsson til London og handsöluðum þetta við umboðsmanninn hans. Þessi vika fór svo í að klára smáatriði og núna er 150 prósent öruggt að Dylan komi. Það liggur vel á honum þessa dagana og hann og bandið hafa mikið spilað. Dylan hefur verið að spila alla hittarana, lögin sem fólk vill heyra. Hann vill fá að æfa með bandinu í Egilshöllinni allan sunnudaginn fyrir tónleika því þetta verða fyrstu tónleikarnir í löngum túr sem þeir eru að leggja upp í.“

Miðasala á tónleikana hefst eftir páska.

gunnarh@frettabladid.is



**STÓRMENNI SPILAR Í EGILSHÖLL** Bob Dylan kemur með bestu hljómsveitina sem hann hefur spilað með.



**LANDAÐI DYLAN EFTIR TVEGGJA ÁRA VINNU** Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Víst er að **Randver Þorláksson** formaður leikarafélagsins verður ekki sakaður um langrækni, og svo að undrun vekur meðal leikara og annarra sem láta sig samninga þeirra varða. Randver var eftirminnilega rekinn úr kompaníi Spaugstofunnar af **Þórhalli Gunnarssyni** dagskrárstjóra hjá Ríkissjónvarpinu. En engu að síður gefur hann nú **Páli Magnússyni** og RÚV ohf. með samningi sem felur í sér að ekki er lengur greitt fyrir endursýningar efnis, fjármuni sem meta má á milljónir. Þar með talið þætti með Spaugstofunni og tímamótaverk **Flosa Ólafssonar** Örlagahárið þar sem Randver átti sitt debut.



**Eva María Jónsdóttir** tjaldar öllu til þegar hún verður með í viðtalsþætti sínum á sunnudag sem gest **Lillu Heggu**, sjálfan sálminn í Sálminum um blómið eftir **Þórberg Þórðarson**. RÚV leggur mikið uppúr þættinum og hefur látið vinna vandaðan kynningartreili til að vekja athygli á þættinum. Og í þeim kynningartreili fetar sín fyrstu fet á leiklistarbrautinni enginn annar en **Helgi Seljan** sem fer með hlutverk Þórbergs á yngri árum skáldjöfursins.

-jbg



# Danskir selja Pressu á heimsvísu

„Þeir væru ekki að taka Pressu upp á sína arma nema þeir teldu þetta söluvöru. Erfitt er að komast í gegnum þetta nálarauga og gott fyrir okkur að heyra að þetta sé í sama gæðaflokki og það efni sem þeir eru að selja sjálfir,“ segir Magnús Viðar Sigurðsson hjá Saga Film.

Risastórt skref hefur verið stigið í þeim tilgangi að koma Pressu þeirra Óskars Jónassonar og Sigurjóns Kjartanssonar á framfæri við heimsbyggðina alla. Saga Film skrifaði á fimmtudag undir samning við danska fyrirtækið TV 2 World um heimsdreifingu á sjónvarpsþáttaröðinni sem sýnd var í vetur á Stöð 2. TV 2 World hefur þegar náð miklum árangri í sölu sjónvarpsefnis sem framleitt hefur verið í Skandinavíu og eru stærstir á því sviði. Eftir því sem Magnús Viðar kemst næst er Pressa fyrsta íslenska sjónvarpsserían sem seld er í erlenda dreifingu.



**PRESSA** Öflugir danskir dreifingaraðilar, hafa tekið sjónvarsþáttaröðina upp á sína arma.

Þættirnir verða í forgrunni hjá TV2 World á stærsta sjónvarpsmarkaðinum í Evrópu MIPTV sem haldinn verður í Cannes nú í apríl. Bindur Sagafilm miklar vonir við að viðtökur verði góðar, og að enn fleiri þættir sem eru í framleiðslu hjá fyrirtækinu eigi erindi út fyrir landsteinana. Kim Christensen, framkvæmdastjóri TV 2 World er vonglaður og býst við víðtækri sölu á erlendum vettvangi. Verkið hefur þegar verið kynnt fyrir tilvonandi kaupendum sem hafa þegar sýnt því mikinn áhuga. „Mér finnst útlit, drama og söguflléttan mjög spennandi og hafa þættirnir þetta norræna yfirbragð sem mikil eftirspurn er eftir í Evrópu. Eins spegli þættirnir vel íslenskan raunveruleika og þykir þáttaröðin mun áhugaverðari fyrir vikið,“ segir Kim.

Magnús Viðar segir vissulega það mikinn áfanga og lofandi að TV 2 World skuli hafa tekið að sér að koma Pressu á framfæri. „En það eru auðvitað væntanlegir kaupendur sem eiga lokaorðið. Við sjáum hvernig fer með það.”

Þessar fregnir gefa undir fótinn með að af framhaldi verði á Pressu – Pressa2 – en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hnífurinn í þeirri kú staðið þar að stóru erlendu kvikmyndasjóðirnir sem styrkja slíka sjónvarpsgerð, og eru að nokkru forsenda framleiðslunnar, styrkja ekki framhaldsseríur heldur einungis það sem flokkast undir frumkvöðlagerð. - jbg

# Vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH



### Gæða skúffur



HTH býður nú upp á hágæða skúffur sem dragast út að fullu og nýtast því skúffurnar mun betur. Mikil gæði á viðráðanlegu verði.



Allar nýju HTH skúffurnar koma með *„ljúflokun"* – eitt af þessum fínu smáatriðum sem er innifalið í verðinu.



*· Þú verslar innréttinguna í dag*

*· Þú færð hana afhenta beint af lager*

*· Þú sparar með því að setja hana saman sjálf/ur*



**AEG**

*Allt að* ***20% afsláttur** af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar*



· **Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum**
· Fagleg ráðgjöf
· Flatar pakkningar – auðvelt að flytja
· Beint af lager
· Sérsniðið hönnunarforrit fylgir
· Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
· 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð

**BETRA VERÐ – MEIRI GÆÐI**





**ORMSSON**

ORMSSON AKUREYRI · Sími 461 5003

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

ORMSSON SELFOSSI · Sími 480 1160

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Beinn sími í HTH 530 2907 og 530 2908

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Opið um páskana. Bjóðum kínverskar smákökur með öllum kvöldmat
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Þegar ég varð ær*

Þótt maðurinn minn væri að eignast sitt fyrsta barn þarna fyrir rúmum þremur árum var eins og hann hefði margoft staðið í þessum sporum. Ég veitti því nefnilega athygli að í hvert sinn sem ljósmóðir eða læknir minntist á eitthvað varðandi fæðinguna eða sjálft ungbarnið gat hann alltaf komið fénu á Syðri-Hofdölum í Viðvíkursveit að. „Já, maður sér þetta náttúrlega hjá kindunum ...“ byrjaði mörg setningin. Um leið fannst mér sem hann væri að líkja mér saman við skepnurnar en þar sem ég hafði lesið í bókum að nýbakaðar mæður væru eitthvað svo óttalega viðkvæmar ákvað ég að þegja.

**ÞEGAR** næsta barn boðaði komu sína tók klár kona af mér loforð um að vera nú duglegri en áður að tjá tilfinningar mínar. Ég fór yfir það sem betur hefði mátt fara þegar frumburðurinn leit dagsins ljós og mundi þá eftir öllum athugasemdunum sem maðurinn minn hafði látið flakka um rollurnar sem hann hafði séð bera út um allar koppagrundir í æsku. „Ég er ekki kind,“ klykkti ég út með. Ekki gat maðurinn annað en samsinnt því.

**SÍÐAN** fékk ég son númer tvö í fangið og lagði mér á brjóst eins og ég hefði ekki gert annað um ævina. Allt var gott og nú vissi ég heilan helling sem ég hafði ekki haft hugmynd um þegar ég eignaðist son númer eitt. Ljósmóðir beið með okkur hjónunum í vökninni eftir að deyfingin fjaraði út og ég gæti farið að hreyfa tærnar. Það var hún sem benti mér á að barnið væri ekki bara að fylla vömbina heldur líka að örva mjólkurframleiðsluna.

**VARLA** hafði hún sleppt orðinu þegar ég tók eftir því að brúnir eiginmannsins lyftust. Eitthvað mikið bærðist um í kollinum á honum og viti menn, enn á ný hafði fé fortíðarinnar sótt á hann. Áður en við var litið sagði hann: „Já, maður sér þetta náttúrlega hjá kindunum. Lömbin svoleiðis reka trýnin upp í júgrin á þeim einmitt til að örva mjólkurframleiðsluna.“ Ég var alveg að fara að minna hann á það sem hann hafði lofað mér en sá skyndilega að mér. Þetta voru ekki bara einhverjar rollur sem hann var að tala um, heldur þrautgott kyn sem staðið hafði af sér móðuharðindi, sóttir og sult. Það er í raun öfundsvert að fá að deila æsku sinni með slíkum stofni og ekkert nema hroki að telja sig hafna yfir íslensku kindina.



**GÓÐAN DAG!**
Í dag er laugardagurinn 15. mars, 75. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.45 | 13.37 | 19.30 |
| Akureyri | 7.30 | 13.21 | 19.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


